

**SKOÐUN** Sighvatur Björgvinsson skrifar um ÍS-lenskt smjör, ítalskar pylsur og spænska hráskinku. 33



**MENNING** Prjónahönnuðurinn Sonja Bent prjónaði áfangastaði Icelandair fyrir nýja auglýsingu. 72



**SPORT** Alfreð Gíslason segist stundum verða bilaður á starfi sínu sem þjálfari hjá Kiel. 86







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**12. desember 2013**
292. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**100 km Austurstræti**
Frumkvöðlar í ferðaþjónustu á Austurlandi vilja bjóða ferðafólki nýja gönguleið yfir hálendið. Gengið verður úr Lóni yfir í Fljótsdal um 100 kílómetra leið á sjö dögum. 24

**Stjórnarliðar felldu hækkanir** Hugmyndir um lækkun bóta mættu andstöðu meðal stjórnarliða. 4

**Þau sem minna mega sín** Þróunaraðstoð Íslands er aðallega bundin við þrjú af fátækustu ríkjum Afríku. Meginmarkmið starfseminnar er baráttan gegn fátækt. 18




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | A | 6 |
| Akureyri | -2° | | A | 3 |
| Egilsstaðir | -4° | | NA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | -2° | | SA | 4 |
| Reykjavík | -1° | | A | 7 |

**Hvessir með kvöldinu** fyrst SV-lands. Annars hæg austlæg átt framan af degi á öllu landinu. Bjart á köflum N- og A-lands en búast má við éljagangi SV-lands. Hlýjast við S-ströndina. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Hátíðarmatur | Fólk




# Grunur um ofbeldishótanir gegn vitnum

Vitni hafa breytt framburði sínum fyrir dómi og kannast ekki við frásagnir sem þau gáfu við rannsókn Stokkseyrarmálsins hjá lögreglu. Ríkissaksóknari segir að úrræði vanti hjá lögreglu fyrir fólk sem óttast hefndaraðgerðir ofbeldismanna.

**DÓMSMÁL** Grunur leikur á um að einhverjum vitnum og sakborningum í Stokkseyrarmálinu hafi verið hótað ofbeldi eða einhvers konar hefndaraðgerðum ef þau segðu rétt frá atburðum.

Þriðja degi aðalmeðferðar málsins lauk í gær en þar gaf skýrslu vitni sem bar fyrir sig minnisleysi, þrátt fyrir að hafa gefið nokkuð nákvæma skýrslu um atburði hjá lögreglu við rannsókn málsins. Annað vitni hafði gert slíkt hið sama í sínum vitnisburði og bæði vitnin sögðust hafa verið undir áhrifum vímuefna þegar þau gáfu skýrslu hjá lögreglu. Þá neituðu þeir sakborningar sem ekki eru taldir höfuðpaurar í málinu að tjá sig nokkuð um þátt annarra en sinn eigin í árásunum og mannránunum.

„Ástæða þess að óskað var eftir því að vitni fengju að gefa sínar skýrslur án þess að sakborningar væru viðstaddir er ótti þeirra við þessa menn og hefndaraðgerðir,“ sagði Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari í samtali við Fréttablaðið.

Greint var frá því í október að lögreglan hefði til rannsóknar líkamsárás á eitt lykilvitna málsins, húsráðanda í húsinu á Stokkseyri. Ráðist var á hann og brotnir á honum fingur og handarbak með hamri. Maðurinn hefur ekki enn látið sjá sig til að bera vitni fyrir héraðsdómi og mun halda til í Bandaríkjunum.

Eitt fórnarlambið greindi frá því að skilaboðum hefði verið komið til hans um að „halda kjafti“.

– fbj / sjá síðu 2

## Saksóknari segir öll úrræði vanta

Staðan í íslensku réttarkerfi er með þeim hætti að óttist vitni hefndaraðgerðir ofbeldismanna standa lögregluyfirvöld úrræðalaus gagnvart slíkum hótunum. „Það vantar öll úrræði til þess að hægt sé að hjálpa þessu fólki. Til dæmis einhvers konar öryggishnapp sem fólk gæti fengið eða að lögregla hafi úrræði til að tryggja þessu fólki einhverja aðstoð,“ segir Helgi Magnús.



**ÁREITT** Áslaug fékk fjölda skilaboða á dag í nokkrar vikur og hefur þurft að gera ráðstafanir til að forðast sendandann.

Þurfti að gera ráðstafanir:

## Áreitt á netinu í margar vikur

**FÓLK** Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir laganemi var áreitt oft á dag í fleiri vikur. Maður nálgaðist Áslaugu í gegnum fjölmörg samskiptaforrit á netinu og sendi henni myndband í gegnum Youtube, þar sem hann spurði hana persónulegra spurninga.

„Maður var orðinn svolítið var um sig og farinn að hugsa um hvað hann myndi gera næst,“ segir Áslaug, sem þurfti að eyða ákveðnum forritum úr símanum sínum til að forðast manninn. Áslaug hvetur aðrar stelpur til að vera á varðbergi gagnvart manninum og svara ekki. – kak / sjá síðu 94

Lottópotturinn um helgina:

## Sá stóri er vís fyrir 85.541.040

**MANNLÍF** Kaupa þarf 658.008 raðir, fyrir rúmlega 85 og hálfa milljón, í Lottóinu um helgina til að tryggja sér hundrað prósent vinningslíkur, en talið er að í pottinum verði um 125 milljónir.

Birgir Hrafnkelsson, dósent í tölfræði við Háskóla Íslands, mælir ekki með því að fjárfesta í Lottóinu fyrir svo háa fjárhæð.

„Eins og við er að búast aukast líkurnar ef fleiri raðir eru keyptar. Til þess að hafa hundrað prósent vinningslíkur þarf að kaupa 658.008 raðir. Ekki er þó mælt með því að fólk kaupi allar 658.008 raðirnar þrátt fyrir 100% líkur á að fá allar tölur réttar, því að líkur eru á að vinningshafi þurfi að deila vinningnum með öðrum.“

- kak, ue / sjá síðu 78



**BRUNAÐ Í PÚÐRINU** „Færið er frábært þó mætingin sé róleg eins og búast má við í miðri viku,“ sagði Magnús Árnason, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, en skíðasvæðið í Bláfjöllum var opnað í gær. Búast má við að mikið verði að gera í Bláfjöllum næstu daga þar sem jólafríið er á næsta leiti og veðurspá góð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjarskiptafyrirtæki, orkufyrirtæki og bankar reyna að verjast netárásum:

# Ráða hakkara til að ráðast á sig

**NETÖRYGGI** Fyrirtæki sem teljast til ómissandi innviða samfélagsins, fjarskiptafyrirtæki, orkufyrirtæki og bankar, hafa gripið til ýmiss konar ráðstafana til að verja sig í kjölfar innbrots á vefsíðu Vodafone nýverið. Þetta kemur fram í svörum fyrirtækjanna við fyrirspurnum Fréttablaðsins.

Bæði Íslandsbanki og Síminn hafa ráðið erlenda öryggissérfræðinga sem þekkja vel til verka tölvuhakkara til að reyna að ráðast á tölvukerfi fyrirtækjanna. Tilgangurinn er að finna veikleika og bregðast við þeim áður en illviljaðir hakkarar uppgötva þá.

Við yfirferð Orkuveitu Reykjavíkur á netöryggismálum fyrirtækisins í kjölfar innbrotsins á síðu Vodafone uppgötvaðist veikleiki sem nú er unnið í að lagfæra. Orkuveitan veitir ekki nánari upplýsingar um veikleikann í öryggiskerfinu.

Allir bankarnir og bæði Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur eru jákvæð fyrir samstarfi við netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar. Hingað til hefur sveitin aðeins boðið fjarskiptafyrirtækjum upp á samstarf í netöryggismálum.

- bj / sjá síðu 20

## Rannsóknarfyrirtæki rannsakar innbrot

Vodafone hefur ráðið erlent rannsóknarfyrirtæki til að rannsaka innbrotið á vef fyrirtækisins og er rannsóknin þegar hafin. Fyrirtækið hefur unnið fyrir Vodafone víða um heim.

Markmiðið með rannsókn fyrirtækisins er að varpa ljósi á allar aðgerðir tölvuþrjótsins sem braust inn á vefinn og fara yfir mat Vodafone og samstarfsaðila á innbrotinu og afleiðingum þess, segir í svari frá Vodafone.







## SPURNING DAGSINS



Herbert, er ekki tímabært að líta heiminn öðrum augum?

**„Jú, þess vegna er ég með marga liti af sólhlífum til skiptanna.“**

Herbert Guðmundsson tónlistarmaður hefur haldið ástfóstri við gleraugu sem hann keypti fyrir tuttugu árum og segir vera sömu tegundar og hasarhetjan Bruce Willis bar í myndinni Hudson Hawk.

Læknir á slysa- og bráðadeild Landspítala sem tók á móti Stokkseyrarfórnarlambinu bar vitni í gær :

# „Maðurinn var að mínu viti lúbarinn“

**DÓMSTÓLAR** „Minnir á áverka sem maður sér á föngum sem í refsingarskyni hafa verið hýddir. Maður sér þetta á internetinu, ég hef aldrei séð svona,“ sagði læknir, sem tók á móti Stokkseyrarfórnarlambinu á bráðamóttöku Landspítalans strax eftir árásina.

Læknirinn lýsti áverkum fórnarlambsins við aðalmeðferð málsins í héraðsdómi í gær.

„Þetta voru óvenjulegir áverkar. Hann var meiddur í andliti, marinn á eyra, meiddur á vör. Ég hef aldrei séð svona áður. Hann hefur verið saumaður saman. Það var illa gert og gapti allt, sárið orðið svolítið sortið eins og það verður eftir nokkra daga,“ sagði læknirinn um áverka sem maðurinn hafði á andliti. Maðurinn vitnaði sjálfur um að hafa hlotið sprungna vör, sem einn sakborninganna saumaði saman, áður en hann var fluttur á Stokkseyri.

Læknirinn sagði mestu áverkana hafa verið ofarlega á líkama mannsins og þá sérstaklega á baki þar sem langar rákir lágu niður eftir bakinu, eftir hýðingar.

Spurður hvernig hann teldi alla þessa áverka tilkomna sagði læknirinn: „Það er erfitt að segja til um hvernig þetta er gert allt saman. Maðurinn var að mínu viti lúbarinn.“

Lýsingar læknisins á áverkunum voru afar myndrænar og hann taldi ljóst að þeir væru ekki tilkomnir af slysförum heldur hefðu honum verið veittir þessir áverkar. **- fbj**



**PRÍSUNDIN Á STOKKSEYRI** Maðurinn var að sögn hýddur með belti og rafmagnssnúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN



**LÍKFYLGDIN** Mikil viðhöfn einkennir allar athafnir tengdar útför Nelsons Mandela. NORDICPHOTOS/AFP

Lík Nelsons Mandela flutt til höfuðborgarinnar Pretoríu:

## Þúsundir fylgdust með líkfylgd

**SUÐUR-AFRÍKA, AP Þúsundir manna fylgdust með þegar líkkista Nelsons Mandela var flutt í gær til stjórnsýslubyggingar í höfuðborginni Pretoríu, þar sem hún verður til sýnis á viðhafnarbörum þangað til á föstudag.**

**Þetta er sama byggingin þar sem hann sór embættiseið sinn sem forseti landsins árið 1994, fjórum árum eftir að hann var látinn laus úr fangelsi. Mandela verður svo jarðsunginn á sunnudag í þorpinu Qunu, þar sem hann ólst upp. - gb**

Aníta í Lífinu á morgun:

## Þetta er stórbrotin upplifun

**LÍFIÐ** Aníta Briem leikkona prýðir forsíðu Lífsins á morgun. Hún ræðir um sitt stærsta hlutverk hingað til, að verða móðir. Ný herrafatalína Kormáks og Skjaldar er komin í hús. Theódóra Mjöll Skúladóttir Jack hvetur fólk til að taka þátt í hárgreiðsluleik Lokka og Lífsins. Kristín Stefánsdóttir sýnir förðun fyrir konur á besta aldri. Svava Halldórsdóttir opnar netverslunina Brother & Sister, hún selur einstök viðarúr og gróðursetur tré fyrir hvert selt úr. Dimmblá er með sína fyrstu fatalínu og fær innblástur úr íslenskri náttúru og norðurljósunum.

Tveir ráðherrar segja af sér:

## Annar laug, hinn er veikur

**DANMÖRK** Þeir Villy Søvndal utanríkisráðherra og Morten Bødskov dómsmálaráðherra Dana hafa sagt af sér á síðustu dögum. Ástæðurnar eru þó ólíkar.

Søvndal gekkst undir aðgerð í október eftir að blóðtappi fannst í hjarta hans. Læknar segja að hann hafi ekki lengur heilsu til að standa í stjórnmálum. Hann sagði jafnframt af sér þingmennsku.

Bødskov sagði hins vegar af sér fyrir að hafa logið að þingmönnum um ráðstöfun ríkisfjár. Þrýstingur er jafnframt á Anette Vilhelmsen félagsmálaráðherra að segja af sér vegna sama máls. **- gb**

# Átta fjölskyldur fá 1,5 milljónir fyrir jól

Hafnfirðingurinn Örvar Þór Guðmundsson safnaði 1.550 þúsund krónum fyrir foreldra langveikra barna. Peningurinn deilist á milli átta fjölskyldna. Skólastrákur og öryrki sem eiga engan pening voru á meðal þeirra sem tóku þátt í söfnuninni.

**PENINGASÖFNUN** „Ég er sannfærður um að allir þeir sem hafa tekið þátt í söfnuninni eiga eftir að finna jafnvel eitthvað örlítið betra bragð af jólamatnum,“ segir Örvar Þór Guðmundsson, 36 ára fjölskyldufaðir í Hafnarfirði.

Átta fjölskyldur munu skipta með sér 1.550.000 krónum sem Örvar Þór safnaði í gegnum Facebook-síðu sína. Um foreldra langveikra barna er að ræða sem þurfa svo sannarlega á peningastyrknum að halda.

Örvar Þór safnaði tvö hundruð þúsund krónum í fyrra fyrir einstæða móður sem hann heyrði vinna jólatré á útvarpsstöðinni FM957. Hún sagðist bara eiga tvö þúsund krónur til að halda jól og lifa út mánuðinn. „Ég lamaðist bara við að hlusta á þessa mömmu. Þó að ég væri enginn Hannes Smárason ætlaði ég að reyna gera eitthvað. Ég ætlaði ekkert að setjast niður á aðfangadag fyrr en það væri búið að græja eitthvað fyrir hana.“

Í október síðastliðnum byrjaði Örvar Þór að fá símtöl þar sem hann var spurður hvort hann ætlaði ekki að endurtaka leikinn. Eftir að hafa lagst undir feld ákvað hann að hefja nýja söfnun og í þetta sinn myndu foreldrar langveikra barna fá peninginn. Hann setti sér markmið um að ná þrjú hundruð þúsund krónum en sú tala hefur heldur betur margfaldast.

Söfnun Örvars Þórs fór þannig fram að hann hringdi ekki í einn einasta mann til að óska eftir framlagi heldur tók fólk þátt á eigin forsendum. Engu að síður hafi hann lítið sofið að undanförnu. „Núna eru um 240 manns bara búnir að koma á spjallið hjá mér á Facebook í alls konar pælingum. Þú setur ekkert inn einn „status“ og „loggar“ þig svo út og tékkar hvað er búið að gerast eftir tvo daga. Þú þarft að vera á tánum og svo vinn ég við tölvu allan daginn,“ segir hann.

Fasteignasalan Domusnova kom með stærsta framlagið, eitt hundrað þúsund krónur, og KFC og Góa fimmtíu þúsund krónur hvort. Yfir níutíu prósent þeirra sem söfnuðu voru samt einstaklingar. „Einn skólastrákur sem á ekki krónu náði að sópa upp átta þúsund kalli og öryrki, sem á heldur ekki krónu, náði að skrapa saman þúsundkalli. Þetta er bara hugurinn sem gildir.“ **freyr@frettabladid.is**



**SÆLLA ER AÐ GEFA EN AÐ ÞIGGJA** Örvar Þór Guðmundsson, starfsmaður Prentmets, hefur slegið í gegn með Facebook-söfnun sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Söfnun í stað enska boltans

Aðspurður kveðst Örvar Þór búast fastlega við því að halda söfnun sinni áfram á næsta ári. „Ég held að maður sé að fara hætta að horfa á enska boltann, ég held ég sé kominn bara í eitthvert svona „rugl“,“ segir hann og hlær. „Það er svo sem ágætis tímapunktur að hætta að horfa á boltann á meðan [Man.] United er með allt lóðrétt niður um sig.“

**1.550.000**

Upphæðin sem Örvar Þór safnaði fyrir foreldra langveikra barna.




Lesendur velja bestu jólamyndirnar í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins:

# Besta jólamyndin fer á forsíðu

**LJÓSMYNDUN** Fréttablaðið blæs til samkeppni um bestu jólaljósmyndina og hefst hún í dag. Í verðlaun fyrir bestu myndina er glæsileg Sony 20,1 megapixla myndavél með 16-50mm linsu frá Sony Center. Besta myndin verður einnig á forsíðu Fréttablaðsins á aðfangadag og fleiri myndir úr keppninni birtast í blaðinu.

Þátttakendur hlaða upp myndum sínum á ljosmyndakeppni.visir.is. Innsendar myndir birtast á visir.is og lesendur geta kosið bestu myndina. Niðurstaðan í kosningunni gildir helming á móti áliti dómnefndar blaðsins.

Hver þátttakandi skal senda inn eina mynd og skal hún hafa verið tekin nú í aðdraganda jólanna. Óheimilt er að senda inn eða eigna sér ljósmyndir sem aðrir en sendandi hafa tekið.

Myndinni þarf að fylgja nafn höfundar og upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer.

Jólaljósmyndakeppnin stendur frá deginum í dag, 12. desember, fram að miðnætti fimmtudaginn 19. desember. Tilkynnt verður um úrslit á aðfangadag.



**JÓLAMYND** Þórir Ó. Tryggvason átti sigurmyndina í jólaljósmyndakeppni Fréttablaðsins í fyrra. MYND/ÞÓRIR Ó. TRYGGVASON




SMÁRALIND
Góða skemmtun

WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á facebook

## SVONA ERUM VIÐ



**1.259 kínverskir ferðamenn komu um Keflavíkurflugvöll í desember í fyrra.**

Þeim hafði fjölgað um 33 prósent frá árinu 2007 þegar 413 Kínverjar komu um flugvöllinn.

Leikarinn og uppistandarinn Russell Brand ræddi við borgarstjórann í gær:

# Jón Gnarr í netviðtali hjá Brand

**STJÓRNMÁL** Breski leikarinn og uppistandarinn Russell Brand tók viðtal við Jón Gnarr borgarstjóra í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær fyrir podcast-þætti sína sem hann birtir á netinu.

Vel fór á með þeim félögum og að sögn Heiðu Kristínar Helgudóttur, varaformanns þingflokks Besta flokksins og fyrrverandi aðstoðarkonu borgarstjóra, spjölluðu þeir í tæpa tvo klukkutíma um stöðu stjórnmála vítt og breitt.

Brand hélt uppistand í Eldborgarsal Hörpu á þriðjudags- og miðvikudagskvöld, þar sem hann gerði m.a. grín að Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra.

Uppistandið, sem ber heitið Messiah Complex, var það síðasta á hálfs árs ferðalagi hans um heiminn. Þar fjallaði hann um trúarbrögð og hetjur mannkynssögunnar, þar á meðal Che Guevara, Gandhi, Malcolm X og Jesú Krist.

Brand er þekktur fyrir leik sinn í Forgetting Sarah Marshall og Get Him to the Greek. **- fb**



**RÆDDU MÁLIN** Vel fór á með Russell Brand og Jóni Gnarr í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær. MYND/SIGRÚN EGGERTSDÓTTIR

Hefur ekki áhrif á uppgjör:

# Flugvél seld úr flota félagsins

**VIÐSKIPTI** Færeyska flugfélagið Atlantic Airways, sem skráð er í Kauphöll Íslands, hefur samið um sölu á einni RJ-85 flugvél til North-Cariboo í Kanada. Fram kemur í tilkynningu til Kauphallarinnar að vélin verði afhent í þessum mánuði.

„Salan hefur ekki áhrif á ársuppgjör félagsins 2013,“ segir í tilkynningunni.

Félagið rekur nú þrjár Airbus-319 þotur og eina BAE Avro RJ-100 vél, auk tveggja þyrla. **- óká**



**BIRKIR KRISTINS** Samkvæmt ákæru sérstaks saksóknara nam tjón Glitnis af lánveitingunni 1,9 milljörðum króna.

Ákærður vegna lánveitingar:

# Birkir Kristins neitaði sök

**DÓMSMÁL** Landsliðsmarkvörðurinn fyrrverandi Birkir Kristinsson neitaði sök fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Hann er ásamt þremur öðrum fyrrverandi starfsmönnum Glitnis ákærður fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og brot á lögum um ársreikninga í tengslum við 3,8 milljarða lánveitingu bankans til félags í eigu Birkis í nóvember 2007.

Birkir hafði gert þá kröfu að ákærunni yrði vísað frá dómi en dómari hafnaði því í október síðastliðnum. **- eh**

Bjóða bænum forkaupsrétt:

# Wathne-systur selja Laxnes

**VIÐSKIPTI** Eigendur 69 prósenta hlutar í jörðinni Laxnesi í Mosfellsdal bjóða Mosfellsbæ að kaupa hlutinn áður en hann verður „boðinn opinberlega til sölu“ ef „viðunandi tilboð fæst“ eins og segir í bréfi til bæjarins.

Mosfellsbær á þegar 25 prósenta hlut í jörðinni. Ragnheiður Hanson Jónasdóttir á 44 prósenta hlut og Wathne-systur samtals 25 prósenta hlut. Afganginn, tæp sex prósent, á hestaþjónustubóndinn Þórarinn Jónsson sem býr í húsi sínu í Laxnesi. Hlutur Þórarins er ekki til sölu. **- gar**

# Stjórnarliðar felldu lækkun á bótum

**Hugmyndir um lækkun vaxta- og barnabóta mættu mikilli andstöðu meðal stjórnarliða. Einn lýsir fregnum af hugmyndunum sem kjaftshöggi. Ríkisstjórnin ákvað að lokum að draga þessa lækkun að hluta til baka til að halda friðinn.**

**ALÞINGI** Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lýsti því yfir í viðtali í Ríkisútvarpinu á sunnudag að til álita kæmi að lækka vaxta- og barnabætur um allt að 600 milljónir. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, staðfesti í útvarpsviðtali á mánudag að þessar hugmyndir væru til skoðunar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ekki búið að ræða þessar hugmyndir sérstaklega innan stjórnarflokkanna og kom málið því sumum þingmönnum í opna skjöldu. Einn stjórnarliði sagði að þetta hefði verið „eins og kjaftshögg“ og að hugmyndin hefði strax fallið í grýttan jarðveg.



**SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON**

Andstaðan við þessar hugmyndir var sýnu meiri meðal framsóknarmanna en sjálfstæðismanna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Í fyrirspurnartíma á þriðjudag má segja að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hafi endanlega drepið málið.

„Það var jú umræða um það en ég geri ekki ráð fyrir að það verði nein skerðing á barnabótum þegar niðurstaða fjárlagavinnunnar liggur fyrir. Og þar með er þessi ríkisstjórn að standa vörð um gríðarlega aukningu barnabóta sem verða þá miklu miklu hærri heldur en þær voru að meðaltali á síðasta kjörtímabili,“ sagði Sigmundur.



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA Á ÞINGI** Þingmenn úr liði stjórnarflokkanna brugðust hart við hugmyndum um lækkun á vaxta- og barnabótum, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AAA

Forystumenn stjórnarflokkanna boðuðu svo fréttamenn til óformlegs blaðamannafundar í stjórnarráðshúsinu um kvöldið til að ítreka þessa skoðun. Boðað var til fundarins með stuttum fyrirvara en þar var tilkynnt að fallið yrði frá því að lækka barnabætur og jafnframt tilkynnt að vaxtabætur yrðu aðeins skertar hjá hinum tekjuhærri.

Þeir stjórnarliðar sem Fréttablaðið talaði við segja að með þessu hafi formennirnir verið að róa þá þingmenn sem hvað harðast brugðust við þessum tillögum og enn fremur að leggja línurnar varðandi fjárlagavinnuna.

> **Eins og kjaftshögg.**
>
> *Þannig lýsti einn viðmælandi Fréttablaðsins úr stjórnarliðinu viðbrögðum sínum við hugmyndir um lækkun barnabóta.*

Fjárlaganefnd Alþingis vinnur nú að því að leggja lokahönd á breytingatillögur en búist er við því að frumvarpið fari í aðra umræðu á Alþingi á morgun.

hks@frettabladid



**Á FORSÍÐU TIME** Frans páfi er sagður hafa breytt ásýnd kaþólsku kirkjunnar. NORDICPHOTOS/AFP

Tímaritið Time úrskurðar:

# Frans páfi er maður ársins

**BANDARÍKIN, AP** Tímaritið Time segir að Frans páfi hafi á undraskömmum tíma breytt ásýnd kaþólsku kirkjunnar. Þess vegna verðskuldi hann að vera maður ársins. Uppljóstrarinn Edward Snowden varð í öðru sæti í valinu.

Frans páfi hefur hvatt kirkjunnar menn til að rífa sig upp úr hjólförum hefðarinnar og sýna fólki samúð og kærleika frekar en að fordæma hástöfum öll brot á ströngustu siðareglum. Time hefur valið mann ársins frá árinu 1927. Á síðasta ári varð Barack Obama Bandaríkjaforseti fyrir valinu. **- gb**

Mega ekki taka lægsta boði:

# Hækka gjald á sorpeyðingu

**SVEITARSTJÓRNIR** Sorpeyðingargjald í Hafnarfirði hækkar um 6,8 prósent. Fulltrúar meirihluta VG og Samfylkingar í bæjarstjórn segja þetta afleiðingu af úrskurði sem meinaði bæjarfélaginu að semja við lægstbjóðanda um sorpþjónustu.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sögðu hækkunina bætast við 25,17 prósenta hækkun í fyrra. Mikil krafa sé í samfélaginu um að sveitarfélög héldu aftur af sér varðandi gjaldskrárhækkanir. Meirihlutinn sagði engar hækkanir fyrirhugaðar í fræðslu- og fjölskyldumálum og að álagningarhlutfall fasteignaskatts lækkaði. **- gar**


**Minnum á desember-uppbótina**

Desemberuppbót á að greiða ekki seinna en 15. desember.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**STORMUR SV-LANDS** í kvöld, síðan tekur að hvessa N-lands í nótt en lægir um allt land með morgninum. Úrkoma á öllu landinu á morgun en dregur svo úr eftir því sem líða tekur á daginn, fyrst V-lands. Hlýnar til morguns en frystir síðan aftur á laugardag.




**Á morgun**
Dregur úr vindi með morgninum, fyrst SV-lands.




**Laugardagur**
Frekar hæg SA-átt á öllu landinu.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 7° | Gautaborg | 5° | London | 11° | Orlando | 21° | San Francisco | 13° |
| Basel | 9° | Frankfurt | 7° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 13° | Osló | 5° | Stokkhólmur | 5° |
| Berlín | 5° | Friedrichshafen | 8° | Las Palmas | 21° | New York | -2° | París | 6° | | |



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

*Við elskum jólin*

# JÓLAVÖRUR 20-50% afsláttur

EFTIRTALDAR JÓLAVÖRUR Á 20-50% AFSLÆTTI
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**NÝTT KORTA TÍMABIL**

**Jólatréskúlur og toppar**
20-50% afsláttur

**Jólaskreytingarefni**
20% afsláttur

**Jólastyttur**
20% afsláttur

**Kerti**
20% afsláttur

**Leikföng**
30% afsláttur

**Smáraftæki**
20% afsláttur

**Útiseríur**
20-50% afsláttur

**Inniseríur**
20% afsláttur

**Jólaljós**
20-50% afsláttur

## JÓLA HAPPDRÆTTI Á FACEBOOK

DRÖGUM ÚT **25.000 kr** GJAFABRÉF
Á HVERJUM DEGI TIL JÓLA



**OPIÐ TIL 21:00**
**Í SKÚTUVOGI**

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Gildir til 15. desember eða meðan birgðir endast. Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar", tilboðsvörum og KitchenAid vörum.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða sveitarfélag skilaði fyrst inn siðareglum?
**2.** Hvar hefur kaþólska kirkjan fengið úthlutað nýrri lóð?
**3.** Hvaða hljómsveit í popp- og rokkflokki fær flestar tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna?

**SVÖR:**
**1.** Kópavogur. **2.** Á Selfossi. **3.** Hjaltalín.

Koma saman í Grafarvogskirkju á aðventunni til að minnast látinna ástvina:

# Samverustund fyrir syrgjendur

**SAMFÉLAG** Jólatíminn getur verið erfiður fyrir þau sem eiga um sárt að binda vegna fráfalls ástvinar. Fyrir þrettán árum var byrjað að bjóða upp á samverustund fyrir syrgjendur á aðventunni. Samverustundin er samvinnuverkefni Þjóðkirkjunnar, Landspítalans og Nýrrar dögunar.

„Starfsfólk Landspítalans fann þörf fyrir stuðning fyrir aðstandendur sem höfðu nýlega misst ástvin,“ segir Ragnhildur Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri kærleiksþjónustu Biskupsstofu. „Fólk getur kviðið jólunum og fundið fyrir miklum söknuði á þessum tíma. Þá er gott að koma saman og benda á boðskap jólanna um ljósið sem skín í myrkrinu.“

Ragnhildur segir alla velkomna á samverustundina í Grafarvogskirkju í kvöld klukkan 20.00. Kór Menntaskólans við Hamrahlíð mun flytja jólalög og séra Sigfinnur Þorleifsson sjúkrahúsprestur flytur hugvekju. Eftir stundina verður boðið upp á léttar veitingar. - ebg



**KÆRLEIKSÞJÓNUSTA** Ragnhildur Ásgeirsdóttir segir alla velkomna á samveru fyrir syrgjendur.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Einróma bæjarstjórn:

# Gjöldin hækka ekki í Kópavogi

**SVEITARSTJÓRNIR** Gjaldskrár í skólum Kópavogs hækka ekki um áramót.

„Í leikskólum verði leikskóla- og matargjald óbreytt sem og matargjald í grunnskólum. Einnig verði verðskrá dægradvalar óbreytt,“ segir í fundargerð bæjarstjórnar. Einnig mun gjald á þjónustu fyrir eldri borgara standa í stað.

Markmiðið sé að draga úr verðbólgu og liðka fyrir gerð kjarasamninga. - gar




# Keimlíkum drykkjum þegar hafnað af ÁTVR

ÁTVR hefur heimild til að hafna því að selja áfenga drykki séu umbúðir þeirra keimlíkar öðrum. Hefur hafnað vörum og farið fram á breytingu á umbúðum. Lögin ýta undir að ÁTVR beiti geðþóttavaldi við val á vörum í sölu, segir innflytjandi.

**STJÓRNSÝSLA** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur nokkrum sinnum beitt heimild sem verslunin hefur til að hafna því að taka í sölu vörur sem eru í umbúðum sem eru taldar of líkar umbúðum annarrar vöru.

„Það hefur komið fyrir að við höfum hafnað vörum,“ segir Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs ÁTVR. Hann segir ekki um mörg tilvik að ræða, og segir að í nokkrum tilvikum hafi framleiðendum verið boðið að breyta umbúðum svo þær þyki ekki of líkar öðrum vörum.

Í reglugerð sem gilt hefur um innkaup ÁTVR frá árinu 2011 segir: „ÁTVR er heimilt að hafna vöru sem er keimlík annarri vöru á markaði.“

Í frumvarpi sem fjármálaráðherra lagði fyrir Alþingi nýverið, og er nú til umfjöllunar hjá efnahags- og viðskiptanefnd, er orðalaginu breytt. Í frumvarpinu er orðalagið svona: „ÁTVR er heimilt að hafna áfengi ef umbúðir þess líkjast í helstu meginatriðum öðrum vörum sem boðnar eru til sölu eða auglýstar á almennum markaði hér á landi, svo sem með notkun sama forms, umbúðaefnis, vörumerkis, myndmáls, texta, litavals eða leturgerðar.“

Einar segir að með þessu sé verið að skerpa á því ákvæði sem unnið hafi verið eftir frá árinu 2011, en ÁTVR telji ekki að verið sé að gera miklar breytingar.

„Þarna er verið að krydda orðalagið,“ segir Sigurður Bernhöft, framkvæmdastjóri heildsölunnar HOB vín. Hann segir EFTA-dómstólinn hafa komist að þeirri niðurstöðu að ÁTVR hafi ekki þessar heimildir til að hafna því að selja tegundir. Nú virðist þingmenn ætla að reyna að hafa álit EFTA-dómstólsins að engu með því að breyta orðalagi ákvæðisins.

„Það er ekki boðlegt að leggja svona hroða fyrir þingið endalaust,“ segir Sigurður.

ÁTVR hafnaði því að taka áfenga sangríu frá fyrirtækinu Don Simon, sem HOB vín flutti inn, í sölu á síðasta ári. Sangrían var í fernum, og þótti stjórnendum ÁTVR umbúðirnar minna svo á umbúðir „saklausra ávaxtasafa“ að „augljós ruglingshætta skapist“. Þá þóttu myndir af „heilnæmum ávöxtum“ ekki við hæfi á áfengisumbúðum.

Sigurður óttast að fái ÁTVR vald til að taka ekki í sölu tegundir sem þyki á einhvern hátt líkar tegundum sem nú séu í sölu, til dæmis léttölstegund sem svipi til bjórtegundar, geti það leitt af sér ýmis vandamál.

Þannig gæti áfengisinnflytjandi ákveðið að hætta að flytja inn léttöl sömu tegundar og hann sé með í sölu í ÁTVR. Þá gæti í raun hver sem er flutt inn óáfengu vöruna í krafti EES-samningsins. Þá hafi ÁTVR heimild til að taka úr sölu bjór innflytjandans byggt á því að alls óskyldur aðili hafi tekið allt aðra vöru í sölu í stórmarkaði.

Sigurður segir einnig óboðlegt að í ákvæðum laganna þar sem ÁTVR fái heimildir til að taka ekki vöru í sölu til dæmis vegna þess að hún innihaldi koffein sé ákvæðið orðað þannig að ÁTVR sé „heimilt“ að taka vöruna ekki í sölu. Það þýði að ÁTVR fái að taka geðþóttaákvarðanir um hvort vörur séu þóknanlegar, í stað þess að lögin banni eitthvað eða leyfi það.

brjann@frettabladid.is




**SANGRÍA** ÁTVR hafnaði því að taka þessa sangríu frá Don Simon í sölu. Umbúðirnar þóttu of líkar saklausum ávaxtasöfum.

**SAFI** Don Simon ávaxtasafa í fernum svipuðum þessari má finna í hillum margra stórmarkaða.




**BJÓR OG LÉTTÖL** Faxe-bjórinn er í sláandi líkum umbúðum og Faxe-léttölið sem selt er í stórmörkuðum. Þrátt fyrir það hefur ÁTVR ekki beitt heimildum sem verslunin hefur til að taka ekki áfengi í sölu séu umbúðir þess „keimlíkar“ umbúðum annarrar vöru.

## Vilja bætur fyrir tapaða framlegð

Tekist er á um tjón heildsölunnar HOB vín vegna þeirrar ákvörðunar ÁTVR að neita að taka síder-drykki sem fyrirtækið flytur inn í sölu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Banninu var hnekkt með dómi héraðsdóms í desember í fyrra, og hefur dómkvaddur matsmaður nú fengið það verkefni að meta það tjón sem hlaust af ákvörðun ÁTVR.

„Við gerum kröfu um tapaða framlegð fyrir þau ár sem varan var ekki í sölu,“ segir Sigurður Bernhöft, framkvæmdastjóri heildsölunnar HOB vín. Hann segir að varan hafi ekki fengið inni í verslunum ÁTVR í þrjú ár, og á meðan hafi aðrar tegundir náð fótfestu og markaðsstöðu.

Drykkjunum var hafnað þar sem teikningar á umbúðunum þóttu klámfengnar. „Þetta er trúlega það grófasta sem ég hef upplifað í samskiptum mínum við ÁTVR,“ segir Sigurður.




**ÁVAXTADRYKKUR** Síderdrykkjum var hafnað meðal annars af þeirri ástæðu að umbúðirnar þóttu klámfengnar. Þar má meðal annars sjá teiknaða konuleggi.



# TAX FREE DAGAR

# ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 12. - 15. desember afnemum við VSK* af **ÖLLU Á DÖMUNA.**

Dömufatnaður, dömunærföt, dömunáttföt, dömusokkabuxur, dömuskór, dömutöskur, dömuklútar og dömufylgihlutir án VSK þessa 4 daga.




*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. desember.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**Vertu klár þegar við opnum Bláfjöll og Skálafell. Glæsileg jólagjöf á frábæru verði.**

**Vetrarkort** *fyrir fullorðna á tilboðsverði til áramóta,* **24.000 kr.**
*Þú færð vetrarkort í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3–5.*
*Opið alla virka daga kl. 9–13 og 13:30–17.*

**Gjafakort** *fást í Mohawks, Kringlunni til áramóta.*

**Upplýsingasími 530 3000**

SKÍÐASVÆÐIN

HIN FULLKOMNA JÓLAGJÖF

– Gefðu upplifun í öskju




Eymundsson Bóksali frá 1872 HAGKAUP Eitt ferð betra verð Óskaskrín

Opna – Velja – Njóta

sími 577 5600 info@oskaskrin.is www.oskaskrin.is

JÓLATILBOÐ




JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

Magimix matvinnsluvélar, blandarar og safapressur.
Kaffivélar fyrir Nespresso og kaffi frá Caffé Vergnano fyrir Nespressovélar.

magimix jura

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborg@centrum.is


ESA, eftirlitsstofnun EFTA, samþykkir fjármögnun á starfsemi Hörpu:

# Skilja að menningu og ráðstefnur

**VIÐSKIPTI** Ríkisaðstoð sem felst í fjármögnun á starfsemi tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu samræmist EES-samningnum. Þetta var niðurstaða ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, í gær. Stofnunin hefur haft málið til athugunar frá því síðla árs 2011 þegar kvörtun barst frá samkeppnisaðila.

„Harpa er að fullu í eigu íslenska ríkisins (54 prósent) og Reykjavíkurborgar (46 prósent). Frá opnun Hörpu hefur verið hallarekstur á starfseminni og hafa eigendurnir því þurft að leggja til aukafjármagn til að standa undir rekstrinum,“ segir í tilkynningu ESA, sem samþykkt hefur ríkisaðstoð til Hörpu þar sem hún hafi menningarlegt hlutverk.

Haft er eftir Oda Helen Sletnes, forseta ESA, að það gleðji hana að íslensk stjórnvöld hafi innleitt ráðstafanir til að tryggja að umrædd ríkisaðstoð sé ekki nýtt til að niðurgreiða starfsemi í samkeppnisrekstri. „Ráðstafanirnar fela í sér að bókhaldslegur aðskilnaður er nú á milli menningar- og ráðstefnustarfsemi Hörpu.“ - óká



**HARPA** ESA segir aðkomu ríkisins að rekstri Hörpu ekki brjóta gegn EES-samningnum.

# Eignalaus og vita ekki hvað tekur við

Íbúi á hjúkrunarheimilinu Eir segir að fólk sé dauðhrætt um að verða borið út úr íbúðum sínum. Ekki er hægt að gera upp dánarbú þar sem Eir getur ekki gert upp við aðstandendur. Ríkissaksóknari hefur fengið málefni Eirar til skoðunar.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Fólk er dauðhrætt. Þeir sem búa á Eir eru harðfullorðið fólk sem er lasið og þreytt. Þetta fólk hefur ekkert til að bjarga sér, nema ættingja séu þeir til staðar. Soraskapurinn í kringum Eir er svo geipilegur að maður er orðlaus,“ segir Sigurður Hólm Guðmundsson, fyrrverandi sjómaður.

Sigurður, sem er á níræðisaldri, flutti á Eir ásamt eiginkonu sinni sem er á tíræðisaldri fyrir sjö árum. Þá lagði hann aleiguna, um 19 milljónir króna, í að kaupa búseturétt.

„Nú er þetta allt komið í þrot og við sitjum uppi eignalaus. Við sem héldum að við myndum eiga góð elliár. Það líf er ég hins vegar ekki farinn að sjá enn,“ segir hann og lýsir ábyrgðinni á hendur þeim sem standa að Eir.

Hann segir að íbúar á Eir óttist að vera bornir út.

„Ég líki því við útburð, að þegar búið er að hirða eigur okkar eigum við að fara að leigja af þeim fyrir 160 til 200 þúsund á mánuði. Hvar eigum við að fá peninga til þess?“ segir Sigurður.

Ættingi eiginkonu Jóhanns Páls Símonarsonar sjómanns lést fyrr á árinu. Ættmennið bjó á Eir og var aðstandendum gert að tæma íbúðina strax eftir lát viðkomandi. Samkvæmt samningum hefði átt að gera upp við erfingjana að sex mánuðum liðnum en sökum þess að Eir er nánast gjaldþrota hefur það ekki verið gert. Það er því ekki hægt að gera upp dánarbúið. „Eir kom íbúðinni strax í leigu og hirðir leigupeningana sem ættu að ganga til ættingjanna eða dánarbúsins,“ segir Jóhann Páll.

Jóhann Páll hefur sent ríkissaksóknara beiðni um rannsókn á málefnum hjúkrunarheimilisins Eirar.

Farið er fram á að ríkissaksóknari rannsaki með sjálfstæðum og óháðum hætti athafnir og athafnaleysi sjálfseignarstofnunarinnar, stjórnenda hennar og stjórnarmanna á árunum 2007 til 2012.

Jóhann Páll segir að það sé ekki hægt að horfa aðgerðalaus upp á hvernig stjórnendur og lánardrottnar Eirar fari með gamalt fólk. Það verði að bregðast við.

johanna@frettabladid.is



**Í BRENNIDEPLI** Málefni hjúkrunarheimilisins Eirar eru enn á ný í brennidepli. Stofnuð hafa verið hagsmunasamtök sem eiga að gæta réttinda íbúanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

## Hagsmunasamtök íbúðarréttarhafa á Eir

Samtökin voru stofnuð til að standa vörð um og tryggja hagsmuni íbúðarréttarhafa á Eir. Samtökunum er meðal annars ætlað að reyna að ná fram fullum endurheimtum á greiðslum frá Eir samkvæmt samningum sem gerðir voru milli íbúðarréttarhafa og Eirar. Íbúðarréttarhafa og Eir greinir á um hver eigi eignarrétt á íbúðunum. Lögmaður hagsmunasamtakanna er Ragnar Aðalsteinsson.

## Sjálfseignarstofnunin Eir

Meðal stofnenda hjúkrunarheimilisins Eirar eru Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Efling stéttarfélag og ýmis félagasamtök.

Á Eir eru 173 hjúkrunarrými og 206 öryggisíbúðir.

Skuldir Eirar eru taldar nema á níunda milljarð króna, þar af eru skuldir við íbúa rúmir tveir milljarðar. Félagið hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kröfuhöfum og lánveitendum í langan tíma og hefur verið í nauðasamningum.

Íbúar á Eir greiddu fyrir svokallaðan íbúðarétt, það er, þeir greiddu tiltekið gjald og áttu þess í stað að fá rétt til að búa í íbúðinni til æviloka. Samkvæmt samningum átti, við andlát eða brottflutning, að greiða þeim eða erfingjum þeirra til baka það sem þeir greiddu fyrir íbúðarréttinn. Ekki hefur verið hægt að standa við þetta.

Íbúum á Eir var fyrr á árinu boðið skuldabréf til 30 ára með 3,5 prósenta vöxtum þegar íbúðum er skilað. Margir telja þessi bréf verðlaus.

Samkomulag repúblikana og demókrata tryggir fjármögnun ríkisins í tvö ár:

# Sættir tókust á Bandaríkjaþingi

**BANDARÍKIN** Sögulegar sættir tókust á Bandaríkjaþingi í fyrrakvöld, þegar demókratar og repúblikanar komu sér saman um fjárlög til tveggja ára.

Samkomulagið tókst eftir að nefnd beggja flokka hafði kafað ofan í helstu ágreiningsmálin. Repúblikaninn Paul Ryan og demókratinn Patty Murray voru fengnir til að stýra nefndinni, en Ryan er fulltrúadeildarþingmaður en Murray öldungadeildarþingmaður.

Með samkomulaginu tekst að koma í veg fyrir að ríkissjóður komist í greiðsluþrot þann 15. janúar næstkomandi, en þá eiga greiðsluheimildir ríkisins að renna út samkvæmt síðasta samkomulagi, sem náðist á síðustu stundu nú í haust.

Ryan segist ánægður með að samkomulagið tryggi að niðurskurður á ríkisútgjöldum verði „skynsamlegri“ en áður hefur verið rætt um.

„Okkur tókst að rjúfa flokksmúrana og pattstöðuna,“ sagði Murray við fjölmiðla.

Bæði sögðust þau bjartsýn á að niðurstaðan yrði samþykkt í báðum deildum þingsins, en repúblikanar eru með meirihluta í fulltrúadeild og demókratar í öldungadeild. - gb



**SAMVINNAN** Demókratinn Murray og repúblikaninn Ryan stýrðu nefnd um fjárlagagerð. NORDICPHOTOS/AFP

KRINGLAN.IS

FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

NÝTT KORTATÍMABIL

# OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD

Komdu inn í hlýjuna og njóttu þess að undirbúa jólin hjá okkur



## AFGREIÐSLUTÍMAR JÓLIN 2013

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 12. des. | fimmtudagur | 10-22 | 19. des. | fimmtudagur | 10-22 |
| 13. des. | föstudagur | 10-22 | 20. des. | föstudagur | 10-22 |
| 14. des. | laugardagur | 10-22 | 21. des. | laugardagur | 10-22 |
| 15. des. | sunnudagur | 13-22 | 22. des. | sunnudagur | 10-22 |
| 16. des. | mánudagur | 10-22 | 23. des. | Þorláksmessa | 10-23 |
| 17. des. | þriðjudagur | 10-22 | 24. des. | aðfangadagur | 10-13 |
| 18. des. | miðvikudagur | 10-22 | Nánar á kringlan.is | | |

Kringlu krúss

Náðu þér í eitt vinsælasta app á Íslandi og leiktu þér að afsláttinum!

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA




Jólagjafahandbókin er full af hugmyndum. Þú færð bókina á þjónustuborði Kringlunnar og á kringlan.is

FITON SÍA

# Tilboð á TRICO rúðuþurrkum




Með hverjum tveimur trico rúðuþurrkum fylgja 5 lítrar af Vaski rúðuvökva

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is


## Með í Global Compact:
# Innleiða mannréttindareglur

**VIÐSKIPTI** Með undirritun viðmiða Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð (UN Global Compact) skuldbindur Landsvirkjun sig til að virða og innleiða tíu reglur um mannréttindi, vinnurétt, umhverfismál og varnir gegn spillingu.

Fram kemur í tilkynningu Landsvirkjunar að Global Compact séu útbreiddustu viðmið um samfélagsábyrgð í heiminum. Rúmlega 8.000 fyrirtæki og stofnanir um allan heim hafi undirritað Global Compact. - óká

## Varð 17 ára stúlku að bana:
# Krafist tólf til átján mánaða

**DÓMSMÁL** Farið er fram á tólf til átján mánaða óskilorðsbundinn dóm yfir konu sem er ákærð fyrir að hafa ekið ölvuð á bíl með þeim afleiðingum að sautján ára stúlka sem ók bílnum lét lífið.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Vesturlands í gær. Atvikið átti sér stað aðfaranótt 6. apríl, skammt norðan Hvalfjarðarganga.

Ákæran á hendur konunni er í þremur liðum; manndráp af gáleysi, ölvunarakstur og önnur umferðarlagabrot. - hrs

## INNBROT Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 2012
**Hlutfall í hverjum aldurshópi sem hefur orðið fyrir innbroti**

| 18-25 ÁRA | 26-35 ÁRA | 36-45 ÁRA | 56-65 ÁRA | 66-76 ÁRA |
|---|---|---|---|---|
| 11% | 6,5% | 9% | 6% | 2,4% |

# Frekar brotist inn hjá yngri

**Brotist hefur verið inn hjá 11 prósentum þeirra sem eru á aldursbilinu 18-25 ára á höfuðborgarsvæðinu en aðeins hjá 2,4 prósentum þeirra sem eru 66-76 ára.**

**LÖGREGLUMÁL** Yngri aldurshóparnir verða frekar fyrir barðinu á innbrotsþjófum en þeir sem eldri eru.


EINAR ÁSBJÖRNSSON

Þetta kemur fram í niðurstöðum þolendakönnunar sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu vann í samstarfi við ríkislögreglustjóra. Innbrot voru sérstaklega aðgreind frá þjófnaði í könnuninni en lagaleg skilgreining á innbroti er þegar farið er inn í lokað rými. Samkvæmt könnuninni, sem náði yfir höfuðborgarsvæðið, hefur verið brotist inn hjá 11 prósentum þeirra sem eru 18-25 ára. Næststærsti hópurinn er á aldursbilinu 36-45 ára en brotist hefur verið inn hjá níu prósentum þeirra. Fæstir í elsta aldurshópnum, 66-76 ára, hafa orðið fyrir innbroti eða um 2,4 prósent.

Einar Ásbjörnsson, lögreglufulltrúi á lögreglustöð fjögur í Grafarholti, segir innbrot í sérbýli algengari en innbrot í fjölbýli og þar sem fólk er lítið heima við. „Menn fara frekar í einbýli sem eru í útjaðri hverfa þar sem hægt er að athafna sig án þess að nágranni sjái til. Eldra fólk er meira heima við yfir daginn og jafnvel tveir bílar á heimilinu, sem þýðir að alltaf er bíll í innkeyrslunni. Það fælir innbrotsþjófa frá. Yngra fólk er frekar í vinnu allan daginn og börnin í skólanum. Það gæti útskýrt þetta að einhverju leyti án þess að ég hafi eitthvað fast í hendi,“ segir Einar.

Erlendis er algengara að brotist sé inn hjá eldra fólki en því yngra. Á Íslandi virðist því vera öfugt farið. „Ungt fólk á Íslandi á mikið af dýrum tækjum sem ganga kaupum og sölum í undirheimum. Staðalmynd innbrotsþjófs hér á landi undanfarna áratugi er karlmaður í neyslu. Það þýðir að skipulagið og undirbúningur innbrotsins er minni og frekar tilviljun sem ræður. En erlendis eru hugsanlega skipulagðari gengi sem gera út á skartgripi og fara í fínu hverfin.“

Einar segir innbrotshrinuna sem var á Íslandi í desember í fyrra vera dæmi um slíka skipulagða starfsemi. „Það voru útlendingar sem fóru skipulega í ránsferðir og þá var einmitt fyrst og fremst stolið skartgripum. Gullið hefur hækkað mikið í verði og svo fer líka minna fyrir því ef menn vilja koma því úr landi. En það virðist vera meiri atvinnumennska erlendis en hér heima. Innbrotum hérlendis hefur fækkað mjög mikið á þessu ári og það má þakka sameiginlegu átaki ákærusviðs og þeirra sem vinna að rannsókn málanna.“

erlabjorg@frettabladid.is





**Landssamband hestamannafélaga og VÍS minna á mikilvægi endurskins.**
**Með því sjáumst við allt að fimm sinnum fyrr en ella.**

Endurskinsvörur sem henta knöpum og hestum má nálgast í hentugum pakkningum í eftirtöldum verslunum:

Skagaverk, Akranesi // Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi // Knapinn, Borgarnesi // Blossi, Grundarfirði
K.M Þjónustan, Búðardal // Vélsmiðjan Þristur, Ísafirði // Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Hvammstanga
Vélaval, Varmahlíð // Verslunin Eyri, Sauðárkróki // BYKO, Akureyri // Fákasport, Akureyri // Líflland, Akureyri
Landstólpi, Egilsstöðum // Fóðurblandan, Egilsstöðum // BYKO, Reyðarfirði // G.Skúlason verslun, Neskaupstað
Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri // Víkurskáli, Vík // Fóðurblandan, Hvolsvelli // Dýralæknamiðstöðin, Hellu
Söðlasmiðaverkst., Rauðalæk // Söluskálinn, Landvegamótum // Ásbúðin, Flúðum // Landstólpi, Gunnbjarnarholti
Baldvin og Þorvaldur, Selfossi // BYKO, Selfossi // Fóðurblandan, Selfossi // BYKO, Reykjanesbæ
Dýrabær, Reykjanesbæ // BYKO, Breidd // BYKO, Granda // Dýrabær, Kringlunni // Líflland, Reykjavík
Dýrabær, Smáralind // Hrímfaxi verslun og kerruleiga, Kópavogi // Top Reiter, Kópavogi

Eftirfarandi aðilar koma einnig að verkefninu:

Boeti · Dynjandi allt fyrir öryggið · Ljósmyndastofa Suðurlands



# i-Helicopter
**Stjórnað með iPhone, iPad, iPod touch**



**Sölustaðir: Epli, Bókabúð Máls og menningar, Bókaverslun Stefáns Þórarinssonar, Myndiðjan, Símabúðin Firði, Superkaup.is, Símabær, Vísir.**
**Dreifing: Demantskort, sími 860-8832**




**40%** AFSLÁTTUR AF:

- JÓLASKRAUTI
- LEIKFÖNGUM
- BARNANÁTTFATASETTI MEÐ SLOPP
- TICKET TO HEAVEN REGNFÖTUM MEÐ FLÍSFÓÐRI

**50%** AFSLÁTTUR AF:

- THOMAS NASH JAKKAFÖTUM
- DEBENHAMS SKÓM FYRIR DÖMUR OG HERRA







**NÝTT KORTATÍMABIL**

*Gildir ekki af snyrtivörum frá MAC

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

Opið 11 - 22 í dag

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR




**STUÐNINGUR VIÐ SAMKYNHNEIGÐA Á INDLANDI** Efnt var til mótmæla í Mumbaí á miðvikudag vegna niðurstöðu hæstaréttar, sem taldi ekkert bogið við gömul lög frá nýlendutímanum sem gera samkynhneigð refsiverða. Niðurstaða dómstólsins er áfall fyrir baráttufólk fyrir réttindum samkynhneigðra á Indlandi, en árið 2009 hafði undirdómstóll komist að þeirri niðurstöðu að lögin brjóti í bága við stjórnarskrá landsins.




**LÖGLEIÐING MARÍJÚANA Í ÚRÚGVÆ** Þingið í Úrúgvæ hefur samþykkt að lögleiða maríjúna. Landið verður þar með fyrsta ríki heims sem fer þessa leið í baráttunni við fíkniefni. Hópur fólks fagnaði niðurstöðunni.




**KRÖFÐUST LÍFLÁTS Í BANGLADESS** Hópur fólks krafðist þess að Abdul Quader Mollah, leiðtogi íslamista, yrði tekinn af lífi hið fyrsta. Hann hlaut dauðadóm fyrir stríðsglæpi í sjálfstæðisstríðinu gegn Pakistan árið 1971, en í gær var aftökunni frestað.

## ÁSTAND HEIMSINS







**Á SJÚKRAHÚSI Í KÍNA** Tólf manns í Kína hugðust svipta sig lífi með því að drekka skordýraeitur til að mótmæla því að heimili þeirra yrðu rifin. Fólkið var flutt á sjúkrahús í Peking, þar sem hlúð var að því.




**GEISLAVIRK EFNI Í MEXÍKÓ** Kjarnorkueftirlitið í Mexíkó fékk í síðustu viku það verkefni að koma geislavirkum efnum af sjúkrahúsi á öruggan stað, eftir að flutningabifreið með þeim hafði verið stolið. Notaður var fjarstýrður krani.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**ÁTÖK VIÐ LÖGREGLU Í EGYPTALANDI** Lögreglumaður í Kaíró reynir að hafa hendur í hári námsmanns við skóla í borginni. Til átaka kom þegar hópur fólks hvatti stjórnvöld til að láta rannsaka fjöldamorð á mótmælendum í höfuðborginni þann 14. ágúst síðastliðinn.

www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan eyðir aðeins frá 5,8l /100 km

# Fullkominn ferðafélagi

Í Volkswagen Tiguan sameinast fullkomið fjórhjóladrif, sparneytin dísilvél og einstakir aksturseiginleikar sem veita þér algjört ferðafrelsi. BlueMotion tæknin frá Volkswagen leggur áherslu á lágmarks eyðslu eldsneytis og hámarks umhyggju fyrir umhverfinu. Kynntu þér kosti Volkswagen Tiguan og veittu þér sannkallað frelsi til að ferðast.

Tiguan kostar aðeins frá

**5.360.000 kr.**

Das Auto.

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði



**JÓLATRÉ, HJARTA EÐA STJARNA ÚR PLASTI**
Þv. 32 cm. Með 15 hvítum LED perum. Rafhl. fylgja ekki.
Verð áður 1.995.-

**995.-**



**PAKKI MEÐ JÓLAKÚLUM OG JÓLASTJÖRNU**
50 stk í pakka.Verð áður 2.895.-

**1.445.-**



**HREINDÝR**
Hæð 80 cm. Með 60 hvítum LED perum. IP44 vottuð.
Fást í silfruðu og brons.
Verð áður 5.995.-

**2.995.-**

# ÚTSALA Á JÓLAVÖRUM HEFST Í DAG

# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

**T.d. jólaseríur, jólapappír, jólakort, jólakúlur,jólakerti, aðventuljós, jólatoppar, jólaljós, gervijólatrén, jólaskraut.**



**SKEN ÚTISERÍA**
Með 40 LED perum
Verð áður 1.195.-

**595.-**

## AFGREIÐSLUTÍMAR UM JÓLIN

| | | |
|---|---|---|
| Föstudagur | 20.12 | kl. 8–21 |
| Laugardagur | 21.12 | kl. 8–21 |
| Sunnudagur | 22.12 | kl. 8–21 |
| Mánudagur | 23.12 | kl. 8–21 |
| Þriðjudagur | 24.12 | kl. 8–12 |
| Miðvikudagur | 25.12 | Lokað |
| Fimmtudagur | 26.12 | Lokað |
| Föstudagur | 27.12 | kl. 10–19 |



**ÍSBJÖRN 70 CM**
Með 200 LED perum.
IP44 vottaður
Verð áður 17.995.-

**8.995.-**

# BAUHAUS®

**BAUHAUS REYKJAVIK** - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil Nýtt korta
Jóla síldin er komin í Bónus
598 krónur 540g.
KÚTTER JÓLASÍLD 540g
598 krónur 500g.
ORA HÁTÍÐARSÍLD 500g
298 krónur 770g
BÓNUS HEILKORNABRAUÐ Með græna skráargatinu !
AÐEINS 1198 KR.KG
2875 kr. 2,4 kg
Þýsk frosin HEIL PEKINGÖND
198 kr. 500g
Bónus RÚGBRAUÐS-KUBBUR 500g
229 krónur 1 kg.
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG.
1698 kr. 15 stk.
ÖMMUBAKSTUR
Steikt laufabrauð 15 stk.
100% KJÖT
FRÁ ÞÝSKALANDI
2298 krónur kg
FROSIN Úrbeinuð kalkúnabringa
Pepsi kippa 4 x 2 ltr.
698 krónur 8 ltr.
298 kr. 1 stk
ÍSL ÚTI-TÓLGARKERTI
FRÁ ÞÝSKALANDI
198 kr. 2 stk
TVÖ ÚTIKERTI
3998 kr. kg.
FROSIN Heil nautalund
998 krónur 1 kg.
GRÍMS PLOKKFISKUR 1 kg
Tilbúinn,
- þarf aðeins að hita
2998 krónur 940g.
Nóa gjafakonfektkassi
1798 kr. 630gr
Nóa bestu fylltu molarnir
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI FIMMTUDAGUR 11:00-18:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# atímabil Nýtt kortatímabil

KJARNAFÆÐI

VINSÆLASTA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS

NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT

**2598** kr. kg
*Fjalla* **ÚRBEINAÐ NORÐLENSKT HANGILÆRI**

KOFARAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
**2998** krónur kg.

KOFARAREYKTUR ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
**1998** krónur kg.

KJARNAFÆÐI
**1259** krónur kg.
**KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR** *með beini*

**1298** kr. kg
*ÍSLANDSGRÍS* **HAMBORGARHRYGGUR** *M.BEINI*

**1698** krónur kg.
*ALI* **HAMBORGARHYGGUR með beini**

**1959** kr. kg
*KJARNAFÆÐI* **KOFAREYKT HEILT LAMBALÆRI**

**998** krónur kg.
*BÓNUS FERSKT* **GRÍSAHNAKKAFILLE**

KS — HAUST SLÁTRUN 2012
**2998** krónur kg.
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**Frosið lambafillet**

**698** krónur kg.
BÓNUS **GRÍSAHAKK**

**3698** kr. 2 kg
Quality Street **Machintosh 2 kg.**

NAUTA Veisla — NAUTGRIPAHAKK FRÁ SPÁNI
**1298** krónur kg.

ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
**598** krónur kg.
BÓNUS **FERSKUR GRÍSABÓGUR**

ÍSLENSKT AF NÝSLÁTRUÐU
**1298** krónur kg.
BÓNUS *FERSKUR ÚRBEINAÐUR* **GRÍSAHRYGGUR MEÐ PURU**

BÓNUS BAYONNE SKINKA
**1159** krónur kg.
*ÚR GRÍSABÓG* **BÓNUS NÝREYKT BAYONNESKINKA**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
**FIMMTUDAGUR**
**11:00-18:30**




# Lögreglan reyndi en dró sig svo til baka

Mótmælendur í Kíev hrósuðu sigri í gærmorgun eftir að þeim hafði tekist að verjast atlögu lögreglunnar. Lögreglustjórinn segir að ekki verði reynt frekar að brjóta mótmælin á bak aftur og innanríkisráðherra hvetur fólk til að halda ró sinni.

**ÚKRAÍNA** Til átaka kom í fyrrinótt í Kíev, höfuðborg Úkraínu, þegar lögreglan réðst til atlögu gegn mótmælendum á Sjálfstæðistorginu þar í borg.

Mótmælendur vörðust ákaft og hrósuðu á endanum sigri þegar lögreglan gaf eftir undir morgun og dró sig í hlé. Mótmælendur segjast staðráðnir í að halda áfram þangað til Viktor Janúkovitsj forseti segir af sér.

Lögreglustjórinn gaf síðan út yfirlýsingu, þar sem hann sagði að ekki yrði reynt að brjóta mótmælin á bak aftur. Vítalí Skhartsjenkó innanríkisráðherra hvatti fólk til að halda ró sinni: „Enginn er að brjóta á rétti borgaranna til friðsamlegra mótmæla,“ skrifaði hann á heimasíðu sína.

➜ Mótmælendur í Kíev hrósuðu sigri í gær þegar lögreglan dró sig í hlé frá átökunum.

Mótmælendurnir hrósuðu hins vegar sigri, en þúsundir manna hafa hafst við á torginu og í stjórnsýslubyggingu þar nálægt undanfarna daga. Til þess að verjast lögreglunni gripu mótmælendur meðal annars til þess ráðs að hella vatni á lögregluna út um glugga stjórnsýslubyggingarinnar, og á tröppur hússins sem samstundis urðu glerhálar í frostinu.

Mótmælin hófust undir lok nóvember þegar Janúkovitsj forseti ákvað að hætta við að undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið. Rússnesk stjórnvöld hafa verið andvíg því að Úkraínumenn tengist Evrópusambandinu nánar, og Janúkovitsj hefur verið sagður hafa látið undan þrýstingi frá Rússum.

gudsteinn@frettabladid.is



**MÓTMÆLENDUR VERJAST** Lögreglan í Kíev réðst til atlögu gegn mótmælendum í fyrrinótt, en hafði ekki erindi sem erfiði. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Leiðtogi Hnefahöggs



**VITALÍ KLITSJKÓ**

Einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Úkraínu er Vitalí Klitsjkó. Hann er leiðtogi stjórnmálafls sem nefnist UDAR en það orð mun þýða Hnefahögg þótt reyndar sé um skammstöfun að ræða. Nafnið er ekki valið út í bláinn, því Klitsjkó er heimsmeistari í boxi í þungavigtarflokki.

Klitsjkó hefur smám saman orðið einn öflugasti talsmaður stjórnarandstöðunnar í Úkraínu og þykir nú orðið sigurstranglegur í næstu forsetakosningum, sem halda á snemma árs 2015.

Klitsjkó hóf fyrst afskipti af stjórnmálum árið 2005, þegar hann hafði tilkynnt að hann myndi leggja boxhanskana á hilluna vegna meiðsla. Hann bauð sig fram til borgarstjóra í Kíev árið eftir en hafði ekki erindi sem erfiði. Hann ákvað því að snúa aftur í boxið árið 2007, en árið 2010 gerði hann aðra tilraun, stofnaði UDAR og hlaut tæp 14 prósent atkvæða í þingkosningum árið 2012.

Hann hefur forðast viðkvæm pólitísk deilumál en leggur frekar áherslu á að berjast fyrir hagsmunum almennings og gagnrýna stjórnvöld fyrir spillingu og lélega stjórnhætti.

Hins vegar hefur hann engan veginn sagt skilið við boxið. Á síðasta ári varði hann heimsmeistaratitil sinn í þungavigtarboxi.

Klitsjkó þykir óhræddur baráttumaður en virðist einnig kunna að stilla til friðar. Til marks um það er höfð saga af honum frá því á sunnudaginn fyrir hálfum mánuði, þegar nokkrir mótmælendur í Kíev tóku að ráðast á lögregluna. Þegar allt virtist ætla að fara úr böndunum greip Klitsjkó gjallarhorn og hrópaði: „Eruð þið brjáluð? Þeim er borgað fyrir að ögra.“ Ólátabelgirnir hurfu þá á braut og allt féll í ljúfa löð.






**BREIÐUR UMRÆÐUVETTVANGUR** Illugi var ánægður með fundinn og gafst fundarmönnum tækifæri á að koma ábendingum á framfæri til ráðherra.

Frjóar umræður á fundi menntamálaráðherra:

# Álitamál um skipan menntamála rædd

**MENNTAMÁL** Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur fundaði í gær með Illuga Gunnarssyni menntamálaráðherra, meðal annars um niðurstöður nýrrar PISA-könnunar og læsi barna og ungmenna á báðum skólastigum.

Bæði Illugi og formaður skóla- og frístundaráðs, Oddný Sturludóttir, lýstu yfir ánægju sinni með fundinn og var samstaða meðal fundarmanna um að boða árlega til slíks fundar.

Oddný segir að þrátt fyrir neikvæða umræðu í kringum niðurstöður PISA-könnunarinnar þá sé ánægjulegt að líta til þess að niðurstöður um skólabrag sýna að líðan nemenda er góð.

Oddný segir einsdæmi að ráðherra komi á fund í skólaráði og því sé um mikilvægt tækifæri að ræða til að heyra raddir grasrótarinnar.

„Það er of algengt að við festum okkur í ákveðnum hólfum. Þarna mættu saman sjö áheyrnarfulltrúar, meðal annars stjórnendur og starfsfólk skóla og frístundamiðstöðva auk foreldra. Þegar svona stór hópur mætir saman þá er til mikils að vinna,“ segir Oddný. - eh



NÝTT

# KOLALAUSAR VÉLAR

DEWALT
- á heima hjá Sindra -




Hraðvirkari í notkun

Ný 13 mm stálpatróna

LED vinnuljós – engir skuggar

Nýjar 2Ah rafhlöður

DCD795
höggborvél

XR LITHIUM ION

BRUSHLESS

DCD795M2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél m. höggi
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,88 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**71.900** m/vsk.
Rétt verð 78.098

DC886M2

## 18V HERSLUVÉL

Öflug 18V kolalaus hersluvél
Bitahaldari: ¼“
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 165Nm
Afl: 260W
Þyngd: 1,57 kg
LEDljós

Kynningarverð
**81.900** m/vsk.
Rétt verð 89.997

DCD790M2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*4,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,84 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**69.900** m/vsk.
Rétt verð 75.987

DCD790D2

## 18V HLEÐSLUBORVÉL

Öflug 18V kolalaus hleðsluborvél
Patróna: 13 mm
Rafhlaða: 2*2,0Ah
Hersla: 60Nm
Þyngd: 1,62 kg
Gírar: 2
LEDljós

Kynningarverð
**55.900** m/vsk.
Rétt verð 61.987

PIPAR\TBWA • SÍA • 132779

**www.sindri.is** / **sími 575 0000**
Viðarhöfða 6 - Reykjavík     Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

SINDRI

# Starfið felst í baráttu gegn fátækt

Þróunaraðstoð Íslands er að uppistöðu bundin við þrjú af fátækustu ríkjum Afríku. Meginmarkmið í starfseminni er baráttan gegn fátækt, og stutt er við verkefni sem lúta að mannréttindum og jafnrétti. Umdæmisskrifstofum í þremur löndum var lokað eftir hrunið árið 2008.




## 1 MALAVÍ UM 130.000 MANNS HAFA FENGIÐ HREINT VATN

Þróunarsamvinna Íslands og Malaví hófst árið 1989. Fyrstu árin voru verkefni ÞSSÍ nánast eingöngu á sviði fiskimála en hafa síðustu 15 árin í auknum mæli færst yfir á heilbrigðis-, mennta- og félagsmál. Langstærsti hluti verkefna hefur frá upphafi verið bundinn við Mangochi-hérað í sunnanverðu landinu, eitt það fátækasta með um eina milljón íbúa.

Vegna stuðnings ÞSSÍ hafa um 120-130 þúsund manns fengið aðgang að hreinu vatni, bættri hreinlætisaðstöðu og heilbrigðisþjónustu, þ.á m. hefur verið byggt sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.



**Á FÆÐINGARDEILDINNI** Móðir með nýfætt barn á fæðingardeild svæðissjúkrahússins í Monkey Bay í Malaví sem byggt var fyrir íslenskt þróunarfé. MYND/GUNNAR SALVARSSON

## 2 MÓSAMBÍK AÐSTOÐ EFTIR GRIMMILEGA BORGARASTYRJÖLD

Þróunarsamvinna Íslands og Mósambík hófst árið 1996, fjórum árum eftir að grimmilegri borgarastyrjöld lauk í landinu. Sex af hverjum tíu íbúum sveitahéraða landsins eru undir fátæktarmörkum. Stærstu verkefni ÞSSÍ hafa frá upphafi verið tengd sjávarútvegi; rannsóknum, gæðamálum og menntun, en einnig hafa verkefni verið unnin á sviði félags- og heilbrigðismála, einkum fullorðinsfræðslu í Inhambane-héraði.

Stærsti hluti framlaga ÞSSÍ í Mósambík rennur í sjóð sem styrkir fiskimálaráðuneytið og undirstofnanir þess við framkvæmd áætlana stjórnvalda í fiskimálum og er verkefnið unnið í samvinnu við Norðmenn.



**Í SKÓLASTOFUNNI** Fullorðinsfræðsla í Inhambane-héraði í Mósambík. MYND/GUNNAR SALVARSSON

## 3 ÚGANDA FÁ HREINT VATN OG HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Þróunarsamvinna Íslands og Úganda hófst árið 2000. Verkefni ÞSSÍ hafa frá upphafi verið fjölbreytt en stærsta verkefnið hefur verið á sviði héraðsþróunar. Einnig hefur verið unnið að fiskgæðaverkefni með fiskimannasamfélögum við stöðuvötnin Kyoga og Albert, að stefnumótun og framkvæmd fullorðinsfræðslu með stjórnvöldum, frumkvöðlafræðslu og tilraunaverkefni um kynbundin áhrif loftslagsbreytinga.

Stærsta verkefni ÞSSÍ á síðustu árum hefur verið héraðsþróunarverkefni í Kalangala-héraði, eyjum í Viktoríuvatni, þar sem búsetuskilyrði eru mjög erfið. Íbúar eyjanna eru um 50 þúsund með dreifða búsetu á 43 eyjum af 84 í norðvesturhluta vatnsins.



**Í HÖFN** Í öllum samstarfslöndum Íslendinga í tvíhliða þróunarstarfi eru fiskimannasamfélög sem njóta góðs af íslensku þróunarfé. MYND/GUNNAR SALVARSSON

## ➜ Orkuöflun fyrir þrettán lönd Austur-Afríku

Verkefnið miðar að því að nýta íslenska sérþekkingu við jarðhitaleit, rannsóknir og mannauðsuppbyggingu á sviði jarðhita í 13 löndum sem liggja í Sigdalnum mikla í austanverðri Afríku. Verkefnið er samstarfsverkefni milli Íslands, Alþjóðabankans og Norræna þróunarsjóðsins (NDF), sem einnig leggur 5 milljónir evra til framkvæmdar þess á móti framlagi Íslands að sömu upphæð yfir 5 ára tímabil. Verkefnið hefur farið vel af stað á árinu 2013. Einnig hefur verið skrifað undir viljayfirlýsingu við Afríkusambandið um aðstoð við uppbyggingu þekkingar á jarðhitamálum.

Löndin sem í hlut eiga eru Kenía, Tansanía, Úganda, Eþíópía, Búrúndí, Erítrea, Malaví, Mósambík, Djíbútí, Rúanda, Austur-Kongó, Sambía og Kómoroseyjar.




Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) starfar nú eingöngu í Afríku. Samstarfsþjóðirnar eru aðallega þrjár en voru sex fyrir efnahagshrunið 2008. Þróunarhjálp Íslendinga er mikið til umræðu í samfélaginu vegna niðurskurðar til málaflokksins á fjárlögum og því ekki úr vegi að skoða hvar þjóðin leggur hönd á plóg í baráttunni gegn fátækt.

**0,26 prósent**

Ísland hefur undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar um þróunarsamvinnu gegnum samþykktir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, þar sem efnuð lönd gangast undir að veita 0,7% af vergum þjóðartekjum í aðstoð við fátækar þjóðir. Þetta markmið hefur ítrekað verið staðfest af Alþingi. Ísland hefur hins vegar aldrei veitt þá fjármuni til málaflokksins sem alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um, og á yfirstandandi ári nema íslensk framlög 0,26% af þjóðartekjum.

**Áherslur**

Meginmarkmið í starfsemi ÞSSÍ er að styðja viðleitni stjórnvalda í þróunarríkjum í baráttunni gegn fátækt. Áhersla er lögð á að bæta lífskjör þeirra sem verst eru settir í fátækustu samfélögunum. Stuðningur við almannaþjónustu er fyrirferðarmestur, við menntun, vatns- og hreinlætismál, og lýðheilsu. Enn fremur er áhersla lögð á stuðning við nýtingu auðlinda, einkum endurnýjanlega orku og fiskveiðar og -vinnslu.

**Árangur**

Samkvæmt upplýsingum frá ÞSSÍ miðar allt starf stofnunarinnar í Afríku að því að bæta lífskjör almennings. Með umbótum í heilsugæslu og gerð vatnsbóla með hreinu vatni má fullyrða að mannslífum er bjargað; með umbótum í menntun barna eru yngstu kynslóðinni tryggð betri tækifæri í framtíðinni og fullorðinsfræðsla gefur ólæsum áður óþekkta möguleika til þátttöku í samfélaginu og tækifæri sem annars eru takmörkuð.

Almennt kostar ÞSSÍ kapps um að styðja við efnahagslega og félagslega þróun, meðal annars mannréttindi, jafnrétti og valdeflingu kvenna.

**Samstarfsþjóðir**

ÞSSÍ starfar eingöngu í Afríku, eins og áður segir. Samstarfsþjóðirnar eru allar sunnan Sahara í Afríku: Malaví, Mósambík og Úganda. Þessar þjóðir eru allar í hópi þeirra fátækustu í heimi. Fyrir efnahagshrunið árið 2008 voru samstarfslönd Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu tvöfalt fleiri, sex talsins. Umdæmisskrifstofum ÞSSÍ í Afríkuríkinu Namibíu, Níkaragva í Mið-Ameríku og Srí Lanka [eyríki út af suðausturströnd Indlandsskaga] var hins vegar lokað á árunum 2009 til 2011. Undanfarin tvö ár hefur verið unnið að gerð samstarfsáætlana með öllum þjóðunum þremur og einni lokið, önnur á lokastigi og sú þriðja langt komin.

**Hvert fara peningarnir?**

Það hefur verið látið að því liggja að fjármunir héðan rati í vasa annarra en þeirra sem þeir eru hugsaðir fyrir. Eins að fjármunirnir séu jafnvel óbeint nýttir til kaupa á hertólum hvers konar, og hefur Úganda verið nefnt í því sambandi.

Gunnar Salvarsson, útgáfu- og kynningarstjóri ÞSSÍ, svarar þessum álitamálum með því að greiðslur séu skilyrtar og fari ekki í ríkissjóð viðkomandi lands, heldur gegnum héraðsstjórnir. „Greitt er til samstarfsaðila á grundvelli fjárhags- og verkáætlunar sem fylgst er með reglubundið. Ekki er greitt aftur fyrr en fjárhags- og framvindugreinargerð liggur fyrir. Við áskiljum okkur rétt til að geta hvenær sem er komið og skoðað fjármálagögn. Krafa er um viðurkennda árlega endurskoðun á öllum framlögum samkvæmt alþjóðlegum stöðlum, auk þess sem gerðar eru úttektir á öllum verkefnum.“

Gunnar segir að það hafi ekki áhrif á samstarf við héraðsstjórnir, en stuðningur Íslands gengur beint til þeirra, þótt viðkomandi ríkisstjórn verji hluta af ríkisútgjöldum til málefna sem varða friðargæslu, varnir eða önnur atriði sem eru utan samstarfssamninga. „Rétt er að benda á í þessu sambandi að Úganda hefur tekið að sér það hlutverk, m.a. að beiðni Afríkusambandsins, að vera með öfluga friðargæslu á átakasvæðum í Austur-Afríku,“ segir Gunnar.







OPIÐ TIL KL. 22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Brugðist við innbroti hjá Vodafone

Fyrirtæki með starfsemi sem telst til mikilvægra innviða samfélagsins réðust öll í sérstaka úttekt á netöryggismálum eftir innbrot á vef Vodafone nýverið. Viðbúnaður fjarskiptafyrirtækja, orkufyrirtækja og banka er talsvert ólíkur þó öll telji þau netöryggismál í góðu horfi.

**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is



Ráðist var í sérstaka úttekt á netöryggismálum hjá öllum þeim fyrirtækjum sem teljast þjóðhagslega mikilvæg í kjölfar innbrotsins á vef Vodafone nýverið. Í einhverjum tilvikum fundust gallar sem hafa verið lagfærðir eða unnið er að því að lagfæra.

Þannig voru viðbragðsáætlanir virkjaðar hjá fyrirtækjum sem teljast mikilvægir innviðir samfélagsins, til dæmis fjarskiptafyrirtækjum, orkufyrirtækjum og bönkum, að því er fram kemur í svörum fyrirtækjanna við fyrirspurnum Fréttablaðsins. Hjá öllum fyrirtækjunum sem haft var samband við var farið yfir stöðu netöryggis í kjölfar innbrotsins.

Útfærslan var þó misjöfn. Hjá Íslandsbanka voru gerðar ráðstafanir til að tryggja að ekki væri hægt að nýta stolnu upplýsingarnar til að ná aðgangi að tölvukerfi bankans. Landsvirkjun gerði mat á því hvort grípa þyrfti til bráðaaðgerða og breytti lykilorðum allra starfsmanna fyrirtækisins.

Hjá Orkuveitu Reykjavíkur fannst veikleiki við þessa yfirferð og er fyrirtækið langt komið með að bæta úr veikleikanum. Ekki voru veittar nánari upplýsingar um eðli veikleikans af öryggisástæðum.

Þótt netárásin á Vodafone hafi orðið til þess að opna augu margra fyrir þeirri hættu sem árásir og þjófnaður á netinu geta valdið hafa fyrirtæki með starfsemi sem telst til mikilvægra innviða samfélagsins verið meðvituð um hættuna lengi. Flest fyrirtækin eru með sérhæfða starfsmenn sem sinna netöryggismálum.

Allir stóru viðskiptabankarnir þrír, Arion banki, Íslandsbanki og Landsbankinn, fara eftir kröfum gæðastaðalsins ISO 27001, þar sem gerðar eru kröfur um netöryggi.

Hjá Landsbankanum er að auki starfandi fimm manna teymi sem ekki hefur annan starfa en að sinna netöryggi bankans. Hjá Íslandsbanka er málunum stýrt af öryggisnefnd bankans. Hjá Arion banka starfar hópur sérfræðinga sem fjallar meðal annars um netöryggismál bankans.

MP banki er ekki með sömu öryggisvottun og hinir viðskiptabankarnir, en netbanki MP banka er vistaður hjá vottuðu fyrirtæki, segir í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar er starfandi gæða- og öryggisnefnd sem sinnir meðal annars netöryggismálum.

### Fátt um svör hjá HS Orku

Bæði Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur eru með sömu ISO-vottun og bankarnir. Það sama á ekki við um HS Orku.

Hjá Landsvirkjun starfar þriggja manna netöryggishópur auk upplýsingaöryggisstjóra. Þá hefur fyrirtækið einnig fengið aðstoð ráðgjafa um uppbyggingu netöryggis.

Orkuveita Reykjavíkur starfrækir sérstakan upplýsingaöryggishóp og nær starfssvið hans einnig til netöryggis. Þá er Orkuveitan með utanaðkomandi ráðgjafa í netöryggismálum.

Fátt var um svör þegar spurt var um netöryggi hjá HS Orku. Fyrirtækið er ekki með gæðavottun sem tekur á netöryggismálum en unnið er að því að fá vottun. Enginn netöryggishópur er starfandi hjá fyrirtækinu en það hefur fengið utanaðkomandi ráðgjöf vegna netöryggismála. Þrátt fyrir þetta telja forsvarsmenn fyrirtækisins það þokkalega statt í netöryggismálum.

Fjarskiptafyrirtækin eru almennt með öryggisstjóra og öryggisnefndir sem eiga meðal annars að gæta að netöryggi. Annars er viðbúnaður fyrirtækjanna að einhverju leyti ólíkur.

Síminn hefur fengið ISO-gæðavottun og lætur reglulega vinna ítarlegar úttektir á netöryggi fyrirtækisins. Síminn nýtir sér þjónustu utanaðkomandi ráðgjafa við gerð áhættumats, úttekta, vottunar og veikleikaskimunar.

Vodafone vinnur að því að fá ISO-vottun og stefnt er að því að uppfylla öll skilyrði til að fá vottun á næsta ári. Fyrirtækið hefur fengið ráðgjöf frá utanaðkomandi sérfræðingum, innlendum og erlendum, varðandi upplýsingamál og netöryggi. Í því hefur falist bæði almenn ráðgjöf og úttektir á netöryggismálum fyrirtækisins.

Þær úttektir dugðu þó ekki til að finna veikleikann sem tyrkneskur tölvuþrjótur nýtti sér til að brjótast inn á vefsíðu fyrirtækisins og stela þar netföngum, lykilorðum og innihaldi SMS-skeyta sem send voru í gegnum vefsíðuna.

Tal fékk utanaðkomandi ráðgjöf við að setja upp regluverk tengt öryggismálum fyrirtækisins. Hjá Nova fengust þau svör að auk öryggisnefndar starfi sérhæfðir starfsmenn að netöryggismálum, auk þess sem unnið sé með utanaðkomandi sérfræðingum.




**MIKILVÆG FYRIRTÆKI** Varla þarf að fjölyrða um mikilvægi orkufyrirtækja, fjarskiptafyrirtækja og banka fyrir innviði samfélagsins. Fyrirtæki í þessum geirum segjast öll gera sitt besta til að verjast netárásum og innbrotum líkt og framið var á vef Vodafone nýlega.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

SÝNINGAR- OG REYNSLUAKSTURSBÍLAR Á TILBOÐI TIL ÁRAMÓTA

ENNEMM / SÍA / NM60611










HYUNDAI BESTI BÍLAFRAMLEIÐANDINN 2013 — AÐ MATI 46 ÞÚSUND NÝRRA BÍLEIGENDA

Hyundai besti bílaframleiðandinn 2013

Í bandarísku Total Value Index könnuninni er árlega spurt um ánægju 46 þúsund nýrra bíleigenda. Á þessu ári hafði **Hyundai sigur sem besti bílaframleiðandinn.**

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 420 0200 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080


NÝTT KORTATÍMABIL
VISA MasterCard
12.12.13
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 995
499
LED JÓLASERÍA
Góð 20 ljósa LED innisería á frábæru verði! Litur: Glær. Vnr. 5677300
CHERUB DISKAMOTTA
Falleg diskamotta. Vnr. 6040500
1 STK. FULLT VERÐ: 499
199
60% AFSLÁTTUR
DANIA DAGATAL
Flott dagatal. Vnr. 1005-11-1117
70% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 995
299
JÓLAVÖRU-
ÚTSALAN
ER BYRJUÐ!
70% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 995
299
POETIC HURÐAKRANS
Fallegur hurðakrans. Stærð: Ø33 sm. Vnr. 6016100
60% AFSLÁTTUR
JÓLASVEINADAGATAL
Stórt og flott jólasveinadagatal fyrir 24 gjafir! Hæð: 150 sm. Vnr. 40983001
FULLT VERÐ: 2.495
995
FULLT VERÐ: 1.295
499
GLITTER TREE DÚKUR
Glæsilegur jóladúkur. Fæst í hvítu og ivory. Stærð: 85 x 85 sm. Vnr. 1005-11-1066
60% AFSLÁTTUR
53% AFSLÁTTUR
VAIL BARNASVUNTA
Falleg barnasvunta með fallegu, áprentuðu munstri. Vnr. 1005-12-1063
FULLT VERÐ: 1.495
695
JÓLASERVÍETTUR
Mikið úrval af flottum jólaservíettum. 20 stk. í pakka. Vnr. 74630
VERÐ FRÁ:
99
50% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 3.995
1.995
LED JÓLASERÍA
96 ljósa FOSS sería. Lengd: 3 metrar. Litur: Glær. Vnr. XX8740040
50% AFSLÁTTUR
60% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 995
499
JÓLAKÚLUR ÚR GLERI
Flottur pakki með glerjólakúlum. Fæst í 3 litum. Vnr. AVB502010
60% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 249
99
PAKKABORÐAR
Fallegir borðar utan um jólapakkana! Magn á rúllu: 2 mtr. Margar gerðir fáanlegar. Vnr. 1003-12-1003
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
FULLT VERÐ: 995
399
JÓLAGJAFAPOKAR
Stórir og flottir jólagjafataupokar. Stærð: 95 x 60 sm. Vnr. 40759001

# Áhrif vanmetin af niðurfellingu skulda

Fyrirséð er að aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að lækka verðtryggðar skuldir heimila stuðla að veikingu krónunnar, auka innlenda eftirspurn og ýta undir verðbólgu. Seðlabankinn boðar meira aðhald í stýrivöxtum. Þeim var haldið óbreyttum í gær.

**EFNAHAGSMÁL** Áætlanir ríkisstjórnarinnar um skuldaniðurfellingu auka innlenda eftirspurn og verðbólgu. Að öðru óbreyttu kallar þetta á hærri vexti. Þetta kom fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á kynningarfundi vegna stýrivaxtaákvörðunar peningastefnunefndar í gær.

„Allt sem eykur innlenda eftirspurn og verðbólgu leiðir til þess að öðru óbreyttu að vextir verða hærri en ella,“ segir Már.

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar, sem þó ákvað að halda stýrivöxtum Seðlabankans óbreyttum, kemur fram að aukin eftirspurn í kjölfar skuldaaðgerðanna komi til með að auka innflutning og draga úr viðskiptaafgangi sem stuðli að lægra gengi krónunnar en ella. „Vegna þess að slakinn í þjóðarbúskapnum er óðum að hverfa mun meiri eftirspurn auka verðbólgu að óbreyttu taumhaldi peningastefnunnar.“



**VAXTAÁKVÖRÐUN KYNNT** Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Már Guðmundsson seðlabankastjóri sátu fyrir svörum á kynningarfundi vegna vaxtaákvörðunar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kröftugri efnahagsbati og aðgerðir stjórnvalda í skuldamálum eru að öðru óbreyttu sagðar krefjast þess að taumhald peningastefnunnar verði hert hraðar en áður hafði verið búist við. „Að hve miklu leyti aðlögunin á sér stað með breytingum nafnvaxta Seðlabankans fer eftir framvindu verðbólgunnar, sem ræðst að miklu leyti af þróun launa og gengishreyfingum krónunnar,“ segir í yfirlýsingu peningastefnunefndar.

Þá kom fram í máli seðlabankastjóra í gær að sérfræðihópur ríkisstjórnarinnar hefði líkast til vanmetið áhrif skuldaniðurfellingarinnar á efnahagslífið. Már segir Seðlabankann vinna að eigin mati, auk þess sem bankinn komi einnig að athugasemdum við frumvarp sem lagt verði fram á Alþingi.

„Ég held hins vegar að það sé óhætt að segja að okkar mat verður að einhverju leyti annað en það sem kom fram í skýrslu Analytica. Ég ætla ekki að fara í neinn palladóm um þá skýrslu en við munum auðvitað hafa miklu meiri tíma til að gera þessa úttekt. Við erum með miklu þróaðra líkan til þess að meta áhrifin,“ segir Már.

Bent er á í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka að vöxtum hafi nú verið haldið óbreyttum síðan í nóvember í fyrra. Spáð er vaxtahækkun snemma á næsta ári, í tveimur 0,25 prósentustiga skrefum. „Spáum við því að bankinn hækki vexti sína enn frekar á árinu 2015 og fari þá með stýrivextina upp í 6,75 prósent.“

olikr@frettabladid.is

## Varnaðarorð um samninga ítrekuð

Í yfirlýsingu peningastefnunefndar kemur fram að niðurstaða kjarasamninga muni hafa afgerandi áhrif á verðbólguhorfur og þróun vaxta á næstu misserum. Verði launahækkanir umfram það sem samrýmist verðbólgumarkmiði bankans sé líklegra að vextir muni hækka. „Undir þessum varnaðarorðum eru aðilar vinnumarkaðarins að takast á við erfiða kjarasamninga,“ segir í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. Bent er á að Samtök atvinnulífisins vilji semja á þeim nótum sem Seðlabankanum hugnast á meðan væntingar í baklandi Alþýðusambandsins séu um hækkun lægstu launa í blandaðri leið prósentu- og krónutöluhækkana. Samningum hefur verið vísað til sáttasemjara.

ASÍ um gjaldskrárhækkanir og skuldaleiðréttingu:

# Eina framlagið er aukin verðbólga

**EFNAHAGSMÁL** Framlag ríkisstjórnarinnar til þeirrar kjaradeildu sem nú er í hnút er  ekki bara aukin verðbólga, heldur eyðileggur hún þá samstöðu sem þegar hafði skapast meðal fjölda sveitarfélaga um að hækka ekki gjaldskrár sínar.

Þetta kemur fram í ályktun sem miðstjórn ASÍ hefur sent frá sér. Verkalýðshreyfingin fór fram á það við ríki og sveitarfélög í haust að hætt yrði við gjaldskrárhækkanir um áramót til að skapa stöðugleika á grunni lágrar verðbólgu. Borgin og fleiri sveitarfélög hafi farið á undan með góðu fordæmi og dregið fyrirhugaðar hækkanir til baka.

Meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis hafi hins vegar sent frá sér „rökstuðning“ fyrir því að vera ekki samferða í vegferð gegn verðbólgunni og telur ASÍ að meirihlutinn vilji því að álögur á almenning hækki jafnt og þétt, annað bjóði hættunni heim.




**KJARASAMNINGAR Í UPPNÁMI** Miðstjórn ASÍ telur að stjórnvöld stuðli að verðbólgu í of miklum mæli meðan samningar eru lausir.

Þannig muni boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skuldamálum heimilanna að öllum líkindum leiða til veikara gengis krónunnar sem kalli aftur á vaxtahækkanir Seðlabankans.

- eh

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
Veiðisögur • Veiðisvæði • Veiðifréttir • Veiðimenn




Fæst á flestum bóksölustöðum

Hágæða LED útiseríur
Grillbúðin
KONST SMIDE
Frá Svíþjóð
www.grillbudin.is
Nýtt kortatímabil
VELDU JÓLALJÓS SEM ENDAST OG ÞÚ SPARAR




Komdu og fáðu ráðleggingar
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Opið 11-16 laugardaga og 13-16 sunnudaga

Morgunfundur VFÍ og TFÍ
föstudaginn 13. desember á Grand Hótel Reykjavík

Línur eða strengir?

Föstudaginn 13. desember kl. 8:30-10:00 bjóða Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands til morgunfundar um kostnað við lagningu loftlína og jarðstrengja í flutningskerfinu hér á landi. Fundurinn verður á Grand Hótel Reykjavík.

Dagskrá:

Framkvæmdakostnaður við 220 kV jarðstrengjalagnir
Þorri Björn Gunnarsson, jarðtækniverkfræðingur hjá Mannviti

Líftímakostnaður 220 kV loftlína og jarðstrengja
Jón Vilhjálmsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Eflu

Fundarstjóri
Snæbjörn Jónsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Verkís

Boðið verður upp á kaffi og rúnstykki frá kl. 8:15

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir!

Verkfræðingafélag Íslands   Tæknifræðingafélag Íslands

# LOFTLJÓS

BELID
MADE IN SWEDEN





**Rafkaup**

Ármúla 24 • S: 585 2800 • rafkaup.is

# 100 kílómetra langt Austurstræti

Frumkvöðlar í ferðaþjónustu á Austurlandi vilja bjóða ferðafólki nýja gönguleið yfir hálendið. Gengið verður úr Lóni yfir í Fljótsdal um 100 kílómetra leið á sjö dögum. Vonir standa til að dreifa megi álagi á svæði sem þegar eru vinsæl, þar sem Laugavegurinn er þekktastur.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Hugmynd ferðaþjónustufólks á Austurlandi um 100 kílómetra gönguleið á milli Lóns og Fljótsdals er komin á góðan rekspöl. Austurstræti, eins og leiðin er kölluð, er hugsuð sem valkostur við lengri gönguleiðir eins og Laugaveginn. Það mun taka útivistarfólk eina viku að ganga strætið enda á milli. Ekkert bendir til annars en að rík þörf sé á þessum valkosti því sífellt fleiri Íslendingar fara í lengri gönguferðir og stór hluti erlendra ferðamanna sækist eftir slíkum tengslum við náttúruna. Einnig er æskilegt að byggja upp slíka leið í ljósi umræðu um dreifingu ferðamanna um landið og álag á þá staði sem eru vinsælir.

**Byggt á gömlum merg**

Gunnlaugur B. Ólafsson, sem ásamt Steingrími Karlssyni kynnti hugmyndina fyrir áhugasömum fyrir helgi, segir að byggt sé á eldri gönguleið frá Snæfelli í Lón með erfiðri dagleið yfir Eyjabakkajökul. Því eru 80% leiðarinnar þegar tilbúin, en margt þó breytt. Annars vegar er Lónmegin kominn skáli við Eskifell og 95 metra göngubrú við Einstigi sem opnar leið til byggðar. Hins vegar er Fljótsdalsmegin komin akfær brú yfir Jökulsá og byggt hefur verið upp stórglæsilegt gistihús við Laugarfell. Þá hefur Óbyggðasafn risið á bænum Egilsstöðum og gestastofa þjóðgarðs á Skriðuklaustri. Því byrjar leiðin og endar á tveimur sögulegum stöðum.

Gunnlaugur segir að einn hlekk vanti inn í þessa keðju svo hún sé samfelld milli byggða, en um 27 kílómetrar eru í beinni loftlínu milli skála í Geldingafelli og gistihúss í Laugarfelli. „Eftir að hafa legið yfir kortum var stungið upp á því að setja nýtt skálasvæði á miðri leið við Eyjabakkafoss, sem Fljótsdalshreppur hefur síðan tekið tillit til við endurskoðun á aðalskipulagi. Með þessari útfærslu er komin aðgengileg leið um ævintýralegt þversnið af íslenskri náttúru. Ein lengsta og best útbúna gönguleiðin yfir hálendið," segir Gunnlaugur og bætir við að skálarnir á leiðinni séu meira og minna tómir yfir mesta ferðamannatímann. Þegar eru fimm skálar fyrir hendi.

**Hægur ferðamáti**

Hugsunin á bak við nýja gönguleið er ekki síst sú að svara kalli ferðaþjónustunnar um nýja viðkomustaði fyrir ferðamenn hér á landi. Þar er í forgrunni að dreifa álaginu af fjölgun ferðamanna. Fréttablaðið hefur sérstaklega fjallað um ástand gönguleiðarinnar á milli Landmannalauga og Þórsmerkur – Laugaveginn.

Gunnlaugur segir að sífellt fleiri vilji taka sér tíma og njóta náttúrunnar í anda hins hæga ferðamáta [slow travel]. Eftirspurn eftir lengri gönguleiðum sé því vissulega fyrir hendi, og þær séu fáar hérlendis. Hann segir að eftir engu sé að bíða, í spilunum sé að ferðamannastraumur aukist verulega á Austurlandi og þegar það gerist megi menn ekki eiga grunnvinnuna eftir.




Á nýju gönguleiðinni úr Lóni yfir í Fljótsdal, Austurstræti, eru þegar fimm skálar sem nýtast ferðalöngum, ef af verður.



**ILLIKAMBUR** Göngufólk leggur af stað niður Illakamb. Skála- og tjaldstæði má sjá við Kollumúla. MYND/GBÓ



**KIRKJUFOSS** Einn af fjölmörgum fossum sem mæta göngufólki á dagleiðinni frá Óbyggðasafninu í Fljótsdal inn að Laugarfelli. MYND/DENNI



**SNÆFELL** Hæsta fjall Íslands utan jökla, sem margir vilja kalla drottningu íslenskra fjalla. MYND/DENNI



**TRÖLLAKRÓKAR** Mikilfenglegur staður, um 8 kílómetra móbergsbelti sem geymir fjölbreytilega skúlptúra. MYND/GBÓ

## YTRA MAT Á LEIKSKÓLUM

Námsmatsstofnun mun láta gera ytra mat á sex leikskólum árið 2014, sbr. lög nr. 90/2008 um leikskóla, gildandi reglugerðir um mat og eftirlit og þriggja ára áætlanir mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úttektir á þessu skólastigi. Hér með er auglýst eftir sveitarfélögum sem hafa áhuga á því að fram fari ytra mat á starfi leikskóla innan þeirra, bæði þeirra sem reknir eru af sveitarfélaginu og öðrum aðilum.

Í matinu felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Verður það gert m.a. með því að skoða fyrirliggjandi gögn um starfsemi skóla, vettvangsathugunum, heimsóknum úttektaraðila og viðtölum við nemendur, starfsfólk skóla, foreldra og fulltrúa sveitarstjórnar. Kostnaður vegna matsins greiðist úr ríkissjóði.

**Vakin er athygli á að endurnýja þarf fyrri umsóknir.**

Umsóknir skulu berast Námsmatsstofnun frá sveitarstjórnum fyrir 31. desember 2013. Umsókn skal fylla út á heimasíðu Námsmatsstofnunar, tengill er undir Ytra mat skóla.

Nánari upplýsingar gefur Þóra Björk Jónsdóttir thora@namsmat.is hjá matsdeild Námsmatsstofnunar.

NÁMSMATSSTOFNUN



# BRÁÐUM KOMA JÓLIN

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME





MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM JÓLAKÚLUM FRÁ **273***



Keilur
**693, 903, 1.183, 1.393***

## Jólavörur -30%



Mikið úrval

Gjafapokar **290**

Skartgripa-kassar **-40%**

Snyrtivörur frá **1.990***

**3 fyrir 2**





Hjörtu
Lítið (15cm) **790**
Stórt (25cm) **1.990**

**1.990**

Lítið (19cm) **1.290**
Stórt (25cm) **1.490**



Skartgripakassar **17.940***

***Verð með afslætti**

Bakki **3.990** Kökustandur **3.490**



Kistur **29.900**



Mynd úr við - lítil **9.990** stór **19.990**



Bókabox frá **2.590**



Skart frá **414***

Skart **-40%**



Skartgripakassar frá **1.194***

Skartgripa-kassar **-40%**





Englar frá **693***

the PIER

**OPIÐ TIL KL. 22.00 FRAM AÐ JÓLUM**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

ÍRIS



**MINNISMIÐAR** Karlar eiga erfitt með að muna nöfn og dagsetningar.

Norsk heilbrigðisrannsókn:

## Karlar gleymnari en konur

Karlar eru gleymnari en konur. Þetta eru niðurstöður rannsóknar norskra vísindamanna við Tækni- og náttúrufræðiháskólann í Þrándheimi í Noregi. Það vekur athygli að enginn munur er á minni karla á aldrinum 30 til 60 ára. Þátttakendur í rannsókninni voru spurðir að því hvort þeir ættu erfitt með að muna nöfn, dagsetningar, hvað þeir hefðu gert árinu áður eða um hvað samtal hefði snúist.

Konur eiga líka erfitt með að muna nöfn og dagsetningar en ekki jafnerfitt og karlar. Enginn munur er á minni kvenna á aldrinum 30 til 50 ára.

Rannsóknin leiddi jafnframt í ljós að langskólagengnir eru með betra minni en þeir sem eru með litla skólagöngu. Þeir sem þjást af kvíða eða þunglyndi eiga erfiðara með að muna en aðrir og á það við um bæði kynin.

Það er ekki fyrr en einstaklingar eru orðnir 60 til 70 ára sem þeir fara að finna fyrir meira minnistapi.

# Börnin skynja þegar í stað áfengisvímu foreldra sinna

Drykkja skyggir á jólagleði barna og maka, segir Jóna Margrét Ólafsdóttir félagsráðgjafi. Börn verða smeyk við breytingar á foreldrunum. Fá illt í magann vegna kvíða. Tilfinningin getur aukist við lykt af áfengi.

Hvort sem foreldrar eiga við áfengisvanda að stríða eða ekki ættu þeir að sleppa áfengum drykkjum yfir jólahátíðina. Þetta segir Jóna Margrét Ólafsdóttir, félagsráðgjafi og sérfræðingur um áfengis- og vímuefnamál.

„Viðhorf til matarmenningar hefur breyst þannig að sumir leggja mikla áherslu á að hafa gott rauðvín eða jólabjór með jólasteikinni. Svo fá menn sér kannski koníak með kaffinu á eftir en þá er fólk orðið vímað. Börn skynja strax þess konar breytingu á foreldrum sínum,“ segir Jóna Margrét.

Hún tekur fram að þótt foreldrarnir séu ekki áfengissjúklingar verði börnin smeyk við breytingarnar. „Tilfinningin hjá börnunum eykst við það að finna lyktina af áfengi og talsmáta og hegðun foreldrisins. Það skyggir á jólagleði barna og maka. Það er algjör vanræksla af hálfu foreldris að vera drukkið fyrir framan barn sitt, hvort sem það er um jól eða á öðrum tímum. Vanræksla er þáttur af ofbeldi.“

Jóna Margrét, sem fengið hefur í ráðgjöf til sín börn og unglinga, segir kvíða barnanna koma fram með mismunandi hætti. „Sum verða uppreisnargjörn, önnur draga sig í hlé eða taka að sér aukna ábyrgð. Þau gæta vel að því sem þau segja og gera til þess að enginn sé reiður. Þau trúa og vona að hagi þau sér vel



**„Drykkja foreldris getur valdið miklum harmi.“**

*Jóna Margrét Ólafsdóttir félagsráðgjafi*

drekki foreldrið minna. Þá eru þau búin að taka á sig ábyrgð á drykkju foreldris. Líkamleg einkenni geta einnig fylgt kvíða barnanna. Þau fá illt í magann og höfuðverk.“

Jólin, sem eru tími ljóss og friðar og oft kölluð hátíð barnanna, geta auðveldlega snúist upp í andhverfu sína, að sögn Jónu Margrétar. „Drykkja foreldris getur valdið miklum harmi. Áfengi, hátíðir og börn fara ekki saman. Reynist einhverjum tilhugsunin um að neyta ekki áfengis á jólunum erfið, ættu þeir að leita sér aðstoðar fagaðila til þess að fá viðeigandi aðstoð og skoða hvers vegna ákvörðunin reynist svona erfið.“

Hún bendir á að foreldrar séu fyrirmynd barna sinna. „Börnin læra viðhorf og gildi heima fyrir og þessi viðhorf til áfengis geta fylgt þeim fram á fullorðinsár. Þótt börnum líði illa af að sjá foreldra sína í vímu er hætta á að þau tileinki sér sömu hegðun. Ég hef orðið vör við það í mínu starfi.“ ibs@frettabladid.is



**JÓLAPAKKAR** Foreldri á ekki að vera komið í áfengisvímu þegar fjölskyldan fer að opna pakkana, að sögn Jónu Margrétar Ólafsdóttur félagsráðgjafa. NORDICPHOTOS/GETTY






**JÓLAMATUR** Matvælastofnun minnir á nauðsyn góðra hollustuhátta í eldhúsum. NORDICPHOTOS/GETTY

Ráðleggingar Matvælastofnunar:

## Jól án matareitrunar

Vegna mikils álags í eldhúsum í desember minnir Matvælastofnun á að nauðsyn þess að hollustuhættir séu góðir. Þannig verði hægt að koma í veg fyrir að heimilisfólk og gestir fái matarsjúkdóma með tilheyrandi óþægindum.

Á vef Matvælastofnunar er bent á að sjúkdómsvaldandi bakteríur geti borist inn í eldhúsið með kjöti og jarðvegi sem fylgir grænmeti og borist þaðan í önnur matvæli í eldhúsinu eða í ísskápnum. Einnig geti þær borist í matvæli frá þeim sem meðhöndlar þau og frá þeim búnaði og áhöldum sem eru notuð í eldhúsinu. Mikilvægt er að koma í veg fyrir að hrátt kjöt og safi úr hráu kjöti komist í snertingu við matvæli sem eru tilbúin til neyslu. Jafnframt þarf að koma í veg fyrir að óhreinindi sem geta verið á grænmeti og ávöxtum berist í tilbúin matvæli.

Þvo þarf hendur áður en hafist er handa við matreiðslu og eftir snertingu við hrátt kjöt og óþvegið grænmeti.

Þvo þarf skurðarbretti og áhöld strax eftir notkun og nota jafnvel sérstök skurðarbretti fyrir kjöt, grænmeti og tilbúin matvæli.

Könnun á viðhorfi sænskra feðra:

## Strákar klæðist ekki bleiku




**BLEIKT** Tæplega helmingur sænskra feðra vill ekki klæða stráka í bleik föt.

Tæplega 40 prósent foreldra ungra barna í Svíþjóð geta ekki hugsað sér að klæða syni sína í bleikan fatnað. Hjá pöbbunum er hlutfallið 46 prósent en 33 prósent hjá mömmunum. Þetta eru niðurstöður könnunar á vegum sænsk tímarits fyrir foreldra.

Pabbinn Johan Lindström segir á bloggi sínu að bleiki liturinn tengist stelpum, konum og femínisma. Það sé næstum ómögulegt að ímynda sér að strákur sem vill klæða sig í bleika kjóla með Hello Kitty-myndum, blómum eða hjörtum verði álitinn töffari. Með því að klæða son sinn í bleik föt væri staða hans ekki sú sama.

# BÚÐU TIL GÓÐAR MINNINGAR MEÐ FJÖLSKYLDUNNI UM JÓLIN




999,-




999,-




3.190,-




MIKIÐ ÚRVAL AF PÚSLUSPILUM




5.299,-




4.999,-




JÓLABINGÓ FJÖLSKYLDUNNAR

3.999,-

Þetta tilboð gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð

www.a4.is / sími 580 0000
**A4** Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
**A4** Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi
Sjá má afgreiðslutíma verslana **A4** á www.a4.is

A4

Flogið beint frá JFK í New York til Íslands:

# Delta flýgur til KEF í sumar




**Á FLUGI** Flugfélagið Delta mun fljúga milli Keflavíkur og New York í sumar.

Flugvélagið Delta Air Lines hefur staðfest að beint sumarflug félagsins milli Keflavíkurflugvallar og Kennedy-flugvallar í New York hefjist á ný 5. júní 2014 en þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu.

Til að byrja með verða fimm flug í viku á flugleiðinni, en frá 12. júní verður flogið daglega í samvinnu við Air France KLM sem er samstarfsaðili Delta.

„Flugfélagið Delta býður flugfarþegum frá Keflavík fjölbreyttara val á flugferðum til Bandaríkjanna yfir sumarmánuðina þegar flestir eru á faraldsfæti," segir Perry Cantarutti, aðstoðarforstjóri Delta í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku.

**NEYTANDINN** Friðrik Ómar

# Fór með Gucci-gleraugu í sturtu



Bestu kaup Friðriks Ómars eru Gucci-gleraugu með blágrárri umgjörð sem hann keypti fyrir sjö vikum.

„Ég skildi ekkert í því að ég var alltaf með höfuðverk. Þegar maður hefur aldrei verið með gleraugu fattar maður ekki að maður þurfi á þeim að halda. Ég er rétt að venjast þeim. Ég gleymdi meira að segja að taka þau af mér þegar ég fór í sturtu í fyrradag [mánudag]," segir Friðrik Ómar, sem nýlega gaf út plötuna Kveðju sem hefur selst gríðarvel að undanförnu.

„Þetta voru virkilega góð kaup og ég finn algjörlega fyrir auknum áhuga beggja kynja á mér," segir hann um nýju gleraugun og hlær.

Friðrik nefnir einnig Macbook Air-tölvuna sína sem hann keypti fyrir rúmu ári. „Ef eitthvað er þarfasti þjónninn er það Macbook Air-tölvan mín. Hún er svo handhæg. Ég var með iPad en var ekki alveg að tengja við hann. Ég sem lög á hana og geri allar bókanir. Hún er algjörlega miðstöð alls sem maður er að gera."

Verstu kaup söngvarans eru blekið sem hann þarf að kaupa í prentara sem hann keypti í Svíþjóð fyrir þremur árum. „Það liggur við að maður þurfi að kaupa nýjan prentara í hvert sinn, þetta er tólf þúsund kall. Ég þarf að prenta út mikið af söngtextum og geri það svona fjórum sinnum á ári." - fb

EFSA segir aspartam í lagi:

# Öruggt að neyta sætuefnis

Matvælaöryggisstofnun Evrópu, EFSA, segir sætuefnið aspartam eða E951 vera öruggt til neyslu í fyrsta heildstæða áhættumati stofnunarinnar á efninu. Var mat lagt á allar fáanlegar vísindarannsóknir á aspartami og niðurbrotsefnum þess, bæði á mönnum og dýrum.

Tilgátum um að efnið geti valdið skemmdum á genum eða ýtt undir krabbamein var hafnað. Stofnunin komst einnig að því að aspartam skaðaði hvorki heila né taugakerfi og hefði ekki áhrif á hegðun eða atferli barna eða fullorðinna né á fóstur. - skó

Nýleg bandarísk rannsókn:

# Skaðleg lyf við magasári

Lyf sem notuð eru í meðferð við magasári gætu valdið B12-vítamínskorti. Þetta kemur fram í niðurstöðum bandarískrar rannsóknar sem voru birtar í tímariti bandarísku læknasamtakanna.

Fólk sem tók inn töflur sem kallast PPI eða H2RA var líklegra til að skorta B12-vítamín, samkvæmt vefsíðu BBC. Ef ekkert er gert til að sporna við B12-vítamínskorti getur hann leitt til minnisleysis eða taugavandamála. Tvö hundruð þúsund manns tóku þátt í rannsókninni. Í niðurstöðunum eru læknar hvattir til að halda áfram að skrifa upp á lyfin en þau gætu valdið skaða hjá sumum ef þau væru tekin í mjög langan tíma. - fb

# Jólasveinninn gefur fjölskyldunni samverustundir

**Ragnheiður Stefánsdóttir segir jólasveininn sýna fyrirhyggju í skógjöfum og gefa fjölskyldunni gæðastundir á morgnana í desember. Hún býr einnig til samvistadagatal fyrir börnin sem tryggir góða samveru í jólaatinu. Formaður SAMFOK segir mikilvægt að jólasveinarnir tali sig saman um skógjafir fyrir jólin.**

Ragnheiður Stefánsdóttir, þriggja barna móðir, segir jólasveininn vera duglegan að gefa börnum sínum hagnýtar og skemmtilegar gjafir sem kosta þó ekki of mikið. „Hér er haft að leiðarljósi að gjafirnar veiti okkur fjölskyldunni gleðistundir á morgnana og veki eftirvæntingu. Við vöknum alltaf aðeins fyrr á morgnana í desember til að geta skoðað gjafirnar saman í rólegheitunum."

Ragnheiður segir skipulag og hagkvæmni gera jólasveininum auðveldara að slá í gegn. „Það er gott að vera með opin augun allan ársins hring og fylla smátt og smátt í jólageymsluna. Svo fá börnin líka eitthvað sem þau vantar hvert eð er, til dæmis tannbursta, jólasokka og nærföt. En líka eitthvað óvænt og spennandi sem vekur sérstaka kátínu. Best er þegar fjölskyldan getur skemmt sér saman yfir skógjöfunum. Verst er þegar það skapast stress á síðustu stundu og jólasveinninn þarf að bjarga málunum í næstu 10/11. Fyrirhyggjusemi margborgar sig."

Ragnheiður nýtur þess að vera í foreldrahlutverkinu í desember og býr til sérstök dagatöl fyrir börnin. „Upphaflega voru þetta litlar gjafir en nú gef ég samverustundir foreldra og barna. Á hverjum morgni opna börnin miða sem gefur samverustund eins og tásunudd, spilakvöld, rafmagnslaust kvöld og föndurstund. Enn og aftur þarf að passa sig að fara ekki yfir strikið og bjóða upp á yfirgengilega skemmtidagskrá sem er ekki í takt við raunveruleika, fjármagn og tíma."

Hún segir drengina sína í skýjunum með samvistadagatalið og kjósa frekar samveru en dót. „Þetta hvetur enn frekar til samverustunda með fjölskyldunni en þetta má auðvitað ekki verða kvöð eða aukaálag. Það er bara svo gott að jarðtengja sig og eiga stund í rólegheitum, þá gleymir maður sér síður í jólaatinu. Börnin mín hafa líka haft orð á því að desember sé orðinn miklu meira kósí með samvistadagatalinu."

erlabjorg@frettabladid.is



**JÓLAFORELDRI** Ragnheiður Stefánsdóttir nýtur þess að vera í foreldrahlutverkinu í desember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ➜ Foreldrar fundi með jólasveininum



Mörg foreldrafélög setja sameiginlegar reglur fyrir börnin og samræma til dæmis kostnað vegna afmælisgjafa. **Bryndís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK,** veit ekki til þess að foreldrafélag hafi haldið fund með jólasveininum í desember.

„Umræðan um misdýrar skógjafir kemur upp á hverju ári. Það er því full ástæða til að hvetja foreldra til að taka sig saman innan bekkja og árganga og finna reglu sem jólasveinarnir geta sæst á."

SAMFOK heldur námskeið á hverju hausti þar sem hvatt er til þess að foreldrar hittist að spjalli og setji sameiginlegar reglur. „Þetta hefur borið góðan árangur. Það verður einfaldara að leysa vandamál þegar fólk hittist í eigin persónu. Börnin eru hluti af skólasamfélagi. Því ber okkur skylda til að vera þorpið sem elur upp barnið og standa saman í svona málum," segir Bryndís.



Byggingarreglugerð og nýir búsetuvalkostir

Hvaða áhrif hefur ný byggingarreglugerð á uppbyggingu leigumarkaðar og framboð lítilla íbúða á höfuðborgarsvæðinu?

Málþing í dag - fimmtudaginn 12. desember - kl. 13 - 17 í Borgartúni 12 -14

Allir velkomnir - skráning sendist á netfangið sea@reykjavik.is

Nýju Reykjavíkurhúsin og Reykjavíkuríbúð 21. aldarinnar

Reykjavíkurhúsin og Reykjavíkuríbúð 21. aldarinnar eru samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar um eflingu leigumarkaðar og þróun nýrra íbúða. Gefur byggingarreglugerð svigrúm fyrir slíka nýsköpun?

Samstarfsaðilar Reykjavíkurborgar um málþingið eru Mannvirkjastofnun, Búseti, Félagsstofnun stúdenta, Félagsbústaðir og Samtök iðnaðarins.

Reykjavíkurborg | Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | www.reykjavik.is/sea



**SMILA-LJÓSIN** IKEA biður fólk um að kanna hvort börn nái í snúrur á vegg-ljósum líkt og Smila.

Tilmæli frá IKEA:

# Fólk kanni vel snúrur á ljósum

IKEA hvetur alla viðskiptavini sem eiga IKEA Smila veggljós, eða önnur veggljós með snúru, til að ganga tafarlaust úr skugga um að ljósið og rafmagnssnúran séu ekki þar sem barn þeirra nær til þegar það er í rimlarúmi eða leikgrind, og að snúran sé tryggilega fest við vegginn.

Lausar snúrur geta skapað köfnunarhættu hjá ungbörnum og ungum börnum.

Til að fá ókeypis viðgerðarsett með viðvörunarmiða, öryggisleiðbeiningum og sjálflímandi festingum til að festa snúruna við vegg er fólk beðið um að hafa samband við IKEA.

IKEA minnir viðskiptavini sína einnig á að allar vörur með snúrum, svo sem gardínur eða gluggatjöld, geta skapað köfnunarhættu. Lausar snúrur mega aldrei liggja þar sem ung börn ná til.

PIPAR\TBWA • SÍA • 133463



# VEIÐIGRÆJUR Í JÓLAPAKKANN

**OPNUNARTÍMAR Í DESEMBER**

| | |
|---|---|
| MÁN.–FÖS. 9.–13. DES. | 10–18 |
| LAUGARDAGUR 14. DES. | 10–18 |
| SUNNUDAGUR 15. DES. | 12–18 |
| MÁNUDAGUR 16. DES. | 10–18 |
| ÞRIÐJUDAGUR 17. DES. | 10–18 |
| MIÐVIKUDAGUR 18. DES. | 10–22 |
| FIMMTUDAGUR 19. DES. | 10–22 |
| FÖSTUDAGUR 20. DES. | 10–22 |
| LAUGARDAGUR 21. DES. | 10–22 |
| SUNNUDAGUR 22. DES. | 12–22 |
| ÞORLÁKSMESSA 23. DES. | 10–23 |
| AÐFANGADAGUR 24. DES. | 10–12 |
| JÓLADAGUR 25. DES. | LOKAÐ |
| ANNAR Í JÓLUM 26. DES. | LOKAÐ |
| FÖSTUDAGUR 27. DES. | 10–18 |
| LAUGARDAGUR 28. DES. | 10–18 |
| MÁNUDAGUR 30. DES. | 10–18 |
| GAMLÁRSDAGUR 31. DES. | LOKAÐ |
| NÝÁRSDAGUR 1. JAN. | LOKAÐ |
| FIMMTUDAGUR 2. JAN. | 10–18 |

**25% AFSLÁTTUR** af öllum Shakespeare flugustöngum



**SHAKESPEARE FLUGUSTANGIR**
Verð frá
**14.592 KR.**

**JÓLA-TILBOÐ** á meðan birgðir endast



**LOOP**
**VÖNDUÐ VEIÐISETT**
**29.992 KR.**
Verð áður 39.990 kr.



**REM HREINSISETT FYRIR VEIÐIBYSSUR**
**5.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Svartur, kk, stærðir: S–XXL
**11.990 KR.**



**DEVOLD ACTIVE**
Svartar, kk, stærðir: XS–XXL
**10.990 KR.**



**ALLEN HEYRNARHLÍFAR OG SKOTGLERAUGU**
**3.890 KR.**



**SKOTVEIÐIJAKKAR**
Verð frá
**19.990 KR.**



**VEIÐIKASSAR**
Verð frá
**3.890 KR.**



**ROTARAR**
Verð frá
**1.990 KR.**



**VEIÐIHNÍFAR**
Verð frá
**3.490 KR.**



**HAWKE HANDSJÓNAUKI**
**3.490 KR.**
Verð áður 4.990 kr.



**VANDAÐIR MINOX SJÓNAUKAR**
Verð frá
**34.990 KR.**



**ABU VEIÐISTANGA-SETT 6 EÐA 7 FET MEÐ HJÓLI OG LÍNU**
**5.490 KR.**
Verð áður 8.490 kr.



**GÆSA- OG ANDAFLAUTUR**
Verð frá
**3.490 KR.**



**READHEAD RJÚPNAVESTI**
**13.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 •
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

**Munið gjafabréfin!**




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

Lúxusbílaframleiðsla er sögð í sókn í heiminum:

# BMW slær eigin met


**BMW 525** Þessi var nýverið tekinn til kostanna í umfjöllun Bílablaðs Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Framleiðendum dýrari bifreiða gengur þessi misseri vel að selja varning sinn, sér í lagi í Asíu, að því er fram kemur í umfjöllun IFS Greiningar.

Vísað er til nýbirtra talna BMW um að framleiðsla í nóvember hafi verið tæp 175 þúsund ökutæki og uppsöfnuð framleiðsla á árinu sé komin í tæplega 1,8 milljónir ökutækja. „Báðar þessar tölur eru met í samanburði við eldri tímabil í sögu fyrirtækisins,“ segir í umfjöllun IFS. - óká




# Hlutabréf Vodafone á uppleið eftir árás

Verð á hlutabréfum í Vodafone á Íslandi hefur hækkað um 4,4 prósent eftir mikla lækkun í kjölfar tölvuárásarinnar í lok nóvembermánaðar. Sérfræðingur á hlutabréfamarkaði segir fréttir af viðbrögðum viðskiptavina hafa skipt miklu máli.

Gengi hlutabréfa Vodafone á Íslandi hefur hækkað um 4,4 prósent eftir lækkun um tólf prósent í byrjun desember í kjölfar tölvuárásarinnar á heimasíðu félagsins. Frá árás hefur gengið einungis einu sinni lækkað milli daga.

„Gengið hefur verið að taka við sér og það skipti miklu máli þegar það komu fréttir frá félaginu um að innan við eitt prósent viðskiptavina hefði hætt viðskiptum við það. Þá skipti miklu máli að í þeim hópi voru engin fyrirtæki og menn róuðust mikið við það,“ segir Kristján Markús Bragason, umsjónarmaður hlutabréfagreiningar Íslandsbanka.

„Það sem menn horfa á núna er að sum þessara fyrirtækja geta ekkert hreyft sig fyrr en samningi þeirra lýkur eða þau geta sagt honum upp,“ segir Kristján.

Hlutabréf Vodafone hækkuðu um 8,7 prósent í nóvember þegar félagið tilkynnti um 415 milljóna króna hagnað á þriðja fjórðungi þessa árs. Mánuði áður hafði gengi bréfanna lækkað um átján prósent samanborið við desember 2012 þegar félagið var skráð í Kauphöll Íslands.

„Það hefur verið mikil hreyfing á hlutabréfaverði Vodafone enda hafa árshlutauppgjörin verið misgóð en viðbrögðin við þeim, og þá sérstaklega fyrsta ársfjórðungi 2013, hafa verið ansi sterk. Lækkunin í byrjun þessa mánaðar var þó einungis tengd fréttum af árásinni og viðbrögðum stjórnenda og þeirri óvissu sem kom upp,“ segir Kristján og vísar meðal annars í tilkynningu Vodafone um að óviðkomandi aðilar hefðu ekki komist í trúnaðarupplýsingar viðskiptavina.

Jón Hákon Magnússon, framkvæmdastjóri KOM almannatengsla, gagnrýnir fyrstu viðbrögð Vodafone.

„Viðbrögð þeirra voru sein og slæm. Félagið átti að taka á þessu af meiri hörku á laugardeginum þegar þetta gerðist og það er eins og þeir hafi ekki átt áfallaáætlun. Ég geri ráð fyrir að þeir eigi hana en ég veit ekki hvort þeir hafa farið eftir henni,“ segir Jón.

Um þrjú hundruð manns hættu viðskiptum við Vodafone á fyrstu fjórum dögunum eftir árásina.

„Það er alltaf talsverð hreyfing á þessum markaði en heilt yfir eru fleiri á leiðinni til okkar en frá okkur. Á sama tíma höfum við reynt að koma á framfæri þeim upplýsingum sem við teljum skipta máli fyrir markaðinn,“ segir Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone.

haraldur@frettabladid.is

→ **Þróun hlutabréfaverðs Vodafone á árinu**



Heimild: Kauphöll Íslands




Markmiðið er að selja eignir úr safni Seðlabankans:

# Þetta bara kemur í ljós þegar það kemur í ljós


**MÁR GUÐMUNDSSON**

„Markmið okkar er að losa okkur við þessar eignir,“ sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri um eignir ESÍ, eignasafns Seðlabanka Íslands. ESÍ var stofnað í ársbyrjun 2010 til að sýsla með kröfur og eignarhluti bankans í tengslum við bankahrunið. Meðal eigna er hlutur í danska bankanum FIH.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur Greiningar Íslandsbanka sem spurði út í málið á kynningarfundi um stýrivexti í gær, benti á að ráðstöfun eignasafnsins hefði undanfarin ár verið verulegur óvissuþáttur á skuldabréfamarkaði.

Már sagði liggja í hlutarins eðli að óvissu yrði ekki aflétt fyrr en með einhverri ákvörðun Seðlabankans. Að því væri ekki komið.

„Almennt séð er hins vegar markmið okkar varðandi Eignasafn Seðlabankans að losa okkur við þessar eignir. En við munum auðvitað gera það á hraða sem samrýmist því að við fáum sem mest og best verð fyrir þær,“ sagði Már.

Eignir ríkisins og almennings yrðu ekki seldar á einhverri brunaútsölu. Nú hafi hins vegar nokkur tími liðið og þar með gefist aukinn tími til undirbúnings og aðstæður séu nú um margt hagfelldari sölu eignanna en áður.

„En meira get ég ekki sagt. Þetta bara kemur í ljós þegar það kemur í ljós og það kemur ekki í ljós fyrr.“ - óká

Umframeftirspurn var mikil í útboði N1:

# Selt fyrir 4,8 milljarða

Stefnt er að því að viðskipti með bréf N1 hefjist í Kauphöll Íslands eftir viku, fimmtudaginn 19. desember. Seldar voru 280 milljónir hluta fyrir 4.770 milljónir króna í almennu útboði bréfa N1 fyrir skráningu félagsins. „Mikil umframeftirspurn var eftir hlutabréfum N1,“ segir í tilkynningu til kauphallar, en útboðinu lauk síðasta mánudag.

Alls bárust um 7.700 áskriftir. „Útboðið var tvískipt og verða 18 prósent hluta í félaginu seld á 18,01 krónu á hlut í tilboðsbók B en 10 prósent seld á 15,3 krónur á hlut í tilboðsbók A.“

Seljendur í útboðinu voru Framtakssjóður Íslands og Íslandsbanki, sem ákvað að nýta heimild sína til að stækka útboðið úr 25 prósentum hluta í N1 upp í 28 prósent. Aukningunni var ráðstafað í tilboðsbók B. „Í október síðastliðnum nýtti hópur fjárfesta rétt sinn til að kaupa 18 prósenta hlut í félaginu af FSÍ og Íslandsbanka. Þessir tveir aðilar hafa því að útboðinu loknu selt samtals 46 prósent hlutafjár í N1 á fjórða ársfjórðungi 2013,“ segir í tilkynningunni. - óká






ENNEMM / SÍA / NM51624

**Apple og Síminn** eru komin í sterkara samband

Á morgun, **föstudaginn 13. desember**, byrjum við að selja **iPhone 5s** og **iPhone 5c** á stórlækkuðu verði. Þar að auki fylgir aukahlutapakki að verðmæti 8.000 kr. með þessum frábæru snjallsímum. Til að toppa allt þá fylgir líka Spotify Premium áskrift í heilan mánuð og Netið í símanum í heilt ár*!

**Nánari upplýsingar í verslunum okkar og á siminn.is**

**iPhone hátíð kl. 8-10 í versluninni við Ármúla**

- Tveir heppnir viðskiptavinir sem sækja forpantaðan iPhone milli kl. 8 og 10 fá hann endurgjaldslaust!
- Morgunverður frá Lemon
- 30% afsláttur af öllum aukahlutum
- Óvæntur glaðningur á 15 mínútna fresti

*Allt að 1 GB á mánuði.

Síminn

Ósköp eiga samningamenn Íslands bágt:

# Íslenzki tvískinnungurinn

Um síðustu helgi náðist samkomulag á ráðherrafundi Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) um að liðka fyrir alþjóðaviðskiptum á ýmsa lund. Meðal annars var samið um að hraða tollafgreiðslu á matvörum sem hætt er við skemmdum, til dæmis sjávarafurðum. Það er að sjálfsögðu hagsmunamál fyrir Ísland, sem flytur út mikið af fiski.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Utanríkisráðuneytið sendi frá sér fréttatilkynningu um samkomulagið á sunnudaginn og minnti á að það væri sögulegt af því að í fyrsta sinn hefði náðst bindandi samkomulag á ráðherrafundi WTO.

„Frá árinu 2001 hafa farið fram samningaviðræður á meðal aðildarríkja WTO undir merki svonefndrar Doha-lotu og má segja að með samkomulaginu í Balí hafi tekist að ljúka fyrsta áfanganum í þeim viðræðum. Enn eru þó erfiðustu samningsefni Doha-lotunnar óútkljáð, m.a. krafa Íslands og fleiri ríkja um að settar verði frekari skorður við ríkisstyrki í sjávarútvegi,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Þar er líka sagt frá því að formaður íslenzku samninganefndarinnar, Martin Eyjólfsson sendiherra, hafi flutt erindi á málþingi í tengslum við fundinn þar sem hann lagði áherzlu á mikilvægi þess að aftur yrði tekinn upp þráðurinn í samningaviðræðum um reglur um ríkisstyrki í sjávarútvegi.

Í utanríkisráðuneytinu hefur líklega ekki þótt taka því að nefna annað af erfiðustu samningsefnum Doha-lotunnar, en það eru kröfur ríkja sem ástunda hagkvæman landbúnað og öflugan útflutning búvara, svo og margra þróunarríkja, um afnám ríkisstyrkja í landbúnaði og tolla á landbúnaðarvörur.

Samninganefnd Íslands á fundum Heimsviðskiptastofnunarinnar hefur löngum verið sett í þá furðulegu stöðu að tala annars vegar fyrir afnámi ríkisstyrkja í sjávarútvegi, með þeim rökum að þeir skekki samkeppnisstöðu og stuðli að ofveiði og sóun á auðlindum, en verja hins vegar kerfi ríkisstyrkja og ofurtolla á landbúnaðarvörur með kjafti og klóm. Það er nefnilega svo fullkomlega borðleggjandi ef litið er á hagsmuni heimsbyggðarinnar allrar, ríkra landa og fátækra, að frjáls viðskipti, jafnt með sjávarafurðir sem landbúnaðarvörur, myndu verða fólki til mestra hagsbóta og draga úr sóun og ágangi á auðlindir.

Það hlýtur líka að vera furðulegt fyrir íslenzku samningamennina að færa fram rökin fyrir því að það eigi að halda áfram að vernda landbúnaðinn; fæðuöryggi, byggðastefnu og félagslegt og menningarlegt mikilvægi; þegar talsmenn ríkjanna sem styrkja sjávarútveginn hvað mest svara með nákvæmlega sömu rökum fyrir því að viðhalda ríkisstyrkjum til veiða og vinnslu.

Og loks getur það ekki verið vænlegt til árangurs í baráttunni fyrir afnámi ríkisstyrkja í sjávarútvegi að halda fram þverófugri stefnu í landbúnaðarmálum og vilja ekki fallast á breytingar.

Samkomulag um að efla fríverzlun yrði heimsbyggðinni til hagsbóta og myndi ýta undir hagvöxt víða um heim. Það sem íslenzk stjórnvöld gætu lagt af mörkum til að árangur náist í Doha-lotunni er að hætta þessum furðulega tvískinnungi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hversu margir æviráðnir?**

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður og varaformaður fjárlaganefndar, er mikill áhugamaður um hið opinbera og hefur verið óhræddur við að setja fram tillögur um hvernig hægt sé að minnka umsvifin og draga úr kostnaði skattgreiðenda. Hann hefur nýlega óskað eftir skriflegu svari á Alþingi frá Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra um hversu margir ríkisstarfsmenn eru æviráðnir. Hann vill líka fá að vita hvar þeir vinna. Þá vill Guðlaugur fá svör við því hversu margir eru í 49 prósenta starfi hjá ríkinu. Á sama tíma og þingmaðurinn lagði fram fyrirspurnina var verið að gera tillögur um fimm prósenta flatan niðurskurð á öll ráðuneyti sem þýðir væntanlega uppsagnir hjá ríkinu.



**Konur til jafns við karla**

Það styttist í að stjórnmálaflokkarnir birti framboðslista vegna sveitarstjórnarkosninganna næsta vor. Raunar má minna á að Sjálfstæðisflokkurinn var með prófkjör í Reykjavík fyrir stuttu þar sem þrír karlar röðuðust í efstu sæti framboðslistans og innan Samfylkingarinnar hefur verið leitað með logandi ljósi að konum til að bjóða sig fram í efstu sæti listans í Reykjavík, en talið er fullvíst að Dagur B. Eggertsson verði í fyrsta sætinu. Framsóknarflokkurinn er búinn að kynna sinn lista í borginni og þar trónir Óskar Bergsson á toppnum. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra brýnir stjórnmálaflokkana í grein í Fréttablaðinu til að verja aukinn hlut kvenna í sveitarstjórnum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna. Eygló segir að ekki sé nóg að konum hafi fjölgað á framboðslistum þegar þeim fækkar hlutfallslega eftir því sem ofar dregur á framboðslistunum. Konur þurfi að vera til jafns við karla í forystusætunum.



johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ríkisútvarpið

MENNING



**Gunnar Kvaran**
sellóleikari og fyrrverandi prófessor við Listaháskóla Íslands

Sú atlaga, sem hefur verið gerð að Ríkisútvarpinu í formi fjöldauppsagna nú nýlega, er ekki einungis dapurleg og erfið fyrir þá einstaklinga, sem í hlut eiga, heldur snerta þessar uppsagnir alla þjóðina og menningararf hennar. Ég hef átt því láni að fagna að eiga í Ríkisútvarpinu menningarlega uppsprettu, sem hefur þroskað mig og veitt mér aðgang að menningarlegu fjöreggi þessarar þjóðar í meira en sextíu ár.

Það sem ég hef lært um listir og menningu og ekki síst rætur íslenskrar menningar hefði enginn háskóli í veröldinni getað veitt mér.

Ríkisútvarpið hefur verið menningarlegt sameiningartákn og flaggskip íslensku þjóðarinnar frá stofnun þess árið 1930. Það fólk, sem þar hefur lengst af ráðið ríkjum, hefur haft menningarlegan metnað svo eftir var tekið. Að sjálfsögðu hefur oft staðið styr um áherslur í rekstri stofnunarinnar eins og eðlilegt er þegar um svo stóra ríkisrekna stofnun er að ræða. Þrátt fyrir það hefur rekstur Ríkisútvarpsins ætíð einkennst af miðlun og varðveislu menningar á háu plani.

### Raunveruleg manngildi

Það sem nú hefur gerst er ekki einungis að stór hluti gömlu Gufunnar hefur verið lagður í rúst, heldur hefur fólki, sem

**➜ Ríkisútvarpið hefur verið menningarlegt sameiningartákn og flaggskip íslensku þjóðarinnar frá stofnun þess árið 1930. Það fólk, sem þar hefur lengst af ráðið ríkjum, hefur haft menningarlegan metnað svo eftir var tekið.**

margt hvert hefur áratuga sérþekkingu og reynslu á sínu sviði, verið varpað út í kuldann. Einmitt á þessum síðustu tímum, þegar skýrt hefur komið í ljós hversu grátt hin óhóflega og gegndarlausa dýrkun Mammons hefur leikið okkur andlega sem þjóð, er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að varðveita gildi menningar, lista og menntunar. Í menningu, listum og menntun felst ekki einungis sálarkjarni okkar sem þjóðar, heldur ekki síður raunverulegt manngildi okkar allra. Okkur ber að varðveita þau ómetanlegu gildi, sem í þessu felast þrátt fyrir tímabundna erfiðleika í ríkiskassanum.

Ég vona að þeir, sem valdið hafa, hafi einnig til að bera það innsæi, glöggskyggni og framtíðarsýn, sem styrkir okkur öll í mannúð, menningu og varðveislu þeirra fjársjóða, sem okkur hefur verið trúað fyrir að gæta og ávaxta.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Allt í lagi, Guðni!

LANDBÚNAÐUR



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Ég man eftir því frá því ég var ungur drengur – fyrir meira en 60 árum – að þegar amma mín og síðan mamma gerðu sér sérstakt far um að vanda matseldina þá var einstök áhersla lögð á að nota bæri ÍS-lenskt smjör – með þungri áherslu á fyrsta atkvæðið. Ekkert hráefni í veröldinni jafnaðist á við þetta ÍS-lenska smjör – með þungri áherslu á fyrsta atkvæðið. Allt annað smjör var vont, óheilnæmt – já jafnvel hættulegt. Hættulegt fyrir ÍS-lenska kúakynið. Gæti hreint og beint dáið út vegna smitsýkinga fyrir áhrif af erlendu smjöri. Og mannfólkinu hér uppi á skerinu væri líka í hættu stefnt. Íslenski kynstofn mannfólksins gæti líka horfið af völdum iðrasýkinga ef étið væri erlent smjör á Íslandi. Meira að segja eftir að ég komst til vits og ára var þetta ÍS-lenska viðhorfið. Hversu margar tilvitnanir þar að lútandi er ekki hægt að sækja í forðabúr Guðna Ágústssonar! Aldrei hefur hann kysst útlendar mjólkurkýr! Slíkt væri enda varasamt – beinlínis hættulegt! Líkast til fyrir bæði!

**Yfirverðið áfram?**

Síðan hlustar maður á kvöldfréttir sjónvarpsins 10. desember sl. þar sem sagt er frá því að háborg ÍS-lenskrar mjólkurframleiðslu – með áherslu á fyrsta atkvæðið – hafi flutt inn tvo gáma af írsku sméri til þess að blanda saman við ÍS-lenskar afurðir ÍS-lenskra mjólkurkúa til þess að anna eftirspurn eftir ÍS-lensku sméri, ÍS-lenskum rjóma og ÍS-lenskum ostum – með áherslu á fyrsta atkvæðið. Forstjóri háborgarinnar segir, að ástæðulaust sé að merkja hinar ÍS-lensku afurðir búnar til úr þessu útlenda sméri sérstaklega – því þetta sé bara gert núna fyrir jólin. Skammtímaaðgerð. Auk þess segir forstjórinn að bragð og áferð írska smjörsins sé alveg sú sama og þess ÍS-lenska – með áherslu á fyrsta atkvæðið. Hvað er hér að gerast? Er háborg mjólkuriðnaðarins gengin af trúnni? Er slíkt athæfi ekki stórhættulegt – fyrir íslenskan kynstofn mjólkurkúa og íslenskan kynstofn mannfólks? Ætlar forstjórinn kannske að bjóða íslenskum neytendum írska smjörið á heimsmarkaðsverði – eða þarf áfram að borga yfirverð fyrir hina sérstöku áherslu á fyrsta atkvæðið þó innihaldið sé komið frá Írum?

**Hvað er að gerast með ketið?**

Hvað er líka að gerast með ketið? Þegar ég fór fyrst að ferðast til útlanda mátti enginn Íslendingur taka með sér kjötvöru erlendis frá nema tekið væri sérstaklega fram á umbúðunum að ketið væri soðið. Kæmi slíkt ekki fram með greinilegum hætti var rúllupylsan tekin af ferðalöngum í flugstöðinni í Keflavíkurvelli – og brennd. Svo hættuleg var hún talin, að ekki væri einu sinni óhætt að taka hana inn fyrir landamærin óbrennda í vörslu lögreglu. Svo mikil hætta stafaði af ósoðnu, útlendu keti fyrir íslenska ketframleiðslu og íslenskt mannfólk.

Og nú sér maður ósoðnar ítalskar pylsur og ósoðnar spánskar hráskinkur í umbúðum þarlendra framleiðenda á boðstólum í íslenskum matvörumörkuðum. Í stórum hópum og í löngum röðum í kæliborðum og frystikistum. Sams konar matvæli í sams konar umbúðum yrðu tekin af íslensku ferðafólki heimkomnu frá Ítalíu eða Spáni í Leifsstöð og brennd umsvifalaust vegna hættu sem þær sköpuðu fyrir íslenska búfjárstofna og íslenskt mannfólk. Er skýring á þessu misræmi?

Jú – ástæðan er sú, að búið er að tolla þessar ósoðnu ítölsku pylsur og ósoðnu spánsku hráskinkur upp úr öllu valdi þegar þær eru boðnar Íslendingum í matvörumörkuðum. Orðnar dýrari en gull! Þetta er án efa merkasta uppgötvun íslenskra stjórnvalda og innflutningsyfirvalda matvara og er heimssöguleg. Á inni heimsverðlaun! Þegar matvara hefur sætt háum tollum auk innflutningshamla er hún orðin sóttfrí!

Kvíðum því ekki vaxandi innflutningi á lifandi erlendu túrhestaketi. Tollum það bara nógu hátt. Þá verður allt í lagi, Guðni! Allt í lagi með sauðskepnuna og kúna. Og allt í lagi með mannfólkið – líka Framsóknarmenn. Engin sótthætta. Ekkert ESB-smit. Allt hátollað, innflutningsvarið og dýrt. Einmitt þess vegna hafa Íslendingar engin efni á því að hjálpa fátæku fólki í þróunarlöndum. Eins og Vigdís segir. Fyrst verðum við að fá að éta áður en við getum gefið öðrum að éta.

**➜ Allt hátollað, innflutningsvarið og dýrt. Einmitt þess vegna hafa Íslendingar engin efni á því að hjálpa fátæku fólki í þróunarlöndum. Eins og Vigdís segir.**

# Námslán eru hluti af verðtryggðum skuldum heimila

FJÁRMÁL



Guðlaug Kristjánsdóttir
formaður BHM



Georg Brynjarsson
hagfræðingur BHM

BHM – heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði hafa að undanförnu ítrekað þá staðreynd að verðtryggðar skuldbindingar heimila á Íslandi skiptast í húsnæðislán annars vegar og námslán hins vegar. Tilefnið er kynning á aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána en rökstuðningur þeirrar aðgerðar er sá að forsendubrestur hafi orðið vegna verðtryggðra lána. Vandséð er að sá rökstuðningur nái yfir eina tegund verðtryggðra lána heimila en ekki aðra.

Mikilvægt er að því sé haldið til haga að rökstuðningur aðgerða ríkisstjórnarinnar hefur ekkert með vaxtastig húsnæðislána að gera, enda bera þau ólíka vexti. Verðtryggð húsnæðislán sem ekki hafa verið leiðrétt með fyrri aðgerðum skulu lækkuð enda nái forsendubresturinn til þeirra allra.

Ummæli menntamálaráðherra um að námslán séu þegar niðurgreidd af hinu opinbera vekja athygli, enda hefur málflutningur fulltrúa ríkisstjórnarinnar gengið út á að beinar niðurfellingar húsnæðislána séu ekki á kostnað ríkissjóðs. Því er óeðlilegt að blanda þessu tvennu saman, forsendubresturinn er þessu óviðkomandi.

**Misræmi**

Eftir stendur sú staðreynd að nú hafa komið til úrræði til leiðréttingar á höfuðstól annarrar tegundar verðtryggðra skulda heimilanna en ekki hinnar. Fjöldi greiðenda námslána býr ekki í eigin húsnæði og skapar það misræmi að handvelja aðeins aðra tegund lána þegar kemur að opinberum aðgerðum. Í þessu felst misræmi í grundvallaratriðum sem stangast á við málflutning fulltrúa ríkisstjórnarinnar um forsendubrest verðtryggðra lána.

Þá hefur komið fram að menntamálaráðherra hafi í sumar sagt að skoða ætti námslán eftir að tillögur um skuldaleiðréttingu húsnæðislána lægju fyrir. Þá vinnu er eðlilegt að byrja með því að tryggja samræmi í opinberum aðgerðum, hvort sem er að leiðrétta verðtryggðar skuldbindingar fyrir verðbólguskoti hrunáranna eða að tryggja að hægt sé að nýta skattfrelsi séreignarsparnaðar til niðurgreiðslu námslána rétt eins og húsnæðislána.

**➜ Í þessu felst misræmi í grundvallaratriðum ...**

MIÐBORGIN OKKAR BÝÐUR ÞÉR HEIM

Dýrðlegur desember

LEGGÐU ÁN ENDURGJALDS VIÐ VITATORG Á HVERFISGÖTU

Leggðu bílnum í hlýjunni í bílastæðahúsinu við Vitatorg og **fáðu frían stöðumiða í næstu verslun við Hverfisgötu** þegar þú kaupir inn fyrir jólin.

Hluti Hverfisgötu er opinn fyrir gangandi umferð meðan á framkvæmdum stendur. Verslanir eru opnar til **kl. 22:00** frá 12. desember til jóla. Nema 15. des. til kl. 18:00.



WWW.MIDBORGIN.IS
GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR
Fáanleg í öllum bókaverslunum miðborgarinnar
MUNIÐ BÍLASTÆÐAHÚSIN

# Alls konar mjólk er góð

LANDBÚNAÐUR



**Brynhildur Pétursdóttir**
þingkona Bjartrar framtíðar

**➜ Nú er það auðvitað ekki þannig að þau sem drekka kúamjólk hætti því þótt valkostunum fjölgi – hin eiga hins vegar fullan rétt á að velja eitthvað annað.**

Fáar þjóðir leggja jafn mikið á sig til að koma í veg fyrir innflutning á landbúnaðarvörum og við Íslendingar. Það gerum við með því að leggja tolla og vörugjöld á innfluttar landbúnaðarvörur. Í einhverjum tilfellum flytjum við inn tollfrjálsar landbúnaðarvörur (vegna alþjóðlegra samninga um tollkvóta) en þá eru þeir tollkvótar boðnir út og það skilar sér á endanum út í verðlagið.

Markmiðið með þessari stefnu er að þjóðin haldi sig við innlendar landbúnaðarafurðir og fúlsi við þeim erlendu verðlagsins vegna. Ég fæ ekki betur séð en að allir stjórnmálaflokkar sem verið hafa við völd styðji þessa verndarstefnu. Í byrjun síðasta kjörtímabils var meira að segja gefið í og tollar hækkaðir það mikið að seljendur töldu sér vart fært að standa í sölu á innfluttum landbúnaðarvörum.

Nú hefur Björt framtíð lagt fram frumvarp sem snýr að því að afnema tolla og vörugjöld á staðgengdarvörur mjólkur, þ.e; hrís-, soja-, möndlu- og haframjólk. Þeir sem ekki neyta mjólkur eiga ekki að þurfa að gjalda fjárhagslega fyrir það og því er réttlætismál að tollar og vörugjöld af þessum vörum verði lögð niður hið snarasta. Verðmunurinn á mjólk og staðgengdarvörum hennar er víst nægur fyrir. Þetta er lítið en mikilvægt skref í rétta átt.

Margir eru þeirrar skoðunar að vernda eigi innlenda landbúnaðarframleiðslu með öllum ráðum. Neytendum sé einfaldlega ekki treystandi fyrir því að velja „rétt“ þegar kemur að þessum málaflokki. Það er að mínu mati röng stefna. Frjáls markaður gengur út á að neytendur velji og hafni og eftir því sem þeir hafa meira val því betra. Nú er það auðvitað ekki þannig að þau sem drekka kúamjólk hætti því þótt valkostunum fjölgi — hin eiga hins vegar fullan rétt á að velja eitthvað annað. Alls konar mjólk er nefnilega góð og það er ósanngjarnt að refsa þeim fjárhagslega sem vilja hella sojamjólk út á morgunkornið sitt. Um það eru eflaust allir sammála og ég á því ekki von á öðru en að þetta mál fái framgang á Alþingi.

# Leyfið mér að borga skatta

SAMFÉLAG



**Einar Ólafsson**
bókavörður

**➜ Það er mér engin byrði að greiða hluta af tekjum mínum til að tryggja að ungt fólk geti menntast eins og ég fékk tækifæri til, að fólk sé fjárhagslega tryggt þrátt fyrir heilsubrest á besta aldri eins og faðir minn, eða geti dvalist á sjúkrahúsi og notið umönnunar þar þegar heilsan...**

Móðir mín er 92 ára gömul. Undanfarin ár hefur hún búið í þjónustuíbúð í Reykjavík en sl. vor þurfti hún að leggjast inn á sjúkrahús og þegar leið á sumarið var ljóst að hún þyrfti komast á hjúkrunarheimili. Þangað er hún nú flutt og fer vel um hana þar. Þetta ferli getur tekið nokkurn tíma og þess vegna var hún meira og minna á sjúkrahúsi í allt sumar. Því miður þurfti hún að þvælast milli deilda þar sem ekki var pláss á öldrunardeild, en alls staðar fékk hún góða umönnun.

Hún þurfti ekki að greiða fyrir þessar gistinætur á sjúkrahúsinu. Hún var svo heppin að þegar hún var að komast á fullorðinsár var farið að mótast hér velferðarsamfélag. Til þess borguðu þau skatta af tekjum sínum hún og faðir minn, og þess nutu þau reyndar þegar hann missti heilsuna á besta aldri. Þau höfðu aldrei efnast verulega, komust bærilega af, en heilsuleysi föður míns hefði eflaust orðið þeim fjárhagslegur baggi ef hér hefði ekki verið búið að byggja upp það velferðarsamfélag sem þá var komið.

Ég minnist þess hversu föður mínum var það mikið í mun að við börnin hans gætum sótt okkur framhaldsmenntun eftir grunnskóla, sjálfur hafði hann ekki átt kost á því nema að litlu leyti. Eftir menntaskóla nutum við bræðurnir hagstæðra námslána til að fjármagna háskólanám.

**Engin byrði**

Ég er því ákaflega þakklátur að hér var á sínum tíma byggt upp velferðarkerfi og skattkerfi til að standa undir því. Að tala um skattbyrði er sem guðlast í mínum eyrum. Það er mér engin byrði að greiða hluta af tekjum mínum til að tryggja að ungt fólk geti menntast eins og ég fékk tækifæri til, að fólk sé fjárhagslega tryggt þrátt fyrir heilsubrest á besta aldri eins og faðir minn, eða geti dvalist á sjúkrahúsi og notið umönnunar þar þegar heilsan bregst á gamals aldri eins og móðir mín.

En velferðarkerfi okkar er engan veginn fullkomið, það þarf að bæta í frekar en hitt. Þess eru dæmi að fólk greinist með alvarlega sjúkdóma og þarf að gangast undir kostnaðarsama meðferð sem það þarf sjálft að greiða að hluta. Og fjárhagsáhyggjur bætast við áhyggjur vegna sjúkdómsins. Það er góðra gjalda vert að sjúkrasjóðir stéttarfélaganna taki þátt í kostnaði við meðferð eða dvöl á sjúkrahúsi. En hvað með þá sem eru hættir að vinna og eiga ekki lengur aðgang að sjúkrasjóðum?

Sumir hafa slíkar tekjur eða eignir að þá munar ekkert um að greiða fullu verði fyrir skólagöngu barna sinna eða læknisþjónustu og umönnun þegar heilsan bregst. Ef einhverjir þeirra, sem nú hafa mest pólitísk völd, eru í þeirri stöðu, þá bið ég þá að líta til hinna sem ekki hafa slíka tryggingu á eigin bankareikningum. Ég hef hvorki slíkar tekjur né eignir, en ég vil gjarnan fá tækifæri til að borga skatta jafnt og þétt til að tryggja velferð mína og samborgara minna. Lífskjör mín batna ekki með lægri sköttum ef sú trygging veikist.

# Íslensk hönnun, handverk og föndur?

ÍSLENSKAR VÖRUR



**Halla Helgadóttir**
framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

**➜ Miklar líkur er á því að fáninn verði settur á vörur sem eru mjög misjafnar...**

Nú er til umfjöllunar á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um notkun þjóðfána Íslendinga á íslenskum vörum.

Í frumvarpinu er hönnun, handverki og jafnvel föndri ruglað saman eins og er nokkuð algengt hér á landi. Íslensk hönnunarvara er í frumvarpinu skilgreind sem vara hönnuð og framleidd á Íslandi. Það er ekki rétt skilgreining. Verði fumvarpið samþykkt óbreytt mun það koma í veg fyrir að flest fyrirtæki sem raunverulega selja og framleiða íslenska hönnunarvöru geti notað fánann á sínar vörur.

**Hönnunarvara**

Hönnunarvara er búin til af menntuðum hönnuðum sem flestir hafa háskólanám að baki. Margir hönnuðir stofna fyrirtæki, hanna vörur og láta framleiða þær fyrir sig, markaðssetja og selja. Þessar vörur eru ýmist framleiddar í verksmiðjum hér á landi eða erlendis og stundum handgerðar að hluta eða öllu leyti af handverksfólki. Handverkið sjálft er sjaldnast aðalatriði hönnunarvöru en gæði og stöðugleiki í framleiðslu eru mjög mikilvæg. Í einhverjum tilfellum framleiða hönnuðir sjálfir sínar vörur en ástæðan er oftast sú að það er mjög erfitt að finna framleiðendur hér á Íslandi. Markmið hönnuða er yfirleitt nýsköpun, að búa til nýja hluti, finna nýjar lausnir eða leiðir sem ekki hafa verið farnar áður. Hugmyndin er það sem skiptir mestu máli en ekki aðferðin við framleiðslu hennar.

Aðrir hönnuðir hanna vörur og selja hugmyndir sínar til fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á hönnunarvörum. Í þeim tilfellum er varan stundum markaðssett sem vara eftir viðkomandi hönnuð (s.b. IKEA sem markaðssetur vörur undir nafni ákveðinna hönnuða) en stundum er varan einungis markaðssett undir nafni fyrirtækisins.

Margir hönnuðir ráða sig til starfa hjá fyrirtækjum og hanna vörur eða sérhæfða þjónustu sem seld er undir nafni fyrirtækjanna s.b. íslensku fyrirtækin Össur, 66North og Cintamani.

**Handverk**

Handverk er unnið af list- og iðnmenntuðu handverksfólki og fólki sem hefur sérhæft sig í ákveðnu handverki. Handverksfólk vinnur yfirleitt eitt að sínum verkum og framleiðslugetan takmarkast af afköstum hvers og eins. Handverkið sjálft er aðalatriði og aðferðin og efnið hefur afgerandi áhrif á hugmyndina sem unnið er með og útkomu hennar. Handverksfólk og hönnuðir vinna oft saman. Sumt handverk getur fallið undir skilgreininguna hönnun en flest handverk gerir það ekki.

**Föndur**

Föndur er það sem fólk gerir þegar það er að búa eitthvað til án þess að hafa til þess sérstaka menntun eða sérhæfða handverkskunnáttu. Flest okkar föndrum og notum þá uppskriftir eða fyrirmyndir sem við finnum í blöðum, á netinu eða annars staðar. Föndur er ekki hönnun og ekki listhandverk.

Hönnunarmiðstöð Íslands hefur gert athugasemd fyrir hönd íslenskra hönnuða og fyrirtækja á því sviði varðandi skilgreiningu á íslenskri hönnun í frumvarpinu. Einnig er gerð athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir gæðaeftirliti vegna notkunar fánans á vörur. Miklar líkur eru á því að fáninn verði settur á vörur sem eru mjög misjafnar að gæðum. Það getur leitt til þess að hann verði ekki talinn eftirsóknarvert tákn og framleiðendur hannaðrar gæðavöru og matvæla munu alls ekki vilja nýta hann sér og vörum sínum til framdráttar.

Á Íslandi er fjöldi fyrirtækja á sviði hönnunar, íslensk fyrirtæki sem eru stolt af því að markaðssetja sig sem slík og bera þannig hróður Íslands víða um lönd. Framleiðslugeta á Íslandi er afar takmörkuð þannig að flest fyrirtæki á þessu sviði verða að leita út fyrir landsteinana eftir framleiðendum, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Verði frumvarpið samþykkt í óbreyttri mynd mættu okkar helstu fyrirtæki á sviði hönnunar ekki nýta fánann á vörur sínar. Þar skiptir íslenskt hráefni ekki máli en framleiðslan öllu. Þetta eru fyrirtæki eins og STEiNUNN, Farmers Market, 66North, Geysir, KronKron, Vík Prjónsdóttir, Ígló&Indí, ELLA, JÖR, Færið, Bility og mörg fleiri.

Föndrari sem býr til dúkkur úr innfluttum perlum eftir fyrirmynd úr blaði gæti aftur á móti hengt íslenska fánann á þær og selt.

*Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu Arkitektafélags Íslands, Félags húsgagna og innanhússarkitekta, Félags íslenskra landslagsarkitekta, Félags vöru- og iðnhönnuða, Leirlistafélags Íslands, Fatahönnunarfélags Íslands, Textílfélagsins, Félags íslenskra gullsmiða og Félags íslenskra teiknara.*

# Fjárfesting í nýsköpun skilar sér strax í ríkissjóð

NÝSKÖPUN



**Davíð Lúðvíksson**
forstöðumaður stefnumótunar og nýsköpunar hjá Samtökum iðnaðarins



**Haukur Alfreðsson**
verkefnisstjóri Hátækni- og sprotavettvangs

**➜ Þjóð sem rambar á barmi gjaldþrots þarf að forgangsraða í þágu verðmætasköpunar og útflutningsgreina.**

Við getum öll verið sammála um mikilvægi þess að auka fjölbreytni atvinnulífsins, verðmætasköpun og útflutning til að koma Íslandi aftur í fremstu röð landa varðandi efnahag, velferð og lífsgæði. Skapa þarf samkeppnishæft starfsumhverfi og gera Ísland aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki. Fjármagn til nýsköpunar og fjárfestinga, mannauður og menntun, haftalaus tengsl við helstu markaðssvæði og gjaldgengur gjaldmiðill eru mikilvægustu forsendurnar.

Öflugt rannsókna- og þróunarstarf hefur skilað því á undanförnum árum að nú koma um 20% gjaldeyristekna þjóðarinnar frá fyrirtækjum í tækni- og hugverkagreinum. Árangurinn kemur einnig fram í aukinni verðmætasköpun og framleiðni í öðrum útflutningsgreinum, t.d. fiskiðnaði, ferðaþjónustu og orkutengdum iðnaði.

**Auknar tekjur strax**

Framlög ríkisins í gegnum samkeppnissjóði til nýsköpunar á borð við Tækniþróunarsjóð og AVS auk skattalegra hvata til þróunar- og markaðsstarfs skila í flestum tilfellum jákvæðu greiðsluflæði í ríkissjóð. Fyrirtækin greiða meiri hluta verkefnakostnaðarins sjálf, þ.m.t. skatta og gjöld af launum og aðföngum frá fyrsta mánuði.

Ef skoðaðar eru lykiltölur úr rekstri, stuðningur og uppsöfnuð greiðsluáhrif á ríkissjóð tímbilið 2006-2013 vegna nýsköpunarfyrirtækis sem stofnað var 2006, kemur í ljós að stuðningur Tækniþróunarsjóðs og endurgreiðslur R&Þ kostnaðar skv. lögum nr. 152/2009 eru 175,6 milljónir króna á tímabilinu. Tekjur ríkissjóðs af fyrirtækinu eru 392,3 milljónir eða 216,7 milljónir umfram stuðning. Ef horft er á greiðsluflæðið er arðsemi ríkissjóðs mikil því mismunur á skattgreiðslum og stuðningi við fyrirtækið er mest neikvæður um -6,2 m.kr. á árinu 2008 en snýst svo við árið eftir og verður uppsafnaður +217 m.kr. í árslok 2013. Þetta jafngildir 35 faldri (3500%) endurgreiðslu og 167% innri vöxtum fyrir ríkissjóð. Ólíklegt er að uppbygging fyrirtækisins hefði orðið jafn farsæl án stuðnings.

Þetta er ekkert einsdæmi því þau fyrirtæki sem hlotið hafa viðurkenningu Vaxtarsprotans fyrir góðan vöxt gefa öll svipaða mynd. Ef skoðað er úrtak þrettán fyrirtækja sem fengu styrki úr Tækniþróunarsjóði árið 2005 þá jókst heildarvelta þeirra úr 20 milljörðum 2005 í 118 milljarða á árinu 2012. Starfsmannafjöldinn fór úr nær 500 í um 1000. Fyrirtækin greiddu framlög ríkisins 20-40 falt til baka á tímabilinu. Arðurinn af fjárfestingu ríkissjóðs mælist í tugum milljarða og vandfundin betri dæmi fyrir þjóðarbúskapinn. Það má því spyrja hvort þjóðin hafi efni á að afþakka slíka arðsemi og tekjustreymi fyrir ríkissjóð?

**Mótsögn**

Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar kemur m.a. fram að „Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á nýsköpun í öllum atvinnugreinum“. Nú liggur fyrir fyrsta fjárlagafrumvarp nýrrar ríkisstjórnar fyrir árið 2014. Frumvarpið einkennist af hörðum niðurskurði á flestum sviðum. Framlag í Tækniþróunarsjóð á að lækka um 282,5 m.kr. Í greinargerð er lýst áformum um áframhaldandi lækkun, 100 m.kr. árið 2015 og 185 m.kr. árið 2016. Einnig er boðuð lækkun á endurgreiðsluhlutfalli vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna úr 20% í 15%. Það er því ekki að sjá að frumvarpshöfundar þekki arðsemi dæmanna hér að framan.

Boðaðar breytingar í fjárlagafrumvarpinu 2014 eru í hróplegri mótsögn við þessa stefnu og með fjáraukalögum 2013 á enn að skera Tækniþróunarsjóð afturvirkt um 150 milljónir króna.

**Virkt samstarf**

Þjóð sem rambar á barmi gjaldþrots þarf að forgangsraða í þágu verðmætasköpunar og útflutningsgreina sem geta vaxið og greitt góð laun. Við þurfum einfaldlega að snúa vörn í sókn í harðri samkeppni við nágrannaþjóðir um fólk og fyrirtæki í nýsköpun. Með virkara samstarfi þvert á ráðuneyti með þátttöku fulltrúa fyrirtækja m.a. á Hátækni- og sprotavettvangi er hægt að straumlínulaga starfsumhverfið og hraða umbótum.

# Varað við furðuhugmynd um hálendisveg

SAMGÖNGUR



Hjörleifur Guttormsson
fv. þingmaður og ráðherra

Á ráðstefnu Austurbrúar, samstarfsvettvangs ríkis og sveitarfélaga eystra, í byrjun nóvember sl. ræddu tveir háskólakennarar, Trausti Valsson og Birgir Jónsson, um æskilegan uppbyggðan hálendisveg norðan Vatnajökuls, þ.e. frá Hálslóni vestur á Sprengisandsleið. Um þann boðskap var m.a. fjallað í í „fréttaskýringu“ Fréttablaðsins 12. nóvember sl. undir flennifyrirsögn: „Hálendisvegur til mikilla hagsbóta.“ Slík „einkaframkvæmd“ er þar sögð kosta 5,5 milljarða og hana megi fjármagna með vegtollum. Í engu var þar getið um viðhald og rekstrarkostnað við að halda veginum opnum. Hins vegar er réttilega frá því greint að hvergi er stafur fyrir slíkri vegalagningu í skipulagi miðhálendisins eða annars staðar. Nú er reynt að kasta beitu, m.a. til viðkomandi sveitarfélaga, til að plægja akurinn fyrir þessa hugmynd.

**Sýnd veiði en ekki gefin**

Ávinningur af slíkum vegi er ekkert lítilræði að mati þeirra félaga. Efst á blað setja þeir öryggi fyrir Austurland ef vegasamband rofnar sunnan jökla af völdum náttúruhamfara. „Það er nauðsynlegt að hafa varaleið milli Austurlands og Suður- og Suðvesturlands,“ er haft eftir Birgi, sem virðist horfa framhjá núverandi aðalvegi um Norðurland. Til að gylla hugmyndina er því veifað að í henni felist stytting um röska 200 km milli Egilsstaða og Reykjavíkur. Er þá ótalinn sá stóri happafengur að mati Trausta að: „Þegar þessi vegur er kominn myndi innlendum og erlendum ferðamönnum frá suðvesturhorninu til Austurlands fjölga geysilega…“ Af ofangreindu má ætla að boðberarnir sjái fyrir sér að þessum vegi verði haldið opnum mest allt árið.

**Hálendisvegur í 650-900 m hæð**

Engin nákvæm grein er gerð fyrir legu umræddrar tengingar frá Hálslóni yfir á Sprengisandsveg. Af skissu sem fylgir fréttaskýringunni og aðstæðum skv. korti má ráða að slíkur vegur myndi liggja frá Hálslóni yfir í Krepputungu norðan við Lónshnjúk, yfir Jökulsá á Fjöllum sunnan Upptyppinga og þaðan í sveig milli Dyngjufjalla og Trölladyngju, norðan við Þríhyrning og yfir Skjálfandafljót á Sprengisandsveg nokkru sunnan við Kiðagil. Á þessari leið færi vegur tvívegis í 800-860 m hæð, en framhaldið á Sprengisandsleið til suðurs yrði hækkandi upp í um 900 metra hæð nálægt vatnaskilum.

**Engin mannvist**

Engin mannvist er nú að vetrarlagi á þessum slóðum frá Fljótsdal að Hrauneyjum og ferðamannaþjónusta í Dreka og Nýjadal er mönnuð í aðeins um þrjá mánuði yfir hásumarið. Um veðurfarsaðstæður er ekki fjallað en sett fram almenn staðhæfing þess efnis að norðan Vatnajökuls sé „úrkomuminnsta svæði Evrópu“. Svo vill til að um áratugi hafa verið starfræktar sjálfvirkar veðurathuganastöðvar við Sprengisandsleið og veðurfræðingar hafa unnið úr niðurstöðum þeirra mælinga (Þóranna Pálsdóttir 1985 og Haraldur Ólafsson o.fl. 2012).

**Sitthvað um veðurfarsaðstæður**

Samkvæmt mælingum á úrkomu í Sandbúðum árin 1973-1978 nam hún 404 mm á ári, eða hátt í það sem gerist á Mýri í Bárðardal (427 mm); er það til muna meira en á Grímsstöðum á Fjöllum (351 mm). Alhvítir dagar reyndust vera 221 í Sandbúðum en aðeins 79 dagar alauðir. Flest árin sá þar ekki í auða jörð hálft árið (nóvember-apríl) og snjór hverfur þar ekki fyrr en langt er liðið á sumar. Veðurhæð náði þriðja hvern sólarhring 9 vindstigum, sem telst stormur, 21-24 m/sek., eða þaðan af meira, þó færri árið 1977. Ofsaveður voru tíðust frá nóvember til mars. Athugunin árið 2012, sem tók til fleiri sjálfvirkra stöðva, gaf til kynna að tíðni óveðra væri afar breytileg milli ára en þau stóðu flest í 1-2 daga. Óvíða er hvassara en nálægt Sandbúðum, nema helst undir norðurhlíðum Tungnafellsjökuls. Þegar meðalvindhraði sólarhrings nær 15 m/s og hiti er undir frostmarki eru aðstæður ekki taldar góðar til björgunaraðgerða, og þegar snjóar í stormi er glórulaus bylur. Algengast er að blindbylur verði í NA- eða SV-áttum og lætur nærri að 4-5% tímans sé slíkt veður að jafnaði þar sem verst er á leiðinni yfir Sprengisand.

**Hvað segja gögnin okkur?**

Þegar litið er til þeirra aðstæðna sem hér hefur verið minnst á, hygg ég að flestir átti sig á að uppbyggðir hálendisvegir eru hvorki líklegir til að lengja til muna ferðamannatíma um hálendi Íslands né eru þeir til þess fallnir að auka öryggi vegfarenda. Rekstrarkostnaður við að halda slíkum vegum opnum mikinn hluta ársins, til viðbótar við núverandi hringveg, yrði gífurlegur og sá reikningur yrði ekki greiddur af neinu einkafyrirtæki. Þar við bætist það umhverfistjón sem uppbyggðir hlemmivegir um hálendið óhjákvæmilega myndu valda, í þessu tilviki á Vatnajökulsþjóðgarði, en slíkt verður seint metið til fjár.

**➜ Í engu var þar getið um viðhald og rekstrarkostnað við að halda veginum opnum. Hins vegar er réttilega frá því greint að hvergi er stafur fyrir slíkri vegalagningu í skipulagi miðhálendisins eða annars staðar. Nú er reynt að kasta beitu, m.a. til viðkomandi sveitarfélaga, til að plægja akurinn fyrir þessa hugmynd.**






### Little Paris Kitchen
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 4.999**




### David Beckham
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.
**Vildartilboð** kr. 2.999
**Verð kr 4.499**




### Makeup is Art
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 5.999**




### Treasures of the World Cup
Saga Faxaflóahafna gerð

**Verð kr 5.499**




### Politics Book
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 4.999**




### Aircraft Book
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 5.999**




### Economics Book
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 4.999**




### David Bowie Album by Album
Saga Faxaflóahafna gerð

**Verð kr 5.499**




### The Cake Cookbook
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 1.999**




### Year in Photography
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 5.499**




### Wizard of Oz
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 2.999**




### Complete Asian Cookbook
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 21.999**




**EKKI GLEYMA GJAFAKORTI EYMUNDSSON!**

**VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd










30% Vildarafsláttur




**Rolling Stones Treasures**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 4.999**

**Fashion**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 5.999**

**Living Africa**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 3.999**

**Great Designs**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 49.99**







30% Vildarafsláttur







**House of Cash**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 5.999**

**Le Miserables**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 2.999**

**Chocolate**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 3.499**

**Beatles: It Was 20 Years Ago Today**
Saga Faxaflóahafna gerð

**Verð kr 5.999**










30% Vildarafsláttur




**7000 Islands**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 5.499**

**Complete Middle Eastern Cookbook**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.

**Verð kr 6.999**

**Save with Jamie**
Saga Faxaflóahafna gerð
skil með einstökum hætti.
**Vildartilboð** kr. xx

**Verð kr 5.999**

**Simpsons Futurama Crossover Crisis**
Saga Faxaflóahafna gerð

**Verð kr 3.999**

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

Penninn | Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá xx. nóvember til og með xx.desember eða á meðan birgðir endast.

# Hefur kreppan áhrif á námsárangur barna?

SAMFÉLAG



**Jónína Gunnarsdóttir**
félagsráðgjafi sem hefur starfað að barnaverndarmálum á Íslandi og í Noregi

Niðurstöður voru nýlega kynntar úr Pisa-könnuninni sem gerð er á þriggja ára fresti og varð útkoma íslenskra barna menntamálaráðherra, Illuga Gunnarssyni, mikið áfall. Illugi vill í kjölfarið grandskoða menntakerfið og er það vel, en fleira þarf að skoða. Könnunin sýnir að íslensk börn hafa frá árinu 2000 verið að fara niður á við í les- og stærðfræðiskilningi. Aðeins hægði á þessu árið 2006 til 2009 en eftir það má sjá áberandi hnignum og við mælingu 2012 eru Ísland og Svíþjóð ásamt Mexíkó og Chile lökust af þeim 32 OECD-löndum sem mæld voru. Þegar útkoman var skoðuð eftir landshlutum komu Suðurnesin langverst út en þar var útkoman áberandi slökust.

Hvað veldur því að Suðurnesin koma langverst út úr þessari mælingu þegar bornir eru saman landshlutar? Það á sér eflaust ýmsar skýringar en getur verið að langvarandi atvinnuleysi foreldra og fátækt hafi þar einhver áhrif? Rannsóknir sýna að börn sem alast upp við fátækt eiga erfiðara uppdráttar og kemur það niður á andlegri heilsu þeirra. Barnaverndartilkynningum í Reykjanesbæ og Sandgerði hefur farið fjölgandi undanfarin ár, sem gefur sterkar vísbendingar um að ástandið sé farið að bitna á börnunum.

Í fréttatíma Bylgjunnar þann 3. desember var rætt við bæjarstjóra Reykjanesbæjar sem gat ekki leynt undrun sinni og sagðist vera mjög hissa á þessari niðurstöðu. Tveimur dögum áður hafði þó á forsíðu Fréttablaðsins verið vísað í skýrslu Barnaverndarstofu þar sem fram kom að á fyrstu 9 mánuðum þessa árs hafi barnaverndartilkynningar í Reykjanesbæ verið 50% fleiri en árið 2012.

Hefur þeim farið fjölgandi jafnt og þétt eftir hrun og eru tilkynningar til Barnaverndar langflestar þaðan ef miðað er við fólksfjölda, en í Reykjanesbæ búa 14.200 manns og er heildarfjöldi barnaverndartilkynninga 8% af heildarfjölda tilkynninga á landsvísu. Þegar hlutfall barnaverndarmála á hver þúsund börn er notað sem mælistika var landsmeðaltalið 54,6 börn en í Reykjanesbæ var hlutfallið 80 börn.

**Áhrif fátæktar á börn**

Við megum ekki halda áfram að stinga höfðinu í sandinn og horfa fram hjá þeim vanda sem fátækt hefur á börnin. Það búa mörg börn við það að þurfa oft að hrekjast frá einum stað til annars vegna húsnæðisleysis foreldra og búa jafnvel í húsnæði sem ekki getur talist til mannabústaða. Það eru einnig til börn sem búa við það þegar líða fer á mánuðinn að ekki er til matarbiti á heimilinu því peningarnir duga ekki til. Jafnhliða fjölgun barnaverndartilkynninga hefur fjölgun bráðamála og tilvísana á Barna- og unglingageðdeild aukist ár frá ári og eru þar langir biðlistar.

Er líklegt að börn sem upplifa tíða flutninga, langvarandi atvinnuleysi foreldra og það vonleysi og depurð sem það óhjákvæmilega hefur í för með sér fái þá uppörvun, umönnun og hvatningu sem þau þurfa til að standa sig vel í skóla? Eða getur verið að hluta af vanda barnanna megi rekja til þessara þátta?

Að þessu sögðu tel ég að fleiri þættir en það sem gerist innan veggja skólans hafi áhrif á námsárangur barna. Þess vegna þarf samfélagið allt að hlúa betur að börnunum, sérstaklega þeim sem minna mega sín og eiga um sárt að binda.

**➜ Við megum ekki halda áfram að stinga höfðinu í sandinn og horfa fram hjá þeim vanda sem fátækt hefur á börnin. Það búa mörg börn við það að þurfa oft að hrekjast frá einum stað til annars vegna húsnæðisleysis foreldra og búa jafnvel í húsnæði sem ekki getur talist til mannabústaða. Það eru einnig til börn sem búa við það þegar líða fer á mánuðinn að ekki er til matarbiti á heimilinu því peningarnir duga ekki til.**

# Niðursetningur atvinnulífsins

VÍSINDI



**Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir**
vísindamaður við Háskóla Íslands

Þegar Alþingi tekur fjárlagafrumvarpið til umræðu ár hvert verður mönnum tíðrætt um forgangsröðun. Eðlilega. Ef niðurskurður er yfirvofandi fyrir Háskóla- og rannsóknastarfsemi – sem hann oft er – þá heyrast gjarnan raddir um mikilvægi háskóla og rannsókna fyrir atvinnulífið.

Þessi rök heyrðust reyndar ekki síður þegar meira var um peninga í samfélaginu. Þá gjarnan í þeim tilgangi að styðja við uppbyggingu nýrra eininga sem skyldu jafnan reknar í sem nánustu samstarfi við atvinnulífið. Í þessu samhengi hafði orðið atvinnulíf oftar en ekki afskaplega þrönga merkingu. Það virðist vera landlægur skilningur á orðinu að það nái einungis yfir framleiðslugreinar, eða jafnvel ákveðinn hluta framleiðslugreina, þ.e. tækni og matvælaframleiðslu.

**Auðskilið**

Þegar beðið er um rökstuðning á þjónustuhlutverki Háskóla og rannsókna fyrir atvinnulífið erum við fljót að grípa til þekktra dæma um íslenskar hágæðarannsóknir á sviði læknisfræði, iðntækni og líftækni. Það er eitthvað svo auðvelt að nefna hvernig efnafræðilegar rannsóknir á íslenskum jurtum hafa orðið til framleiðslu lífvirkra efna, hvernig háskólarannsóknir hafa kollvarpað tækni í sjávarútvegi og hvatað stofnun aðþjóðlegra tæknifyrirtækja. Þetta er auðskilið.

Það krefst kannski dýpri – og lengri – umræðu að skýra, t.d. hvernig grunnrannsóknir á fornmálum urðu undirstaða þeirrar samfélagsgerðar sem við þekkjum. Það er erfitt að ímynda sér samfélag þar sem ekki er unnið út frá siðferðilegum grundvallarreglum eða er án grunnþekkingar á sögu og tungumáli. Það er erfitt að ímynda sér sjávarútveg og landbúnað án grundvallarþekkingar á náttúru- og erfðafræði. Það er erfitt að ímynda sér samfélag – og fjölda atvinnugreina – án skáldsagna, tónlistar og myndlistar.

**Fléttast inn í allt lífið**

Grundvallarþekking nútímamannsins fléttast inn í allt okkar líf og er orðin svo sjálfsögð að við tökum sjaldan eftir henni. En það er nauðsynlegt að muna eftir því að forsendur okkar daglega lífs hafa orðið til vegna hugvits, ástríðu, dugnaðar og sköpunargáfu einstaklinga fyrri tíma. Þessir einstaklingar fengu tækifæri til að stunda sína sköpun og rannsóknir og við búum að því í dag.

Ég þekkti einu sinni stelpu sem „eyddi“ mestum hluta sinnar skólagöngu í að lesa skáldsögur, teikna, skrifa ljóð og láta sig dreyma um að ferðast um frumskóga Afríku. Seinna „eyddi“ hún fjórum árum ævi sinnar í að rannsaka hornsíli, eina óhagnýtta fisk landsins.

Í dag stundar hún rannsóknir og stendur að stofnun sprotafyrirtækja sem tengjast helstu atvinnuvegum Íslands. Það er nefnilega ekki alltaf augljóst hvaða bakgrunnur, menntun og rannsóknir verða til góðs. Þessu er vel lýst í hugvekjandi ræðu barnabókahöfundarins Neil Geiman frá 14. október síðastliðnum. Hann lýsir heimsókn sinni á ævintýra- og barnabókaráðstefnu í Kína. Líklega þá fyrstu sinnar tegundar þar í landi en kínversk stjórnvöld standa nú fyrir átaki um að auka lestur barna á teiknimyndasögum og vísindaskáldsögum.

**Undraverður árangur**

Af hverju? Jú, Kínverjar hafa náð undraverðum árangri í tæknilegri framleiðslu á síðustu árum en það vantar nýsköpun. Það var því gerð könnun meðal lykilstarfsmanna nokkurra bandarískra tæknifyrirtækja. Niðurstaðan var skýr, það sem þetta fólk átti sameiginlegt var að hafa „eytt“ sinni barnæsku í að lesa teiknimyndasögur, skáldsögur og láta sig dreyma. Það samfélag sem styður við ímyndunarafl, frjóa hugsun og frjálsar „rannsóknir“ ungs fólks hlýtur að vera það samfélag sem hvetur til áframhaldandi nýsköpunar, þróunar og vaxtar. Ekki fórna því.

**➜ Grundvallarþekking nútímamannsins fléttast inn í allt okkar líf og er orðin svo sjálfsögð að við tökum sjaldan eftir henni. En það er nauðsynlegt að muna eftir því að forsendur okkar daglega lífs hafa orðið til vegna hugvits, ástríðu, dugnaðar og sköpunargáfu einstaklinga fyrri tíma. Þessir einstaklingar fengu tækifæri til að stunda sína sköpun.**

# Rás 2 selur gistirými

MENNING



**Dr Gunni**
tónlistarmaður

Þegar spilaborgin hrundi árið 2008 og íslenskir bankakarlar reyndust ekki þau séní sem búið var að innprenta okkur var fátt um fína drætti í hinni séríslensku minnimáttarkennd. Til að hækka risið á landsmönnum var fljótlega farið að benda á að íslenska tónlistarútrásin væri nú alls ekkert feik eins og bankaruglið.

**Grunnstoðir poppsins**

Eftir að Mezzoforte og Sykurmolarnir ruddu brautina hafa Björk, Sigur Rós, Of Monsters & Men og fjöldinn allur af öðru listafólki selt ófá gistirými úti um allt land. Túristarnir – hinar nýju síldartorfur – koma nefnilega ekki eingöngu hingað út af náttúrunni og Bláa lóninu, heldur í stórum mæli vegna þessara sendiherra landsins. Það er staðreynd að í nánast öllum viðtölum sem þetta fólk fer í í útlöndum þarf það að svara spurningum um land og þjóð. Og það ásamt tónlistinni sjálfri auglýsir landið og kveikir ímynd af landi og þjóð í hugum væntanlegra gistináttanotenda. Einhvers staðar þarf að byrja og popplistafólk lifir ekki í tómarúmi, frekar en aðrir. Athygli og svörun er hverjum listamanni nauðsynleg. Nú er mikið talað um að horfa þurfi á „stóru myndina“. Hún er þessi: Grunnstoðir poppsins (hér nota ég orðið „popp“ eins vítt og hugsast getur) hafa lengi verið þrjár á Íslandi – Músíktilraunir, Iceland Airwaves og Rás 2. Þegar fólk byrjar að tala um að Rás 2 megi nú alveg missa sín því einkareknar stöðvar geti sinnt því að spila „poppgarg“, er það ekki alveg að skilja hvernig einkareknar útvarpsstöðvar funkera. Á þeim öllum er „playlisti“ sem stílar inn á markhópinn því talið er að markhópurinn geti ekki höndlað margar tegundir í einu. Einkareknar stöðvar eru reknar með gróða að markmiði og í því ljósi eru áherslur þeirra skiljanlegar. Það er ekkert sem gefur til kynna að hegðun einkarekinna stöðva myndi breytast ef Rás 2 yrði lögð niður.

**Fjársvelti, skilningsleysi og tuð**

Á Rás 2 eru jákvæðar tölur í ársskýrslu ekki helsta keppikeflið – eða ætti a.m.k. ekki að vera það – og því ægir þar öllu saman. Á eftir Geirmundi kemur kannski útúrsýrt lag með Dj Flugvél og geimskipi, þaðan er skipt í Skálmöld og svo kannski gamalt lag með Elly Vilhjálms. Rás 2 er víðsýnasta útvarp landsins og hlustendurnir hafa tamið sér umburðarlyndi fyrir mismunandi stílum. Þeir skipta ekki um stöð þótt það komi eitthvað sem þeim finnst leiðinlegt því þeir vita af reynslu að næsta lag verður eitthvað allt annað. Auk fjölbreytninnar hefur Rás 2 sinnt frábæru starfi við að taka upp og varðveita ómetanlegar heimildir um jálka poppsins jafnt sem nýgræðinga, búið til fræðandi og metnaðarfulla þætti og almennt reynt að hlúa að senunni þrátt fyrir endalaust fjársvelti, eilíft skilningsleysi og viðvarandi tuð.

Ég hélt satt að segja að það þyrfti ekki að ræða þetta lengur. Ég hélt að hin fúla umræða um lág- og hámenningu frá því á síðustu öld væri fyrir bí, þetta andlausa stagl um hvað sé menning og hvað sé ekki menning. Ég hélt að árangur íslensks tónlistarfólks væri nóg til að þess að hver hugsandi maður skildi af hverju frjálst og víðsýnt útvarp sem sinnir fræðslu, uppbyggingu og varðveislu er nauðsynlegt.

En svo er ekki og þess vegna skrifaði ég þessa grein. Þótt ég skrifi bara einn undir hana er ég nánast öruggur um að hver og einn einasta poppari landsins myndi skrifa undir hana líka ef til hans væri leitað.

**➜ Túristarnir – hinar nýju síldartorfur – koma nefnilega ekki eingöngu hingað út af náttúrunni og Bláa lóninu …**

# Leitin að réttlætinu

FJÁRMÁL



**Karl Garðarsson**
þingmaður Framsóknarflokks

Það má kannski segja að með skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar sé reynt að gera hið ómögulega – að skilgreina réttlæti. Það getur verið vandasamt, því réttlæti eins er óréttlæti annars. Það vantar skilgreiningu á hugtakinu sem allir geta sætt sig við. Þeim, sem fær hámarks leiðréttingu samkvæmt hugmyndum stjórnvalda, finnst réttlætinu fullnægt, sá sem fær minna er kannski á öndverði skoðun. Það verður aldrei hægt að gera öllum til hæfis. Það er hins vegar sjálfsagt að stefna að eins miklu réttlæti og hægt er. Til þess að ná því verður að setja viðmið sem flestir geta sæst á.

Flest heimili landsins, eða um 100 þúsund talsins, munu fá leiðréttingu á þeirri ógnarhækkun sem varð á lánum þeirra í kringum 2008. Það verða þó alltaf hópar sem verða útundan eða fá minni leiðréttingu en fjöldinn. Það hefur verið minnst á eldri borgara sem eru með há lán og geta ekki nýtt sér skattaafslátt viðbótarlífeyrissparnaðar. Það hefur verið minnst á öryrkja og aðra hópa sem eru svo illa staddir að þeir hafa yfirleitt ekki efni á að leggja neitt til hliðar í sparnað. Sumir hafa jafnvel minnst á námsmenn og bent á að námlánin hafi líka hækkað upp úr öllu valdi í hruninu.

**Verðtryggingin næst**

Þetta er allt rétt. Viðfangsefni stjórnvalda var hins vegar stórt og kosningaloforð Framsóknarflokksins var skýrt. Forsendubrestur heimilanna skyldi leiðréttur. Það þýðir með öðrum orðum að verðtryggð fasteignaveðlán skulu leiðrétt. Leiðréttingin nær því ekki til allra lána, hverju nafni sem þau kallast, heldur eru þau skilgreind fyrirfram.

Hér komum við aftur að réttlætishugtakinu. Er það réttlæti að skuldaleiðréttingunni skuli vera skipt ójafnt milli landsmanna? Náði forsendubresturinn ekki til allra í einni eða annarri mynd? Svarið er eflaust já, en það er einfaldlega ekki hægt að gera allt fyrir alla.

Staða okkar er þessi fimm árum eftir fjármálahrun: 14 þúsund fjölskyldur á aldrinum 30-39 ára eru í vanskilum með húsnæðislán eða telja greiðslubyrði vera þunga. Í næsta aldurshópi fyrir ofan 40-49 ára eru 11 þúsund fjölskyldur í sömu sporum. Í heild eru um 45 þúsund fjölskyldur sem eiga í erfiðleikum með að borga af húsnæðislánum sínum um hver mánaðamót. Staðan hefur lítið batnað frá hruni og þetta hefur dregið úr einkaneyslu og hagvexti. Við þessu verður að bregðast áður en illa fer. Til þess verður varið allt að 150 milljörðum króna á næstu árum. Skjaldborgin er loks að líta dagsins ljós eftir mögur ár vinstri stjórnarinnar. Það tók núverandi ríkisstjórn aðeins örfáa mánuði að hrinda því í framkvæmd sem fyrri stjórn treysti sér ekki til að gera.

Þá má ekki gleyma því að Alþingi á eftir að fjalla um skuldaleiðréttinguna og frumvörp henni tengdri og það er allt eins líklegt að þar komi fram breytingatillögur. Málið er því ekki búið og verkefni stjórnvalda í þágu heimila landsins er langt frá því að vera búið. Næst á dagskrá er verðtryggingin.

**➜ Skjaldborgin er loks að líta dagsins ljós eftir mögur ár vinstri stjórnarinnar. Það tók núverandi ríkisstjórn aðeins örfáa mánuði að hrinda því í framkvæmd sem fyrri stjórn treysti sér ekki til…**


Veiðileg Jól
Munið vinsælu gjafabréfin okkar!
Prologic hanskar.
Góðir skotveiðihanskar.
Tvær gerðir.
Verð frá 4.995,-
DAM öndunarvöðlupakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð
Aðeins 29.995,-
Ron Thomson Reykofn
Frábært verð.
Verð aðeins 10.995,-
Redington Sonic veiðijakki
Vatnsheldur, saumalaus jakki með góðri útöndun
Verð 59.900.
Jólatilboð aðeins 49.900,-
Scierra digital vigt með innbyggðum hitamæli
Verð aðeins 10.995,-
Scierra vöðlujakki.
Vatnsheldur jakki með útöndun
Fullt verð 29.995
Jólatilboð aðeins 25.995,-
Simms Fall Run Primaloft.
Léttur og hlýr jakki. Hentugur í alla útivist.
Aðeins 33.900,-
Ron Thompson vöðlujakki
Vatnsheldur jakki með útöndun.
Fullt verð 24.995
Jólatilboð aðeins 19.995,-
Gerviendur
12 stokkendur ásamt sökkum, og góðum burðarpoka.
Frábært verð
Aðeins 12.995,-
Redington kvenvöðlupakki
Vandaðar öndunarvöðlur og skór
Aðeins 42.995,-
Simms Freestone pakki
Öndunarvöðlur og skór
Pakkatilboð aðeins 53.900,-
Simms Coldweather skyrtur
Þykkar og hlýjar skyrtur
Verð aðeins 14.995,-
Prologic felugalli
MAX4 felumynstur.
Vatnsheldur, fóðraður jakki og smekkbuxur með útöndun
Verð aðeins 36.995,-
Fud gæsir.
Vinsælar gervigæsir sem ekkert fer fyrir.
Þessar hafa svo sannarlega slegið í gegn.
6 í pakka
Verð aðeins 9.995,-
Redington Topo fluguveiðipakkar
Fjögurra hluta stöng, hjól, lína, baklína, taumur, flugubox og flugur. Fullt verð 36.900.
Jólatilboð aðeins 29.995,-
Gæsaflautur – Andaflautur.
Gott úrval. Verð frá
Verð frá 2.995,-
Öryggishólf.
Örugg geymsla fyrir verðmæti eða skotfæri.
Nauðsynlegt á öll heimili.
Raflæsing
Verð aðeins 14.995,-
Lambhúshettur.
Nauðsynlegar í gæsaveiðina.
Hlýjar hettur með andlitsgrímu
Verð aðeins 3.995,-
Savage laxaháfur.
Léttur og góður laxaháfur.
Hægt að brjóta saman.
Aðeins 8.995,-
Sage flugustangir
í miklu úrvali. Vandaðar handgerðar bandarískar stangir með lífstíðarábyrgð.
Verð frá 49.900,-
Netverslun Veiðihornsins sendir jólagjafirnar frítt með póstinum til jóla – Veidihornid.is
VEIÐIHORNIÐ
VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 5688410
VEIÐIHORNIÐ - STRANDGÖTU 49 - HAFNARFIRÐI - 555 6226

# Þrjár krónur af þúsundkalli

ÞRÓUNARSAMVINNA



Engilbert Guðmundsson
framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

Nokkur umræða hefur orðið um framlög íslenska ríkisins til þróunarsamvinnu. Til að umræðan geti orðið málefnaleg er nauðsynlegt að hún byggist á staðreyndum og þekkingu. Hér eru tínd til nokkur atriði sem mér þykir mikilvægt að höfð séu til hliðsjónar í slíkri umræðu.

Ísland hefur undirgengist alþjóðlegar skuldbindingar um þróunarsamvinnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um að veita 0,7% af þjóðartekjum í aðstoð við fátækar þjóðir. Þetta markmið hefur ítrekað verið staðfest af Alþingi, nú síðast í Þróunarsamvinnuáætlun sem samþykkt var fyrr á árinu, og á að nást árið 2019. Íslendingar hafa þannig lofað að gefa 7 krónur af hverjum þúsund krónum sem þjóðin hefur í tekjur í það að hjálpa fátækum þjóðum. Nokkrar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa fyrir löngu náð 0,7% markmiðinu. Noregur, Svíþjóð og Danmörk eru vel yfir markinu og Finnland er ekki langt frá. Hollendingar gefa einnig 0,7% af þjóðartekjum og Bretar ná því á þessu fjárlagaári. Og svo má ekki gleyma smáríkinu Lúxemborg, en þar fer 1% af þjóðartekjum í þróunaraðstoð. Þetta litla ríki veitir nær 70 milljarða króna á ári í þróunarsamvinnu.

### Vantar mikið

Mikið vantar upp á að Ísland standi við skuldbindingar sínar. Í ár nema íslensk framlög 0,26% af þjóðartekjum, þ.e. minna en þremur krónum af hverjum þúsund, og samkvæmt fjárlagafrumvarpi verður hlutfallið hið sama árið 2014, en átti samkvæmt Þróunarsamvinnuáætlun að fara upp í 0,28% á næsta ári.

En hversu stór hluti af fjárlögum ríkisins fer til þróunarsamvinnu? Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir 2014 verða framlög til þróunarmála í gegnum utanríkisráðuneytið 4,1 milljarður (plús grunnframlög til alþjóðastofnana). Skatttekjur ríkisins eru áætlaðar 534 milljarðar. Það fara þannig um það bil 8 krónur af hverjum 1.000 krónum, sem ríkið hefur í skatttekjur, til þróunarmála, minna en 1%.

Fyrir hrunið 2008 voru framlög Íslands hærri og voru hæst komin upp í nær 0,4% af þjóðartekjum. Eftir hrun var meira skorið niður í þessum málaflokki en nokkrum öðrum og árið 2012 var hlutfallið komið niður í 0,2%. Oft heyrist að við höfum ekki efni á að veita þróunaraðstoð því hrunið hafi farið svo illa með efnahag landsins. Í því sambandi má nefna að fleiri þjóðir en Íslendingar hafa lent í efnahagslegum hremmingum án þess að bregðast við með sama hætti að því er varðar aðstoð við fátækar þjóðir.

Írar fóru líklega verr út úr hruninu en Íslendingar, en brugðust við með mun minni samdrætti. Írar skáru þróunaraðstoð niður úr 0,57% af þjóðartekjum í 0,51%. Íslendingar skáru aðstoðina úr 0,4% í 0,2%.

Finnar lentu í enn meiri hremmingum en við í efnahagskreppunni upp úr 1990, með hruni Sovétríkjanna. Atvinnuleysi fór í nær 20% og í 50% í sumum byggðum. Þeir skáru niður þróunaraðstoð, en fóru þó aldrei undir 0,3% og hafa aukið framlög síðan og nálgast 0,7% markið.

### Viðhorf þjóðarinnar

Möguleikar Alþingis og ríkisstjórnar til að standa við skuldbindingar um framlög til þróunarsamvinnu eru háðir stuðningi þjóðarinnar. Í sumar var gerð vönduð skoðanakönnun þar sem einmitt var spurt um viðhorf þjóðarinnar. Í ljós kom að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar er mjög hlynntur þróunarsamvinnu og íslenskum framlögum til hennar. Um það bil 80% telja hana skila árangri, og jafn hátt hlutfall vill að Íslendingar sinni þróunarsamvinnu. Þá var áhugavert að sjá að nær 90% aðspurðra vildu ýmist auka þróunarsamvinnu eða halda henni óbreyttri. Lítill minnihluti vildi draga hana saman.

**➜ Í ár nema íslensk framlög 0,26% af þjóðartekjum, þ.e. minna en þrjár krónur af hverjum þúsund, og samkvæmt fjárlagafrumvarpi verður hlutfallið hið sama árið 2014, en átti samkvæmt Þróunarsamvinnuáætlun að fara upp í 0,28% á næsta ári.**

### Árangurinn

Það er eðlileg krafa að fjármunir til þróunarsamvinnu komi að gagni og skili árangri. Þróunarsamvinnustofnun Íslands telur sig geta sýnt fram á að fjárframlögin hafi skilað sér í menntun barna, ekki síst stúlkna. Þau hafa skilað sér í lestrarkunnáttu fullorðinna. Þau hafa skilað sér í minni mæðra- og barnadauða. Þau hafa skilað sér í betra heilbrigði vegna færri sjúkdóma af völdum lélegs drykkjarvatns. Þá hafa þau skilað sér í meiri tekjum og betri afkomu fiskimannasamfélaga. Og þau munu skila sér í auknum aðgangi að rafmagni í fátækum löndum.

# Hvati til sparnaðar

FJÁRMÁL



Elsa Lára Arnardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins

Sparnaður er mikilvægur fyrir okkur öll, sama hvort við reynum að spara fyrir hlutum sem okkur langar til að eignast, eða þegar við söfnum okkur fyrir útborgun í stærri hlutum, eins og t.d. húsnæði.

Það er staðreynd að undanfarin ár hafa margir átt erfitt með að ná endum saman. Það hefur líka verið mörgum ómögulegt að eiga einhverjar aukakrónur til að leggja til hliðar. Hvati til sparnaðar hefur einfaldlega ekki verið fyrir hendi.

Í nóvember lagði ég fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt. Samkvæmt frumvarpinu eiga þeir sem leggja fé til hliðar vegna húsnæðiskaupa, húsnæðisbygginga eða verulegra endurbóta á húsnæði rétt á sérstökum skattaafslætti. Afslætti upp á 20% af innleggi hvers tekjuárs, en þó aldrei hærri fjárhæð en 200 þúsund krónur. Ef frumvarpið nær í gegn, þá kemur það til viðbótar öðrum opinberum úrræðum, sem eiga að auðvelda fólki að eignast húsnæði, eins og til dæmis vaxtabótakerfið gerir.

Sparnaðurinn verður lagður inn á sérstakan húsnæðissparnaðarreikning, og getur hver maður aðeins átt einn slíkan reikning. Reikningarnir skulu vera bundnir til 10 ára frá þeim tíma er fyrst var lagt inn á reikninginn. Færi reikningseigandi sönnur á kaup íbúðarhúsnæðis til eigin búsetu, eða að hafin sé bygging, eða verulegar endurbætur sem nemi a.m.k. 20% af fasteignamati slíks húsnæðis, skal heildarinneignin vera honum laus til ráðstöfunar að því marki sem nemur kostnaði vegna þessa, enda séu þá full tvö ár liðin frá því að sparnaður hófst.

### Börn njóti afsláttar

Lagt er til að reglubundinn sparnaður til húsnæðisöflunar sem stofnað er til fyrir 34 ára aldur í formi samningsbundinna innlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum veiti reikningseiganda skattafslátt innan vissra marka. Sparnaðurinn verði að lágmarki bundinn í tvö ár ef viðkomandi sýnir með óyggjandi hætti fram á öflun íbúðarhúsnæðis til eigin nota, þar með talið búseturéttar, eða að hafin sé bygging eða verulegar endurbætur slíks húsnæðis, en annars verði heildarinneignin laus til frjálsrar ráðstöfunar að liðnum tíu árum. Tilgangur frumvarpsins er jafnframt sá að hvetja til almenns sparnaðar vegna eigin fjárframlags til öflunar íbúðarhúsnæðis.

**➜ Sparnaðurinn verði að lágmarki bundinn í tvö ár…**

Sams konar átak var gert með lögum nr. 49/1985 um húsnæðissparnaðarreikninga sem eru fallin úr gildi, en af þeim er tekið mið í þessu frumvarpi, þó með nokkrum breytingum. Munurinn felst m.a. í því að í þessu frumvarpi eru ekki eins ítarleg ákvæði um form og efni þeirra samninga sem um ræðir. Þess í stað er ráðherra falið að setja nánari reglur bæði um form og efni sem ætla verður að hann geri að höfðu samráði við Samtök fjármálafyrirtækja og aðra hlutaðeigandi aðila. Einnig er lagt til að vaxtatekjur af umræddum reikningum verði undanþegnar fjármagnstekjuskatti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að börn undir 16 ára aldri sem ekki teljast sjálfstæðir skattaðilar geti notið skattafsláttarins og jafnframt að því sem óráðstafað er verði ráðstafað til framfærenda þess að jöfnu séu framfærendur tveir.

Innstæða á húsnæðissparnaðarreikningi er undanþegin aðför skuldheimtumanna. Við andlát innstæðueiganda rennur innstæðan til dánarbúsins án bindingar.

# Ráðist á Ríkisútvarpið

MENNING



Hrund Ólafsdóttir
menningarunnandi og eigandi Ríkisútvarpsins

Ég varð óörugg og hrædd í síðustu viku því það var ráðist á menningarlegar rætur mínar og gildi sem ég var alin upp við. Það var ráðist á kjarnann í Ríkisútvarpinu.

Ég hef alltaf látið mig varða hvernig þjóðfélaginu er stjórnað. Ég hef oft verið bjartsýn og glöð, oft svartsýn og reið, oft óviss og stundum kvíðin vegna ákvarðana stjórnvalda en aldrei orðið óörugg og hrædd fyrr en nú. Það er hola í kjarnanum sem ég er gerð úr og svartur blettur á trausti mínu til stjórnenda menningarmála. Ég hugsa til holunnar þar sem Hús íslenskra fræða átti að rísa og sé fyrir mér handritin í holunni. Svona alvarleg er árásin.

Ég hef ætíð borgað skattana með glöðu geði og útvarpsgjaldið með ánægju. Ríkisútvarpið er nefnilega þjóðin í hnotskurn; alíslensk menningarstofnun sem hefur fengið að dafna og þroskast með sjálfstæði þjóðarinnar. Ríkisútvarpið hefur tengt okkur við umheiminn umfram aðra fjölmiðla í okkar fámenna landi, með fræðslu, fréttum og tónlist. Ríkisútvarpið er öryggisventill, afþreying, skóli og skemmtun. Þar til nýlega hefur Ríkisútvarpið markvisst tengt byggðirnar með fréttum og svæðisútvarpi. Ríkisútvarpið hefur rætt og frætt um listir, heimspeki, vísindi, stjórnmál og heimsmálin. Oft er kvikmyndarusl í sjónvarpinu og nýjasta ruslið er dapurlegur peningaspurningaþáttur en við höfum líka fengið hágæða efni, innlent og útlent. Alltaf hefur verið engilsaxnesk slagsíða en gott efni innan um. Alltaf hefur verið slagsíða varðandi íslenskt kvikmyndaefni en Útvarpsleikhúsið hefur gefið von um listræna sýn og Rás eitt hefur staðið að vandaðri þáttagerð. Við höfum alltaf mátt leyfa okkur að vona að efla ætti Ríkisútvarpið við fyrsta tækifæri í krafti sögunnar, hefðarinnar og okkar sameiginlegu menningararfleifðar. Vonað að úr myndi rætast eftir innreið markaðsaflanna og afleiðingar hrunsins.

### Engin von

Nú er engin von lengur. Svo langt er gengið í niðurskurðinum að útvarpsstjóri uppfyllir draum frjálshyggjunnar í krafti ríkisstjórnarinnar: Að eyðileggja Ríkisútvarpið. Í framhaldinu verður líklegast einkavætt af fullum krafti. Verktakavinnan sem hefur viðgengist hjá stofnuninni verður hjóm eitt miðað við einkavædda framtíð. Frjálshyggjan holdi klædd heldur innreið sína, vinir fá vinnu, ætlaðir andstæðingar og óþægileg mál verða send út í vetrarkuldann. Helgi Pétursson er þegar byrjaður að redda Páli því að einn þulur var sendur heim. Átti Páll kannski að gerast þulur? Nýtt starfsfólk er komið til vinnu á meðan hinir burtreknu eru heima á launum.

Viljum við Ríkisútvarp þar sem tugum starfsmanna OKKAR er sagt að koma sér út samstundis, nærveru þeirra sé ekki óskað framar og aðgangi að tölvupósti þeirra lokað eins og um glæpamenn væri að ræða? Viljum við útvarp þar sem þulir tilkynna að leikin verði tónlist af hljómplötum í stað þeirra þátta sem falla niður en voru á dagskrá?

**➜ Ég hef ætíð borgað skattana með glöðu geði og útvarpsgjaldið með ánægju. Ríkisútvarpið er nefnilega þjóðin í hnotskurn; alíslensk menningarstofnun sem hefur fengið að dafna og þroskast með sjálfstæði þjóðarinnar.**

Það er ábyrgðarlaust að reka Steinunni Harðardóttur, Gunnar Stefánsson, Höllu Steinunni, Pétur Halldórsson, Jóhannes Kr. Kristjánsson, Adolf Inga, Brynhildi Björnsdóttur, Önnu Sigríði Einarsdóttur, Bjarna Rúnar Bjarnason, Lönu Kolbrúnu, Svanhildi Jakobsdóttur, Lindu Blöndal og marga fleiri. Með einbeittum uppsagnarvilja rak Páll Magnússon starfsfólk með samanlagða starfsreynslu upp á fimm hundruð ár. Menntamálaráðherra hefur sagt að það sé alltaf leiðinlegt fyrir fólk að missa vinnuna. Auðvitað er það rétt en Illugi Gunnarsson hlýtur að vita að hann talar niður til þjóðarinnar með þessu móti. Þjóðin missir af frábæru efni þeirra burtreknu og það kemur ekkert í staðinn fyrir það.

Fólki hefur verið sagt upp áður á Ríkisútvarpinu, og meira en góðu hófi gegnir síðustu árin, en ég hef leyft mér að vona að nóg væri komið. Þvílík blekking! Skemmdarverkið er gegnvænlegt auk þess sem aðferðin við uppsagnirnar ber óþægilegan keim af siðblindu og undarlegri forherðingu. Það er stór og svört hola í menningarsögunni, svarthol sem gleypir dýrmætan hluta af þjóðarvitund okkar. Þess vegna er ég óörugg og hrædd.

# Til varnar hrægömmum

FJÁRMÁL



Sigurður Friðleifsson
líffræðingur

Undanfarin ár hefur meira og minna allt samfélagið snúist um fyrrverandi, núverandi og verðandi fjármálagerninga. Ég verð nú að viðurkenna að skilningur minn á þessum fjármálaflétttum hefur verið afar takmarkaður og nú hefur reyndar komið í ljós að skilningurinn var víst engu meiri innan fjármálageirans. Hugtök eins og yfirveðsettir afleiðuvafningar eru mér framandi en þegar menn eru farnir að blanda óskildum og saklausum lífverum inn í umræðuna, þá er nauðsynlegt að staldra aðeins við.

Hrægammasjóðir hafa oft komið upp í umræðunni og nær undantekningalaust á neikvæðan hátt. Þetta er í raun bein þýðing á orðinu vulture funds og vísar líklega til þess að slíkir sjóðir vinna einkum með „líflausar" eignir sem aðrir fjárfestar líta ekki við. Raunverulegir hrægammar eru hins vegar allt annað en neikvæðir en þurfa nú enn og aftur að taka á sig illt umtal að ósekju. Dapurt almenningsálit á fuglunum hefur lengi viðgengist. Vissulega má segja að þeir hafi ekki útlitið með sér, eru sköllóttir og rytjulegir en það eru nú fleiri og ekki hafa hárlausir karlmenn þurft að þola svipaða fordóma. Misgóðar kúrekamyndir frá Hollywood hafa líka gert sitt til að sverta hrægammana, þar sem þeir svífa yfir særðum hetjum í von um bita þegar hinsta stundin rennur upp.

### Sannleikurinn um hrægamma

Hrægammar eru í raun stórmerkileg dýr sem skiptast í 23 tegundir og þar af er um helmingur í alvarlegri útrýmingarhættu. Hrægammar gegna afar mikilvægri vistkerfisþjónustu. Þeir hreinsa upp hræ af mikilli nákvæmni og tryggja þannig mikilvægt flæði næringarefna. Umfram allt fyrirbyggja þeir sýkingarhættu af völdum bakteríu eins og miltisbrands. Sýnt hefur verið fram á að á svæðum þar sem enga hrægamma er að finna eru hræ þrefalt lengur að rotna með tilheyrandi vandkvæðum. Hrægammar drepa ekki heldur vinna upp hræ og skila lífrænum efnum til baka í hringrás vistkerfisins með mikilli nýtni. Ef hrægammasjóðir myndu vinna eins og raunverulegir hrægammar þá myndu þeir vinna fljótt og vel úr öllum eignum þrotabúa og skila nauðsynlegum verðmætum með skilvirkum hætti til baka út í samfélagið. Hrægammar reyna ekki að hámarka verðmæti á kostnað annarra heldur vinna sín hreinsunarstörf af elju og útsjónarsemi. Ef þú, lesandi góður, ert enn að lesa þennan pistil þá bið ég þig um að láta ekki neikvæða umræðu sverta hina raunverulegu hrægamma sem eru merkilegar lífverur og eiga ekkert illt skilið.

**➜ Ef hrægammasjóðir myndu vinna eins og raunverulegir hrægammar þá myndu þeir vinna fljótt og vel úr öllum eignum þrotabúa…**

# TÓNLIST OG DVD Í ICELAND

Myndin sem allir hafa beðið eftir:
**One Direction – This is us er komin.**
Og meira í jólapakkann: Fersk íslensk tónlist, frábærar nýjar DVD myndir fyrir alla fjölskylduna og auðvitað ævisaga Hemma Gunn.

LOKSINS KOMIN ÚT




One Direction, This is us, DVD
**2.398kr.**




Friðrik Ómar, Kveðja, CD
**2.798kr.**




Björgvin, Duet 3, CD
**2.798kr.**




Helgi syngur Hauk, CD/DVD
**2.998kr.**




Bubbi, Æsku minnar jól, CD
**2.798kr.**




Baggalútur
Mamma þarf að djamma, CD
**2.798kr.**




Kaleo, CD
**2.798kr.**




Raggi Bjarna, Falleg hugsun, CD
**2.798kr.**




2Guns, DVD
**2.398kr.**




Strumparnir 2, DVD
**2.398kr.**




Jólasveinarnir okkar, DVD
**2.398kr.**




The Heat, DVD
**2.398kr.**



Epic, DVD
**2.398kr.**




Elysium, DVD
**2.398kr.**




Hemmi Gunn, sonur þjóðar
**3.998kr.**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**

**ICELAND ENGIHJALLA**



Iceland

# Opið bréf til Illuga

MENNTUN



O. Lilja Birgisdóttir
foreldri þriggja ungmenna í Hafnarfirði

Kæri Illugi.
Takk fyrir fundinn í Flensborgarskóla þriðjudaginn 3. desember en ég sat með þér á fundi varðandi málefni framhaldsskólanna í Hafnarfirði, stöðu þeirra í dag. Einhvern veginn fjallaði fundurinn þó meira um niðurstöður PISA-könnunarinnar og hvernig efla þurfi grunnskóla landsins. Einnig spurðir þú sjálfan þig og aðra fundarmenn hvernig stæði á því að íslenskir nemar þurfi 14 ár í námsundirbúning fyrir háskólanám á meðan nágrannalönd okkar þurfi bara 12-13 ár. Þú hefur nokkuð skýra framtíðarsýn hvað þetta varðar, þ.e. styttri skólagöngu og erum við nú þegar á þeirri leið.

**Framtíðarsýn ungmenna**

Ég spyr hins vegar hvað um framtíðarsýn ungmenna dagsins í dag. Ertu tilbúinn að fórna þeim fyrir hallalausan ríkissjóð? Þar sem þú ert mjög upptekinn af niðurstöðum PISA þá er eðlilegt að horfa til Finna en þeir hafa staðið sig mjög vel á þessum vettvangi síðustu ár. Það sem hefur verið að virka í þeirra menntakerfi er m.a. áhersla á fjölbreytni í skólastarfinu, góð tenging við vinnumarkaðinn, kennarastétt sem er stolt og virðing er borin fyrir.

Finnst þér þú vera að skapa menntakerfinu þetta umhverfi með fjármagni sem þú segir sjálfur að dugi ekki fyrir rekstri framhaldsskólanna? Það er flott að þú viljir styðja og efla grunnskólana með það að markmiði að koma betur út úr PISA-könnunum framtíðarinnar en hvað ætlarðu að gera núna fyrir ungmennin sem eru að byrja sitt framhaldsskólanám? Ætlarðu að fórna þessum 30% sem ekki geta lesið sér til gagns? Hversu langt ertu tilbúinn að ganga fyrir hallalausan ríkissjóð?

**➜ Hvað ætlarðu að gera núna fyrir ungmennin sem eru að byrja sitt framhaldsskólanám? Ætlarðu að fórna þessum 30% sem ekki geta lesið sér til gagns? Hversu langt ertu tilbúinn að ganga fyrir hallalausan ríkissjóð?**

**Lítið val**

Sveltir framhaldsskólar hafa lítið val, þeir neyðast til að skera burt dýru fögin sem eru oftast verklegu fögin, takmarka fjölbreytni og þar með gerast lögbrjótar. „Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám." (Lög um framhaldsskóla I. kafli, 2. gr.)

Ég skora á þig, Illugi, að skoða hug þinn varðandi núverandi aðgerðir en haltu endilega í skýra framtíðarsýn og um eflingu skólakerfisins og kennarastéttarinnar. Ég hef trú á því að þú viljir styrkja og efla ungmenni dagsins og virkja þeirra sterku hliðar. Fórnum ekki nútímanum fyrir framtíðina.

# Auðvelt er að jafna hlutfall kynjanna í fjölmiðlum

FJÖLMIÐLAR



Gunnar Hersveinn
rithöfundur

Ritstjórar, fréttastjórar og fréttamenn geta auðveldlega lagað kynjaskekkjuna í fréttum fjölmiðla. Þetta er aðeins spurning um áhuga og nennu. Rannsóknir eru fyrir hendi og aðferðir liggja fyrir. Þetta er fremur einfalt og auðvelt verkefni en ef til vill gæti verið ágætt að skilgreina ábyrgðina og ráða verkefnisstjóra svo það dagi ekki uppi. Hér er ekki um að ræða að snúa olíuskipi heldur líkjast fjölmiðlar fremur hraðbátum sem auðvelt er að snúa.

Fréttamiðlar virðast oft óbærilega fastir í viðjum efnisflokkanna. En áhrifaríkasta leiðin til að breyta hlutfalli viðmælenda í fréttum úr 70% karlar, 30% konur í 50% á hvort kyn er að breyta einfaldlega vægi þeirra efnisflokka sem fréttir eru skrifaðar upp úr og að bæta við efnisflokkum.

Algengir efnisflokkar sem fréttir eru skrifaðar upp úr eru stríð, stjórnmál, glæpir, viðskipti, valdabarátta, gjaldþrot, hryðjuverk, réttarkerfi, stórslys, samgöngur, orkumál, eignarréttur, skattkerfi, ársfundir, persónulegir harmleikir og náttúruhamfarir. Almenna reglan er einnig að segja frá því versta sem gerist í hverjum þessara efnisflokka fyrir sig. Fréttirnar eru því oftast slæmar og um leið karllægar.

Stundum gerist það marga daga í röð að eingöngu eru fluttar slæmar fréttir úr fáum flokkum og snúast þær þá helst um ófarir í stjórnmálum, peninga-, saka- og gjaldþrotamálum, ásamt úlfúð hér og þar og dauðsföllum. Auðvelt er að finna heila fréttatíma í sjónvarpi og fréttaþætti í blöðum þar sem eingöngu eru sagðar og skrifaðar fréttir af stjórnmálum, efnahag, samgöngum, sakamálum, viðskiptum og eignarrétti.

**Karllægir efnisflokkar**

Karlar verða óhjákvæmilega ráðandi í fréttum þar sem þessir efnisflokkar ráða ríkjum. Karlar fremja fleiri glæpi en konur, ofbeldi karla er meira áberandi en ofbeldi kvenna. Karlar standa á bak við fleiri stríð en konur, fleiri gjaldþrot, hryðjuverk, skattsvik. Þeir valda margfalt meiri usla en konur og af einhverjum ástæðum hafa fjölmiðlar margfalt meiri áhuga á óskunda og ólátum og einræðisherrum heldur en viðleitni heiðarlegra borgara til að bæta samfélagið. Fjölmiðlar elta byssukúlurnar og það eru oftast karlar sem taka í gikkinn.

Karlar eru oftar í fréttum vegna þess að þeir fylla hina karllægu efnisflokka og falla vel að mælikvörðum fjölmiðla um fréttir. Hörðu fréttirnar í hefðbundnum huga fréttamanna eru peningar og völd og einmitt þar getur allt farið úrskeiðis. Fjölmiðlar eiga og verða að veita hér aðhald en það er fleira fréttnæmt en vont þykir.

**Fréttir átakamenningar**

Fjölmiðlar virðast fastir í átakamenningu, núningi, tvískiptingu og að skipa hlutum og fólki í kvíarnar með eða á móti. Venjan í fréttamiðlum hvílir á því að etja saman andstæðingum, segja frá grimmdarverkum og ofbeldisfullum svörum við þeim. Þetta er kölluð hlutlaus fréttamennska og hún er kennd við átök. Hlutlaus fréttamennska er sögð byggð á staðreyndum. En í raun eru staðreyndirnar svo margar að einungis er hægt að velja úr tilteknar staðreyndir og það er gert út frá viðmiðum átakanna. Sá sem segir að staðreyndirnar tali í fréttum á í raun aðeins við að útvaldar og sérvaldar staðreyndir tali.

**➜ Konur þurfa ekkert að breyta sér til að komast í fréttir og lausnin felst ekki heldur í því að fréttamenn muni eftir konum…**

Konur þurfa alls ekki að breyta sér til að komast í fréttir og lausnin felst ekki heldur í því að fréttamenn muni eftir konum þegar viðmælendur eru valdir. Lausnin felst í fleiri efnisflokkum frétta og nýrri virðingarröð þeirra. Lausnin felst einnig í því að þoka sér frá átakamenningu yfir í fjölbreytt sjónarhorn. Hlutföllin 70/30 breytast umsvifalaust ef þetta yrði gert.

Ekkert gerist nema fjölmiðlafólk hlusti og breyti vinnubrögðum sínum. Frumkvæðið og valdið til að breyta er hjá fjölmiðlum. Þau ykkar sem skrifið og flytjið daglega fréttir, þið getið breytt málunum því til eru aðrir efnisflokkar frétta mótaðir af báðum kynjum og þar eru margar ósagðar fréttir, bæði góðar og slæmar.

# Tómur þingsalur – hvar eru allir?

STJÓRNMÁL



Silja Dögg Gunnarsdóttir
2. varaforseti Alþingis og þingmaður Framsóknarflokksins

Sú mynd sem margir hafa af störfum Alþingis er hálftómur þingsalur eða þingsalur þar sem menn skiptast á að vera með skæting og jafnvel rífast. Fyrirsagnir í blöðum undirstrika oft þetta ósætti og togstreitu sem á sér stað á Alþingi. Þó er það langt frá raunveruleikanum.

**Lýðræðisleg vinnubrögð**

Sannleikurinn er hins vegar sá að starfið á Alþingi er yfirleitt unnið með sátt. Þingmenn tala saman og reyna að finna sameiginlegar lausnir á málum sem tekin eru fyrir í nefndum. Samvinnan er góð. Þetta virkar þannig að mál eru kynnt til sögunnar í þingsal og stundum er skipst á skoðunum. Því næst tekur nefnd við málinu þar sem allir flokkar eiga fulltrúa. Nefndir boða síðan á sinn fund hagsmunaaðila og sérfræðinga sem tengjast máli og fá þannig heildstæða mynd. Nefndir skila yfirleitt einni niðurstöðu en stundum næst ekki full sátt í hópnum og þá skila nefndarmenn séráliti. Þaðan fer málið í þingsal, svo aftur í nefndina ef einhver óskar eftir því. Að lokinni þriðju umræðu í þingsal er kosið um þau. Ótal aðilar koma að vinnslunni og almenningur er einnig hvattur til að skila inn áliti. Þannig að raunveruleg vinnsla mála fer fram í nefndum þingsins en umræða meðal allra þingmanna um þau fer fram í þingsal. Vinnubrögð og ferli mála eru því eins fagleg og lýðræðisleg og á verður kosið.

**Nauðsynlegur undirbúningur**

Þingfundir og nefndarfundir eru aldrei á sama tíma. En hvers vegna eru þingmenn þá ekki allt af allir í þingsal? Eru þeir ekki að vinna vinnuna sína? Jú, þeir eru í flestum tilfellum að gera það. Vinnan fer fram í nefndum sem tengjast málum, eiginlega ekki öll fram í þingsal, og eiginlega að mestu leyti utan hans. Þingmenn þurfa að lesa heilmikið um mál sem eru til umfjöllunar í þeim nefndum sem þeir sitja í. Þess fyrir utan þurfa þingmenn að reyna að vera í góðu sambandi við sína flokksmenn og kjósendur, það er algert grundvallaratriði. Menn þurfa að mæta á ýmsa viðburði sem tengjast kjördæminu og málum sem þeir vinna að, skrifa greinar og fylgjast vel með fréttum af þjóðfélagsmálum. Meðan þingmenn undirbúa nefndarvinnunna fylgjast þeir oft með umræðum í þinginu rétt eins og almenningur af sjónvarpsskjáum hvort sem það er í þingflokksherbergjum eða á skrifstofunum. Dagurinn endar því þannig eins og við upplifum flest, að þessar 24 stundir duga skammt. Maður vill yfirleitt komast yfir meira en mögulegt er.

**➜ Þingmenn vinna mikið saman þvert á flokka. Þannig að þessi margumtalaða flokkapólitík er ekki jafnöflug og af er látið.**

**Gerum gott samfélag betra**

Þingmenn vinna mikið saman þvert á flokka. Þannig að þessi margumtalaða flokkapólitík er ekki jafnöflug og af er látið. Fólk sameinast um ýmis þingmál óháð flokki, spjallar saman á kaffistofunni í mesta bróðerni, eins og á öðrum góðum vinnustöðum. Þingmenn eru bara venjulegt fólk. Fólk sem á sér alls konar bakgrunn og líf en á það þó sameiginlegt að vilja breyta samfélaginu til hins betra.

*(Þessi grein er framhald greinar: „Hvað gerir þú á daginn?")*

# Vandi heilbrigðiskerfisins og skortur á heildarsýn

HEILBRIGÐISMÁL



Skúli Thoroddsen
lögfræðingur

Ég hrökk í kút yfir hádegisfréttum 24. nóvember sl. þegar RÚV flutti athugasemdalaust fregnir af boðskap forsætisráðherra í heilbrigðismálum. Að allur okkar vandi stafi frá fyrri ríkisstjórn kom ekki á óvart, heldur hin snauða umfjöllun. Að hans mati stafar vandi heilbrigðiskerfisins af gegndarlausum blóðugum niðurskurði fyrri ríkisstjórnar. Nú sé brugðist við og útgjöld aukin. Hvað svo?

Hinn kerfislægi vandi sem heilbrigðisþjónustan á við að etja á sér mun lengri aðdraganda en sl. fjögur ár. Árið 1994 reyndi þáverandi ríkisstjórn að taka á sjálfvirkri og stjórnlausri útgjaldaukningu ríkissjóðs vegna lyfjakaupa og sérfræðiþjónustu sem bitnaði m.a. á sjúkrahúsum og heilsugæslu. Tilraunin rann út í sandinn.

Nýr heilbrigðisráðherra ákvað þá að rugga ekki bátnum, gera ekkert og hinn kerfislægi vandi hélt áfram að hlaða upp á sig og bólgna.

Næsta tilraun til að taka á vandanum var í tíð þar síðustu ríkisstjórnar. Sú stjórn hafði ekki náð viðhlítandi árangri þegar hún hvarf frá völdum vegna hrunsins 2008. Þó hafði henni tekist að setja Sjúkratryggingar Íslands á laggirnar. Það var skref í áttina. Síðasta ríkisstjórn tók svo við uppsöfnuðum vanda, afleiðingum langvarandi skeytingarleysis, en réði hvorki við ástandið né gat haldið því þokkalega í horfinu. Það sem sú ríkisstjórn gerði þó af viti var að hefja áform um byggingu nýs Landspítala.

**Þrír meginþættir**

Opinber heilbrigðisþjónusta byggir á þrem meginþáttum; a) þeim sem þurfa á þjónustunni að halda, b) þeim sem veita þjónustuna, heilbrigðisstarfsfólki og c) þeim sem greiða fyrir hana, ríkið, við öll. Í slíku kerfi þarf að tryggja notendum nokkuð jafnan aðgang að þjónustu, að teknu tilliti til gæða, kostnaðar og hagkvæmni. Liður í því er m.a. sá að ríkið fái keypta þjónustu á sem hagkvæmasta verði og hafi um það að segja hvar og hvernig hún er veitt. Í því sambandi mætti bjóða tiltekna heilbrigðisþjónustu út á samkeppnismarkaði, án þess að í því felist einkavæðing. Ríkið nýtir sér hagkvæmni einkarekstrar til að lækka kostnað. Þetta á t.d. við um lyfjakaup og sérfræðiþjónustu á læknastofum, á heilsugæslustöðvum og jafnvel í útlöndum.

Grunnurinn að slíku kerfi, svo tekið sé mið af reynslu t.d. Hollendinga og Svía, byggist á skilvirku kostnaðarmati, öflugri grunn- og nærþjónustu þar sem haldið er utan um persónulegar þarfir hvers sjúklings/notanda, eftirfylgni meðferðar og tilvísunarkerfi til aðhalds. Öflugt hátæknisjúkrahús, Landspítali háskólasjúkrahús, er að sjálfsögðu máttarstoð þjónustunnar og bakhjarl.

**Skortur á heildarsýn**

Vandi heilbrigðisþjónustunnar í dag er ekki, eins og forsætisráðherra lýsir honum, gegndarlaus blóðugur niðurskurður fyrri ríkisstjórnar, heldur langvarandi skortur á heildarsýn. Hefja verður úrbætur miðað við aðstæður eins og þær eru og skapa framtíðarsýn. Landspítalinn er í dag rekinn í yfir hundrað ólíkum byggingum. Sumar eru þjáðar af fúkka og raka eða eru skúrar til bráðabirgða.

Nýr spítali er talinn spara milljarða í rekstrarkostnaði, fjármuni sem eru jafnvel meiri en kostnaður vegna afskrifta og vaxta af fjárfestingu hans. Ákvörðun um nýtt sjúkrahús mun stöðva yfirvofandi atgervisflótta frá spítalanum. Það er fyrsta skrefið.

**➜ Vandi heilbrigðisþjónustunnar í dag er ekki, eins og forsætisráðherra lýsir honum, gegndarlaus blóðugur niðurskurður fyrri ríkisstjórnar, heldur langvarandi skortur á heildarsýn. Hefja verður úrbætur miðað við aðstæður eins og þær eru og skapa framtíðarsýn.**

Styrkja þarf Sjúkratryggingar Íslands og hlutverk ríkisins sem kaupanda og kostnaðargreinanda á skilvirkri heilbrigðisþjónustu. Efla þarf grunn- og nærþjónustu, lýðheilsu, heimilislækningar og heilsugæslustöðvar, hvort heldur er á höfuðborgarsvæðinu eða á landsbyggðinni. Taka þarf ákvörðun um kjarnasjúkrahús í landshlutum og ákvarða tengsl þeirra við Landspítala, óháð sérhagsmunum einstakra heilbrigðisstétta eða svæða. Tryggja þarf gæði, hagkvæmni og skilvirkni.

Það felur í sér kerfisbreytingu sem verður að ræða málefnalega. Hvað viljum við, hvert stefnum við, hvernig viljum við haga þjónustunni þannig að allir búi við ásættanlegt öryggi? Hver er forgangsröðunin? Að þeirri umræðu þurfa heilbrigðisstéttirnar að koma, fulltrúar stjórnvalda, sveitarfélaga, notenda og þeirra sem besta þekkja málaflokkinn. Móta verður framtíðarsýn og leggja vörður að þeirri sýn. Þannig má ná sátt um þessa mikilvægu stoð velferðarkerfisins sem enginn vill vera án.


Nú er jólafjör til klukkan 21 á kvöldin
Við bökum gómsætar smákökur og bjóðum þér að smakka kl. 17-20 virka daga og kl. 13-17 um helgar
995,-/3 í setti
SNÖKUL dósir m/loki
1,6, 2,6 og 4,8l. Marglitt
295,-/10 í pk.
Piparkökur
Tilbúið til skreytingar
120g. Hjörtu og stjörnur
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
IKEA®
Verslun opin 11-21 til 22. desember - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

# „Landskemmarar“

UMHVERFISMÁL



Ólafur Hallgrímsson
fv. sóknarprestur á Mælifelli

Sigurður Arnalds verkfræðingur, einn af aðalhugmyndafræðingum Kárahnjúkavirkjunar, ritar óvenjulega grein í Mbl. 11. okt. sl.

Kveðst hafa verið á heilsubótargöngu í Laugarásnum á liðnu sumri, mætir þar konu einni, er snýr sér við og kallar á eftir honum orðið „landskemmari“. Að vonum er Sigurður óhress yfir nafngift þessari, sem hann telur í hæsta máta ómaklega. Í greininni fer hann mörgum og fjálglegum orðum um gildi og nauðsyn stóriðju á Íslandi og Kárahnjúkavirkjunar sérstaklega, sem hann segir, að hafi verið ráðist í að loknum „vönduðum undirbúningi og á lagalegum grunni eins og í öðrum lýðræðisríkjum“.

Við þessa fullyrðingu um undirbúninginn er rétt að staldra örlítið við. Eins og stóriðjupostulum er títt, verður Sigurði tíðrætt um, hve vistvæn innlend vatnsorka sé, sem að vissu leyti er rétt samanborið við erlenda orkugjafa, kol, olíu og gas. Vatnsorkan sem slík mengar ekki, en risavatnsorkuver eins og Kárahnjúkavirkjun getur líklega seint talist vistvæn vegna allra þeirra umhverfisspjalla sem hún veldur. Og álver eru ekki vistvæn. Sigurður forðast að sjálfsögðu eins og heitan eldinn að minnast á það. Væntanlega mun þó Sigurði Arnalds eins og öllum landsmönnum kunnugt um þær breytingar sem orðnar eru á lífríki Lagarfljóts og umhverfis þess allt til sjávar, eftir að frárennslisvatn virkjunarinnar tók að renna út í Fljótið.

Nú benda rannsóknir til, að lífríkið í Lagarfljóti sé að deyja út smátt og smátt vegna versnandi lífsskilyrða í vatninu, vaxandi svifaurs, minnka gegnsæis og kólnunar, sem allt eru afleiðingar virkjunarinnar. Þá er ekki tekin með hækkun vatnsborðs Fljótsins, sem farin er að valda landbroti á bökkum þess allt til sjávar, svo og önnur umhverfisspjöll.

Með öðrum orðum, Lagarfljót, eitt mesta og fegursta stöðuvatn landsins, er að breytast í lífvana forarpoll.

Einhver myndi e.t.v. orða það svo, að það sé hreint ekki svo lítið mál. En við þessu var búið að vara sem afleiðingu af vatnaflutningunum af okkar færustu vísindamönnum. Á þá var að sjálfsögðu ekki hlustað. Grunnfærir pólitíkusar réðu ferðinni. Þar voru ráðherrar Framsóknarflokksins í þáverandi ríkisstjórn í lykilhlutverki, ásamt Landsvirkjun, þau Halldór, Valgerður og Sif, þótt þyngst sé vissulega ábyrgð Sifjar sem umhverfisráðherra, sem heimilaði Kárahnjúkavirkjun (2001), þótt Skipulagsstofnun hefði hafnað henni vegna mikilla, óafturkræfra umhverfisáhrifa.

### Ber enginn ábyrgð á neinu?

Allt þetta veit Sigurður Arnalds mætavel. Hann veit líka, að umhverfismat Kárahnjúkavirkjunar var unnið undir ákveðinni tímapressu, samt telur hann þetta til marks um vandaðan undirbúning. Sannleikurinn er sá, að búið var að panta niðurstöðuna fyrirfram. Það átti að virkja, hvað sem það kostaði umhverfið. Nú á innan við áratug eru afleiðingar Kárahnjúkavirkjunar, sem búið var að segja fyrir um, allar að koma í ljós. Það er styttri tími en vænta hefði mátt. Nú vill þetta fólk hafa sem fæst orð um virkjunina, segist vera hætt í pólitík o.s.frv. Það er skiljanlegt, en spurningin er, hvort það getur skotið sér undan ábyrgð á verkum sínum. Það er sennilega spurning, sem ýmsir velta fyrir sér. Eða ber enginn ábyrgð á neinu á Íslandi?

Sigurði Arnalds er í mun að sýna fram á nauðsyn Kárahnjúkavirkjunar og álvers á Reyðarfirði fyrir atvinnulíf eystra og gjaldeyrisöflun landsmanna. Engan skyldi undra, þótt dýrasta framkvæmd Íslandssögunnar, sem kostaði a.m.k. eina litla hundrað milljarða, skili einhverju jákvæðu fyrir atvinnulífið á Austurlandi og þjóðarbúið, fyrr mætti nú vera.

Staðreynd er þó engu að síður, að það er mun minna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Það hefur engin „varanleg fjölgun“ íbúa orðið á Austurlandi með tilkomu framkvæmdanna, ekki einu sinni í Fjarðabyggð og nánast engin á Fljótsdalshéraði. Sveitarfélögin á Austurlandi eru skuldum vafin og síst betur í stakk búin að sinna lögbundnum verkefnum sínum en var fyrir virkjun. Sigurður Arnalds er mikill áróðursmaður fyrir stóriðju, en hann kýs að sýna aðeins aðra hliðina á stóriðjunni, segja aðeins hálfan sannleikann og varla það. Hann sleppir hinni hliðinni, þeirri sem snýr að umhverfinu, því miður. En umhverfisspjöllin í Lagarfljóti hverfa ekki, þótt einhverjir kunni að óska þess, þau munu minna á sig um ókomna tíð sem vitnisburður um skammsýni og græðgi þeirra sem með réttu mega kallast „landskemmarar“. Grunur minn er sá að fleiri en frúin á Laugarásnum séu sama sinnis.

**➜ Nú á innan við áratug eru afleiðingar Kárahnjúkavirkjunar, sem búið var að segja fyrir um, allar að koma í ljós.**

# Félagsleg fjárfesting gegn fátækt

SAMFÉLAG



Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs

Undanfarið hafa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið verið með umfjöllun og slegið upp fyrirsögnum á forsíðum þar sem það er tíundað hversu mikið fé fer í fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Það er rétt. Það fer meira og meira af skattfé borgaranna í fjárhagsaðstoð til þeirra sem ekki geta framfleytt sér og sínum vegna atvinnuleysis og sjúkdóma sem ekki leiða til örorku. En í allri umræðunni er aldrei talað um það hvaða upphæð hver og einn þarf að lifa á.

### Hámarksbætur

Í Reykjavík, þar sem fjárhagsaðstoðin er hæst, eru hámarksbætur á mánuði fyrir þá sem reka eigið heimili og eru með þinglýstan húsaleigusamning 163.635 kr. Fólk fær útborgað 151.051 kr. þar sem það greiðir í skatt 12.584 kr. þrátt fyrir fullan persónuafslátt.

Hjón sem reka heimili fá að hámarki 245.453 kr. og fá sama útborgað þar sem þau nýta tvö skattkort. Einstaklingur sem býr með öðrum og/eða er ekki með þinglýstan húsaleigusamning fær 137.871 kr. þar af útborgað 134.903 kr.

Þeir sem búa hjá foreldrum fá til framfærslu á mánuði 81.818 kr. Til að eiga rétt á fjárhagsaðstoð má fólk ekki eiga innistæður í banka eða aðrar eignir fyrir utan íbúð og bíl til eigin umráða. Upphæðir þessar munu hækka um 3,4% um áramótin.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga er ætlað samkvæmt lögum að vera neyðaraðstoð í skamman tíma, en hefur eftir efnahagshrunið orðið langtímaframfærsla hjá sífellt fleirum.

Þetta eru lágar fjárhæðir, um það getum við flest verið sammála. Bið ég aðra (en fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem hafa talað um vinnuletjandi bætur í Reykjavík) sem finnst þessar upphæðir of háar að henda fyrsta steininum.

### Virkni og stuðningur

Til að sporna gegn fátækt þarf að fjárfesta í félagslegum lausnum sem koma fólki úr fátækragildrum samfélagsins. Í ríkjum Evrópu er viðurkennt að félagsleg fjárfesting borgi sig – því samfélag ójöfnuðar þar sem hópar fólks eru skildir eftir – er samfélag upplausnar og sundurleysis sem felur í sér meiri kostnað þegar upp er staðið.

Áherslur velferðarráðs Reykjavíkurborgar verða á næsta ári, líkt og undanfarin ár, að bjóða upp á atvinnu, nám og/eða meðferð í stað bóta.

Í öllum tilfellum viljum við að fólk sé virkt og festist ekki í aðgerðaleysi sem leiðir til andlegra og líkamlegra sjúkdóma. Við viljum fækka fólki á fjárhagsaðstoð, til að fjölga þeim borgarbúum sem hafa betri tekjur en lágmarksframfærslu og hafa betra líf vegna aukinna tekna og virkni.

### Beinn hagur

Samfélagið hefur einnig beinan fjárhagslegan hag af þessum aðgerðum, eins og sýnt hefur verið fram á með Atvinnutorgi, Liðstyrk, Nám er vinnandi vegur og Vinnandi vegur sem hafa verið samstarfsverkefni okkar og Vinnumálastofnunar.

Sem samfélag megum ekki láta það gerast að fjárlög ríkisins skeri verulega niður í þessum úrræðum sem skilað hafa stórkostlegum árangri fyrir fólk og samfélag. Það er raunin nú og hvet ég þingmenn til að gera breytingar þegar kemur að alvörufjárfestingu í vinnu og námi.

Þar sem jöfnuður og velferð ríkir líður fólki betur á öllum stigum samfélagsins. Það borgar sig því að beita félagslegum fjárfestingum í fólki.

**➜ Til að sporna gegn fátækt þarf að fjárfesta í félagslegum lausnum sem koma fólki úr fátækragildrum samfélagsins. Í ríkjum Evrópu er viðurkennt að félagsleg fjárfesting borgi sig – því samfélag ójöfnuðar þar sem hópar fólks eru skildir eftir – er samfélag upplausnar og sundurleysis sem felur í sér meiri kostnað þegar upp er staðið. Áherslur velferðarráðs Reykjavíkurborgar verða á næsta ári, líkt og undanfarin ár, að bjóða …**

# Ríkisstyrktur útvegur

SJÁVARÚTVEGUR



Lýður Árnason
læknir og vaktstjóri Lýðræðisvaktarinnar

Samtök útgerðarmanna segja félagsmenn sína hafa búið til verðmæti úr hinum nýja fiskistofni sem synti inn í landhelgi Íslands fyrir örfáum árum og kallast makríll. Útflutningsverðmætin, 25 milljarðar á sl. ári, hefðu ekki orðið til nema fyrir þeirra tilstilli. Samtökin telja eðlilegast að úthluta þessum verðmætum samkvæmt veiðireynslu sem þýðir að stærstu útgerðir landsins fái forgang til veiða. Útgerðarmenn tala um veiðigjöld og langtímasamninga og vilja að makríllinn sé settur undir sama hatt og aðrir fiskistofnar. Það sé í samræmi við einhverja samningaleið þar sem allir sitja við borðið nema eigandi auðlindarinnar, þjóðin sjálf.

Markmið útgerðarmanna er augljóst: Þeir vilja sitja einir að þessum gullmokstri. Sem vissulega er hagræðing fyrir þá. En hvers eiga aðrir að gjalda? Geta verslunareigendur t.d. séð fram á rekstraröryggi vegna fyrri viðskiptareynslu? Geta þeir gengið að kúnnunum vísum og væri það gott? Kosta þeir engu til? Getur jarðborunarfyrirtæki fengið verkefni út á fyrri reynslu án þess að taka þátt í almennum útboðum? Getur kona sem kaupir sér snjóruðningstæki verið viss um snjókomu? Eða fær grásleppukallinn aflabrestatryggingu?

Allir sem taka þátt í atvinnurekstri taka áhættu með fjárfestingum sínum. Enginn gengur að neinu vísu heldur þarf að keppa við aðra og standa sig. Allir geta verið með, enginn er til neyddur og hver ábyrgist sig. Þetta kallast samkeppnismarkaður og gilda þar almenn markaðslögmál og atvinnufrelsi.

### Einokunarmarkaður

Rök útgerðarmanna gegn almennum samkeppnismarkaði með veiðiheimildir eru þau að verðmyndun á fiski yrði ófyrirsjáanleg og hætta yrði á samþjöppun. Hver þarf ekki að glíma við það? Enginn sem stendur í atvinnurekstri getur sagt fyrir um verð né samruna fyrirtækja. Refaskinnsræktandi þarf að sætta sig við verðfall á markaði, gistihúseigandinn þarf að taka slaginn við hótelkeðjurnar. Hvað réttlætir sérhannaðan einokunarmarkað útgerðinni einni til handa?

Stjórnvöld á Íslandi eiga þann kost að setja makrílinn í farveg annarra fisktegunda og gera það sem útvegsmenn leggja til. Standa svo í stappi við útgerðina um veiðigjöld og láta útgerðinni síðan eftir að innheimta sín eigin veiðigjöld af þeim notendum auðlindarinnar sem ekki áttu þess kost að mynda sér veiðireynslu, sumir einfaldlega vegna þess að þeir voru ekki fæddir.

Stjórnvöld geta líka farið hina leiðina, það er að setja allar fisktegundir í farveg makrílsins og bjóða veiðiheimildir á almennu uppboði. Þannig yrði það útgerðin sjálf, markaðurinn, sem ákvæði veiðigjaldið sem rynni óskipt til eiganda auðlindarinnar sem er þjóðin sjálf, fólkið í landinu.

Samtök útgerðarmanna eru hagsmunasamtök og hegða sér sem slík. Þau eiga sína fulltrúa á þingi, nægilega marga til að bjóða upp á árlegt meðlag sem til stendur að festa í langtímasamningi. Hið margrómaða íslenska fiskveiðistjórnunarkerfi er því eins og verndaður vinnustaður, ríkisstyrkt í botn og svo aumt að þola ekki almennt samkeppnisumhverfi. Hvenær ætla málsvarar frelsis og einkaframtaks að átta sig á því?

**➜ Samtök útgerðarmanna eru hagsmunasamtök og hegða sér sem slík. Þau eiga sína fulltrúa á þingi…**

# Heilbrigðismál – víða kreppir að

HEILBRIGÐISMÁL



Reynir Arngrímsson
varaformaður Læknafélags Reykjavíkur

Fjárveitingar til heilbrigðismála eru undirstöðuatriði og grundvöllur allrar þjónustu við sjúka. Án viðunandi fjármögnunar sligast starfsemin undan álagi. Starfsmenn leggja árar í bát og eðlileg endurnýjun dregst saman. Á Íslandi hefur verið ánægjulegt að vinna að heilbrigðismálum. Greiða götu til betri heilsu. Allt frá einföldum ráðleggingum um viðbrögð við minniháttar kvillum upp í flóknustu aðgerðir og inngrip sem bjarga og lengja líf. Umfram allt bæta lífsgæði og þrek þjóðarinnar. Greina flókinn heilsufarsvanda og hafa úrræði til að bregðast við.

Fjárlaganefnd Alþingis hefur svarað kalli um að endurskoða frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014 og stefnir að því, að tillögu heilbrigðismálaráðherra, að bæta verulega úr möguleikum til endurnýjunar lækningatækja til að greina og meðhöndla sjúkdóma í stærstu sjúkrahúsum landsins á þessu kjörtímabili. Því ber að fagna.

Ekki er allt sem sýnist. Víða kreppir að. Án frekara átaks til að snúa við brotthvarfi sérfræðilækna og tryggja viðunandi mönnun þ.ám. í krabbameinslækningum og heimilislækningum, er enn vá fyrir dyrum og hriktir í grunnstoðum samfélagsins. Í þeirri þjónustu sem mest á reynir þegar heilsu og lífi er ógnað.

### Ábyrgð alþingismanna

Ekki verður undan því vikist af hálfu stjórnvalda og Alþingis að hrinda í framkvæmd nú þegar átaki til að tryggja viðunandi og eðlilega mönnun í læknisstöður. Gildir það jafnt um grunnþjónustu í heilsugæslu, heima í héraði, sem og sérhæfðari læknisstörf á heilsugæslustöðvum, landsbyggðarsjúkrahúsum og Landspítala. Vissulega er þetta kostnaðarsamt en sátt milli þjóðar og þings þarf að vera til staðar um hvers konar þjónustu beri að veita. Neyðarinngrip og handahófskennd endurskipulagning heilbrigðismála og viðvarandi úrræðaleysi, sem rekja má til of lítils fjárstreymis til málaflokksins, hefur gengið sér til húðar. Niðurskurðarkrafa á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eykur enn á öngþveiti í skipulagi heilbrigðisþjónustunnar. Á þessu þarf að taka í yfirstandandi umræðu um fjárlög ársins 2014. Starfsaðstöðu og starfsumhverfi lækna þarf að stórbæta.

Læknar og samtök þeirra hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að allir landsmenn hafi skráðan heimilislækni eða ábyrgan sérfræðilækni. Á því er verulegur misbrestur og er Reykjavík þar ekki undanskilin. Að tryggja þurfi greiðan aðgang að sérfræðiþjónustu lækna og fjármagn sé veitt til að efla framhaldsmenntun lækna Íslandi.

Alþingismenn bera ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni sem er ein af grunnstoðum velferðarsamfélagsins. Þeir munu ákvarða þjónustustig heilbrigðisþjónustunnar með atkvæði sínu við afgreiðslu fjárlaga 2014.

**➜ Alþingismenn bera ábyrgð á heilbrigðisþjónustunni.**

# EITTHVAÐ FYRIR ALLA

## KONUR OG KALLA, KRAKKA MEÐ HÁR OG KALLA MEÐ SKALLA OG ALLA AÐRA SEM ELSKA BÆKUR OG TÓNLIST




20% Vildarafsláttur

**Hrímfaxi**
Hrímfaxi fórst 1963. Í þessari bók er ljósi brugðið á hvað gerðist

**Vildartilboð** kr. 3.120
**Fullt verð kr 3.899**




**Og fjöllin endurómuðu**
Saga fjölskyldna, hjartfólginna staða og fólks sem tekst á við veröldina með ólíkum hætti. Eftir höfund Flugdrekahlauparanns

**Vildartilboð** kr. 3.199
**Fullt verð kr 5.999**




20% Vildarafsláttur

**Gilitrutt**
Þjóðsagan um tröllskessuna Gilitrutt.

**Vildartilboð** kr. 2.399
**Fullt verð kr 2.999**




**Óvænt vinátta**
47 hugljúfu sögur af vináttu þvert á dýrategndir með stórkostlegum ljósmyndum.

**Vildartilboð** kr. 2.399
**Fullt verð kr 2.999**




**Megas - textar 1966-2011**
Hér er kominn obbinn af söngtextum Megasar ortum frá 1966 til 2011.

**Vildartilboð** kr. 5.599
**Fullt verð kr 6.999**




**Vettlingar frá Vorsabæ**
Greinargóðar leiðbeiningar eru gefnar um helstu kúnstirnar í prjónaskap.

**Vildartilboð** kr. 3.199
**Fullt verð kr 3.999**




20% Vildarafsláttur

**Vísindabók Villa**
Vísindabók Villa er frábær bók til að efla áhuga allrar fjölskyldunnar á því sem er í kringum okkur .

**Vildartilboð** kr. 3.999
**Fullt verð kr 4.999**




**Alltaf eitthvað að gerast**
Bráðskemmtileg barnaplata, 15 glæný og grípandi lög sem allir geta sungið með.

**Vildartilboð** kr. 2.159
**Fullt verð kr 2.699**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

PENNINN Eymundsson

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 12. nóvember til og með 16.desember eða á meðan birgðir endast.



Vnr. 65105754
Hitablásari,
2000W, 22V.
**1.990 kr.**

# VERTU KLÁR FYRIR VETURINN



Vnr. 42310683-1061
Kuldagalli, blár eða
svartur, stærðir S-XXXL
**11.990 kr.**

# SÉRVALIN JÓLATRÉ



Lifandi jólatré.
Verð frá:
**3.285 kr.**

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**



Vnr. 42373294
ERGO SAMSON
snjóskúffa, svört.
**4.690 kr.**

Vnr. 55629783
SONNECK snjó-
skúffa, svört.
**1.290 kr.**

Vnr. 55900158
Skófla með
trefjahandfangi.
**3.790 kr.**

Vnr. 42375935
BLÁTIN rúðuvökvi,
3 l poki.
**499 kr.**

-15°

MARGAR GERÐIR OG STÆRÐIR AF SKÓFLUM!

GÓÐ Í BÍLINN

5 KG
Vnr. 54710126
Gróft salt, 5 kg.
**639 kr.**

Vnr. 42377785
PROBUILDE skófla með
stuttu tréhandfangi.
**2.990 kr.**

Vnr. 55900147
Snjóskófla með
tréhandfangi, 26 cm.
**1.990 kr.**

Vnr. 55900150
Skófla með tré-
handfangi, 30 cm.
**2.890 kr.**

Vnr. 55900155
Snjóskófla með tré-
handfangi, 37 cm.
**4.390 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

## BYKO BÝÐUR EINGÖNGU UPP Á HÁGÆÐA SÉRVALIN JÓLATRÉ

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. Valið á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan tíma því BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré: Normannsþin, íslenska furu og blágreni.

### LIFANDI JÓLATRÉ

**Íslensk fura**

| | |
|---|---|
| 100-150 cm | 3.995 kr. |
| 150-200 cm | 7.995 kr. |
| 200-250 cm | 12.955 kr. |

**Normannsþinur**

| | |
|---|---|
| 100-125 cm | 3.285 kr. |
| 125-150 cm | 3.985 kr. |
| 150-175 cm | 5.485 kr. |
| 175-200 cm | 7.485 kr. |
| 200-225 cm | 9.985 kr. |

**Blágreni**

| | |
|---|---|
| 100-125 cm | 3.595 kr. |
| 125-150 cm | 4.995 kr. |
| 150-175 cm | 6.795 kr. |
| 175-200 cm | 9.995 kr. |
| 200-250 cm | 11.995 kr. |

### Sölustaðir:

**Timburverslun Breidd**
Virka daga: kl. 8-22
Laugardaga: kl. 10-22
Sunnudaga: kl. 10-22

**Grandi**
Virka daga: kl. 8-19
Laugardaga: kl. 10-18
Sunnudaga: kl. 11-17

**Selfoss**
Virka daga: kl. 8-18
Laugardaga: kl. 10-18
Sunnudaga: kl. 12-16

Sunnuhlíð

Hluti söluandvirðis af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.







Harðir pakkar fyrir jólin!

# BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



Vnr. 78060015
MILLARCO límbyssa,
10W, 7,4 mm límstautar. 990kr.



Vnr. 68195095
LUX heftibyssa,
4-14 mm. 2.990kr.



Vnr. 42378777
TRISTAR vöfflu-
járn belgískar. 5.990kr.



Vnr. 41119004
Panna með loki,
28 cm. 3.990kr.



Vnr. 72545283
TACTIX útskurðar-
sett, 6 stk. 1.690kr.



DREMEL
Vnr. 74780295
DREMEL föndurfræsari,
125W, 7 fylgihlutir,
2 hraðastillingar. 9.495kr.



Vnr. 42378855
MELISSA hraðsuðu-
kanna, 1,7 l. 3.990kr.



Vnr. 42368211
Ofnpanna með grill-
plötu, 42x31x6 cm. 3.290kr.



BOSCH
Vnr. 74860018
BOSCH límbyssa. 4.595kr.



BOSCH
Vnr. 74860500
BOSCH 500-RE borvél,
500 W, 13 mm sjálf-
herðandi patróna. 9.990kr.



Vnr. 42378859
MELISSA
handþeytari. 3.490kr.



Vnr. L188VR13E
LOGIK ryksuga,
1800W, hvít. 7.995 kr.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

facebook.com/BYKO.is

# Hlutfall kirkju í ríkisrekstri

TRÚMÁL



Valgarður Guðjónsson
kerfisfræðingur

Það er varla hægt að líta í fjölmiðil þessa dagana án þess að rekast á kvartanir forsvarsmanna ríkisrekinnar kirkju yfir því hversu miklum niðurskurði reksturinn hafi þurft að sæta, meira en aðrir – og hversu bág fjárhagsstaða hennar sé.

En er þetta rétt? Það er eflaust hægt að nálgast þetta á ýmsa vegu. Ég stend utan þjóðkirkjunnar og því er eðlilegast fyrir mig að líta á hversu mikið ég er að greiða fyrir þessa liði á fjárlögum sem mér finnast fullkomlega óþarfir þar.

Ef við berum saman tölur frá 2008 annars vegar og tölur frá 2012 hins vegar þá kemur eiginlega talsvert önnur mynd í ljós en haldið er fram af forsvarsmönnum kirkjunnar. Sleppum kirkjugarðsgjaldi og sóknargjöldum til annarra trúfélaga, þó ég sé jafn ósáttur við að standa undir rekstri þeirra – nema ég ef til vill kjósi sjálfur.

Árið 2008 fóru 0,627% af heildargjöldum ríkissjóðs til hinnar ríkisreknu kirkju.

Árið 2012 fóru 0,651% af heildargjöldum ríkissjóðs til sömu kirkju.

Þetta er ekki vísbending um að kirkjan hafi sætt meiri niðurskurði en aðrir.

Þá er rétt að hafa í huga að meðlimum þjóðkirkjunnar hefur fækkað nokkuð á þessum sama tíma.

Árið 2008 voru meðlimir þjóðkirkjunnar 252.708 en hafði fækkað í 245.456 árið 2012.

Þetta þýðir að það hlutfall sem skattpeningarnir okkar þurfa að standa undir hefur hækkað um tæp sjö prósent fyrir hvern meðlim frá 2008 til 2012, nánar tiltekið 6,85%.

**Er ekki nærtækara að nálgast þetta öðru vísi?**

● Kirkjan heldur því fram að sóknargjöld séu félagsgjöld. Þau eru það reyndar ótvírætt ekki eins og marg oft hefur verið sýnt fram á. En lausnin er auðvitað einföld, ef kirkjan lítur í rauninni á þetta sem félagsgjöld, þá er best að meðhöndla þetta sem hver önnur félagsgjöld. Kirkjan sjái einfaldlega sjálf um að ákveða upphæð og innheimta. Það er fullkomlega óþarft að blanda ríkissjóði í málið. Þá þurfa forsvarsmenn kirkjunnar ekki að kvarta yfir hversu illa framkvæmdarvaldið er að fara með kirkjuna, þetta ákveður kirkjan sjálf með tilliti til þess hvað þarf til reksturs, eins og hvert annað félag. Og kirkjan innheimtir þetta auðvitað sjálf, eins og hvert annað félag.

● Þá er því gjarnan haldið fram að hluti af greiðslum til kirkjunnar sé vegna jarða sem ríkið hafi fengið frá kirkjunni. Það vill hins vegar svo undarlega til að það veit enginn hvaða tekjur ríkissjóður hefur af þessum jörðum. Það veit enginn hvers virði

**➜ Sleppum kirkjugarðsgjaldi og sóknargjöldum til annarra trúfélaga…**

þessar jarðir eru. Þetta er einfaldlega vegna þess að það veit enginn hvaða jarðir þetta eru. Næsta skref er að rifta þessum samningi og afhenda kirkjunni aftur þær jarðir sem hún getur gert lögmætt tilkall til.

● Þá væri kjörið að taka út aðra liði sem fara til trúmála, rétt rúmar 600 milljónir árið 2012.

Ég er reyndar ekki að leggja til að þetta verði gert fyrirvaralaust, en það er kominn tími til að leggja línur og horfa til betri og heilbrigðari leiða.

# Leið að auknum skilningi þjóða á milli

SAMFÉLAG



Rut Þorsteinsdóttir
nemi

Þegar nafnið Fulbright er nefnt kemur eflaust flestum í hug styrkur ætlaður afburðanemendum til framhaldsnáms í Bandaríkjunum. Það var við lok síðari heimsstyrjaldarinnar að hugmyndin að styrk kviknaði sem hefði það að markmiði að auka gagnkvæman skilning þjóða á milli í gegnum nemendaskipti. Fulbright samtökin voru stofnuð eftir hugmynd bandaríska stjórnmálamannsins J. William Fulbright um að efla samskipti á milli Bandaríkjanna og annarra þjóða á sviði menntamála, vísinda og lista. Í dag eru Bandaríkin í gagnkvæmum nemendaskiptum við eitt hundrað fimmtíu og fimm lönd. Það var trú stjórnmálamannsins að slík samskipti væru eitt öflugasta vopn mannkynsins til að stuðla að bættum samskiptum og friði í heiminum. Í hugmyndinni, sem starfsemi samtakanna grundvallast á, felst hugsjón og trú á mátt menntunar til að stuðla að þroska einstaklingsins til að lifa góðu lífi í siðmenntuðu þjóðfélagi. Nú sem fyrr er þörf á að tryggja réttlæti, og vinna gegn ofbeldi og óöld, og draga úr líkum á ofsóknum á hendur þjóðum og þjóðarbrotum. Til viðbótar við hinn hefðbundna styrk til framhaldsnáms er nú komin ánægjuleg viðbót sem gefur fleirum tækifæri til að dveljast í Bandaríkjunum. Þessi breyting gerði það að verkum að mér áskotnaðist að dveljast í sólríkar fimm vikur í Kansas sumarið sem leið.

Þegar ég í upphafi árs heyrði af styrk til að sækja sumarnámsstefnu í umhverfisfræðum þekkti ég ekkert til Fulbright samtakanna eða starfsemi þeirra. Námsráðgjöfum í öllum framhalds- og háskólum landsins hafði verið sendur tölvupóstur með upplýsingum um styrkinn. Um var að ræða námsstefnu fyrir evrópsk ungmenni haldna í bandarískum háskóla og að þessu sinni í Kansas.

Hópurinn sem valdist saman voru tuttugu ungmenni á aldrinum 18-22 ára frá þrettán Evrópulöndum. Námsstefnan samanstóð af margvíslegum námskeiðum á sviði umhverfisfræða en jafnframt fengum við innsýn í bandaríska menningu og þjóðfélag með ýmsum hætti. T.d. vorum við boðin í mat á einkaheimili, fórum á hafnaboltaleik, á tónlistarhátíð og meira að segja í brúðkaup! Það var mikil upplifun og frábær skemmtun.

**Eins og lífið sjálft**

En af hverju skyldi mig langa til að deila þessu með þér kæri lesandi? Jú, það sem var sérstakt við þennan hóp ungmenna var að við vorum valin eftir nýjum leiðum. Var fyrst litið til ákveðinna skilyrða um ríkisborgararétt, aldur, námsárangur o.fl. en að því loknu var fyrst og fremst leitað eftir umsækjendum sem kæmu úr minnihlutahópum eða sem höfðu glímt við félagslega krefjandi aðstæður. Hópurinn var því eins og lífið sjálft er, safn fjölbreyttra og ólíkra einstaklinga sem allir hafa e-ð fram að færa. Þetta voru einstaklingar með ólíka menningu að baki, með mismunandi trúarbrögð og af flestum kynþáttum.

Ég er með meðfædda CP fötlun. Að komast til Bandaríkjanna og dvelja þar var því einstök upplifun fyrir mig. Þetta var tækifæri sem ég hafði aldrei gert mér í hugarlund að stæði mér til boða. Óneitanlega var ég kvíðin fyrir ferðina því ég vissi ekki hvað biði mín. Kæmist ég í hjólastólnum það sem hópurinn færi eða yrði námsefnið það flókið að ég mundi ekki ráða við það? Ævintýrið um Galdrakarlinn í Oz gerist í Kansas og kemst söguhetjan Dórothea í kynni við huglaust ljón, heilalausa fuglahræðu og skógarhöggsmann úr tini sem var án hjarta. Á leið sinni til galdrakarlsins þurfa þau að mæta sínum áskorunum sem reyna á kjark, hugvit og kærleik. Á sama hátt þurfti ég, á meðan á dvölinni stóð, að mæta: Mínu huglausa ljóni og telja í mig kjark, kljást við fuglahræðuna mína og reyna á heilahvelin og finna skógarhöggsmanninn í mér með kærleik til allra. Það var tilfinningaríkt kveðjustund á flugvellinum í Washington þegar hvert okkar hélt til síns heima og tárin láku niður kinnar hjá okkur mörgum. Þarna eignaðist ég góða vini.

**➜ Ég er með meðfædda CP fötlun. Að komast til Bandaríkjanna og dvelja þar var því einstök upplifun fyrir mig. Þetta var tækifæri sem ég hafði aldrei gert mér í hugarlund að stæði mér til boða. Óneitanlega var ég kvíðin fyrir ferðina því ég vissi ekki hvað biði mín. Kæmist ég í hjólastólnum það sem hópurinn færi eða yrði námsefnið það flókið að ég myndi ekki…**

# Gálgahraun

NÁTTÚRUVERND



Halldór Ólafsson
rennismiður á eftirlaunum

Eftir að hafa fylgst með því ónauðsynlega hervirki sem framið er þessa daga í Gálgahrauni er mér æ oftar hugsað til þriggja frumherja náttúruverndar á Íslandi. Þar á ég við þau Sigríði Tómasdóttur í Brattholti, sem bjargaði Gullfossi frá erlendum auðhringum, Guðmund Davíðsson kennara, sem barðist fyrir friðun Þingvalla og hvatti stjórnvöld til þess að gera staðinn að þjóðgarði, og Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, sem ásamt fleirum samdi fyrstu náttúruverndarlögin er samþykkt voru á Alþingi.

Hvernig liti landið okkar út ef þetta framsýna fólk hefði ekki haft vit fyrir okkur á sínum tíma? Þá er hætt við að ásýnd landsins væri með öðrum brag því reynslan sýnir að fégráðugt og tilfinningasljótt fólk virðir ekki náttúruna ef hagsmunir þess og náttúra landsins stangast á.

Þegar Sigurður Þórarinsson kom heim frá námi og störfum í Svíþjóð undir lok heimsstyrjaldarinnar síðari blöskraði honum umgengni landa sinna og óvirðing þeirra fyrir náttúrunni. Hann sá að við svo búið mátti ekki standa og hóf að skrifa greinar í blöð og tímarit um náttúruvernd, einnig hélt hann erindi um sama efni í útvarp og hjá félagasamtökum. Grein sem Sigurður skrifaði í Náttúrufræðinginn 1950 hristi loksins svo upp í stjórnvöldum að honum, ásamt Kristjáni Eldjárn þjóðminjaverði, Finni Guðmundssyni fuglafræðingi og Ármanni Snævarr lögfræðiprófessor, var falið að semja frumvarp til laga um náttúruvernd. Þetta var fyrsta heildarlöggjöf Íslendinga um náttúruvernd.

**Þörf lesning**

Grein Sigurðar í Náttúrufræðingnum er löng og ýtarleg en hér á eftir fer örstuttur útdráttur sem er þörf lesning:

„Við lifum á tímum, sem meta flest til silfurs og seðla og kalla það raunsæi, en nefna e.t.v. trú á þau verðmæti, sem ég hef hér talið að vernda þyrfti, rómantík og flótta frá veruleikanum. En til eru þau verðmæti, sem ekki verða metin til fjár og eru það þó þau, sem gefa mannlegu lífi innihald og meiningu og er ekki vafasamt raunsæi að vanmeta þau? Seðlarnir fúna og við, sem þeim söfnum, fúnum líka, en við fáum ekki umflúið dóm komandi kynslóða um það, hvernig við skiluðum landinu okkar í þeirra hendur. Það er stundum hægt að bæta tjón af fjármálalegum eða pólitískum afglöpum, en fordjarfanir á náttúrumenjum eru í flokki þeirra afglapa, sem ekki verða bætt. Allt gull veraldar getur ekki gefið okkur aftur einn einasta gervigíg, og engin nýsköpunartæki getur byggt Rauðhólana upp að nýju."

Svo mörg voru þau orð. Ég held að öll grein Sigurðar Þórarinssonar sem birtist í Náttúrufræðingnum 1950 sé holl og þörf lesning öllum Íslendingum en þó einkum ráðherrum og öðrum limum hins svokallaða háa Alþingis, borgar og bæjarstjórnarfulltrúum, starfsmönnum Vegagerðarinnar, verktökum og reyndar öllum þeim sem hafa með umsýslan ósnortins lands að gera. Einnig er ástæða til að benda þessu sama fólki á grein Nóbelskáldsins Halldórs Kiljan Laxness er hann nefndi „Hernaðurinn gegn landinu" og birtist í Morgunblaðinu á gamlársdag 1970. Ég vil að lokum lýsa aðdáun minni á því fólki sem staðið hefur vaktina í Gálgahrauni undanfarið. Það sýnir að enn eru til Íslendingar sem þora að mótmæla gerræðislegum framkvæmdum yfirvalda sem gerðar eru undir lögregluvernd.

**➜ Hvernig liti landið okkar út ef þetta framsýna fólk hefði ekki haft vit fyrir okkur á sínum tíma?**

# Öryrkjar og jólin - Velsæld eða ójöfnuður

SAMFÉLAG



Valgeir Matthías Pálsson
öryrki

Margir öryrkjar eiga um sárt að binda nú þegar líður að einni helgustu hátíð kristinna manna, þ.e. jólum. Margir eiga ekki í sig og á og í raun er ástandið þannig að margir svelta þegar líður á hvern einasta mánuð ársins vegna þess að bætur almannatrygginga duga ekki til framfærslu og venjulegra útgjalda, sem fylgir því að vera manneskja og lifa með reisn.

Neysluviðmið hinna ýmsu aðila hér á Íslandi eru kolröng. Þau eru ekki í neinum takti við raunveruleikann sem við öryrkjum blasir í hinu daglega lífi. Neysluviðmiðin eru illa unnin og í þau vantar ýmsa útgjaldaliði sem taka sinn skerf af mánaðarlegri neyslu.

Margir öryrkjar þjást vegna þess að þeir geta ekki leyst út lífsnauðsynleg lyf sín. Margir þurfa að velja um það hvort þeir leysa út lyf sín eða borða. Það er slæmt vegna þess að þetta hvoru tveggja er jú lífsnauðsynlegt hluti þess að lifa og fúnkera rétt í samfélaginu.

Hjálparstofnanir hafa ekki við að afgreiða umsóknir frá illa stöddu fólki sem er í svo mikilli neyð oft á tíðum að það hálfa væri miklu meira en nóg. Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp Íslands taka við umsóknum um jólaaðstoð frá fólki sem kýs að leita aðstoðar en á einhverjum þessara staða er búið að loka fyrir umsóknir um jólaaðstoð.

Ég get fullyrt það að ástandið og fátæktin hefur aldrei verið jafn mikil og nú á árinu 2013! Því er skelfilegt að horfa upp á þetta ástand. Við Íslendingar erum rúmlega 320.000 talsins. Hvernig má það vera að hér á landi svelti fólk og eigi ekki fyrir nauðsynjum?

**Mikil örvænting**

Margt fólk er í mikilli örvæntingu og þetta sama fólk íhugar oft á tíðum sjálfsvíg vegna þess að það sér enga aðra leið færa út úr vandanum. Það getur verið sárt að geta ekki gefið sínum nánustu gjafir eða glatt aðra á hátíðum eins og jólum.

Ég hef sjálfur reynt sjálfsvíg vegna þess að ég hef ekki séð neinar færar leiðir til lausnar á mínum vanda. Síðast reyndi ég sjálfsvíg rétt fyrir jólin 2011, en þá sá ég enga aðra leið færa. Mér fannst tilveran einskis virði og fjárhagurinn var í molum.

Mér finnst að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra ætti að bæta öryrkjum upp þann skaða sem þeir hafa orðið fyrir á síðustu mánuðum og árum. Það er ekki réttlætanlegt að við sem þjóðfélagshópur í þessu landi séum skilin eftir þegar kemur að kjaraleiðréttingu og bættum kjörum.

Besta jólagjöf mín og hvers öryrkja á Íslandi í dag frá ráðamönnum Íslands væri auðvitað sú að bætur myndu hækka allverulega. Þá gætum við svo mörg átt miklu betra líf en við eigum í dag.

**➜ Margir öryrkjar eru á strípuðum bótum og hafa ekkert annað en bætur frá Tryggingastofnun.**

Margir öryrkjar eru á strípuðum bótum og hafa ekkert annað en bætur frá Tryggingastofnun. Hafa ekki lífeyrissjóði að hlaupa í eða neitt það annað sem gæti komið til hjálpar.

Hjálpum Þeim var gott lag sem sungið var fyrir sveltandi börn úti í hinum stóra heimi á sínum tíma. Afhverju getur ríkisstjórn Íslands rétt þessum börnum hjálparhönd en svelt þess í stað íslenska þegna sem svo oft eru kallaðir öryrkjar og lifa á Íslandi.

Ísland er ríkt land, en samt sveltur hér fólk!

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## Á HÁTÍÐLEGUM NÓTUM

**Sigga Beinteins heldur sína árlegu jólatónleika í Háskólabíói annað kvöld kl. 20 og á laugardagskvöldið. Tónleikarnir „Á hátíðlegum nótum“ verða með afslöppuðu og hátíðlegu andrúmslofti. Með Siggu syngja Egill Ólafsson, Guðrún Gunnarsdóttir og Valgerður Guðnadóttir.**








**SÉRFRAMLEITT** Brasilian Tan er sérframleitt fyrir íslenskan markað í Bandaríkjunum. Það er eitt vinsælasta brúnkukremið á markaðnum.






# EITT VINSÆLASTA BRÚNKUKREMIÐ

**B-TAN KYNNIR** *Módelfitnesskeppandinn Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir notar Brasilian Tan-brúnkukrem og vörur frá Jan Tana til að undirstrika vöðvana.*

Aðalheiður Ýr Ólafsdóttir, einkaþjálfari í World Class, hóf keppni í módelfitness árið 2009 og hefur síðan rakað til sín verðlaunum en hún er meðal annars Íslandsmeistari, bikarmeistari og heimsbikarmeistari í greininni. Hún notar mikið af brúnkukremi til að ýta undir vöxtinn. „Það gerir vöðvana sýnilegri og er ein aðalástæðan fyrir því að það er jafn mikið notað í fitness og raunin er,“ segir Aðalheiður. „Ég hef notað Brasilian Tan frá því ég var sextán og ber það á mig vikulega til að halda jöfnum lit og frísklegu útliti allt árið. Vörurnar frá Jan Tana nota ég svo í kringum keppnir,“ segir Aðalheiður sem hefur þegar hafið niðurskurð fyrir Arnold Classic í Ohio í febrúar en hún varð í öðru sæti á sama móti í fyrra. Aðalheiður stefnir ótrauð á toppinn en sigur myndi tryggja henni atvinnumannsskírteini í greininni.

Heildsalan B-Tan sér um innflutning Jan Tana og er framleiðandi Brasilian Tan en Brasilian Tan hefur verið fáanlegt í þrettán ár og frá upphafi verið mest selda brúnkukremið á markaðnum. Það er mikið notað af dönsurum, vaxtarræktarfólki og fólki sem notar brúnkukrem yfirhöfuð. Það er frá sama framleiðanda og Jan Tana en sérblandað fyrir íslenskan markað. B-Tan hefur styrkt Aðalheiði frá upphafi ferilsins.

Aðalheiður segir Brasilian Tan rauðtóna en Jan Tana gultóna. „Jan Tana er aðallega hugsað fyrir keppendur en undir merkjum þess fást þó líka hefðbundin brúnkukrem, svipuð Brasilian Tan.“

Þremur dögum fyrir keppni notar Aðalheiður Jan Tana Skin Prep en með því er líkaminn skrúbbaður hátt og lágt til að gera húðina jafna og hreinsa burt dauðar húðfrumur. Næstu daga er Jan Tana Fast Tan borið á í nokkrum lögum. Að lokum er Jan Tana Glaze sett yfir svo liturinn haldist og húðin fái ljóma. Ef eitthvað misferst er svo alltaf hægt að nota Glaze og svamp til að stroka út.

Aðalheiður mælir hiklaust með vörum frá B-Tan. „Þær lita ekki föt en komi slikja í ljósan fatnað fer hún auðveldlega úr í þvotti.“ Aðalheiður segir alls ekki ráðlegt að fara í ljós. „Kremin gefa mun betri árangur og fara miklu betur með húðina.“

Þess má geta að allir keppendur í Ungfrú Ísland 2013 notuðu Brasilian Tan og var Brasilian Tan-stúlkan valin í fyrsta skipti. Þá nafnbót fékk Hildur Karen Jóhannsdóttir. Brasilian Tan verður framvegis fáanlegt víðar en á Íslandi en nýlega var gerður samningur við Kris J. sem mun dreifa vörunni í Bretlandi. Eins liggur fyrir samningur við Skandinavian Tan. Allar nánari upplýsingar og yfirlit yfir sölustaði er að finna á www.heilsaogutlit.is



**GERIR VÖÐVANA SÝNILEGRI** Hér er Aðalheiður með brúnkukrem og glans frá Jan Tana.









# ÍSLENSKT ÚR ULL

**HLÝTT Í KULDANUM** *Kuldaboli bítur hressilega í kinnarnar þessa dagana og eina vitið að dúða sig duglega. Ekki þarf að leita langt yfir skammt eftir hlýjum og flottum flíkum í frostinu yst sem innst. Úr smiðju íslenskra hönnuða er af nægu að taka.*

Hvort sem efniviðurinn er íslensk ull eða ekki eru íslenskir hönnuðir duglegir að hanna ullarvörur. Nýjar vörur komu á markað í haust frá Vík Prjónsdóttur og von er á nýrri ullarslá frá hönnuðum Geysis á næstu dögum. Farmers Market heldur hita á köldum kroppum með kósí ullarnærfötum og hnausþykkar slár og peysur með hressilegu munstri eru aðalsmerki Lúka Art. Allir þessir hönnuðir halda úti Facebooksíðum þar sem fylgjast má með því nýjasta frá þeim hverju sinni.

■ heida@365.is


VÍK PRJÓNSDÓTTIR

FLUGA DESIGN


FARMERS MARKET

GEYSIR

LÚKA ART

**ULLIN ER Í TÍSKU** Íslenskar ullarvörur eru hlýjar og góðar í vetrarkuldanum.


Flott jólaföt fyrir flottar konur
Stærðir 38-58



Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is





“Heitar” peysur
2 litir: orange og svart.
Stærð S - XXL
Verð 8.900 kr.
Opið í dag fimmtudag kl. 11–20.
Nýtt kortatímabil.
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516





SKVÍSAÐU ÞIG UPP FYRIR JÓLIN
FLOTT ÚRVAL AF FATNAÐI Í STÆRÐUM 14-28
Afgreiðslutímar í verslun okkar að Nóatúni 17
Alla virka daga kl: 12-18
og Laugardaga kl: 12-16
Úrvalið er á www.curvy.is
SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER
Curvy.is
Sími 581-1552
Nóatún 17 , 105 RVK
www.curvy.is



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# *Jólagjafahugmyndir fyrir hana!*

**Leðurstígvél - loðkragi - slæða - leðurjakki - poncho - ullarkápa - dúnúlpa - blússa - leðurtaska - peysa - sparikjóll - gjafakort**



## 20% afsláttur af öllum skóm!
## Gjafainnpökkun



**Sendum frítt um land allt fram að jólum**

*hjá Hrafnhildi*

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Ferðaáætlun
Ferðafélags Íslands 2014
Birtist á heimasíðu FÍ
fimmtudaginn 12. desember
www.fi.is
Skráðu þig inn – drífðu þig út
Ferðafélag íslands • www.fi.is • fi@fi.is • Sími 568 2533



ÆVINTÝRI Kristrún Linda Kristinsdóttir farðaði þetta ævintýralega par. MYND/ALDÍS PÁLS



LÍSA Jóna Þórðardóttir farðaði þessa skemmtilegu Lísu í Undralandi. MYND/ALDÍS PÁLS

# SKREYTTIR SKROKKAR



**FÖRÐUN** *Nemendur Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar þreyttu á dögunum lokaverkefni sitt í skólanum. Verkefnið snerist um fantasíuförðun.*

Þetta er lokaverkefni nemenda okkar sem þeir vinna að alla önnina,“ segir Selma Karlsdóttir, förðunarfræðingur og kennari við Förðunarskóla Snyrtiakademíunnar. Fimmtán nemendur hafa stundað nám á 14 vikna námskeiði skólans og í liðinni viku var komið að því að sýna afrakstur mikillar þróunarvinnu. „Við upphaf annarinnar völdu þau sér þema sem átti annaðhvort að snúast um listamann eða frægan kvikmyndaleikstjóra. Síðan unnum við þetta með þeim, teiknuðum upp og gerðum sýnishorn,“ segir Selma en útkoman er ansi skemmtileg. Verkefnin eru að mestu byggð á líkamsförðun en einnig tvinnast saman við annars konar hugmyndir og jafnvel saumaskapur.

Selma segist finna fyrir auknum áhuga á förðun en á námskeiði Förðunarskólans læra nemendur allt frá almennri förðun, brúðarförðun og fantasíuförðun upp í lýtaförðun þar sem búin eru til ör, stækkuð nef og mótaðir skallar. „Við fylgjum nemendum okkar eftir þegar þeir hafa lokið námi enda gaman að sjá hvernig þeir standa sig,“ segir Selma og nefnir að sumir fáist við áhugaverð verkefni í kjölfar námsins. „Margir fara að vinna í kvikmyndaverkefnum. Ein stelpa er til dæmis að vinna við Game of Thrones og önnur í Latabæ. Það er gaman að geta séð á eftir nemendunum í svona skemmtileg verkefni.“



**LOKAVERKEFNI** Hver nemandi mætti með sitt eigið módel. MYND/STEFÁN





**FARÐAÐ** Lokadagurinn er annasamur. Hann hefst klukkan níu að morgni og lýkur tólf tímum síðar eftir heils dags förðun og myndatökur. MYND/STEFÁN

Nú er allra veðra von
Upphár herrakuldaskór úr leðri og fóðraðir með lambsgæru. Góður sóli.
Litir: brúnt og svart
Stærðir: 40 - 48
Verð: 29.950
Verslunin verður opin í desember sem hér segir.
Mán. - föst. 10 - 18
lau. 14. des. 10 - 16
lau 21. des 10 - 18
Þorláksmessu: 10 - 20
Aðfangadag: 10 - 12
Misty skór Laugavegi 178





GLÆSILEGT
fyrir allar konur
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
opið lau 14.des kl. 10-16
opið lau 21.des kl. 10-18
opið Þorláksmessu kl. 10-20
Vertu vinur

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is
SAFT



# Tilboð

**Stór pizza**
með 2 áleggjum
á **1.890 kr.** (sótt)



## Hádegis tilboð
Lítil pizza með 3
áleggjum og Coke í dós
**1.090 kr.**

## Fjölskyldu tilboð
Stór pizza með 2 áleggjum. 12"
hvítlauksbrauð/margaritu,
stór brauðstangir og 2L Coke
**3.790 kr.** (sótt)

## Heimsent tilboð
Stór pizza með 2 áleggjum.
Stór brauðstangir og 2L Coke.
**3.450 kr.**

## Opnunartímar
**Dalvegi 2, Kópavogi**
Opið alla daga frá 11-00

**Dalshrauni 13, Hafnarfirði**
Sun. - Fim: 11-23 Fös. - Lau: 11-23:30

**www.castello.is - S: 577 3333**

Castello
PIZZERIA

# Kebab er góður skyndibiti

## Kebab
**með lambakjöti eða kjúklingi**
Með frönskum
eða salati og gosi.
**1.550 kr.**



## Durum kebab
**með lambakjöti eða kjúklingi**
Með frönskum
eða salati og gosi.
**1.550 kr.**



## Parma borgari
Með frönskum eða
salati og gosi.
**1.450 kr.**



Kebab Center

**Opið alla daga frá 10 til 22**
Dalvegi 2 Kópavogi · Sími 581 1717
**www.kebab-center.is**


**ROCKEFELLER CENTER** Mariah Carey tróð upp í rauðum kjól þegar kveikt var á jólatrénu í Rockefeller Center í New York.


**LONDON** Leikkonan Myanna Buring sem leikur Ednu í Downton Abbey var í rauðum kjól þegar hún mætti á kvikmyndahátíð í London á sunnudag.


**HOLLYWOOD** Söngkonan Paula Abdul kemur í heiðursfagnað „TrevorLIVE Los Angeles" í Hollywood á sunnudag.


**MAROKKÓ** Franska leikkonan Sarah Barzyk Aubrey mætir hér á alþjóðlega kvikmyndahátíð í Marokkó fyrir nokkrum dögum.


**WASHINGTON** Eiginkona stórsöngvarans Tonys Bennett, Susan Crow, kemur í Listamiðstöð Kennedy Center í Washington á sunnudag, íklædd rauðum kjól.


**PARÍS** Franska Óskarsverðlaunaleikkonan Juliette Binoche sem lék í kvikmyndinni Chocolat kemur hér á sýningu Cartier í Paris.


**LONDON** Íþróttastjarnan Denise Lewis mætti í rauðum kjól við afhendingu íþróttaverðlauna í Konunglega óperuhúsinu í London.

# KONUR Í RAUÐUM JÓLAKJÓLUM

**GLÆSILEGT** *Jólakjóllinn á að vera rauður ef marka má hversu vinsæll sá litur virðist vera um þessar mundir. Hér eru nokkrar þekktar konur sem hafa mætt í rauðu á hinar ýmsu athafnir síðustu daga.*

Mariah Carey tróð upp í Rockefeller Center þegar kveikt var á hinu fræga jólatré í miðbæ New York. Mariah kom fyrst fram í rauðum kjól en skipti síðan yfir í hvítan. Mariah Carey, sem er 43 ára, vakti mikla athygli fyrir þennan jólalega klæðnað. Við rauða kjólinn bar hún svarta hanska. Með söngkonunni á sviðinu var danshópur sem klæddist eins og álfar og þótti atriðið vel heppnað.

Jólatréð í Rockefeller Center þykir eitt hið fegursta í heimi og Bandaríkjamenn, sem ekki eru á staðnum, geta fylgst með hátíðinni í beinni útsendingu í sjónvarpinu. Það var borgarstjórinn í New York, Michael Bloomberg, sem kveikti á trénu sem skartar LED-ljósum og stjörnu úr Swarovski-steinum. Risajólatré hefur verið sett upp fyrir hver jól í Rockefeller Center frá árinu 1933.

Það eru fleiri þekktar konur sem mæta rauðklæddar á mannfagnaði þessa dagana. Reyndar eru þær óvenju margar, konurnar sem skarta rauðu nú á aðventuWnni. Eins og sjá má á myndunum klæðast þær rauðum kjólum við hin ýmsu tilefni og oft er eitthvað svart haft með.

Kjólarnir eru sparilegir en ólíkir.






# HÁTÍÐARMATUR

FIMMTUDAGUR 12. DESEMBER 2013 | **Kynningarblað** Purusteik, jólasíld, eplasalat og hollara jólakonfekt.



„Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt samstarf. Þegar ég ákvað að skrifa bókina og gefa út kom aldrei annað til greina en að láta pabba teikna myndirnar," segir Gói. Faðir hans, Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup Íslands, myndskreytir bók sonar síns. MYND/PJETUR

# Missa sig ekki í smákökunum

**Jólasíld og mömmukökur skipa stóran sess í jólahaldi leikarans Góa. Hann gaf nýlega út fyrstu barnabókina sína en faðir hans, Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup Íslands, myndskreytir hana. Hann stefnir á að skrifa fleiri bækur í framtíðinni.**

Nýlega gaf leikarinn góðkunni Guðjón Davíð Karlsson, betur þekktur sem Gói, út fyrstu bók sína. Um er að ræða barnabókina Jólaandinn en hún er jólasaga fyrir alla fjölskylduna. Bókin er lauslega byggð á sýningunni Hinn eini sanni jólaandi eftir Góa sem sett var á svið fyrir síðustu jól í Borgarleikhúsinu. Gói segir að eftir að sýningum lauk hafi hann breytt sögunni og endurskrifað hana að hluta til og afurðin sé nú komin út hjá bókaforlaginu Uglu. „Þetta er búin að vera svakalega skemmtileg vinna við bókina enda alltaf gaman að fá hugmynd sem tekst að koma frá sér. Nú langar mig að skrifa fleiri bækur."

## Listrænn pabbi

Faðir Góa, Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup Íslands, myndskreytir bókina en hann er að sögn Góa mjög góður teiknari. „Þetta er búið að vera ótrúlega skemmtilegt samstarf. Þegar ég ákvað að skrifa bókina og gefa út kom aldrei annað til greina en að láta pabba teikna myndirnar. Hann teiknaði alla afmælisdúka fyrir okkur systkinin þegar við vorum yngri og gerir enn fyrir börnin okkar. Svo teiknar hann enn þá jóla- og afmæliskort." Hann segir föður sinn þó hafa verið tregan til í upphafi og talið alla teikna betur en hann. „Ég hlustaði ekki á hann heldur keypti teikniblokk og tréliti og gaf honum. Hann kom svo með fyrstu skissur seinna sama dag. Hann er ótrúlega listrænn og nákvæmur og þetta er sannarlega búið að vera draumasamstarf."

## Mikið jólabarn

Sjálfur segist Gói vera mikið jólabarn. Þegar þau hjónin eignuðust barn tóku þau ákvörðun um að halda eigin jól heima hjá sér og hafa gert það síðan. „Inga kona mín er frábær kokkur en er svo yndisleg að leyfa mér að sjá að mestu um jólamatinn. Fyrir það er ég henni ævinlega þakklátur. Ég geri humarsúpu í forrétt og nóg af henni svo hægt sé að borða hana á jóladag með foreldrum mínum og tengdaforeldrum. Aðalrétturinn er þó ekkert heilagur, við höfum til dæmis verið með kalkúnaskip og hamborgarhrygg undanfarin ár."

## Góðar mömmukökur

Ein nýleg jólahefð á heimili þeirra hjóna er gerð jólasíldar en uppskriftina má finna hér til hliðar. „Rebekka og Gunni vinir okkar hafa gefið okkur síld en hana fáum við tilbúna til maríneringar. Það er ótrúlega gaman að prófa eitthvað nýtt heima fyrir og ég mæli svo sannarlega með henni. Við erum hins vegar ekkert að missa okkur í smákökunum. Það getur hins vegar ekkert stoppað mig þegar mamma gerir mömmukökur. Þá er ekki séns að afþakka. Úff, ég er orðinn svangur!"

Hjónin verða bæði að vinna eitthvað yfir jólahátíðina en stefnan er þó sett á að finna jólaandann og njóta tímans. „Kona mín er ljósmóðir og vinnur eitthvað yfir jólin. Sjálfur er ég að sýna í Mary Poppins en við erum dugleg við að finna lausa stund og njóta þess að vera saman. Þá er bara málið að leika sér við börnin, fara í göngutúra og fá sér síld. Svo er náttúrulega miðnæturmessan í Dómkirkjunni sem pabbi sér um. Það er ekki hægt að sleppa henni."

## Uppáhaldsjólasíldin hans Góa

5 kg af útvatnaðri síld í saltvatni
3,5 lítrar vatn
2 kg sykur
2 laukar, sneiddir
2 rauðlaukar, sneiddir
2 stk. paprika, sneidd í ræmur
½ pakki lárviðarlauf
Svört og rauð piparkorn

*Síld skoluð vel og skorin í bita. 2 kílóum af sykri og 3,5 lítrum af vatni blandað saman og soðið. Sykurlögur kældur og síldinni blandað út í ásamt hálfum lítra af edikssýru. Sneidda lauknum bætt út í og paprikunni ásamt lárviðarlaufinu. Látið standa í minnst 4 daga á köldum dimmum stað. Smakkað til og ediki eða vatni bætt við eftir þörfum. Látið standa í 1-2 daga til viðbótar og svo sett í krukkur. Svörtum og rauðum piparkornum bætt út í krukkurnar.*





Girnileg purusteik á jólaborðið.



Hefðbundið Waldorfsalat.



Appelsínusoðnar gulrætur.

# Purusteik á jólaborðið

Purusteik er einstaklega góð og ekki er verra að hún er ódýr. Margir kjósa að hafa purusteik á jólum, enda kemur góður ilmur í húsið þegar hún er elduð. Það er einfalt að útbúa purusteik og meðlætið getur verið eftir smekk hvers og eins.

Kjötið þarf að vera vel hangið og því er best að geyma það tvo til þrjá daga í ísskáp áður en það er notað. Það þarf að vanda sig við puruna til að ná henni stökkri og góðri en það er alls ekki erfitt.

Byrjið á því að skera í puruna niður að kjöti. Um það bil hálfur bolli af grófu salti, 10 lárviðarlauf og matskeið af negulnöglum er sett í matvinnsluvél eða mortél og mulið. Stráið blöndunni vel yfir puruna og nuddið henni í hana.

Kjötið er sett á grind í ofnskúffu og steikt við 180°C í einn og hálfan tíma, miðað við þrjú kíló af kjöti. Þegar kjötið er tekið út er mesta saltið þurrkað burt og látið hvíla í 10-15 mínútur áður en það er skorið niður.

Danir bera fram sykurbrúnaðar kartöflur, sveskjur, epli og rauðkál með steikinni. Við stingum upp á appelsínusoðnum gulrótum sem passa mjög vel með svínasteikinni auk þess að vera hollar.

Hægt er að gera sósu úr soðinu sem kemur af kjötinu auk þess sem hægt er að útbúa meira soð með því að sjóða upp grænmeti. Gott er að setja rauðvín í sósuna og smávegis rjóma og bragðbæta með salti, pipar og jafnvel smávegis trönuberjasultu og gráðosti.

## Appelsínugulrætur

10 gulrætur
8 dl nýkreistur appelsínusafi
börkur af ¼ appelsínu
1 stjörnuanís
4 negulnaglar
1 tsk. rifin engiferrót
50 g smjör
2 msk. fínt skorin blaðsteinselja

*Skrælið gulræturnar og kljúfið þær í tvennt, síðan í þrennt þannig að þær verði eins og mjóir stafir. Setjið gulræturnar í pott með appelsínusafanum, appelsínuberki, stjörnuanís, negulnöglum og engifer. Látið liggja smástund en takið þá gulræturnar og börkinn upp úr og sjóðið appelsínusafann niður til hálfs. Þá er smjör þeytt saman við og steinseljan. Setjið gulræturnar aftur í pottinn og hitið áður en þær eru bornar fram í sósunni.*

## Waldorfsalat

*Þetta er hefðbundið salat á jólaborðið og passar sérstaklega vel með svínakjöti.*

6 epli
5 sellerístilkar
1 lítil dós ananas í bitum
100 g valhnetur
2½ dl majónes
2½ dl þeyttur rjómi
½ sítróna
300 g dökk vínber

*Skerið epli í litla bita ásamt selleríinu og ananasbitunum. Blandið saman majónesi og rjóma. Blandið öllu saman og setjið smávegis sítrónusafa út í, jafnvel líka safa af ananasinum. Setjið valhnetur og vínber úti.*




## BARNVÆNT EPLASALAT MEÐ HRYGGNUM

Ananas og epli hafa löngum þótt passa með hamborgarhryggnum. Hann er oftar en ekki eldaður með ananassneiðum og borinn fram með eplasalati – gjarnan Waldorf. Börnin eru þó ekki endilega hrifin af því enda gerir selleríið það örlítið rammt.

**Hér er barnvæn útgáfa**

1 dós grísk jógúrt (má líka nota sama magn af majónesi og sýrðum rjóma – til helminga)
1 lítil niðursuðudós ananas
1 grænt epli
sykur eftir smekk

*Hrærið saman jógúrt og safanum úr ananasdósinni. Bragðbætið með sykri. Bætið ananasbitunum út í. Skerið eplin í bita og bætið út í. Hrærið saman við jógúrtina. Salatið passar best með reyktu svínakjöti.*



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Ívar Örn Hansen, s. 512 5429, ivarorn@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.


í hátíðarskapi með Del Monte
Fullkomnaðu jólamatinn með niðursoðnum ávöxtum frá Del Monte
Del Monte Quality ®
Crushed Pineapple
Apricot Halves IN LIGHT SYRUP
Peach Halves IN LIGHT SYRUP
Pear Halves IN LIGHT SYRUP
Apricot Halves
Del Monte Quality
Fruit Cocktail IN LIGHT SYRUP
Pear Halves
Sliced Pineapple
Del Monte Quality ®
Ómissandi í forréttinn, aðalréttinn, eftirréttinn og baksturinn



Gómsætt en örlítið sykurminna sælgæti með kaffinu eftir matinn.

MYND/INGREDIENTSINC.WORDPRESS.COM

## SYKURMINNA SÆLGÆTI Á AÐVENTU

**Þó gaman sé að maula sælgæti** og kökur á aðventunni er ekki hollt að innbyrða mikið magn af sykri. Vel er hægt að útbúa gómsætt jólagotterí án þess að nota eins mikinn sykur og hefðbundnar smákökuuppskriftir innihalda yfirleitt. Eftirfarandi uppskrift er afar einföld og til dæmis skemmtilegt að útbúa með krökkunum.

### Möndlu- og kókossælgæti

1 bolli saxaðar möndlur
1/4 bolli ósætar kókosflögur
1 bolli Rice Krispies
1 bolli þurrkuð trönuber
650 g hvítt súkkulaði, saxað
2 tsk. matarolía

*Hitið ofninn í 165 gráður. Leggið bökunarpappír á plötu og dreifið möndlunum og ósætu kókosflögunum jafnt á plötuna. Ristið í 5 - 8 mínútur eða þar til kókosflögurnar byrja að dökkna. Takið plötuna út úr ofninum og látið kólna.*

*Blandið möndlunum, kókosflögunum, Rrice Krispies og trönuberjum saman í skál. Takið frá 1/4 bolla af blöndunni og setjið til hliðar. Setjið súkkulaðið og 2 tsk. af matarolíu í pott eða stálskál og bræðið yfir vatnsbaði.*

*Hrærið í þar til súkkulaðið er alveg bráðnað.*

*Takið súkkulaðið af hitanum og blandið saman við möndlumixið. Hellið á bökunarplötu með bökunarpappír og dreifið út í jafnt og þunnt lag. Stráið síðan möndlumixinu sem tekið var frá yfir. Setjið í ísskáp og kælið í 30 mínútur. Brjótið í hæfilega stóra bita og raðið í skál.*

**www.health.com**



## JÓLALEGIR MUNNBITAR

**Eftir sælustund** við veisluborðið er viðeigandi að bera fram sætindi, eftirrétt eða kökur. Þar hitta marengstoppar með espressokremi í mark.

### Marengstoppar

4 stk. eggjahvítur
250 g sykur
vanilla

Stífþeytið eggjahvítur og sykur og bætið við vanilludropum eða vanillukornum. Sprautið litla toppa á plötu og bakið við 140°C í sirka 25 mínútur.

### Espressokrem

4 1/2 tsk. espressokaffiduft
1 msk. vatn
1 bolli kældur rjómi
1/2 bolli mascarpone-ostur
1/2 bolli flórsykur
1/2 tsk. vanilludropar

Leysið kaffiduftið upp í matskeið vatns í stórri skál. Bætið við rjóma, osti, sykri og vanilludropum. Hrærið saman þar til kremið er þykkt og mjúkt. Setjið sem krem á milli marengstoppa og njótið.



## HERRAMANNSMATUR ÚR JÓLAAFGÖNGUM

**Hátíðarmatur er spennandi fæða** enda sjaldséður á borðum hvunndags. Oftar en ekki er svolítið um afganga eftir jólaveislurnar og synd að láta sælkeramatinn fara til spillis. Hægt er að gera sér góða veislu úr afgöngum jólasteikurinnar. Dásamlegt er að framreiða samlokur eða innbakaða kjötafganga í smjördeigi á notalegum stundum. Þannig fær kaldur kalkúnn á sig freistandi og hátíðlegan brag framreiddur í hamborgarabrauði með fyllingu sína sem undirlag og trönuberjasultu ofan á.






**ÁHEITASÖFNUN** á www.jolapeysan.is

**Styrktu verkefni Barnaheilla og sendu SMS með textanum „jol" í síma 903 1510 - 903 1520 - 903 1550 fyrir 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.**







# SENDUM FRÍTT ÚT Á LAND TIL JÓLA

-Fleiri myndir og verð á Facebook-



Peysa- 16.900kr.



Skyrta - 12.900kr.



Bolur- 6.900kr.



Skyrta- 10.900kr.



Skyrta- 14.900kr.



Peysa - 10.900kr.



Skyrta- 16.900kr.



Úlpa- 28.900kr.



Skyrta - 14.900kr.

SUIT-REYKJAVÍK








Velkomin í nýja verzlun
á Skólavörðustíg 6

## SUIT - REYKJAVÍK



Bolur- 6.900kr.



Peysa - 12.900kr.



Peysa- 16.900kr.



Dúnvesti - 29.900kr.



Skyrta- 14.900kr.



Peysa - 10.900kr.



Jakki - 34.900kr.



Peysa- 14.900kr.



Skyrta - 12.900kr.

suit@suit.is www.suit.is Skólavörðustíg 6 s. 527-2820

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



Kia Sorento III Ex Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. 1 eigandi. Akksturstölva. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048



Suzuki Grand Vitara Lux 6/2010 ek.44þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ekki bílaleigubíll. Ásett verð 3.990.000.- Rnr.104187



Toyota Hilux Double Cab D/C 4/2007 ek.112þús. Sjálfskiptur. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.104228

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Stofnað 1974
Bílamarkaðurinn



AUDI Q7 Quattro S line.dísel Árgerð 2012, ekinn 33 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 11.490.000. Rnr.223070. BILAMARKAÐURINN 5671800



HONDA Cr-v elegance. Árgerð 2012, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.690.000. Rnr.230558. BÍLAMARKAÐURINN 5671800



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2009, ekinn 87 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.toppeintak Verð 6.900.000. Rnr.223032. BÍLAMARKAÐURINN 5671800

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



**TILBOÐ 2.390.000.-**

BMW M5 401 HÖ. Árgerð 2000,ek. aðeins 146.þ km,6 gírar,hrikalega vel með farinn,nýjar M5 felgur og bremsur,ný olíu á öllu,er á staðnum. Rnr.104009.S:562-1717.



**TILBOÐ 3.990.000.-**

M.BENZ SPRINTER 313 CDI 4X4 - 9 MANNA.Árg.'06,ek.aðeins 115.þ km,einn eigandi,lítur vel út,háþekja,5 gíra,er á staðnum.Rnr.104036. S:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



MERCEDES BENZ E 350 cdi 4matic . Árgerð 2010, ekinn 151 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.160754. Verð nú kr: 6.450.000,-



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.790.000. Rnr.990655. 6.5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Auris 1.4 sol dísel. Árgerð 2008, ekinn 105 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.160705.



OPEL Astra enjoy turbo. Árgerð 2008, ekinn 81 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.150.000. Rnr.990461. VERÐ NÚ kr: 1.790.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Lynx 600rs. Árgerð 2008 120" Ekinn 2300km Verð 890.000.- Tilboðsverð 790.000.-



Polaris sks 800 Árgerð 2003 144" Rafstart & töskur Ekinn 4500 km Verð 490.000.-



Lynx Xtrim 800 Árgerð 2008 144" Rafstart,negldur,stýrishækkun. Ekinn 5200 km Verð 990.000.- Tilboð 790.000.-



Ski Doo MXZ 800 etec Árgerð 2013 120" Nýr sýningarsleði rMotion, handahlífar ofl. Verð 3.190.000.- Tilboðsverð 2.650.000.-

**Ellingsen**
**Fiskislóð 1, 101 Reykjavík**
**http://www.ellingsen.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



BÍLAR og TÆKI TIL SÖLU VELAMIDSTODIN.IS maggi@metanbill.is S:5 800 439



**DEKURBÍLL.**

Toyota Corolla ,03. ek.145 þ.km. Ekkert ryð, gott lakk. Bílasöluverð 850 þús. Verð nú 750 þús. ATH. uppls. s. 898-7762 eftir kl. 15.

## 250-499 þús.



**GULUR SPARIBAUKUR - 280 ÞÚS!**

VW POLO 1.0 árgerð 2001 ek.140 þús, 3ja dyra, beinskiptur, cd, ný skoðaður! eyðir mjög litlu um 5ltr/100 ásett verð 450 þús TILBOÐ 280 þús s.841 8955



**SPARNEYTINN 4X4 JIMNY**

Suzuki Jimny 1.3 árg ,00. ek. 172þús. beinsk. 4x4. hátt og lágt drif. millikassi. nýleg heilsársdekk. samlæsingar. mjög gott viðhald og lýtur mjög vel út. Tilboðsverð aðeins 450þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 450 ÞÚS STAÐGREITT.**

Ford focus árg ,01 ekinn aðeins 145þús km. beinskiptur. skoðaður út 2014. nýleg vetradekk. 5 dyra. eyðsla aðeins ca 6L/100km. fallegur og góður bíll. Tilboðsverð aðeins 450þús stgr. möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í S:659-9696

## 500-999 þús.



**IMPREZA TURBO - LÆKKAÐ VERÐ 790ÞÚS !**

SUBARU IMPREZA GT TURBO árg'99 wagon 17" wrx felgum á góðum nagladekkjum, lakk mjög gott, filmur, topplúga, körfustólar, kastarar, dráttarkrókur ofl verð 790 þús möguleiki á 100% visa láni s.841 8955



**VIRKILEGA SPARNEYTINN 5DYRA BÍLL**

Peugeot 206 árg ,04 ekinn 157þús. beinsk. sk. 14. nýleg vetradekk. 5 dyra. samlæsingar. eyðsla ca 5.5L/100km. mjög heill og góður bíll. ásett verð 750þús. Tilboðsverð aðeins 590þús stgr. Möguleiki á 100% vísa/euro láni. uppl í s:659-9696



**TILBOÐ 550 ÞÚS!**

DODGE STRATUS 2,4 árg 2003 ek.81 þús m. sjálfskiptur, skoðaður 14 fallegur og góður bíll, ásett verð 850 þús TILBOÐ 550 ÞÚS möguleiki á 100% visa/euro s.841 8955

## Bílar óskast

**!!! STAÐGREIÐI ÓDÝRA BÍLA !!!**

98-05"árg. á allt að 250þúsund.. Vantar þig pening STRAX ? eða þarfnast bíllinn þinn lagfæringa og þú vilt losa þig við hann STRAX ? S. 777-3077 eða sendu sms.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól




## Fjórhjól



Til sölu Kymco MXU500 4X4 Götuskráð tveggja manna. 2007 árgerð. Ekið aðeins 4400km. Verð aðeins 690,000,- ATH. VSK nóta getur fylgt þessu hjóli.

## Reiðhjól




## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

bílaland
- NOTAÐIR BÍLAR -
www.bilaland.is



TOYOTA Corolla Wagon. Nýskr. 05/05, ekinn 166 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.190.000** Tilboðsverð 790.000. 100% VISA/ EURO lán mögulegt. Rnr.281093.



HYUNDAI I30 Comfort. Nýskr. 02/08, ekinn 178 Þ.KM, dísel, 5 gírar. **Verð 1.590.000** Tilboðsverð 1.090.000. 100% VISA/ EURO lán mögulegt. Rnr.120290.



PORSCHE Cayenne S. Nýskr. 02/06, ekinn 117 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.380.000** Tilboðsverð 3.380.000. Rnr.280598.



SUZUKI Grand Vitara Premium. Nýskr. 06/11, ekinn 58 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.990.000** Tilboðsverð 2.990.000. Rnr.151520.



KIA Sorento Luxury. Nýskr. 02/11, ekinn 183 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 4.990.000** Tilboðsverð 3.990.000. Rnr.120147.



OPEL Astra Enjoy. Nýskr. 06/08, ekinn 136 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.530.000** Tilboðsverð 1.190.000. Rnr.270537.



HYUNDAI Santa Fe II V6 LUX 7 manna. Nýskr. 08/07, ekinn 123 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.900.000** Tilboðsverð 2.600.000. Rnr.280968.

Klettháls 11
525 8000
www.bilaland.is




# OPIÐ HÚS
Fimmtudag 12. des. 17:00 - 17:30



Allar nánari upplýsingar veitir
**Páll Þórólfsson**
sölufulltrúi
**sími:** 893-9929
pall@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Laus við kaupsamning
91,5 fm íbúð á 2.hæð
Mikið endurnýjuð að innan
Svalir í suðvestur út af stofu
Þrjú rúmgóð svefnherbergi

Verð: **30,5 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 8983206. www.orb.123.is




Ný sending af öryggisskápum frá Chubb, 15% afsláttur til áramóta. Optima ehf. Vínlandsleið 6-8 s. 588-9000 www.optima.is

# JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



## TIL LEIGU / SÖLU
**Hlíðasmári 19, 201 Kópavogur**
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæðum
3. hæð um 896 fm.
4. hæð um 511 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:



**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*

534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Um 1.407 fm. skrifstofuhúsnæði með sameign í lyftuhúsi á 3. og 4. hæð sem skiptist í nokkrar lokaðar skrifstofur og opin rými. Aðgengi að rúmgóðu eldhúsi, 2-3 skjalageymslur og 3 salerni. Lotfræst húsnæði að hluta. Ljósleiðari er í húsinu. Möguleiki er á að leigja hvora hæð fyrir sig. Laust strax!

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL
**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

**Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:**

**Deiliskipulag fyrir minkabú á spildu úr landi Ása í Skeiða- og Gnúpverjahreppi**
Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir nýtt minkabú á spildu úr landi Ása sem liggur að Stóra-Núpsvegi nr. 382, við hlið minkabúsins Mön. Lýsing skipulagsverkefnisins var kynnt skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með auglýsingu sem birtist 22. ágúst sl. í Dagskránni og Fréttablaðinu auk þess sem eigendur aðliggjandi jarða fengu gögnin sent til kynningar. Nú liggur fyrir tillaga að deiliskipulagi svæðisins og hefur sú tillaga verið kynnt með dreifibréfi sem sent var á alla íbúa sveitarfélagsins og var tillagan einnig til sýnis á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi 27. nóvember 2013. Fyrir hagsmunaaðila sem eiga heimili utan sveitarfélags og þá sem ekki gátu komið á kynningarfund þann 27. nóvember verður tillagan nú gerð aðgengileg til kynningar á vef skipulags- og byggingarfulltrúa **http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm** þar til sveitarstjórn hefur tekið deiliskipulagstillöguna til formlegrar afgreiðslu sem gert er ráð fyrir að verði á fundi 7. janúar 2014. Útprentuð gögn verða einnig aðgengileg á skrifstofu sveitarstjórnar í Árnesi frá 13. til 20. desember frá kl. 9-12 og 13-15 mánudaga til fimmtudaga og föstudaga frá 9-12. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og þurfa að berast skipulagsfulltrúa fyrir 3. janúar 2014.

Pétur Ingi Haraldsson
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatni
petur@sudurland.is




# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS
Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Fasteignir.is fylgir Fréttablaðinu á mánudögum.

Félag Fasteignasala
vísir

## ÓDÝR HEIMILSTÆKI
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

## Sjónvarp
Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Bækur




Nafnlausa stúlkan Sönn saga stúlku sem ólst upp hjá hettuöpum í frumskógi Kólumbíu. National Geographic Channel sýnir heimildarmynd um hana í dag, 12. des. kl. 21. www.heimaerbezt.net

# HEILSA

## Heilsuvörur
Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd
**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið
**DO YOU NEED TRANSLATIONS FROM/TO CHINESE?**

**DO YOU WANT TO LEARN CHINESE OR LEARN CHINESE HOME COOKING?**
Tek að mér bréfaskriftir/viðskiptabréf á kínversku.

Contact Wang Yan
**Tel: 5611889/6189645 email: yangliu8304@sina.com**

## Ökukennsla
Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Málverk



Til sölu olíumálverk af Selsundi við Heklu S. 8986111

## Dýrahald



**YNDISLEGIR HVOLPAR**
Hreinræktaðir Dverg Schnauzer hvolpar með ættbók frá HRFÍ til sölu. Tilb. til afh. 14. des. Uppl. í s. 897 6229.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði
Til leigu 3ja herb. íbúð í Funalind, Kópavogi - Laus til afhendingar strax. Langtímaleiga. Verð 185þús per/mán + hússj. og rafm. Uppl. sendist á ibudfunalind@gmail.com

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði
**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði
Óska eftir að ráða mann til vinnu sem er á 1-2 ári í framhaldsskóla og vill vinna með skóla. Mikil vinna f. jól. Umsóknir sendist á ingvi@glersyn.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




NÝR 8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF SJÓÐHEITUM DESEMBERTILBOÐUM
SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA
SPJALDTÖLVUR
DESEMBER TILBOÐ
OPIÐ FRÁ 10-19 ALLA DAGA TIL JÓLA
0% VEXTIR
NÝ VERSLUN
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Alla daga til jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**UNNUR JAKOBSDÓTTIR**
**áður að Digranesvegi 80,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi, þriðjudaginn 3. desember. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 13. desember kl. 13.00.

**Bent Bjarnason** **Helga Helgadóttir**
**Anna Þórdís Bjarnadóttir** **Stefán R. Jónsson**
**Jakob Unnar Bjarnason** **Þóra Kristín Vilhjálmsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**STEFANÍA ÞÓRÐARDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Eyrarbakkakirkju laugardaginn 14. desember kl. 14.00.

**Eiríkur Runólfsson**
**Rúnar Eiríksson** **Auður Hjálmarsdóttir**
**Jón S. Eiríksson** **Þórdís Þórðardóttir**
**Emma G. Eiríksdóttir** **Hafþór Gestsson**
**Þórður Eiríksson** **Erla Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**MARINÓS FRIÐJÓNSSONAR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 13G, Landspítalanum við Hringbraut, fyrir góða umönnun og einstakan hlýhug.
Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól og farsælt komandi ár.

**Guðmunda S. Gunnlaugsdóttir**
**Olga S. Marinósdóttir**
**Friðjón A. Marinósson** **Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir**
**Gunnlaugur Marinósson** **Magnea G. Hjálmarsdóttir**
**Rúnar Örn Marinósson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hugheilar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR GUÐMUNDSDÓTTUR**
**F. 12.12. '19. D. 29.07. '13.**
**Mýrarvegi 111, Akureyri.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Reynihlíðar, heimahjúkrunar og heimaþjónustunnar á Akureyri fyrir frábæra umönnun og hlýju.
Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Guðmundur, Unnur, Helga og Arinbjörn**



✝

Hjartkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR**
**frá Efri-Mýrum,**
**til heimilis að Hrafnistu í Hafnarfirði,**
**áður að Suðurgötu 26 í Keflavík,**

andaðist á Landspítalanum aðfaranótt föstudagsins 6. desember. Útför hennar fer fram frá Keflavíkurkirkju mánudaginn 16. desember. kl. 13.00.

**Bjarni Frímann Karlsson og Ragnar Karlsson og fjölskyldur**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST:** 12. DESEMBER 1904

## Fyrstu rafljósin voru tendruð á Íslandi

Jóhannes Reykdal ræsti fyrstu rafstöð Íslands þennan dag árið 1904 í Hafnarfirði. Það var hátíðleg stund þegar kveikt voru rafljós í fimmtán húsum í Hafnarfirði og á fjórum götuljósum í svartasta skammdeginu. Meðal þeirra húsa sem nutu birtunnar voru barnaskólinn og Góðtemplarahúsið við Suðurgötu. Hann hafði áður notað lækinn í Hafnarfirði til að knýja trésmiðju, en hann var menntaður trésmiður og hafði kynnst virkjunum í Noregi þegar hann heimsótti systur sína þar. Hann vildi nýta lækinn betur og keypti rafal í Noregi, hóf samstarf við Halldór Guðmundsson, fyrsta íslenska raffræðinginn, sem var nýkominn úr námi frá Þýskalandi og trésmiðinn Árna Sigurðsson, sem lagði raflagnir.

Jóhannes lét þó ekki þar við sitja heldur reisti síðar nýja rafstöð á Hörðuvöllum. Hún framleiddi 37 kW sem var nóg rafmagn fyrir allan Hafnarfjörð.





**LISTAKONAN** „Við klæddum okkur vel dags daglega en þegar ég fór á skólaböllin var ég skvísa í nælonsokkabuxum," segir Alexandra. Á bak við hana er mynd af manni hennar heitnum, Magnúsi Jónssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Er ein af lukkulegustu konum landsins

**Þótt Ísland sé stundum kallað „klakinn" er hlýtt hér miðað við það sem afmælisbarn dagsins, Alexandra Argunova, ólst upp við í Síberíu; þar getur frostið farið niður í 65 stig.**

Hún heitir fullu nafni Kjuregej Alexandra Argunova og hefur sett svip sinn á íslenskt þjóðfélag í fjörutíu og sjö ár. Nú fagnar hún sjötíu og fimm ára afmæli. „Ótrúlegt hvað tíminn líður hratt," segir hún.

Alexandra er frá Norðaustur-Síberíu, landi sem nefnist Sakha-Jakútía. „Það er kaldasta landsvæði sem mannskepnan býr á. Frostið getur farið niður í 65 gráður að vetrinum," upplýsir hún. Skyldi henni ekki alltaf hafa verið kalt í uppvextinum? „Nei, nei. Við klæddum okkur vel dags daglega en þegar ég fór á skólaböllin var ég skvísa í nælonsokkum og man eftir smellunum í þeim í frostinu," segir hún hlæjandi. Hún segir húsin kynt með viði enda 75 prósent landsins þakin barrskógi.

Faðir Alexöndru féll í stríðinu og móðir hennar dó líka frá henni ungri. Alexandra segir ríkið hafa fætt hana, klætt og menntað og gert það vel. Tuttugu og eins árs fór hún til Moskvu og lærði leiklist í fimm ár. Þar hitti hún íslenskan draumaprins, Magnús Jónsson, sem var við nám í kvikmyndagerð. „Við Magnús komum hingað til lands 1966, bæði 28 ára, en ég missti hann snemma, hann dó 1979," lýsir hún og kveðst samt hafa ákveðið að ílengjast hér. „Ég var búin að eignast fjögur börn og vildi ekki æða með þau eitthvert út í bláinn."

Skyldi hún hafa fengið einhver hlutverk í leikhúsunum? „Já, ég er ein af lukkulegustu konum landsins – að lenda hjá Brynju Ben sem var með fyrstu uppsetningu á Hárinu hér á landi fyrir Leikfélag Kópavogs. Ég eignaðist fjórða barnið mitt í janúar 1970 og þremur mánuðum seinna bauð Brynja mér að taka þátt í Hárinu sem var sýnt í Glaumbæ þar til hann brann í desember 1971." Hún kveðst líka hafa leikið í barnaleikriti á Akureyri undir stjórn Þórhildar Þorleifs, unnið við búningagerð í Þjóðleikhúsinu og kennt við leiklistarskólann Sál. „Svo fór ég, ásamt vinkonu minni, að halda námskeið í leikrænni tjáningu og síðan að vinna á geðdeildum ríkisspítalans þar sem ég notaði leikræna tjáningu, tónlist, dans og myndlist sem meðul. Ég var í því í fimmtán ár, þar til ég veiktist af krabbameini."

Alexandra hóf að læra myndlist 1980 og hefur unnið við hana af og til síðan. Svo hefur hún sungið, meðal annars gefið út disk. „Ég er búin að upplifa ansi margt skemmtilegt," segir hún og kveðst þakklát fyrir þann kærleika sem hún hafi notið. En henni finnst að eftir hrunið 2008 sé útlendingum hér á landi frekar lítill gaumur gefinn. „Það er allt í lagi með mig, ég á góða vini og þrífst vel en mér finnst það mætti gefa útlendingum í þessu þjóðfélagi meiri athygli. Margir eru búnir að reyna mikið í sínu gamla heimalandi en vilja búa hér í sátt og samlyndi við alla," segir hún.

Spurð í lokin hvernig hún ætli að halda upp á afmælið í dag, segir hún: „Ég ætla bara að hafa huggulegheit hér heima og ef einhverjir muna eftir mér og vilja koma þá verður gaman."

gun@frettabladid.is

✝

Bróðir okkar,

**BÖÐVAR JÓNSSON**
**bóndi í Norðurhjáleigu, Álftaveri,**

lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum, Kirkjubæjarklaustri, 1. desember. Útförin fer fram frá Þykkvabæjarklausturskirkju laugardaginn 14. desember klukkan 13.00.

**Systkini og aðrir aðstandendur.**



✝

**Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,**

**OLGA ÞORBJÖRG JÚLÍUSDÓTTIR**
**frá Tungufelli,**

sem lést 6. desember, verður jarðsungin frá Lundarkirkju laugardaginn 14. desember klukkan 12.00.

**Börn og fjölskyldur þeirra.**

# Í JÓLASKAPI




**16.989**

nextbook

**Nextbook NEXT8PRO**
Nextbook Premium 8" Pro spjaldtölva með 1GHz Dual Core Cortex A9 örgjörva. 512MB DDR3 vinnsluminni. 4GB Flash minni. MicroSD minnisrauf fyrir allt að 32GB. 8" LCD capacitive snertiskjár 4:3 með upplausn 800x600. Android 4.0 Ice Cream Sandwich. Myndavél að framan. Micro USB og heyrnartólstengi. Allt að 6 klst. rafhlöðuending.




**149.989**

**Samsung UE46F5070SSXZG**
46" Full HD LED sjónvarp með 100Hz clear motion rate, 20w RMS DTS/Dolby Digital Plus hljóðkerfi, USB margmiðlunartengi og tveimur HDMi tengjum.

Bluetooth
iPad fylgir ekki!



**29.989**

JBL

**JBL ONBEATVENUELTBLA**
Margmiðlunarhátalalari með iPad/iPod/iPhone vöggu. 2 x 15W magnari. 2 öflugir hátalarar. Bluetooth með HARMAN TrueStream.



**29.989**

KitchenAid

**KitchenAid 5KSB45EWH**
Blandari með öflugum 500W mótor. 1,5 lítra kanna. 5 hraðastillingar. Stór stálhnífur. Hnífur er áfastur könnu.



**14.989**

PHILIPS

**Philips FC8450**
Sogkraftur 300w. 1800w PowerLife ryksuga. Tekur 3l af ryki. 5m snúra. 2 fylgihlutir.

Verðvernd Max
**33 DAGAR**

Skilaréttur Max
**33 DAGAR**



Útvarpsvekjari sem varpar tíma upp í loft.
**ICES ICPR212**
**Útvarpsvekjari**
**4.989**



Alvöru leikjaheyrnartól.
**Steelseries 5HV2**
**Heyrnartól**
**9.989**



**Ódýrar nýjar DVD myndir**
**1.989**

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

**SÍMI 412 2200**

**BEINT Á MÓTI IKEA**



2 | KL. 20:15 HÁTÍÐARSTUND MEÐ RIKKU

Rikka fjallar um allt það helsta sem viðkemur því að halda gleðilega jólahátíð.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld

2 | KL. 07:00/17:40

SVEPPI OG VILLI BJARGA JÓLASVEINUNUM

Jólasveinarnir eru í vanda staddir þegar Sveppi og Villi koma þeim til bjargar.



2 | KL. 19:50

THE MICHAEL J. FOX SHOW

Frábær gamanþáttur með Michael J. Fox í aðalhlutverki.



2 | KL. 21:35

PERSON OF INTEREST

Hörkuspennandi þáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:30

BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



3 | KL. 21:05

SHAMELESS

Bráðskemmtileg þáttaröð um skrautlega fjölskyldu með William H. Macy í aðalhlutverki.



3 | KL. 22:00

THE TUDORS

Áhrifamikil og spennandi saga um alræmdasta og nafntogaðasta konung sögunnar, Hinrik áttunda.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is 6 stöðvar aðeins 7.990 kr.

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 9 | 5 | 3 | | 4 | |
| | 3 | 2 | 4 | 6 | | 9 | | 7 |
| | 9 | | 1 | 7 | | | 5 | |
| 2 | | | | | 7 | | | |
| | | 9 | | | 4 | | | |
| 1 | | 7 | | 3 | | | 8 | |
| 8 | | 1 | 6 | | | | 3 | 2 |
| | | | | | 5 | 6 | | |
| 3 | | 5 | 7 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | | 2 | 4 | 9 | | 7 | | 6 |
| 3 | | | | | 5 | 8 | | 4 |
| | 7 | | | 1 | | | | |
| | | | 5 | 2 | | | 3 | |
| | 6 | | 9 | | | 5 | | |
| | | 3 | | 4 | | 6 | | 8 |
| 1 | | | 7 | | | | | |
| | 4 | | | | | | | |
| 6 | 3 | 5 | | 8 | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | 6 | | | 9 | | | 7 | |
| | | | 2 | 3 | | | | 9 |
| | | 2 | | | | 3 | 1 | 6 |
| | 7 | | | | | | | 2 |
| | 1 | | | 8 | | | | |
| | | | 3 | | | 9 | 2 | |
| 1 | 9 | | 6 | | 5 | | 4 | |
| | | 8 | 9 | | | 6 | 5 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 5 | 2 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 | 7 |
| 8 | 9 | 3 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 5 |
| 9 | 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 | 4 | 8 |
| 5 | 4 | 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 9 | 5 | 2 | 4 | 7 | 6 | 1 |
| 4 | 2 | 6 | 8 | 7 | 1 | 3 | 5 | 9 |
| 7 | 1 | 5 | 9 | 3 | 6 | 2 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 | 5 | 9 |
| 7 | 5 | 3 | 9 | 6 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 8 | 9 | 1 | 2 | 4 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 1 | 9 | 3 | 6 | 7 |
| 5 | 1 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 7 | 3 |
| 6 | 3 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 | 2 |
| 9 | 8 | 7 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 |
| 3 | 1 | 6 | 4 | 7 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 4 | 5 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 9 | 1 | 4 | 8 | 5 |
| 9 | 8 | 1 | 3 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 |
| 1 | 2 | 9 | 8 | 4 | 7 | 6 | 5 | 3 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 3 | 2 | 8 | 7 | 1 |
| 7 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 9 | 4 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Øverli




## HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




## BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég hef tekið eftir því að flestir þeir sem ná árangri, gera það með því að nýta tíma sem aðrir sóa.“

*Henry Ford*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** strit, **17.** þjálfa, **18.** goð, **20.** persónufornafn, **21.** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** fálm, **7.** fáskiptinn, **10.** dorma, **13.** frjó, **15.** máttur, **16.** siða, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** at, **17.** æfa, **18.** guð, **20.** ég, **21.** arða.
**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magn, **16.** aga, **19.** ðð.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Guðmundur Gíslason (2.318) vann Englendinginn Robert Kane (1.866) í 3. umferð FIDE Open London Chess Classic-mótsins.**

**Hvítur á leik:**



**14. Rxh7! e5** (14. ... Kxh7 15. h5! og svartur er óverjandi mát) **15. Rxf8 Hxf8 16. h5 Ba6 17. hxg6 Bd3 18. gxf7+ Hxf7 19. Db2** og hvítur vann skömmu síðar. Guðmundur hafði 2½ vinning eftir 4 umferðir en Oliver Aron Jóhannesson 3 vinninga. **www.skak.is**. Hraðskákmót Garðabæjar kl. 19.30.



20%
TRISTAR
BLANDARI 500W
MYLUR KLAKA
Verð áður .... 9.990
TILBOÐ .... 7.990
HAMBORGARAPRESSA
GERIR FYLLTA BORGARA
VERÐ ..... 2.499
EVA SOLO
KARAFLA
MARGIR LITIR
VERÐ
7.999
PRESSUKANNA
6 BOLLA • KRÓM
VERÐ
4.999
20%
AEG
SAFAPRESSA
800W
Verð áður .... 19.999
TILBOÐ .... 15.999
VINSÆL JÓLAGJÖF
FISSLER POTTASETT PARIS
ALÞEKKT FISSLER GÆÐI
VERÐ ..... 39.999
JÓLA
BÚÐIN
ÞÍN
Opið til 22
til jóla
Nýtt
korta
tímabil
BABYLISS
CURL SECRET
BESTA KRULLUJÁRNIÐ?
VERÐ ..... 24.995
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
LEIRPOTTUR
VERÐ ..... 6.995
NESCAFÉ Dolce Gusto
KYNNING
ALLA
HELGINA
Yfir 25 gerðir af kaffi
Til jóla fylgja 3 pakkar af Dolce Gusto kaffi + dós af Macintosh
GENIO
29.995
CIRCOLO
SJÁLFVIRK
Tilboð
32.995
CIRCOLO
SJÁLFVIRK
Tilboð
32.995
MINIME
19.995
ESPROSSO
KANNA
6 BOLLA
3.999
20%
EPLASKRÆLARI
Verð áður .............. 4.999
TILBOÐ ............. 3.999
Allar gerðir 620,630,650,760,770,780
iRobot
RYKSUGU- OG SKÚRINGARVÉLMENNI
10.000
AFSLÁTTUR
ÚT HELGINA
VERÐ FRÁ 49.995 TIL 109.995
HANNAÐ AF NASA • RYKSUGAR OG SKÚRAR 99,97% AF GÓLFFLETI
WasserMaxx
sódavatnstæki
FRÁBÆRT VERÐ! HYLKI
FYLGIR MEÐ
VERÐ ÁÐUR ... 14.999
TILBOÐ ... 12.999
KitchenAid
HRÆRIVÉL + ÁHALDASETT + MATREIÐSLUBÓK
ÞÚ SPARAR
15.000
HVÍT
VERÐ FYRIR ... 99.989
TILBOÐSVERÐ ... 84.990
LITUÐ
VERÐ FYRIR ... 102.989
TILBOÐSVERÐ ... 87.990
Dæmi um Kringlukrössvörur
Leiktu þér af afslættinum!
Lífstíðaruppfærsla á korti
GARMIN LEIÐSÖGUTÆKI
NUVI 52LM VERÐ .. 39.900
Kringlu
kröss
% afsl
Sæktu appið!
CANDIFLOSS VÉL 450W
VERÐ ..... 9.995
GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN
FAMILY
VERÐ ÁÐUR ............... 16.995
TILBOÐSVERÐ ........... 14.995
COMPACT
VERÐ ÁÐUR ............... 11.995
TILBOÐSVERÐ .............. 9.995
Allt að
42%
minni fita
GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD
VERÐ .... 9.999
AEG
TÖFRASPROTI 500W
VERÐ ... 10.999

markhönnun ehf

nettó

í JÓLASKAPI

# JÓLABÆKLINGURINN ER KOMINN Í HÚS

## – FULLUR AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM




NÝTT KORTA-TÍMABIL!

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |







# JÓLAHÚS NETTÓ

AKUREYRI | NJARÐVÍK
BORGARNESI | EGILSSTÖÐUM | SELFOSSI
MJÓDD | GRANDA

OPIÐ 6. - 24. DESEMBER

Fáðu ráðleggingar hjá sérfræðingi okkar varðandi jólasteikina og hangikjötið







**Tilboðin gilda 12. - 18. des**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



**SKÁLDIÐ** „Bjarni málaði verkið á ljóðahátíð sem ég tók þátt í í Norræna húsinu. Það var gjörningur,“ segir Sigurbjörg um verk Bjarna Sigurbjörnssonar.

# Svona hafa sumir hlutir raðast saman

Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur sýnir myndlist eftir ýmsa listamenn í Kirkjuhvoli á Akranesi. Öll tengjast þau skáldverkum hennar á einhvern hátt.

Hér eru skýin snjakahvít nefnist sýning sem Sigurbjörg Þrastardóttir skáld er með í listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi. Spurð út í titilinn svarar hún: „Titillinn er lína úr ljóði sem heitir Heim um jólin og fjallar um hugarástand mitt á leið frá Hvalfjarðargöngunum meðfram Akrafjallinu út á Skagann. Það vill þannig til að ljósmynd eftir Guðmund Bjarka Halldórsson sýnir akkúrat sama svæði, á þeirri mynd eru skýin snjakahvít og fleiri element eru þau sömu og í ljóðinu.“

Eitt verkanna á sýningunni segir Sigurbjörg vera eftir gamlan prófessor í Berlín. „Ég hef aldrei hitt manninn en hann hafði lesið eftir mig ljóð, vildi þakka mér fyrir það og sendi mér teikningu, ég sá strax að hún mundi passa á bókina Stekk sem ég var að skrifa, og fékk góðfúslegt leyfi til að nota hana. Svona hafa sumir hlutir raðast saman.“

Sigurbjörg segir hafa verið kúnst að koma verki Bjarna Sigurbjörnssonar, málara í Kópavogi, inn í Kirkjuhvol, því það sé fimm og hálfur metri að lengd. „Bjarni málaði verkið á ljóðahátíð sem ég tók þátt í í Norræna húsinu. Það var gjörningur. Hann bað mig að skrifa eina línu á flötinn áður en hann byrjaði, þannig að línan er týnd undir öllum málningarlögunum en lifir enn í titli verksins.“

Sigurbjörg upplýsir að Kirkjuhvoll sé að fá nýtt hlutverk um áramót eftir að hafa þjónað sem listasetur bæjarins síðustu ár og áður sem prestssetur og síðan heimavist. „Mér þótti heiður að fá að vera með síðustu sýninguna þar,“ segir hún.

- gun



**EKKI VINNUSAMUR** Börkur er blaðamaður, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður en segir það ekki teljast til vinnu í augum karlmannanna sem hann ólst upp með.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Æðsta dyggðin var að þræla sér út í vinnu

Skáldsaga Barkar Gunnarssonar, Hann, fjallar um mann sem vinnur frá morgni til miðnættis og kann ekki að tala um tilfinningar. Börkur segist hafa viljað fjalla um þess konar karakter, enda sé hann í útrýmingarhættu á okkar tímum.

Hann er vinnuþjarkur af kynslóðinni fyrir ofan mig,“ segir Börkur Gunnarsson spurður hvaða Hann þetta sé sem bókin er nefnd eftir. „Hann er alinn upp í því vinnusiðferði sem var ríkjandi á þeim tíma en við sem aðeins yngri erum þekkjum kannski minna. Einhver gagnrýnandinn kallaði hann Bjart í Sumarhúsum í nýrri mynd. Hann heldur uppi konu sinni og dóttur en er ekki í neinum tilfinningalegum tengslum við þær, hann er bara að þræla sér út frá morgni til miðnættis.“

Eitthvað verður síðan til þess að hann þarf að taka sig á í tilfinningamálunum, eða hvað? „Já, Hann ákveður að gera eitthvað í málunum og það fer náttúrulega allt á annan veg en Hann ætlaði. Meira get ég ekki sagt án þess að koma upp um plottið. En Hann er auðvitað ekkert æfður í því að tala um tilfinningar eða slíkt, þannig að þetta er dálítið basl. Hann er einnar setningar maður og hefur þá skoðun að karlmenn vinni til þess að tengjast, það séu konur sem tali til þess að ná tengingu við annað fólk.“

Á hann sér einhverja fyrirmynd? „Jaa, svona. Ég hef svolítið verið að velta þessu fyrir mér. Allir karlmenn í minni ætt eru brjálaðir vinnuþjarkar, það er hin æðsta dyggð að þræla sér út. Ég man eiginlega ekki eftir því að nokkur virðing hafi verið borin fyrir öðru en vinnunni. Það finnst mér hins vegar ekki vera gegnumgangandi í minni kynslóð. Mér finnst þessi munur áhugaverður og langaði að velta upp þessum karakter, sem ég held að sé í útrýmingarhættu.“

Sagan er nóvella og Börkur segir það form höfða mikið til sín. „Já. Og ég er með tvær aðrar nóvellur sem ég er búinn að rissa upp, alveg ótengdar þessari. Þetta er svo miklu þægilegra í endurskrifum,“ segir Börkur og glottir. „Ég held reyndar að Hann hefði hvorki getað verið styttri né lengri, það er efnið sem velur formið.“

Mér heyrist þú nú vera hálfgerður vinnufíkill sjálfur; blaðamaður, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður. „Tja, á okkar mælikvarða telst þetta kannski ágæt vinnusemi, en í augum þeirra karlmanna sem ég ólst upp með þykir þetta nú ekki merkilegt. Það þarf að þræla sér út svo maður svitni til að það teljist vinna í þeirra augum.“

Og hefurðu einhvern tíma gert það? „Já, já, ég var á sjónum í rúmt ár í gamla daga og vann við smíðar í sumarvinnu, en nú orðið er ég víst orðinn óttalegur væskill á þeirra mælikvarða.“

fridrikab@frettabladid.is

# Tilnefningar til Fjöruverðlauna tilkynntar

Níu bækur voru í gær tilnefndar til Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna.



**KANÓNUR** Vigdís Grímsdóttir og Þórunn Erlu og Valdimarsdóttir eru tilnefndar.
FRÉTTABALÐIÐ/PJETUR OG GVA

Dómnefndir Fjöruverðlaunanna kynntu niðurstöður sínar í Borgarbókasafninu í gær. Fjöruverðlaunin eru bókmenntaverðlaun kvenna og eiga upprun sinn í bókmenntahátíð sem haldin var í fyrsta sinn vorið 2007 að frumkvæði hóps kvenna innan Rithöfundasambands Íslands. Verðlaunin hafa verið veitt árlega síðan.

Verðlaunin eru veitt í þremur flokkum: Fagurbókmenntir, fræðibækur og barna- og unglingabækur. Frá árinu 2011 hafa verið tilnefndar þrjár bækur í hverjum flokki áður en verðlaunin eru veitt.

Eftirfarandi höfundar og bækur hlutu tilnefningu að þessu sinni:

### Barna - og unglingabækur

- **Sif Sigmarsdóttir:** Freyju saga – Múrinn. Útg. Mál og menning
- **Sigrún Eldjárn:** Strokubörnin á Skuggaskeri. Útg. Mál og menning
- **Lani Yamamoto:** Stína stórasæng. Útg. Crymogea

### Fagurbókmenntir

- **Heiðrún Ólafsdóttir:** Af hjaranum. Útg. Ungmennafélagið Heiðrún
- **Vigdís Grímsdóttir:** Dísusaga – Konan með gulu töskuna. Útg. JPV
- **Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir:** Stúlka með maga – skáldættarsaga. Útg. JPV

### Fræðibækur og rit almenns eðlis

- **Guðný Hallgrímsdóttir:** Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu. Útg. Háskólaútgáfan
- **Gréta Sörensen:** Prjónabiblían. Útg. Vaka Helgafell
- **Jarþrúður Þórhallsdóttir:** Önnur skynjun – ólík veröld. Lífsreynsla fólks á einhverfurófi. Útg. Háskólaútgáfan

# Fastur liður hjá fjölda manns

Tónleikar Karlakórs Reykjavíkur í Hallgrímskirkju eru orðnir að föstum lið. Þeir verða haldnir bæði á laugardag og sunnudag, hátíðlegir að vanda.



**KARLAKÓR REYKJAVÍKUR** Ritari kórsins segir miðað að því að skapa yfirbragð hátíðleika og friðsemdar á tónleikunum um helgina.

„Þetta eru tuttugustu jólin sem Karlakór Reykjavíkur heldur aðventutónleika og þeir hafa verið undir stjórn sama stjórnanda allan tímann. Hann heitir Friðrik S. Kristinsson,“ segir Gunnar H. Helgason, ritari Karlakórs Reykjavíkur, sem hefur sungið með öll tuttugu árin. Hann segir tónleika kórsins vera orðna að föstum lið á aðventunni hjá fjölda manns og nú sé komið að þeim um helgina.

Skyldu alltaf vera ný og ný lög á efnisskránni? „Við erum með gömul, sígild jólalög sem halda vinsældum sínum ár eftir ár og að sjálfsögðu bætum við alltaf nýjum við á hverju ári. Til dæmis syngjum við núna rússneskt jólalag eftir Sergei Rachmaninoff sem við höfum verið að æfa undanfarið.“

Nýir einsöngvarar eru á hverjum jólatónleikum. Í ár er það tenórinn Kolbeinn Ketilsson sem gerði það gott í Carmen með Íslensku óperunni í haust. „Að auki syngur hinn ellefu ára Benedikt Gylfason einsöng í gullfallegu lagi,“ segir Gunnar. „Benedikt er í drengjakór Hallgrímskirkju og er flottur söngvari.“

Undirleikarar á tónleikunum eru Lenka Mátéová orgelleikari, trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson auk pákuleikarans Eggerts Pálssonar. Gunnar tekur fram að efnisskráin miði að því að skapa það yfirbragð hátíðleika og friðsemdar sem hæfi aðventunni.

gun@frettabladid.is


BENNI ERLINGS, BRAGI VALDIMAR OG MEGAS
SEIÐA EPÍSKAN TÓN-SJÓNLEIK
JEPPI
Á FJALLI
Gjafakort
Tilvalin jólagjöf!
50
uppseldar
sýningar
Flytur í Gamla bíó
vegna mikilla vinsælda
Fim 12/12 UPPSELT
Fös 13/12 UPPSELT
Lau 14/12 UPPSELT
Sun 15/12 UPPSELT
Þri 17/12 UPPSELT
Mið 18/12 örfá sæti
Fim 19/12 örfá sæti
Fös 20/12 örfá sæti
Lau 28/12 UPPSELT
Sun 29/12 UPPSELT
Fös 10/1 aukasýn*
Lau 11/1 aukasýn*
Sun 12/1 aukasýn*
Mið 15/1 aukasýn*
Fim 16/1 aukasýn*
Fös 17/1 aukasýn*
Lau 18/1 aukasýn*
Sun 19/1 aukasýn*
* Sýnt í Gamla bíói
Íslandsbanki
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið



**LESARAR** Hjónin Olga Guðrún Árnadóttir og Guðmundur Ólafsson lesa Aðventu í Gunnarshúsi í Reykjavík.

# Aðventa lesin í tveimur húsum Gunnars

Sú hefð hefur skapast að saga Gunnars Gunnarssonar, Aðventa, er lesin í húsum hans á aðventu.

Aðventa, saga Gunnars Gunnarssonar um eftirleitir Fjalla-Bensa og förunauta hans á Mývatnsöræfum, verður að venju lesin í Gunnarshúsum, bæði í Reykjavík og á Skriðuklaustri, þriðja sunnudag í aðventu.

Hjá Rithöfundasambandi Íslands á Dyngjuvegi 8 lesa hjónin Olga Guðrún Árnadóttir og Guðmundur Ólafsson söguna og hefja lestur klukkan 13.30. Hjá Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri hefst lestur Svanhildar Óskarsdóttur klukkan 14.

Allir eru velkomnir á þessa kyrrðarstund í amstri aðventunnar meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á kaffi og smákökur með lestrinum sem tekur rúmar tvær klukkustundir.

Lestur Aðventu í desember er hefð sem breiðst hefur út hin síðari ár. Sagan var lesin þriðja sinni á þýsku í íslenska sendiráðinu í Berlín þann 1. desember og þann 14. desember mun rússneski leikarinn Veniamin Smekhov lesa hana í sendiráðinu í Moskvu.

## Frumflytur nýjan jólatexta

Aðventutónleikar Kammerkórs Mosfellsbæjar.

Kammerkór Mosfellsbæjar heldur sína árlegu aðventutónleika í Guðríðarkirkju á sunnudaginn.

Á efnisskránni verða auk þekktra sígildra jólalaga, fjölbreytt tónlist frá ólíkum tímabilum og tónskáldum, allt frá endurreisn fram til dagsins í dag. Má þar m.a. nefna kórlög eftir M. Preatorius, F. Schubert, F. Gruber, G. Carissimi, Gunnar Reyni Sveinsson, J. Williams, M. Flecta, P. Peña og nokkur gospellög. Þá verður sungið úrval laga úr spænsku söngbókinni „Cancionero de Upsala“ og mun kórinn frumflytja nýjan jólatexta við lagið „Riu, riu chiu“ úr áðurnefndri bók, eftir Viktor A. Guðlaugsson.

Einsöngvarar með kórnum eru Ásdís Arnalds, Ástrún Friðbjörnsdóttir, Heiðrún K. Guðvarðardóttir og stjórnandi er Símon H. Ívarsson. Meðleik annast Jón Sigurðsson á píanó og Ívar Símonarson á gítar.

Þá kemur söngtríóið Söngvasveinar fram í fyrsta sinn.



**VAR SJÁLFUR Í MIKILLI SJÁLFSVINNU** Ljóðin í bókinni eru bæði persónuleg og grafísk en þau eru lýsing á því daglega ástandi að vera maður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Lá andvaka yfir hreinskilnum textum

Hold er önnur ljóðabók Braga Páls Sigurðarsonar. Bragi vill að ljóð geti verið aðgengileg bæði ljóðaunnendum og leikmönnum sem sumir hverjir óttist ljóðformið.

Ljóðabókin Hold eftir Braga Pál Sigurðarson er önnur bók höfundar. Bókin skiptist í nokkur textabrot sem öll lýsa sama ástandi en eiga einnig í innbyrðis samræðum. „Textarnir eiga í rifrildi og þeir gera grín hver að öðrum, í rauninni eins og maður er sjálfur. Mig langaði líka til að koma til skila því hreinskilna ástandi að oft stemma ekki skoðanir manns og maður er stundum í mótsögn við sjálfan sig.“ Aðspurður segist Bragi Páll sjálfur vera ljóðmælandi í bókinni en textarnir eru á köflum gífurlega hreinskilnir og grafískir.

Ástandið sem textarnir lýsa segir Bragi vera ástandið að vera manneskja. „Ég var sjálfur í mikilli sjálfsvinnu á sama tíma og ég var að skrifa bókina og hún verður á köflum alveg óbærilega heiðarleg. Ég hef alveg legið andvaka yfir sumum textunum í þessari bók, hvort ég ætti yfirhöfuð að þora að gefa þetta út og setja nafnið mitt við.“

Kápa bókarinnar er hönnuð af Braga sjálfum og ljósmyndaranum Hallgerði Hallgrímsdóttur. Hún sýnir ljóðmælanda sjálfan, nakinn á miðri götu með svínshöfuð. „Það er mjög algengt að tónlistarmenn setji sjálfa sig framan á plötuna sína og ég hef velt því fyrir mér af hverju skáld gera ekki meira af því. Listir verða oft svo formfastar í sínum venjum. Hallgerður kom fyrst með þá hugmynd að taka þetta úti á miðri götu sem ég var fyrst ekkert sérstaklega spenntur fyrir en svo ákvað ég að slá til. Útkoman er svo nokkurs konar martraðarkennd Abbey Road-útgáfa.“ Þegar Bragi Páll birti kápumyndina á Facebook-síðunni sinni til að benda vinum og vandamönnum á nýútkomið verkið var hann settur í bann á samfélagsmiðlinum. „Kápan er svo grafísk að ég var settur í þriggja daga Facebook-bann sem er alveg „Hildar Lilliendahl-lengd“ á banni.“

Bragi er sjálfur ljóðanörd og reynir að höfða til annarra ljóðanörda en skrifa jafnframt aðgengileg ljóð sem vekja tilfinningar hjá óvönum ljóðalesendum. „Margir upplifa ljóðið mjög ógnvekjandi og treysta sér ekki í ljóðalestur. Grunnskólar hafa skemmt ljóðin fyrir þjóðinni með því að gera þau of hátíðleg. Mig langar að sýna fram á að ljóð geta skapað með manni öfgafullar tilfinningar rétt eins og önnur listform, bæði meðal ljóðanörda og leikmanna.“

Júlía Margrét Einarsdóttir




# Um líf Kambans og þó aðallega störf

BÆKUR ★★★☆☆

**Kamban – Líf hans og störf**
Sveinn Einarsson
**MÁL OG MENNING**



Ævi Guðmundar Kambans hefur lengi verið mönnum nokkur ráðgáta og skyldi engan undra. Ævilok hans, þegar hann var skotinn til bana af dönskum andspyrnumanni í stríðslok, eru ein og sér nóg til að vekja forvitni flestra. Sveinn Einarsson rekur ævi og störf Kambans í nýrri bók sinni með áherslu á störfin, Sveinn fjallar um öll helstu verk Kambans, leikrit, skáldsögur og kvikmyndir og bregður nýju ljósi á margt á ferli hans bæði sem rithöfundar og leikhúsmanns.

Sé Guðmundur Kamban borinn saman við stærstu höfunda íslenskrar bókmenntasögu, Halldór Laxness, Gunnar Gunnarsson og Þórberg Þórðarson, er einn áberandi munur á. Kamban gerði aldrei eigin ævi að uppistöðu í skáldskap sínum. Raunar er mjög lítið til af persónulegum heimildum frá hendi hans. Það hafa ekki varðveist bréf þar sem hann opnar inn í innstu sálarkima og hann virðist ekki hafa átt marga trúnaðarvini. Margt í lífi hans hefur þess vegna verið fræðimönnum ráðgáta og svo er enn. Enginn veit hvað hann aðhafðist í Ameríku á árunum 1915 til 1917 og eyðurnar í heimildum um ævi hans eru fleiri. Vegna þessa hlýtur ævisaga Kambans fyrst og fremst að fjalla um opinbert líf hans og þá hlið persónunnar sem sneri að öðrum. Með þeim takmörkunum sem heimildaleysið setur að þessu leyti hefur Sveini Einarssyni tekist vel að draga upp mynd af Kamban, hann er ekki alltaf þægilegur í viðkynningu, stór upp á sig og þrjóskur en á líka oft innistæðu fyrir stórlyndinu.

Sveinn velur að rekja æviferil Guðmundar í fyrsta kafla verksins en fjalla svo um einstakar listgreinar í sérköflum. Þessi aðferð hefur bæði kosti og galla. Hún gefur færi á ítarlegri umfjöllun um einstök verk og samræðu við aðra fræðimenn sem skrifað hafa um Kamban en stóri gallinn við þessa aðferð er sá að það er alltof mikið um endurtekningar í bókinni, einstök efnisatriði eru endurtekin, en þetta á líka við um stílinn, einstakar setningar og glósur koma óþarflega oft fyrir, stundum með stuttu millibili.

Þegar kemur að viðkvæmasta þættinum í ævi Kambans, samskiptum hans við Þjóðverja á stríðsárunum stígur Sveinn varlega til jarðar, en það er þó ljóst að hann lítur svo á að Kamban hefði aldrei verið dæmdur fyrir framgöngu sína á stríðsárunum. Hann byggir ályktanir sínar á eigin rannsóknum og annarra, ekki síst Ásgeirs Guðmundssonar og bókar hans Berlínarblús. Sveinn heldur uppi vörnum fyrir sinn mann, eins og algengt er í ævisögum og það á líka við um umfjöllun hans um verk Kambans, jafnvel þau sem hafa fengið misjafnasta dóma annarra fræðimanna.

Þessi afstaða litar auðvitað alla umfjöllun bókarinnar en aldrei um of. Sveinn færir ávallt góð rök fyrir mati sínu á einstökum verkum og sá sem les bók hans um Kamban alla þarf ekki að velkjast í vafa um það að hann var meðal merkustu leikskálda tuttugustu aldarinnar og að skáldsagnabálkur hans um Skálholt skipar honum á bekk meðal fremstu höfunda sögulegra skáldsagna. Jón Yngvi Jóhannsson

**NIÐURSTAÐA:** Vönduð og merk ævisaga sem líður þó fyrir endurtekningar í stóru og smáu.




„Bráðsmellin.“
JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON, VIÐSKIPTABLAÐINU

# GUÐNI Í 1. SÆTI

Metsölulisti Eymundsson - Handbækur, fræðibækur, ævisögur 2.-8. 12.2013

★★★★
*„Drepfyndin og stórskemmtileg.“*
SKAPTI HALLGRÍMSSON, MORGUNBLAÐINU

★★★★
*„Hvað eftir annað skellir lesandinn upp úr.“*
REYNIR TRAUSTASON, DV

Í þessari bráðskemmtilegu bók segir Guðni með sínum kjarnyrta hætti sögur af forvitnilegu fólki sem hann hefur mætt á lífsleiðinni – og sjálfum sér. Þá segja ýmsir þjóðþekktir menn litríkar sögur af Guðna. **Sannkallaður lífsins elixír sem bætir, hressir og kætir!**

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVÍK

# Orgelverk tengd aðventu og jólum

**Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju heldur áfram með orgeltónleikum Björns Steinars Sólbergssonar, organista við Hallgrímskirkju, á morgun klukkan 12.**

**Á þessum hálftímalöngu hádegistónleikum á vígsludegi Klais-orgelsins flytur Björn Steinar orgelverk eftir J.S. Bach, Andrew Carter og César Franck tengd aðventu og jólum.**

**Björn Steinar Sólbergsson er organisti við Hallgrímskirkju í Reykjavík og tekur virkan þátt í listastarfi kirkjunnar. Hann er einnig skólastjóri við Tónskóla Þjóðkirkjunnar þar sem hann kennir jafnframt orgelleik.**

**Á þessu ári hefur Björn Steinar komið fram á tónleikum á Íslandi, í Þýskalandi, Finnlandi og á Ítalíu.**



**ORGANISTINN** Björn Steinar Sólbergsson heldur hádegistónleika í Hallgrímskirkju á morgun.



**Myndirnar bera þó hitann og þungann af frásögninni. Fremst í bókinni eru loftmyndir af náttúrunni á Landmannaafrétti, sem er einstök á heimsvísu í allri sinni litadýrð.**

# Stórbrotið listaverk af fjöllum

BÆKUR ★★★★☆

**Fjallaland**
Ragnar Axelsson
**CRYMOGEA**




Ragnar Axelsson hefur fyrir löngu markað sér sess sem fremsti og heimsfrægasti ljósmyndari Íslendinga, þótt hann vilji lítið af frægð og verðlaunum vita. Sumir stunda ljósmyndun sem iðn og aðrir sem fréttamennsku. Ljósmyndir merktar RAX eru hins vegar listaverk, mörg hver einstök í sinni röð.

Bókin Fjallaland ber listamanninum Ragnari frábært vitni. Hún er afrakstur óviðjafnanlegrar samfylgdar ljósmyndarans með gangnamönnum á Landmannaafrétti á hverju hausti í aldarfjórðung.

„Leiðsögumaður“ RAX er Þórður Guðnason. Í bókinni birtast frásagnir hans af fjárleitunum, skráðar af Ragnari og Pétri Blöndal blaðamanni. Þessar frásagnir eru kryddaðar skemmtilegum sögum af fólki og atburðum og gefa góða innsýn í þessa sérstöku veröld á fjöllum, sem fáir Íslendingar nú á dögum þekkja af eigin raun.

Myndirnar bera þó hitann og þungann af frásögninni. Fremst í bókinni eru loftmyndir af náttúrunni á Landmannaafrétti, sem er einstök á heimsvísu í allri sinni litadýrð. Svo taka við svarthvítar myndir þar sem Ragnar lýsir samskiptum manna, skepna og náttúru sem þrátt fyrir ægifegurðina getur verið óblíð og ógnandi. RAX fangar svipbrigði í veðurbörðum andlitum, ólíkindaleg augnablik, veðrahaminn, samheldnina í hópnum, glensið og jafnvel erótíkina. Það er hægt að fletta bókinni aftur og aftur og koma auga á eitthvað nýtt til að njóta í hverri mynd.

Myndirnar bera þess merki að Ragnar hefur unnið traust fólksins á þeim. Þá list kann hann öðrum betur, hvort sem hann er á ferð með grænlenzkum veiðimönnum eða íslenzkum bændum.

Í bókinni hefur sú leið augljóslega verið valin meðvitað að láta myndirnar tala sínu máli án þess að setja texta við hverja þeirra. Að mörgu leyti tekst það vel, en í sumum tilvikum eru augnablikin á myndunum einfaldlega svo ótrúleg að forvitni lesandans kallar á meiri upplýsingar; hvað var þarna á seyði? Það er eini gallinn sem hugsanlega er hægt að finna á þessari frábæru bók.

**Ólafur Þ. Stephensen**

**NIÐURSTAÐA:** Stórbrotið listaverk sem veitir innsýn í heim sem fáir þekkja núorðið.


# Skuldabréf FAST-1 slhf.

**Birting lýsingar**

Útgefandi: FAST-1 slhf., kennitala 450112-0620, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík.

FAST-1 hefur birt lýsingu, sem samanstendur af samantekt og verðbréfalýsingu, dagsett 11. desember 2013 og útgefandalýsingu, dagsett 27. desember 2012. Lýsingin er birt í tengslum við stækkun skuldabréfaflokksins FAST-1 12 1, útgefnum af FAST-1 og umsókn um töku stækkunarinnar til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Lýsingin er gefin út á íslensku. Útprentuð eintök af lýsingunni má nálgast á skrifstofu útgefanda að Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík í 12 mánuði frá birtingu hennar. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu félagsins, http://fast1.co.is/fjarhagsupplysingar.

**Nafnverð útgáfu**

Gefin voru út og seld skuldabréf að nafnverði 980.360.000 kr. Áður höfðu verið gefin út bréf að nafnvirði 1.420.000.000 kr. og er stærð flokksins, eftir stækkun, því 2.400.360.000 íslenskra króna. Heildarstærð flokksins getur mest orðið 17.000.000.000 íslenskra króna.

**Taka til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.**

Sótt hefur verið um töku skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. sem mun tilkynna um slíkt með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

**Skilmálar skuldabréfanna**

Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysluverðs og bera fasta 4,2% árlega vexti. Vextir og afborgun af höfuðstóli greiðast fjórum sinnum á ári, 15. september, 15. desember, 15. mars og 15. júní fram að lokagjalddaga sem er 15. júní 2042. Útgáfudagur viðbótarbréfanna var 7. febrúar 2013. Fyrsti greiðsludagur vaxta og afborgunar var 15. mars 2013.

**Auðkenni skuldabréfaflokksins**

Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. er FAST-1 12 1, ISIN númer bréfanna er IS0000021889. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. í 10.000 kr. einingum.

*Reykjavík, 12. desember 2013.*
*Stjórn FAST-1 slhf.*

**Við bjóðum góða þjónustu**

Íslandsbanki

Gildir **12. - 15.** des. 2013






Ótal tískuráð sem spara bæði tíma og peninga.
Ómissandi fylgihlutur fyrir hverja konu.

**2.994** KR

# GLÆSILEGAR OG GAGNLEGAR

## SKAPANDI LÍFSSTÍLSBÆKUR – JÓLAGJÖFIN Í ÁR

HLÝIR FÆTUR

**2.955** KR







MARÍA HEKLBÓK

**2.994** KR

netto bækur
Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri



# HVAÐ? HVENÆR? HVAR? FIMMTUDAGUR

**12. DESEMBER**

### Tónleikar

**20.00 Jólatónleikar** Samkórs Reykjavíkur í Fella- og Hólakirkju fara fram. Stjórnandi er Guðrún Árný Guðmundsdóttir. Aðgangseyrir 2.000.-, frítt fyrir grunnskólabörn í fylgd með fullorðnum.

**20.30** Fjórðu tónleikar í tónleikaröðinni **Sérfræðingar að sunnan** verða haldnir á sviði menningarhússins Hofs á Akureyri í kvöld. Hljómsveitin Prins Póló leikur ásamt norðlensku hljómsveitinni Heflunum. Miðaverð er 2.000 kr. Námsmenn og eldri borgarar fá af því 25% afslátt.

**21.00 Jana María og hljómsveit** skemmta á Café Rosenberg

**22.00 Baraflokkurinn** kemur saman eftir langt hlé, og heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8.

**22.00 Pétur Grétarsson trymbill, Friðrik Karlsson gítaristi ásamt Róberti Þórhalls** munu spila af fingrum fram á Vínbarnum á Kirkjutorgi í kvöld. Ókeypis aðgangur.

### Sýningar

**17.00** Í dag hefst **Edvard Munch – Hátíðardagskrá** í Listasafni Íslands í tilefni þess að þá eru liðin 150 ár frá fæðingu þekktasta myndlistarmanns Norðurlandanna, listmálarans Edvards Munch.

**17.00** Opnuð verður sýning á verkum Ingu **Elínar** myndlistarmanns og hönnuðar í Artóteki. Sýningin er á Reykjavíkurtorgi á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15.

### Hátíðir

**17.00** Í dag er efnt til jóladagskrár fyrir börn á öllum aldri í **Listasafni Árnesinga**, í tengslum við litla jólasýningu sem unnin er út frá kvæðakverinu Jólin koma og búið er að setja upp í safninu. Stekkjastaur verður nýkominn til byggða og líklegt að hann komi við.

### Söngskemmtun

**11.00** Frá og með fimmtudeginum 12. desember koma jólasveinarnir við í **Þjóðminjasafninu**. Þeir bræður munu syngja og spjalla við börnin daglega kl. 11.

### Kvikmyndir

**19.30** Kvikmyndin **The Secret Life of Walter Mitty** verður sýnd á sérstakri hátíðarsýningu þann 12. desember kl. 19.30 í Smárabíói

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

# Leirlist innblásin af vættum og náttúru

Ný lína listakonunnar Þóru Breiðfjörð er byggð á náttúru og huldufólki. Hún segir hugmyndina á bak við nýju gripina tengjast umræðu um umhverfisvernd.

Leirlistakonan Þóra Breiðfjörð kynnir þessa dagana nýja línu sem sækir innblástur til íslenskrar náttúru og náttúruvætta. Meðal vara í línunni eru bollar, kertastjakar og skopparakringlur sem öll vísa í umhverfi okkar.

„Þetta byrjaði með því að Ragnhildur Jónsdóttir sem rekur Álfagarðinn í Hafnarfirði hafði samband og bað um bolla fyrir kaffihúsið sitt,“ segir Þóra. Það var fyrir um tveimur árum. Síðan hafa bæst við línuna skopparakringlur í líki lítilla dansandi álfa og kertastjakar sem eru að hluta unnir úr endurunnu hráefni, svo eitthvað sé nefnt. Auk þess eru bollarnir seldir með heimablönduðu tei úr Álfagarðinum.

Þóra segir hugmyndina á bak við þessa nýju gripi tengjast umræðu um umhverfisvernd og náttúruvættir, sem sprottið hafi aftur upp nýlega í tengslum við framkvæmdir í Gálgahrauni. „Þetta er auðvitað ekkert ný umræða,“ segir Þóra. „Við kunnum öll sögur af þessum vættum eða þekkjum einhvern sem kann þær.“ Að sögn Þóru er stutt að sækja innblásturinn enda liggur vinnustofa hennar beint við Hellisgerði í Hafnarfirði.

Hægt er að virða nýju línuna fyrir sér næstu helgi, en þá er Þóra með opið hús á verkstæði sínu á Skúlaskeiði 42. Einnig verður jurtaapótekið úr Waldorfskólanum í Lækjarbotnum með smyrsl, te og fleira til sölu. Tekið verður á móti gestum frá klukkan tólf til fimm báða dagana.

- bjarkia@frettabladid.is



**NÁTTÚRUVÆNT** Þóra ásamt munum úr nýju línunni.

> **Við kunnum öll sögur af þessum vættum eða þekkjum einhvern sem kann þær.**
> *Þóra Breiðfjörð*




ALLT Í PAKKANN
SKÍÐI MEÐ BINDINUM
ROSSIGNOL UNIQUE 2 - FYRIR HANA
84.990 KR.
SKÍÐAGLERAUGU
UVEX
7.990 KR.
HJÁLMAR
ROSSIGNOL OG UVEX
FRÁ 11.990 KR.
SKÍÐI MEÐ BINDINUM
ROSSIGNOL EXPERIENCE 74 - FYRIR HANN
74.990 KR.
SKÍÐASKÓR
ALIAS 80 - FYRIR HANN
39.990 KR.
SKÍÐASKÓR
NORDICA CRUISE 55 - FYRIR HANA
29.990 KR.
SKÍÐI MEÐ BINDINUM
ROSSIGNOL FYRIR STRÁKINN OG STELPUNA
27.990 KR.
20% AFSLÁTTUR ÞEGAR KEYPT ERU SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÓR
Fatnaður á mynd: Helly Hansen
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR



## TÓNNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson



# Gamli rokkur

Ég, Pollýanna Viðar Alfreðsson, taldi mig sjá að minnsta kosti eitt jákvætt við efnahagshrunið hér á landi árið 2008. Mér þótti líklegt að í kjölfar hrunsins fengjum við að sjá meira af reiðri og ljótri list, sem mér finnst ekki síðri en hið fallega og fágaða.

Ég vonaðist til þess að nú fengjum við Íslendingar okkar eigin Kurt Cobain. Einhvern ungan og mannýgan rokkara, rífandi kjaft í viðtölum á milli þess sem hann spilaði eitthvað framsækið og hávært.

Önnur varð raunin. Nokkrir miðaldra skallapopparar bjuggu til lummuleg kreppulög og íslenskt tónlistarlíf hélt áfram sinn vanagang. Ekki að ég sé að kvarta undan íslenskri músík, þvert á móti dáist ég að hinni listrænu grósku sem ekki sér fyrir endann á, sérstaklega í poppi. Ég hef hins vegar töluverðar áhyggjur af rokkinu.

Við eigum handfylli af frábærum rokksveitum sem eru að gera það gott þessa dagana. Þær eru hins vegar flestar skipaðar ráðsettum mönnum á fertugsaldri, og lítil endurnýjun á sér stað. Þar af leiðandi er rokkið fágaðra og fallegra en það væri í höndum yngra fólks. Ég skil reyndar ekki hvers vegna meðalaldurinn í rokkinu er svona miklu hærri en í poppi. Skýring á þessu óskast.

Er grófa og ljóta rokkið búið spil? Er framtíðin öll í grípandi og glaðlegu synthapoppi? Veltið þessu fyrir ykkur á meðan ég sýð mér ýsu og ber á mig gyllinæðarkrem.

## Í spilaranum







**Hljómar –** Fyrsti kossinn – Hljómar í 50 ár
**Bubbi Morthens –** Æsku minnar jól
**Berndsen –** Planet Earth


LÉTTARI JÓLAMATSEÐILL

Flott og þriggja rétta á Fjalakettinum.
**Kvöldið á skilið rómantík.**




Fjalakötturinn
Miðbæjarmenning við Ingólfstorg

Aðalstræti 16 / 101 Reykjavík / Sími 514 6060 / www.fjalakotturinn.is





**FRÁBÆRT ÁR** Hljómsveitin Kaleo er ein vinsælasta hljómsveit landsins um þessar mundir. MYND/RAGGI ÓLA

# „Tókum óvart lagið Vor í Vaglaskógi“

## Hljómsveitin Kaleo hefur átt frábært ár og á eina af söluhæstu plötum ársins.

„Þetta hefur verið frábært ár hjá okkur og við vonum að næsta ár verði einnig svona gott og jafnvel betra,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Kaleo, en sveitin hefur heldur betur slegið í gegn á árinu. Kaleo á eina af mest seldu plötum ársins en hún er jafnframt frumraun sveitarinnar og er henni samnefnd.

„Upphaf hljómsveitarinnar má rekja til hljómsveitarinnar Timburmanna, sem var hljómsveit sem tók lög annarra og spilaði á hinum ýmsu samkomum og líka sveitaböllum,“ útskýrir Jökull. Í Timburmönnum voru ásamt Jökli þeir Davíð Antonsson, trommuleikari og söngvari, og Daníel Ægir Kristjánsson bassaleikari. „Rubin Pollock gítarleikari kom svo inn í sveitina og þá varð Kaleo til og áherslurnar urðu aðrar.“ Þess má til gamans geta að Rubin Pollock er sonur gítarleikarans Mike Pollock sem var meðal annars í Utangarðsmönnum.

Sveitin kom fyrst fram sem Kaleo á Iceland Airwaves-hátíðinni fyrir rúmu ári. „Fyrir rúmu ári fórum við að leggja metnað í eigin lagasmíðar.“

Lagið Vor í Vaglaskógi var eitt vinsælasta lag ársins á Íslandi í flutningi Kaleo en útgáfa sveitarinnar varð í raun vinsæl fyrir hálfgerða slysni.

„Við fórum í Skúrinn á Rás 2 í apríl en þar höfðum við tekið upp lagið Glasshouse nokkrum sinnum sökum tæknilegra erfiðleika og var ég því orðinn þreyttur í röddinni. Þá ákváðum við að telja í eitt rólegt lag sem var óvart lagið Vor í Vaglaskógi og það varð svona vinsælt,“ útskýrir Jökull. Hann hafði þó gengið með lagið og útsetninguna í kollinum í töluverðan tíma áður en þeir töldu í lagið á Rás 2.

Eftir þetta fór sveitin í hljóðver og tók lagið upp. „Við tókum upp lagið en eftir að það fékk svona mikla athygli bauð Sena okkur að taka upp breiðskífu og við hjóluðum í það og varð platan til á sex vikum. Við erum mjög sáttir við hana.“

Kaleo-menn leggja mikið upp úr því að vera þéttir á tónleikum og hefur sveitin alla tíð verið dugleg við æfingar. „Við Davíð og Daníel höfum allir spilað saman frá því í grunnskóla og þekkjumst því mjög vel. Við komum helst ekki fram illa æfðir,“ bætir Jökull við.

Um þessar mundir er nóg að gera hjá sveitinni en hún er þó farin að vinna í nýju efni. Þá hefur sveitin einnig í hyggju á að koma fram erlendis. „Okkur langar mikið að fara út fyrir landsteinana á næsta ári og erum að skoða alla möguleika á því.“

Framundan eru tónleikar á jólatónleikunum Xmas og tónleikar á Gamla Gauknum en hvorir tveggja tónleikarnir fara fram 20. desember næstkomandi.

**gunnarleo@frfrettabladid.is**

### → Skemmtilegar staðreyndir um Kaleo

**Meðlimir Kaleo**

**Jökull Júlíusson** Söngur og gítar
**Davíð Antonsson** Trommur og söngur
**Daníel Ægir Kristjánsson** Bassi
**Rubin Pollock** Gítar

- Kaleo er úr Mosfellsbænum og eru allir liðsmenn fæddir árið 1990
- Rubin Pollock, gítarleikari sveitarinnar, er sonur Mike Pollock, gítarleikara úr Utangarðsmönnum.
- Upphaf sveitarinnar má rekja til Timburmanna, sem var hljómsveit sem lék lög annarra og kom fram á böllum og öðrum samkomum.
- Þeir tóku þátt í Músíktilraunum árið 2009 undir nafninu St. Peter the Leader
- Nafnið Kaleo kemur frá Hawaii og þýðir „hljóðið“.

## 28.12.2013 → 11.12.2013



### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Steinar** | **Up** |
| ▲ | 2 | Baggalútur og Jóhanna Guðrún | *Mamma þarf að djamma* |
| ▼ | 3 | Of Monsters and Men | *Silhouettes* |
| ▲ | 4 | Avicii | *Hey Brother* |
| ▲ | 5 | Jón Jónsson | *Feel for You* |
| ▼ | 6 | Kaleo | *Automobile* |
| ▲ | 7 | Ellie Goulding | *How Long Will I Love You* |
| ▼ | 8 | One Republic | *Counting Stars* |
| ▲ | 9 | Nýdönsk / John Grant | *Sweet World* |
| ▲ | 10 | Ragnheiður Gröndal | *Ástarorð* |



### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | **Baggalútur** | **Mamma þarf að djamma** |
| ▲ | 2 | Kaleo | *Kaleo* |
| ▲ | 3 | Sigríður Thorlacius | *Jólakveðja* |
| ▼ | 4 | Björgvin Halldórsson | *Duet III* |
| ▲ | 5 | Drangar | *Drangar* |
| ▲ | 6 | Helgi Björnsson | *Helgi syngur Hauk* |
| ▼ | 7 | Friðrik Ómar | *Kveðja* |
| ▲ | 8 | Emilíana Torrini | *Tookah* |
| ▲ | 9 | Ýmsir | *Gömlu dagana gefðu mér* |
| ▲ | 10 | Steinar | *Beginning* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# FÆRÐ ÞÚ FLOTTA HÖNNUN

*frá*

# Módern

## Í SKÓINN Á FACEBOOK?

Kíktu í dagatalið okkar á Facebook-síðu Módern á hverjum morgni fram til jóla og hver veit nema það leynist flott hönnun í pínum skó.

STEKKJASTAUR

GILJAGAUR

STÚFUR

ÞVÖRUSLEIKIR

POTTASKEFILL

ASKASLEIKIR

HURÐASKELLIR

SKYRGÁMUR

BJÚGNAKRÆKIR

GLUGGAGÆGIR

GÁTTAÞEFUR

KETKRÓKUR

KERTASNÍKIR

PIPAR\TBWA • SÍA • 133729



MÓDERN

Kíktu á Módern á Facebook
og taktu þátt í skemmtilegum leik

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 11–18 ▪ LAUGARDAGA KL. 11–16 ▪ HLÍÐASMÁRA 1 ▪ 201 KÓPAVOGUR ▪ 534 7777 ▪ modern.is

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikarinn Bill Nighy er 64 ára í dag**

Helstu myndir: Love Actually, Pirates of the Caribbean: At World's End, Notes on a Scandal, Total Recall.

# Stiller skákaði Carrey og Sacha Baron Cohen

Margir leikarar komu til greina í aðalhlutverkið í kvikmyndinni The Secret Life of Walter Mitty.

Kvikmyndin The Secret Life of Walter Mitty verður sýnd á sérstakri hátíðarsýningu í Smárabíói í kvöld en myndin fer í almennar sýningar á Íslandi 3. janúar.

Stórleikarinn Ben Stiller fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni auk þess að leikstýra henni. Hann þurfti þó að hafa sig allan við því grínleikararnir Jim Carrey, Owen Wilson, Mike Myers, Sacha Baron Cohen og Will Ferrell komu allir til greina til að leika þetta skemmtilega hlutverk. Eftir mikið slúður á helstu kvikmyndasíðum heims var það loksins tilkynnt í apríl árið 2011 að Ben myndi leika Walter Mitty sjálfan.

The Secret Life of Walter Mitty var tekin upp víða um Ísland síðasta sumar eins og flestum ætti að vera kunnugt og er kvikmyndin gríðarleg landkynning. Leikararnir Ólafur Darri, Gunnar Helgason, Ari Matthíasson og Þórhallur Sigurðsson fara með nokkuð stór hlutverk í myndinni en auk þess mun lag íslensku hljómsveitarinnar Of Monsters and Men óma í mjög áhrifamiklu atriði.

- lkg



**ÍSLANDSVINUR** Ben Stiller þykir góður í myndinni.

# Norskur spennutryllir

Pioneer verður frumsýnd á morgun í Háskólabíói.

Norski spennutryllirinn Pioneer verður frumsýndur í Háskólabíói á morgun en leikstjóri er Erik Skoldbærg, sá hinn sami og leikstýrði Insomnia og Prozac Nation.

Myndin fjallar um samsæri og ofsóknarkennd og gerist í upphafi olíuævintýrisins í Norðursjó snemma á níunda áratugnum. Petter, sem leikinn er af Aksel Hennie, er atvinnukafari sem tekur að sér hættulegasta verkefni í heimi þegar hann ákveður að kafa á botn Noregshafs. En það kemur babb í bátinn og Petter gerir sér grein fyrir því að hann er í bráðri lífshættu.

Með önnur hlutverk fara Wes Bentley, Stephen Lang og Jonathan LaPaglia.

- lkg




**DRUNGALEG** Kvikmyndatökumaðurinn Jallo Kekerainen Faber sér um útlit myndarinnar.



**Einkunnir:**
**IMDb** 8,1/10
**Rotten Tomatoes** 88/100
**Metacritic** 74/100

**LOFAR GÓÐU** Frozen hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda.

# Sjötíu ár í vinnslu

Disney-teiknimyndin Frozen verður frumsýnd á föstudaginn. Gagnrýnendur hafa gengið svo langt að líkja henni við goðsagnakenndar teiknimyndir á borð við The Lion King og Beauty and the Beast. Fæðing Frozen var þó erfið.

Teiknimyndin Frozen frá Walt Disney verður frumsýnd á Íslandi á föstudaginn. Hún er að hluta til byggð á ævintýrinu Snædrottningunni eftir Hans Christian Andersen og fjallar í grunninn um baráttuna milli góðs og ills. Aðalpersónurnar eru ungur maður og kona, Anna og Kristján, sem leggja upp í ævintýri til að finna systur Önnu, snædrottninguna Elsu, sem er bundin þeim álögum að allt sem hún snertir verður að snjó og ís.

Hugmyndin að Frozen kviknaði í raun fyrst árið 1943. Þá íhuguðu Walt Disney og Samuel Goldwyn að vinna saman að mynd um Hans Christian Andersen sem myndi innihalda stuttar teiknimyndir byggðar á sögum hans, þar á meðal mynd um Snædrottninguna. Walt og teiknarar hans lentu hins vegar í vandræðum því að þeir fundu ekki leið til að útfæra ævintýrið. Þetta, ásamt öðru, leiddi til þess að hætt var við verkefnið.

Walt Disney Feature Animation byrjaði aftur á útfærslu af Snædrottningunni seint á tíunda áratugnum eftir velgengni flestra teiknimynda fyrirtækisins. Hins vegar var hætt við verkefnið seint á árinu 2002. Margir reyndu að blása lífi í ævintýrið en Michael Eisner, þá forstjóri og stjórnarformaður hjá Walt Disney, bauð fram stuðning sinn og stakk upp á að verkefnið yrði unnið með John Lasseter hjá Pixar Animation Studios. Verkefnið var tekið upp aftur árið 2008 en gekk þá undir nafninu Anna and the Snow Queen en aftur var Snædrottningin blásin af árið 2010 þegar aðstandendur gátu með engu móti útfært persónu drottningarinnar. Eftir að teiknimyndin Tangled sló í gegn árið 2010 tilkynnti Disney nýjan titil á Snædrottningunni. Hún skyldi heita Frozen og yrði frumsýnd 27. nóvember árið 2013. Þetta var tilkynnt í desember árið 2011 og mánuði seinna var staðfest að myndin yrði tölvugerð í stereóskópískri þrívídd en ekki handteiknuð eins og hugmyndin hafði verið. Í mars í fyrra kom svo í ljós að Chris Buck, sem leikstýrði Tarzan og Surf's Up, myndi leikstýra og John Lasseter og Peter Del Vecho settust í framleiðandasætið. Sem betur fer náði verkefnið loksins að verða að veruleika því myndin hefur farið sigurför um heiminn og hafa gagnrýnendur líkt henni við goðsagnakenndar teiknimyndir á borð við The Little Mermaid, Beauty and the Beast og The Lion King.

liljakatrin@frettabladid.is




## Tekjuhæsta frumsýningarhelgi Disney

Myndin var frumsýnd á þakkargjörðarhátíðinni í Bandaríkjunum og þénaði **15,2 milljónir dollara** á frumsýningardaginn. Yfir þriggja daga frumsýningarhelgina þénaði hún **67,4 milljónir dollara** og er það tekjuhæsta frumsýningarhelgi í sögu Walt Disney. Frozen þénaði **93,6 milljónir dollara** fyrstu fimm dagana og skákaði þannig methafanum hjá Disney, Toy Story 2. Þá er þetta önnur tekjuhæsta mynd í sögunni yfir fyrstu fimm dagana en Hunger Games: Catching Fire er sú tekjuhæsta.

## Leikraddir

**Íslenskar:** Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Bergur Ingólfsson og fleiri.

**Enskar:** Kirsten Bell, Idina Menzel, Jonathan Groff, Josh Gad, Santino Fontana og Alan Tudyk.

## → Tenging við Noreg

Teiknarar myndarinnar heimsóttu íshótel í Quebec í Kanada til að sjá hvernig ljós varpast á snjó og ís. Þeir sóttu hins vegar innblástur fyrir landslagið í myndinni í landslag Noregs. Fjölmargir þekktir staðir í Noregi koma fyrir í myndinni, þar á meðal Akershusvirkið í Ósló, Niðaróssdómkirkja í Þrándheimi og Bryggjuhverfið í Björgvin. Þá kemur einnig við sögu ýmislegt sem er einkennandi fyrir landið, til dæmis tröll, víkingaskip, lútfiskur og hreindýr. Lifandi hreindýr var fengið í myndverið þar sem myndin var unnin svo hreindýrið Sven, persóna í myndinni, yrði sem trúverðugast.



markhönnun ehf




BARNIÐ ÞITT ER Á LÍFI
ELÍN HIRST
**3.894** KR




FJALLALAND
RAGNAR AXELSSON
**8.963** KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




ÚTKALL - LÍFRÓÐUR
ÓTTAR SVEINSSON
**3.733** KR




HEMMI GUNN
ORRI PÁLL ORMARSSON
**3.594** KR




KONUNGAR KLJÁST
GEORGE R.R.
**2.963** KR




KRÆSINGAR ÁN OFNÆMISVALDA
**3.623** KR




66 HANDRIT
**5.273** KR




JÓLAANDINN
GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON
**2.653** KR




BERNSKUDAGAR
ÓSKAR JÓHANNSON
**3.973** KR




POLLÝANNA
ELENOR H. PORTER
**2.793** KR

netto
Kræsingar & kostakjör
bækur

**www.netto.is**
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri

# Dauðarokk, jólakötturinn og kæst skata

Nú er aðventan gengin í garð og afar stutt í jólin. Í hugum margra eru jólin hátíð ljóss og friðar en Fréttablaðið leitaði til nokkurra þjóðþekktra einstaklinga og innti þá eftir hvað væri það ójólalegasta sem þeir vissu í aðdraganda jólanna.



**Anna Mjöll Ólafsdóttir**
tónlistarkona

„Það sem mer finnst ójólalegast af öllu er tryllingurinn sem auglýsingameistarar koma í mannskapinn fyrir jólin. Þessi tryllingur gerir það að verkum að hlýju, góðu, fallegu jólin okkar breytast í kvöð og verða mörgum mjög erfið – jafnvel óyfirstíganleg fyrir vikið. Hvernig væri að hafa ein jól þar sem við höldum upp á hvert annað? Búum til ljúffengan mat sem við njótum saman, tölum saman, slökkvum á tölvum og farsímum, kaupum engar jólagjafir en gefum hvert öðru faðmlag og koss við jólatréð í jólagjöf í staðinn? Ég er viss um að það yrðu bestu jól í heimi!“



**Bjartmar Þórðarson**
leikari

„Íslenskt, manískt jólastress slekkur alveg neistann hjá mér. Frammistöðukvíði gagnvart gjafakaupum kemur líka upp í hugann. Svo finnst mér fátt verra en jólalög í október.“



**Lára Björg Björnsdóttir**
fjölmiðlakona

„Ójólalegur hlutur í minum huga er ljósapera sem er yfir 15 vött. Heldur fólk, svona í alvöru talað, að það sé í boði að kveikja á peru sem er yfir 15 vött á aðventunni? Á öllum heiðarlegum jólaheimilum er auðvitað bara myrkur fyrir utan kertaljós og angurværan ljómann af seríum úr hverjum einasta glugga og hverri einustu hillu og hverju einasta horni. Draumur minn er að ná að þræða seríu eftir baðherbergisloftinu en mér er sagt að það sé semí hætta á raflosti ef eitthvað rennur til. En ég er samt til í að taka sénsinn. Enda jól.“



**Hlín Einarsdóttir**
fjölmiðlakona

„Mér finnst það alójólalegasta sem ég veit kæsta skatan á Þorláksmessu. Pegar ég vil finna ilm af greni og reyktu svínakjöti er lyktin af skötu eins og skrattinn úr sauðarleggnum.“



**Védís Vantída Guðmundsdóttir**
tónlistarkona

„Dauðarokk og bara allt ofbeldi og misþyrmingar á öllum lifandi verum. Það er klárlega mjög ójólalegt í mínum bókum.“



**Hallgrímur Ólafsson**
leikari

„Það ójólalegasta sem ég veit er sennilega jólakötturinn. Sagan af honum meikar engan sens, svona jólalega séð. Það að ef maður fær ekki fín föt fyrir jólin kemur einhver spikfeitur og ljótur köttur og étur mann. Glatað! Einhvern veginn svo langt frá hugmyndinni um ljósið og friðinn.“



**Unnur Ösp Stefánsdóttir**
leikkona

„Fyrir mér snúast jólin um almenna rómantík, ég elska þennan tíma. Kertaljós, snjóstormur, sleðaferð og kærleiksríkar samverustundir með fjölskyldu eru það sem mér finnst að jólin eigi að ganga út á. Því má segja að það ójólalegasta fyrir mér sé flúorlýsing, slydda og almennur grámi yfir borginni og umfram allt streituvaldandi álagsjól þar sem allir versla af skyldu og vinna of mikið til að eiga gæðastundir með fólkinu sínu í skammdeginu.“



**Margrét R. Jónasar**
hjá Make Up Store

„Það ójólalegasta fyrir mig er að sjá jólaskraut í október og heyra jólatónlist flutta í nóvember.“



**Gunnar Jarl Jónsson**
knattspyrnudómari

„Það ójólalegasta sem ég veit um eru þessar gulu og rauðu hlunkaperur sem fólk setur á svalirnar sínar! Þetta var greinilega keypt á heilu blokkirnar hér í kringum 1985 en það má alveg fara að skipta um og skella hvítum fallegum seríum á svalirnar.“



**Jóhannes Haukur Jóhannesson**
leikari

„Það sem mér dettur í hug þegar jólin eru annars vegar er kærleikur, fegurð og samvera. Það ójólalegasta hlýtur þá að vera andhverfa þess, og þá eru kommentakerfi netmiðlanna það sem mér dettur fyrst í hug. Þvílík gróðrarstía viðbjóðs og neikvæðni, haturs og ljótleika sem þau eru.“



**Rósa Guðbjartsdóttir**
ritstjóri og bæjarfulltrúi

„Það ójólalegasta er þegar spurt er: Ertu búin að öllu? Því það felur í sér að jólaundirbúningurinn sé orðinn einhver kvöð eða keppni – keppni í að vera búinn að einhverju sem hefur líklega minnst með hinn sanna jólaanda að gera þegar upp er staðið. Jólin koma alltaf hvernig sem undirbúningnum hefur verið hagað, sama hversu mikið hefur verið verslað, bakað eða þrifið. Og jafnvel þótt ekkert sé nýfægt silfrið. Jólin eru samvera og nánd en ekki eitthvað sem „þarf að klára“ fyrir aðfangadag.“

tl.is

TÖLVU LISTINN

# SPJALDTÖLVUR TIL JÓLAGJAFA !



nextbook

## VINSÆLASTA 8" MEÐ DUAL CORE !

Þessi rennur út hjá okkur. Hentug barnastærð og það sem skiptir mestu máli er að hún er með Dual Core örgjörva og góðu 1GB vinnsluminni. Myndavél að framan, heyrnartólstengi, Micro USB, mini HDMI og Bluetooth.

NEX-NEXT800T

**19.990**

## 10" NEXTBOOK Á 29.990 !

10" með Dual Core örgjörva og 1GB vinnsluminni. Myndavél að framan og aftan. MicroUSB, miniHDMI og Bluetooth.

NEX-NX010HI8G



**29.990**

## COOLTAB MEÐ HÖGGVÖRN

Lenco



Bláar og bleikar Lenco spjaldtölvur með bleikri og blárri silikonhulsu til að hún þoli meira hnjask. Allwinner A13 örgjörvi.

LEN-COOLTAB80PI

**19.990**

## 7" ASUS MEÐ HD

ASUS



Hágæða IPS háskerpuskjár sem skilar ótrúlegum myndgæðum. Fjögurra kjarna örgjörvi og allt að 10 klukkutíma rafhlöðuending.

ASU-ME173X1B014A

**39.990**

## NÝ NEXUS 7 MEÐ FHD

ASUS



Fimm stjörnu spjaldtölva frá Asus og Google með Snapdragon S4 Pro örgjörva og kristaltærum Full HD skjá. Android 4.3 Jelly Bean.

ASU-NEXUS71A002A

**57.990**

## FONEPAD2 MEÐ 3G OG SÍMA !



ASUS

ASU-ME372CG1B049A

7" spjaldtölva með 3G þannig að líka er hægt að nota hana sem síma. Öflugur Intel Atom örgjörvi og Full HD skjár. Allt að 10 tíma rafhlöðuending eða 28 tímar í tali.

**64.990**

## 10" ASUS MEÐ INTEL ATOM



ASUS

ASU-ME302C1B015A

Glæsilega hönnuð og örþunn 10" spjaldtölva frá Asus. Intel Atom örgjörvi og öflugt skjákort. 32GB Flash minni og 2GB vinnsluminni.

**79.990**

## TEGRA 4 QUAD CORE



ASUS

ASU-TF701T1B025A

Sú besta frá Asus. NVIDIA Tegra 4 örgjörvi og GeForce Tegra 4 skjákort. Kristaltær skjár með 2560x1600 punkta upplausn. Allt að 13 tíma rafhlöðuending.

**119.990**

## iPAD AIR OG iPAD MINI

iPad



Mikið úrval af nýjum, léttari og hraðvirkari iPad spjaldtölvum frá Apple á lægra verði

VERÐ FRÁ

**49.990**



NÝTT KORTATÍMABIL !





MUNDU EFTIR MIÐANUM. KOMDU OG SJÁÐU HVORT ÞÚ ÁTT MILLJÓN KRÓNA JÓLAPAKKA HJÁ OKKUR !

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Dómnefnd fyrir reynslubolta

Hrönn Sveinsdóttir var valin í dómnefnd Europa Cinemas-verðlaunanna á Berlinale-kvikmyndahátíðinni.

Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, hefur verið valin í dómnefnd Europa Cinemas-verðlaunanna á Berlinale-kvikmyndahátíðinni. „Það er einstakur heiður að fá að vera með í dómnefndinni því að þetta er aðeins fyrir reynslubolta,“ segir Hrönn. „Þetta er flott viðurkenning á því sem við höfum verið að gera í Bíói Paradís, sem er fyrsta og eina listræna kvikmyndahúsið á Íslandi. Þeir hjá Europa Cinemas eru mjög impóneraðir yfir brautryðjandastarfi Bíós Paradísar hér á Íslandi. Þetta hefur mikla þýðingu fyrir tengslanet okkar í evrópskum kvikmyndaheimi.“

Á Berlinale-hátíðinni eru margir verðlaunaflokkar. „Í Europa Cinemas-verðlaununum er einn sigurvegari. Honum hlotnast Europa Cinemas-stimpillinn sem gefur stóraukna möguleika á dreifingu á þeirri mynd. Þessi stimpill er mikils virði.“

Dómnefndin er valin af stjórn Europa Cinemas-samtakanna. Í samtökunum eru um 1170 kvikmyndahús í 68 löndum. „Bíó Paradís hefur verið meðlimur í samtökunum síðan 2012. Ég var að koma af ráðstefnu í Grikklandi hjá þessum samtökum þar sem eftir því var tekið hvað við höfum unnið merkilegt starf miðað við hvað við erum í erfiðri stöðu. Við höfum til dæmis þurft að flytja inn myndir sjálf því fáar listrænar kvikmyndir eru fluttar hingað inn af öðrum.“

Hrönn veit ekki enn hverjir verða með henni í dómnefnd, en auk hennar verða tveir aðrir í dómnefndinni. „Ég er rosalega spennt. Hún verður örugglega skipuð einhverjum helstu bíósérfræðingum Evrópu svo ég get ekki beðið. Mér finnst Berlínarhátíðin vera langskemmtilegust af þessum stóru hátíðum. Þar sér maður langáhugaverðustu myndirnar. Við munum að sjálfsögðu færa rjómann af þessum myndum til Íslands svo áhorfendur hérna fái notið þess besta sem heimurinn hefur upp á að bjóða í kvikmyndagerð.“ **- ue**



**Í SKÝJUNUM** Hrönn Sveinsdóttir hefur farið á margar kvikmyndahátíðir að undanförnu en henni finnst Berlinale standa upp úr. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Dagatal kvenheimspekinga gefið út

Allur ágóði rennur til doktorsnema í heimspeki.

Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, hefur gefið út dagatal tileinkað kvenheimspekingum. Dagatalið nefnist Dagbók 2014: Árið með heimspekingum. „Á annarri síðu hverrar opnu er dagatal vikunnar. Á hinni er lýsing á kvenheimspekingum úr sögu og samtíð,“ segir Sigríður. „Þetta er í senn gagnleg bók og svo miðlar hún fróðleik.“

Heimspekin hefur verið karlhverf grein að mati Sigríðar. „Rannsóknir síðustu áratuga hafa sýnt fram á að fleiri konur en áður var talið lögðu stund á heimspeki alveg frá upphafi. Þær hafa „gleymst“ og þeirra heimspeki sjaldan virt eða kennd. Þessu þarf að breyta,“ segir Sigríður. „Saga heimspeki þessara kvenna birtir öðruvísi heimspekisögu. Þeirra sýn á heiminn er svolítið öðruvísi. Hún fer oft á skjön við ráðandi strauma í heimspekisögunni. Við getum lært mikið af þeim.“

Í dagatalinu er fjallað um heimspekinga frá ýmsum tímaskeiðum. „Þar er til dæmis að finna umfjöllun um Christine af Pizan. Hún var uppi á fjórtándu og fimmtándu öld og hún skrifaði bók sem heitir Kvennaborgin. Í bókinni lýsir hún ímyndaðri borg þar sem fyrirfinnst ekki kvenfyrirlitning. Hún skrifaði bókina til að andæfa kvenfyrirlitningu í víðlesinni miðaldabók sem hét Skáldsagan um rósina, sem er ein allsherjar lýsing á því hversu vitlausar og siðlausar konur eru.“ Sigríður telur að þessar konur og sýn þeirra á heiminn eigi mikilvægt erindi við samtímann. „Þarna er að finna róttækar kenningar allt frá fornöld til samtímans.“

Allur ágóði af dagatalinu rennur til styrktar doktorsnemum í heimspeki. **- ue**



**GÓÐ HUGMYND** Sigríður Þorgeirsdóttir er prófessor í heimspeki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Á VIRTUM LISTA** Nýjasta plata Sigur Rósar, Kveikur, er á lista yfir 100 bestu plötur ársins að mati MusicOMH. NORDICPHOTOS/GETTY

# Íslenskt efni á virtum lista

Breska tónlistarvefsíðan MusicOMH birti á dögunum lista yfir hundrað bestu plötur ársins. Það er þó ekki í frásögur færandi, nema vegna þess að þrjár plötur sem tengjast Íslandi eru á listanum.

Á listanum eru Sigur Rós með plötuna Kveikur, Ólöf Arnalds með plötuna Sudden Elevations og svo Íslandsvinurinn John Grant með plötuna Pale Green Ghosts.

Þessir listamenn komast á lista með nokkrum af vinsælustu plötum í heiminum á þessu ári. Dæmi um plötur á listanum eru Prism sem Katy Perry sendi frá sér, Random Access Memories með Daft Punk, Yeezus frá Kanye West og …Like Clockwork með Queens Of The Stone Age. **- glp**



# Þrettán hundruð manna jólahátíð fatlaðra fest á filmu

André Bachmann stendur fyrir Jólahátíð fatlaðra sem verður í fyrsta sinn tekin upp. Hátíðin hefur stækkað jafnt og þétt síðustu ár.

„Þetta er í 31. skiptið sem Jólahátíð fatlaðra er haldin en hún hefur aldrei verið stærri,“ segir gleðigjafinn André Bachmann sem stendur fyrir Jólahátíð fatlaðra á Hilton hótelinu í kvöld. Á hátíðinni koma fram margir af þekktustu listamönnum þjóðarinnar, meðal annars Páll Óskar, Eyþór Ingi, Magni, Laddi og Friðrik Dór. Hljómsveitin Hvar er Mjallhvít? sér um undirleik.

„Fyrst var Jólahátíðin haldin í Kassagerðinni en þá mættu kannski um áttatíu manns en nú erum við komin á Hilton hótelið og gerum ráð fyrir að um þrettán hundruð manns mæti,“ segir André. Fólk mætir ekki eingöngu af höfuðborgarsvæðinu heldur kemur fólk frá Akranesi, Reykjanesbæ og Selfossi svo dæmi séu tekin.

„Það hefur verið mikið álag á mér undanfarin ár við undirbúninginn en nú hef ég fengið aðstoðarmann, Bjarna Þór Sigurðsson, og það léttir rosalega, það er erfitt að vera einn í þessu.“

Í ár verður jólahátíðin tekin upp á hljóði og mynd í fyrsta skiptið og eru það nemar í Kvikmyndaskóla Íslands sem sjá um upptökur.

„Það tekur meira og minna allt árið að skipuleggja svona hátíð en það er alltaf jafn gaman og það eru margir aðilar sem leggja hönd á plóg. Ég hvet alla aðstandendur fatlaðra til að koma með á þessa skemmtilegu samkomu,“ bætir André við, en allir eru velkomnir á hátíðina sem hefst klukkan 20.00 í kvöld á Hilton hótelinu. - glp



**SKIPULEGGJENDUR HÁTÍÐARINNAR** André Bachmann, Bjarni Þór Sigurðsson, Júlíus Geir Halldórsson, Jóhann Scotch Sveinsson og Elmar Snær Hannesson. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### ➜ Þeir sem koma fram í kvöld

Sveppi og Villi, Magni, Ingó, Jóhannes Guðjónsson, Solla stirða og Íþróttaálfurinn úr Latabæ, Friðrik Dór, Eyþór Ingi, Laddi, Þór Breiðfjörð, Harold Burr, Vinir vors og blóma, Klaufar, Steindi Jr., Ásynjur, André Bachmann og Bjarni Þór og Páll Óskar ásamt dönsurum, hljómsveitin Hvar er Mjallhvít? sér um undirleik.



MYND/MARÍA GUÐRÚN RÚNARSDÓTTIR

## Rokk, raftónlist og rólegheit

Pale Blue Dot, önnur plata tónlistarkonunnar Jöru, er komin út á vegum útgáfufyrirtækisins Angry Dancer Records.

Platan hefur verið í vinnslu í nokkur ár, tekin upp víðsvegar á suðvesturhorninu af Jöru en kláruð í Hljóðrita í Hafnarfirði í samstarfi við Sigurð Guðmundsson. Jara spilar sjálf á flest hljóðfærin, útsetur, prógrammerar og syngur en naut þó einnig dyggrar aðstoðar nokkurra hljóðfæraleikara og Sigurðar Guðmundssonar við að koma plötunni í endanlegt horf.

„Ég er núna að semja leikhústónlist við leikritið Fyrirgefðu eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur. Það verður frumsýnt í febrúar í Tjarnabíói.“

Jara stefnir á að halda útgáfutónleika í janúar. - glp



**MEIRA AF ÖLLU** Arnljótur segir hljómsveitina ætla að flytja lög sem aldrei hafa verið spiluð opinberlega áður, nema á Græna hattinum á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Spilað á gorma

Hljómsveitin Ojba Rasta verður með útgáfutónleika vegna nýju plötunnar sinnar á Harlem á föstudaginn klukkan 22. Platan heitir Friður. „Við lögðum upp með að platan yrði ólík fyrri plötunni okkar,“ segir Arnljótur Sigurðsson, söngvari og bassaleikari Ojba Rasta. „Ekki stæling á þeirri fyrri. Það er veglegra umslag á þessari en á fyrri plötunni. Platan er lengri og það eru fleiri orð á henni. Það má segja að það sé meira af öllu á henni. Á henni hljóma alls konar hljóðfæri. Það er meðal annars spilað á gorma. Svo er spilað á Klais-orgelið í Hallgrímskirkju, en okkur tókst reyndar ekki að fá það lánað fyrir tónleikana á Harlem.“

Á plötunni eru áhrif frá tónlist Miðausturlanda. „Við stiklum á friðarboðskap og segja má að lögin fjalli um það að vera skynvera. Það má kannski segja að þetta sé líkt laginu Ég heyri svo vel (ég heyri grasið gróa) með Olgu Guðrúnu Árnadóttur – en í þulurokkbúningi.“

Þess má geta að í kjallaranum á Harlem eru veggmálverk eftir Ragnar Fjalar Lárusson. „Hann hannaði plötuumslagið okkar. Fólk getur skoðað það eftir eigin hentisemi á tónleikunum.“ Hljómsveitin ætlar að spila í gegnum alla plötuna á tónleikunum. Grísalappalísa kemur einnig fram. - ue





**MIKIÐ STRESS** Tökudagarnir tóku á en hér sést Sonja handsauma ofan í grunninn. Við hlið hennar stendur Bobby Breiðholt.



**GJÖRIÐ SVO VEL** Auglýsingin var tekin upp á tveimur dögum.

# Í prjóni hefur ekkert stöðvað mig

**Prjónahönnuðurinn Sonja Bent lék veigamikið hlutverk í jólaauglýsingu Icelandair. Hún sá um að prjóna áfangastaði flugfélagsins og segir ferlið hafa verið afar stressandi. Hún mætti ósofin á fyrsta tökudag og var með hjartað í buxunum allan daginn. Þrátt fyrir það getur hún ekki beðið eftir næsta krefjandi verkefni.**

„Sagafilm og Íslenska auglýsingastofan höfðu samband við mig út af þessu verkefni. Bobby Breiðholt hjá Íslensku auglýsingastofunni fékk þá hugmynd að prjóna jólaauglýsingu Icelandair og það vantaði manneskju til að sjá um prjónið,“ segir prjónahönnuðurinn Sonja Bent um hvernig það kom til að hún fékk veigamikið hlutverk í nýjustu jólaauglýsing Icelandair.

„Upphafleg pæling var að gera auglýsingu sem væri prjónuð ramma fyrir ramma en það hefði þýtt að ég hefði þurft að prjóna átta hundruð ramma. Við fengum frekar stuttan fyrirvara og enginn gerði sér fyllilega grein fyrir því hvað þetta var mikið mál enda hefur aldrei verið gerð auglýsing sem þessi á Íslandi svo ég viti. Ég fundaði með Íslensku auglýsingastofunni og framleiðslufyrirtækinu Sagafilm og við fundum leið til að gera þetta eins og við vildum hafa þetta,“ segir Sonja. Hún fékk tíu daga til að undirbúa sig fyrir tökur og prjóna heilan helling.

„Hugmyndin var að áfangastaðir Icelandair yrðu prjónaðir, eins og Big Ben og Eiffel-turninn. Þetta átti að líta út eins og þetta væri handprjónað en ég hefði aldrei getað handprjónað þetta allt á þeim tíma sem ég fékk. Þannig að þetta var gert í vél og var heilmikil útfærsla. Bobby Breiðholt teiknaði landslagið sem ég svo útfærði í prjón. Allt landslagið var sex til sjö metra renningur sem var settur saman úr sex eða sjö bútum. Allur grunnurinn var vélprjónaður en síðan var öll hreyfing handsaumuð ofan í grunninn, lykkju fyrir lykkju, í tökum. Þar af leiðandi var mjög lítil eftirvinnsla eins og lagt var upp með.

Ég þurfti að safna saman liði til að hjálpa mér að klára þetta. Aðalmanneskjan með mér var Þóra Einarsdóttir, algjör prjónasnillingur sem er búin að kenna mér mikið í gegnum árin. Síðan fékk ég móður mína, Sæunni Mörtu Sigurgeirsdóttur, bróderímeistarann Ríkeyju Kristjánsdóttur og vinkonu mína, Kolbrúnu Bergmann Franzdóttur, með mér í lið. Án þeirra hefði ég ekki getað þetta. Við vöktum allan sólarhringinn fyrir fyrsta tökudag og vorum allar sem ein algjörlega ósofnar,“ segir Sonja en tvo daga tók að taka upp auglýsinguna.

„Þetta voru tveir rosalegir tökudagar. Fyrsta tökudeginum fylgdi ákveðin sigurtilfinning því þetta tókst og við vorum ekki viss hvort við gætum þetta. Við vorum öll hrikalega stressuð þessa daga út af því hvort þetta næðist. Ég var með hjartað í buxunum allan daginn. Seinni tökudaginn vorum við 23 klukkutíma samfleytt í tökum. Það var algjört brjálæði. Það var samt fáránlegt hvað valdist góður hópur til að vinna þetta verkefni og það gekk allt svo smurt. Ótrúleg samvinna allra aðila.“

Eftir mikið streð var einstaklega skemmtilegt að sjá auglýsinguna í sjónvarpinu að sögn Sonju.

„Ég hef aldrei séð verkefni mitt lifna við og það yljar manni um hjartarætur. Ég er voðalega montin af þessu ef ég segi alveg eins og er. Ég hlakka til að tækla næsta verkefni og það væri gaman að takast á við eitthvað sem er enn meira krefjandi.“

Sonja er búin að vinna að síðustu tveimur þáttaröðum í búningadeild Latabæjar og aðstoðar Maríu Ólafsdóttur, búningahönnuð Latabæjar.

„Bæði María og Magnús Scheving eru mjög kröfuhörð og vita nákvæmlega hvað þau vilja. Stundum hef ég engan tíma til að klára hugmyndir og þarf að rjúka á vinnustofuna og prjóna fram undir morgun. Ég er brjálæðislega vel skóluð eftir að hafa unnið með Maríu því hún fær klikkaðar hugmyndir og það þarf helst að útfæra þær í gær. Í sumar var tröll í einum þættinum og það var ákveðið að það yrði í einhverju prjónuðu. Prjónið þurfti að vera mjög stórt því þetta var svo stór fígúra. Við fundum ekki nógu stóra prjóna þannig að ég prjónaði bara með höndunum og fékk þannig stóra, flotta lykkju. Ég gerði tröllakjól úr áttföldum Bulky-lopa sem er massíft þykkt. Ég gat ekki tekið upp símann eða gert nokkurn skapaðan hlut því ég var föst þangað til ég kláraði stykkið. Í tengslum við prjón hefur ekkert stöðvað mig enn þá.“

> **Ég er voðalega montin af þessu ef ég segi alveg eins og er.**
> *Sonja Bent*

Sonja segist hafa lítinn frítíma en prjón er ástríða hennar í lífinu.

„Ég hef mestan áhuga á prjóni og ég held áfram að bæta við mig þekkingu því ég hef svo mikinn áhuga. Ég er alltaf að gera tilraunir og það er það sem gerir það að verkum að ég er orðin frekar klár í prjóni og fljót að vinna og búa til uppskriftir. Ég er fljót að útfæra alls konar hugmyndir og mér finnst það ferlega gaman. Ég tek meira að segja upp prjónana þegar ég er að horfa á sjónvarpið eða fer í bústað. Þetta er einhvers konar prjónageðveiki.“

liljakatrin@frettabladid.is

## Stopmotion-tækni

Icelandair-auglýsingin er gerð með svokallaðri stopmotion-tækni. Stopmotion fellur undir svið kvikmyndagerðar og felur tæknin það í sér að láta líta út fyrir að kyrrstæðir hlutir hreyfist. Tæknin er gjarnan notuð í hreyfimyndum með brúðum og fígúrum úr leir en þá er hver hreyfing brotin niður í ramma sem eru myndaðir og settir saman í runu. Einn frægasti stopmotion-karakter kvikmyndasögunnar er King Kong en í myndinni frá árinu 1933 voru hreyfingar hans skapaðar með stopmotion-tækni.



**TVEIR GÓÐIR** Örn Sveinsson, yfirmaður eftirvinnslu hjá Sagafilm, og Emil, annar leikstjóri auglýsingarinnar.



**GEFÐU FRÍ** Guðjón Jónsson leikstýrði auglýsingunni ásamt Emil Ásgrímssyni. Hér er Guðjón ásamt Sonju.

# Innsýn í hugarheim unglinga

Í viku hverri senda lesendur Fréttablaðsins mér spurningu í neðangreint tölvupóstfang sem ég svo svara í pistli. Nú langar mig að bregða aðeins út af vananum og birta spurningar sem ég hef fengið í kynfræðslu frá nemendum í efstu bekkjum grunnskóla. Spurningarnar eru nafnlausar en gefa lesendum ágæta innsýn í hugarheim unglingsins. Þó mátt þú, kæri lesandi, enn senda mér spurningu þína og ég mun svara henni.

**?** Er hægt að sjá hvort afkvæmi verði heilbrigt með því að skoða sæðið?

...

**SVAR** Það má orða það þannig að þú getir ekki séð það með berum augum sjálfur en það er hægt að rannsaka ýmislegt í sæði. Erfðaefni (DNA) er í höfði sáðfrumunnar og þaðan má greina ýmsa arfgenga sjúkdóma. Í sæðinu má einnig greina sjúkdóma líkt og HIV. Þó eitthvað greinist í sæði þá er ekki þar með sagt að það muni hafa áhrif á afkvæmið því erfðirnar geta raðast misjafnlega saman og gen geta verið ríkjandi og víkjandi. Það er því flókið að svara þessu því það er margt sem spilar inn í. Ef þú vilt fræðast nánar þá er um að gera að ræða þessi mál við lækni.

**?** Er eðlilegt að brunda upp í sig og kyngja því?

...

**SVAR** Hér væri betra að tala um algengt frekar en eðlilegt því við höfum misjafnar skilgreiningar á því hvað okkur þykir eðlilegt. Það er ekkert að því að gleypa eigin sæði en það að stunda munnmök á sjálfum sér er eitthvað sem fáir virðast geta gert. Þetta er því frekar óalgengt en alveg eðlilegt. Þetta krefst töluverðs liðleika og er áætlað að um 10% manna geti það. Þó grunar mig að ef vilji sé fyrir hendi þá gæti þessi tala orðið hærri. Það er mín reynsla að mörgum virðist hrylla við tilhugsuninni um að stunda munnmök við eigin lim, hvað þá að gleypa eigin sæði, sem ég reyndar skil ekki því þetta er þá bara ein útfærsla af sjálfsfróun. Í því samhengi má einnig setja spurningu við af hverju það teljist eðlilegt, jafnvel sjálfsagt, að önnur manneskja sleiki á þér kynfærin ef þér hugnast ekki að gera það sjálfur.

**?** Hvenær á tíðahringnum er líklegast að verða óléttur?

...

**SVAR** Í kringum egglos, um 14 dögum eftir fyrsta dag blæðinga, eru mestar líkur á þungun. Þó ber að hafa í huga að tíðahringur getur verið óreglulegur, sæði getur lifað allt að fimm daga inni í líkamanum og í einhverjum tilfellum geta losnað tvö egg, en ekki eitt eins og í hefðbundnum tíðahring. Ef þú notaðir ekki smokkinn eða ert á einhverri annarri getnaðarvörn þá mæli ég með því að taka neyðarpilluna sem fyrst eftir samfarir.



**NOKKRAR SPURNINGAR** Sigga Dögg fær iðulega spurningar frá nemendum í efstu bekkjum grunnskóla.

MYNDIR/GETTY IMAGES

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**

Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamál úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.

kynlif@frettabladid.is



FJÖRU VERÐLAUNIN

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM

## TILNEFNDAR TIL FJÖRUVERÐLAUNANNA




★★★★★
HJ / Pressan.is

★★★★
JYJ / Fréttablaðið




★★★★
KG / DV

★★★★
ALÞ / Morgunblaðið

★★★★
BGS / Pressan.is




„... ótrúlega markverð bók ... stórkostlegar lýsingar ...“
EH / Kiljan




„Sigrún er hér í fantaformi.“
HB / Spassian.is




Upplag að klárast!

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# Karolina Fund vekur alþjóðlega athygli

Karolina Fund er fyrsta hópfjármögnunarvefsíða Íslands. Hún fagnar eins árs afmæli um þessar mundir. Ingi Rafn Sigurðsson, upphafsmaður síðunnar, segir fyrsta árið hafa verið mjög gott og hugsar að ár númer tvö verði enn stærra.

„Á þeim tíma sem þessi hugmynd kviknaði var ekki til svona síða í heiminum. Ég er upphafsmaður síðunnar og fékk átta í lið með mér til að stofna hana. Við byrjuðum að hugsa um hvernig væri hægt að útfæra þessa hugmynd og fyrir ári síðan opnuðum við vefsíðuna,“ segir Ingi Rafn Sigurðsson, sem stendur að baki fyrstu hópfjármögnunarsíðu Íslands, Karolina Fund, ásamt Jónmundi Gíslasyni, Sævari Ólafssyni, Arnari Sigurðssyni, Brynjólfi Einari Sigmarssyni, Lárusi Lúðvíkssyni, Þórarni Jóhannssyni, Irinu Domurath og Juliu Boira. Karolina Fund fagnar eins árs afmæli sínu um þessar mundir og er nóg í bígerð í framtíðinni.

„Síðan í dag er í raun einfölduð útgáfa af því sem við stefnum á að gera. Við viljum skapa samvinnugrundvöll þar sem fólk getur sett fram hugmyndir með einföldum hætti í eins konar hugmyndabanka. Segjum sem svo að einhvern langi til að búa til heimildarmynd. Þá getur hann auglýst eftir handritshöfundi, tökumanni og svo framvegis. Þá fá allir sem skráðir eru með viðeigandi hæfileika tilkynningu og þannig tengjum við saman aðila – fólk með hugmynd og fólk með hæfileika. Þetta er hægt að sjá að hluta til á kerfinu í dag en þennan hluta getur fólk unnið áður en það fer í fjármögnunarferlið.“

Karolina Fund státar af mjög hárri velgengniprósentu og segir Ingi ástæðuna tvíþætta.

„Þessa dagana hefur fjármögnun skapandi verkefna fengið byr undir báða vængi hjá almenningi, kannski út af því að það er verið að þrengja að skapandi greinum af hinu opinbera. Fyrir vikið er almenningur tilbúnari til að leggja eitthvað fram sjálfur. Hitt er að við veitum fólki persónulega þjónustu um hvernig á að leggja verkefni fram. Við greinum hve stór hópurinn er sem er líklegur til að fjármagna og hjálpum fólki við að búa til kynningaráætlun og jafnvel kynningarefni. Við göngum lengra en gengur og gerist í þessum bransa við að miðla þessari þekkingu,“ segir Ingi. Hann er ánægður með árið, enda hefur Karolina Fund vakið alþjóðlega athygli.

„Miðað við hvað undirtektirnar hafa verið góðar hugsa ég að ár tvö verði stærra, fleiri verkefni og að upphæðirnar fari hækkandi. Við höfum fengið mikla athygli víða að utan og verið eftirsótt á ráðstefnur úti um allan heim. Við höfum farið til Finnlands, Eistlands, Póllands og Þýskalands til að kynna fyrirtækið og okkur hefur verið boðið á hátt í tíu ráðstefnur í viðbót. Á þessum ferðalögum höfum við myndað ofboðslega góð tengsl við erlenda aðila víðs vegar að.“ Fjármögnunin á Karolina Fund fer öll fram í evrum.

„Við viljum þróast út í alþjóðlegt fyrirtæki og þetta er ekki síst hugsað til að auðvelda erlendum aðilum að taka þátt. Af þeim verkefnum sem hafa náð fjármögnun hafa tuttugu til þrjátíu prósent komið frá öðrum löndum þannig að ég tel að þetta margborgi sig. Við erum ekki að lýsa frati á krónuna heldur bara að horfast í augu við það að erlendir aðilar eru tilbúnir til að fjárfesta. Við finnum ekki fyrir því að Íslendingar láti þetta stöðva sig,“ segir Ingi og býður alla velkomna í afmælisveislu Karolina Fund sem haldin verður á Kexi Hosteli í kvöld á milli klukkan 17 og 20.

liljakatrin@frettabladid.is



**ÞRÍR GÓÐIR** Ingi ásamt samstarfsmönnum sínum hjá Karolina Fund, þeim Arnari Sigurðssyni og Jónmundi Gíslasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við höfum farið til Finnlands, Eistlands, Póllands og Þýskalands til að kynna fyrirtækið og okkur hefur verið boðið á hátt í tíu ráðstefnur í viðbót.**
>
> *Ingi Rafn Sigurðsson*

## Ástríðufólk

„Flestir sem setja pening í svona verkefni eru á aldrinum 25 til 40 ára. Flestir þessarar aðila virðast vera ástríðufullir fyrir músík og listum. Við sjáum ekki fjárfesta eða frumkvöðla taka þátt, þó það sé alltaf einn og einn.“
Ingi Rafn Sigurðsson



## Ingi Rafn fer yfir árið

**„Af 40 verkefnum sem hefur verið startað hjá okkur hafa 27 náð sinni fjármögnun – sem gerir 68% „success rate“. Í þessi verkefni hafa farið 26 milljónir króna sem komu frá þrjú þúsund aðilum.“**

### Hápunktar ársins:

**1. Hæsta upphæðin:**
- Sirkus Íslands fjármagnar kaup á sirkustjaldi. Alls söfnuðust um sjö milljónir króna þar sem nálægt helmingur upphæðarinnar kom á síðustu viku fjármögnunartímans. Allir miðlar loguðu af spenningi og síðustu dagana voru fluttar fréttir á klukkutíma fresti af stöðu fjármögnunarinnar.
- Fyrir okkur sem stóðum að þessari fjármögnun var þetta eins og lengsti landsliðsleikur í heimi. Magapína af stressi í nokkra daga.

**2. Áhrifamesta markaðsherferðin:**
- Bulsur grænmetispulsur fengu frábærar viðtökur við fjármögnunarherferðinni. Svavar Pétur Eysteinsson fjármagnaði lokaskrefin í að koma á markað þessari hugmynd sinni. Hann óskaði eftir 330.000 krónum en fékk 168% af þeirri upphæð eða alls 550.000 krónur.
- Aðalatriðið varð þó það að þremur dögum eftir fjáröflunarherferðina kom varan í búðir – og seldist upp á fyrstu 30 mínútunum í öllum verslununum. Markaðsherferð fjáröflunarinnar varð þannig grundvöllur fyrir frábæran bissness.




**3. Bjartasta vonin:**
- Neptún er spennandi tímarit sem fjallar um hönnun og listir. Á bak við verkefnið standa þær Helga Björg Kjerúlf, Kolbrún Löve, Ágústa Arnardóttir og Elsa Ýr Bernhardsdóttir. Þær óskuðu eftir 800.000 krónum en fengu 123% af þeirri upphæð, eða eina milljón króna. Í blaðinu er íslensk grasrót í forgrunni ásamt áhugaverðum einstaklingum hvaðanæva úr heiminum. Markmið blaðsins er að kanna og kynna fjölbreytta flóru skapandi starfs á öllum stigum.

**4. Flestar prósentur yfir markmiðið:**
- Fólkið á bak við sjónvarpsþættina Hið blómlega bú vildi gefa út DVD-disk með síðustu seríu og óskaði eftir 500.000 krónum í það. Þau Bryndís Geirsdóttir, Guðni Páll Sæmundsson og Árni Ólafur Jónsson náðu 171% af því markmiði, eða alls 830.000 krónum.



**5. Heiðursverðlaun 2013:**
- Allir þeir þrjú þúsund einstaklingar og fyrirtæki sem tóku þátt í að styðja verkefni á árinu.



Gildir **12. - 15.** des. 2013

markhönnun ehf




KVÖLDSÖGUR

**2.546** KR




KAMILLA VINDMYLLA
HILMAR ÖRN ÓSKARSSON

**2.594** KR

# ÞÚ FÆRÐ JÓLABÓKINA Í NETTÓ




13 ÞRAUTIR JÓLASVEINANNA

**644** KR




KERTASNÍKIR

**673** KR




Spádómsspil fylgja með bókinni

GALDRAÞULAN

**2.831** KR




TASKAN HENNAR DÓRU

**1.313** KR




LÆRUM AÐ TEFLA

**1.393** KR




HELLO KITTY - PÚSLBÓK

**2.093** KR

**nettó** bækur

Kræsingar & kostakjör

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi
Höfn · Grindavík · Reykjanesbær
Borgarnes · Egilsstaðir
Selfoss · Akureyri


Finnst gæðavara í jólapakkann
nanso
Lífstykkjabúðin
Póstsendum.
www.lifstykkjabudin.is
laugavegi 82. sími 551-4473
Við erum á Facebook

# Árituð treyja Ronaldos boðin upp í kvöld

**Hátíðin Hönnun & House maraþon er haldin í annað sinn, nú mun stærri en áður. Allur ágóði af hátíðinni rennur til jólaúthlutnar Rauða kross Íslands.**

„Við munum bjóða upp treyju áritaða af Cristiano Ronaldo, málverk eftir Sylvíu/Love Punk og Theódóru Loftsdóttur, treyju áritaða af knattspyrnuliði Reading, fatnað eftir íslenska hönnuði auk ýmissa gullmola sem við fundum í fatagámum Rauða krossins,“ segir Þuríður Ragna Jóhannesdóttir, ein af þremur konum sem skipuleggja Hönnun & House maraþon, sem er styrktarsöfnun fyrir Rauða krossinn. „Við höfum fundið ótrúlegustu hluti í þessum gámum, meðal annars Karl Lagerfeld-jakka,“ bætir Þuríður við.

Hönnun & House maraþonið hest klukkan 12 í dag og fer hátíðin fram í Gamla bíói. „Þetta verður rosalega spennandi. Við erum með mikinn fjölda hönnuða sem munu selja verkin sín, við verðum með fatamarkað, uppboð og svo auðvitað hústónlist í þrettán klukkutíma í þakíbúð Gamla bíós,“ segir Þuríður. Auk hennar skipuleggja þær Árný Björk Sigurðardóttir og Matthildur Sunna Þorláksdóttir hátíðina. Allur ágóði af hátíðinni rennur til jólaúthlutunar Rauða kross Íslands. „Við gerum þetta algjörlega í sjálfboðavinnu en þetta hefur verið þess virði. Þetta er annað árið sem við höldum svona hátíð. Í fyrra var þetta miklu smærra í sniðum. Í ár ákváðum við að stækka við okkur og byrjuðum að skipuleggja í júní. Við höfum verið algjörlega á haus undanfarna tvo mánuði, en þetta hefur verið rosalega gefandi,“ útskýrir Þuríður.


**ALVEG Á HAUS** Þær Þuríður, Árný og Matthildur hafa haft í nógu að snúast við skipulagningu hátíðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM

Meðal hönnuða og verslana sem styðja við hátíðina eru: Ella, Forynja, Einvera, Arfleið, Volcap, Helicopter, Lín Design og Stjörnubörn, Dýrka, Gullkúnst Helgu, Nostalgía og Spútník. „Síðan verðum við með tískusýningu og uppboð um kvöldið og mun DJ Margeir sjá um tónlistina. Það hefst klukkan 20 og stendur til 23. Elín Ey, Þórunn Antonía, Friðrika Hjördís Geirsdóttir og fleiri yndislegar konur munu sýna fötin sem fara á uppboð. Þær hafa sjálfar lýst yfir áhuga á að kaupa þær flíkur sem þær sýna, þannig að það er hörð samkeppni um þær vörur sem fara á uppboðið,“ segir Þuríður. Hátíðin hefst á svokallaðri Lunchbeat-skemmtun í hádeginu og mun DJ Bensol stýra tónlistinni. Tólf aðrir hústónlistarmenn munu kom fram í Gamla bíói. Hönnuðirnir Ólöf Rut Stefánsdóttir og Hjörtur Matthías Skúlason munu vera með táknrænan gjörning á milli 12 og 18. Gestir geta lagt hönd á plóg í gjörningnum sem mun endurspegla á huglægan hátt starf Rauða krossins. Uppboðið hefst svo klukkan 20 um kvöldið. Hönnuðir munu selja vörur á göngum Gamla bíós allan daginn og verður fatamarkaður í kjallaranum.

kjartanatli@frettabladid.is

Ljósmyndakeppni Fréttablaðsins
Hefst að morgni 12. des. og lýkur á miðnætti 19. des.
LUMAR ÞÚ Á GÓÐRI JÓLALJÓSMYND?
Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins. Þú gætir unnið glæsilega Sony-myndavél og fengið myndina þína birta á forsíðu Fréttablaðsins á aðfangadag.
Ef þú átt frábæra mynd sem fangar skemmtilega jólastemningu hleður þú henni einfaldlega upp á www.ljosmyndakeppni.visir.is. Lesendur Vísis geta síðan kosið um bestu myndina.
Besta myndin verður á forsíðu Fréttablaðsins á aðfangadag og fleiri myndir verða birtar í blaðinu. Keppnin stendur yfir frá 12.-19. desember.
Sony Center
Borgartúni 37


Tónlistarjól!
VIÐ HÖFUM RÉTTU GRÆJURNAR

Klassískir gítarar
Verð frá 18.990
Fender CD60 þjóðlagagítar með stillitlæki DVD ofl.
Verð frá 26.990
Rafmagnspíanó
Verð frá 109.990
Prensonus heimastúdíó
Verð frá 39.990
Yamaha hljómborð
Verð frá 39.990
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Síðumúla 20 . Reykjavík . s.: 5915340
www.hljodfaerahusid.is
TÓNABÚÐIN
Glerárgötu 7. Akureyri. s.: 4621415
www.tonabudin.is

# FLOTTAR VEISLUBÆKUR!




★★★★

„Ég mæli eindregið með þessari bók."
*Völli Snær*

★★★★

„Frábær bók sem leiðir mann áfram inn í ævintýraheim eldamennskunnar."
*Ragnhildur Steinunn Jónsdottir*

★★★★

„Frábær bók í eldhúsið. Ég á allar bækurnar hennar en þessi er sú besta sem Yesmine hefur gert."
*Gréta Edda Björnsdóttir*

★★★★

„Þessi bók er tilvalin í safnið, nú fyrst verða afmælin stórkostleg og flott."
*Þuríður Andrésdóttir*

★★★★

„Það kom mér á óvart hvað það er einfalt að gera allt sem er í bókinni.
*Andrea Róbertsdóttir Wium*

www.edda.is

edda

# Leyndarmálið við lottóvinninginn

Fréttablaðið ræddi við Sigríði Klingenberg spákonu, Hermund Rósinkranz, talnaspeking og miðil, og Birgi Hrafnkelsson, dósent í tölfræði við Háskóla Íslands, um leyndarmálið á bakvið valið á réttu tölunum í lottódrættinum sem verður á laugardaginn.

Spennan fyrir næsta drætti í Lottóinu magnast. Potturinn er áttfaldur og hefur aldrei verið stærri. Að sjálfsögðu vilja allir vita hvaða tölur eru þær réttu. Tveir af þremur spekingum sem Fréttablaðið ræddi við fyrir dráttinn mæla eindregið með því að nota fæðingardaga ástvina sem lottótölur. Einn viðmælandinn, sem er dósent í tölfræði við Háskóla Íslands, mælir ekki með þeirri aðferð. Eitt eru þó allir viðmælendur sammála um: Þeir vita ekki hvaða tölur munu koma upp á laugardaginn.

kjartanatli@frettabladid.is

**Hermundur Rósinkranz,** miðill og talnaspekingur

## Spurning um heppni



„Þetta er bara happa og glappa. Lottó er spurning um heppni, ef ég vissi hverjar vinningstölurnar yrðu myndi ég ekki segja neinum það,“ segir Hermundur Rósinkranz, miðill og talnaspekingur, glaðbeittur. Hann gerist þó öllu alvarlegri þegar hann fer að ræða um lífsgildin. „Þegar það kemur að lottóinu þarf maður bara að spyrja sig hver gildi manns séu. Eru það peningar eða eru það ástvinir manns? Þess vegna ráðlegg ég fólki að telja upp þá sem það elskar mest og nota fæðingardagana þeirra, þá nýtur fólk þess betur að spila í lottóinu.“

**Sigríður Klingenberg,** spákona

## Stilla á lottórásina í lífinu



„Ef ég gæti séð lottótölur fram í tímann væri ég löngu búin að nýta mér það,“ segir Sigríður Klingenberg spákona og skellihlær. Hún segir að til þess að vinna í lottóinu þurfi maður að trúa því. „Allt gefur frá sér tíðni. Þeir sem trúa því virkilega að þeir geti unnið fá vinninginn. Þetta snýst um að stilla sig inn á lottórásina í lífinu,“ útskýrir Sigríður. Hún hefur gott ráð sem gæti virkað vel. „Ég mæli með því að nota fæðingardaga látinna ástvina. Þeir geta verið valdamiklir og haft áhrif á lottódráttinn. Ég legg til að fólk skrifi fæðingardagana þeirra niður og hengi upp á ísskápinn til þess að senda út orku og lesa þetta nokkrum sinnum yfir.“

**Birgir Hrafnkelsson,** dósent í tölfræði við Háskóla Íslands

## Allar raðir jafn líklegar



„Það eru jafnmiklar líkur á því að allar tölur komi upp,“ útskýrir Birgir Hrafnkelsson, dósent í tölfræði við Háskóla Íslands. Hann segir það geta verið slæmt að velja fæðingardaga ástvina, þeir geti aldrei orðið hærri en þrjátíu og einn, en Lottótölurnar eru frá einum og upp í fjörutíu. „Ef ein tala yfir þrjátíu og einum kemur upp tapar maður. Persónulega mæli ég því ekki með því að fólk fari þessa leið,“ útskýrir Birgir. Hann segir þó allt geta gerst. „Ég vil ekki stoppa fólk í að velja fæðingardaga ástvina, því allar raðir eru jafn líklegar.“

## HVERJAR ERU LÍKURNAR?

**Birgir Hrafnkelsson, dósent í tölfræði við HÍ, var spurður að því hverjar líkurnar væru á því að velja fimm réttar aðaltölur í Lottó. Hann tók dæmi um einstaklinga sem kaupa enga röð, eina röð sem og 10, 100, 1.000, 10.000 og 658.008 raðir og kostnaðinn sem fylgir.**

| Fjöldi raða | Líkur á að velja fimm réttar aðaltölur | | Kostnaður |
|---|---|---|---|
| 0 | engar | **0,0%** | 0 kr. |
| 1 | 1 deilt með 658.008 | **0,000152%** | 130 kr. |
| 10 | 1 deilt með 65.800 | **0,00152%** | 1.300 kr. |
| 100 | 1 deilt með 6.580 | **0,0152%** | 13.000 kr. |
| 1000 | 1 deilt með 658 | **0,152%** | 130.000 kr. |
| 10000 | 1 deilt með 65,8 | **1,52%** | 1.300.000 kr. |
| 658008 | 1 deilt með 1 | **100%** | 85.541.040 kr. |

Eins og við er að búast aukast vinningslíkurnar ef fleiri raðir eru keyptar. Hér er bent til gamans á hið augljósa sem er að ef maður spilar ekki með þá á maður ekki möguleika. Ekki er mælt með því að kaupa allar 658.008 raðirnar þrátt fyrir 100% vinningslíkur, sér í lagi þegar vinningsupphæðin hækkar því þá eru fleiri einstaklingar sem kaupa raðir og auknar líkur á að vinningshafi þurfi að deila vinningnum með öðrum.

## ALGENGUSTU TÖLURNAR FRÁ UPPHAFI LOTTÓS Á ÍSLANDI

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Algengustu tölur | 10 | 15 | 21 | 24 | 2 |
| Fjöldi skipta frá upphafi | 210 | 206 | 205 | 202 | 202 |
| Fjöldi skipta síðustu fjórar vikur | 0 | 1 | 0 | 1 | 3 |

➜ Potturinn er áttfaldur og hefur aldrei verið stærri. Að sjálfsögðu vilja allir vita hvaða tölur eru þær réttu.


dyson



*Hágæða pokalausar ryksugur, mjög öflugar handryksugur og hljóðlátar glæsilegar viftur. Fyrir þá sem vilja aðeins það besta.*



James Dyson

JAMES DYSON
uppfinningarmaður
cyclone vacuum
tækninnar



Sem verkfræðingar verðum við að sjá handan við núverandi tækni og spyrja hvort til séu betri lausnir. Það er í raun drifkrafturinn hjá Dyson – ný hugsun sem leysir hversdagsleg vandamál. „Ég fann upp og þróaði Dyson Cyclone tæknina á þessum forsendum. Ég vissi að það hlyti að vera betri leið en gamla stíflaða tæknin. Einhverjum 5.127 frumgerðum síðar, hafði ég lausnina.“

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


Guðmundur Guðjónsson
SILUNGUR Á ÍSLANDI
Yfirlit yfir silung í vötnum og ám, lífshætti, veiðar og sögu
LOKSINS!
BÓK UM SILUNG Á ÍSLANDI
FJÖLBREYTTUR FRÓÐLEIKUR Í EINNI BÓK
Bók sem allir unnendur silungsveiði þurfa að eignast
Hér er leitast við að flokka silungsveiði á Íslandi og fjalla um eftir því sem best verður við komið. Nokkrir af færustu sérfræðingum landsins eru okkur innan handar og leiða lesandann um heim silungsveiðinnar. Auk þess að fjalla um silungsveiðiflokkana, aðferðarfræðina og umgjörðina eru tekin fyrir nokkur af þekktustu silungsveiðisvæðum landsins og staðkunnugir segja frá leyndardómum þeirra.
Fæst á flestum bóksölustöðum



iPad 3G
16:23
Domino's helgin
TOTTENHAM HOTSPUR
Horfðu frítt á leikinn
ÞESSIR LEIKIR VERÐA SÝNDIR BEINT Á VEFNUM
MAN CITY
ARSENAL
SPURS
LIVERPOOL
Giskaðu á úrslitin
SVONA SPÁ NOTENDUR VEFSINS
NEWCASTLE
25%
354
JAFNTEFLI
48%
683
SOUTHAMPTON
28%
399
BOLTATILBOÐ
2.799 KR
Nýttu frábært tilboð
GLÆSILEGIR VINNINGAR Í BOÐI
Glæsilegir vinningar
VS
LAUGARDAGINN 14. DES. KL.12:45
BOLTATILBOÐ
Stór pizza af matseðli,
2L Coke og Súkkulaði-,
Kanil- eða Ostagott.
Ef þú sækir, 12.–15. des.
2.799 KR.

Domino's helgin

# TVEIR ENSKIR

## FRÍTT Í BEINNI Á DOMINOSHELGIN.IS

**MAN. CITY-ARSENAL**
Lau. 14. des. kl.12:45

OG

**TOTTENHAM-LIVERPOOL**
Sun. 15. des. kl.16:00

Það verður mikið um að vera í Enska boltanum um helgina og Domino's tekur þátt í fjörinu. Boðið verður upp á tvær beinar útsendingar á **dominoshelgin.is** þar sem hægt verður að horfa, spá fyrir um úrslit leikja og taka þátt í Twitter-spjalli um gang mála. Það er um að gera að vera með frá byrjun og giska á öll úrslit því heildarstigafjöldi fyrir umferðina ræður úrslitum!

**1. SÆTI**
**50.000 KR.**
inneign hjá Domino's og Stóri pakkinn frá 365 í einn mánuð.




**2. SÆTI**
**25.000 KR.**
inneign hjá Domino's og Sport-pakkinn frá 365 í einn mánuð.




**3. SÆTI**
**10.000 KR.**
inneign hjá Domino's og Enski pakkinn frá 365 í einn mánuð.







TM

SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir



SÍMI 58 12345 DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

SAMBÍÓIN










**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| HOMEFRONT | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| HOMEFRONT VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| MACHETE KILLS | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:20 | 16 |
| GRAVITY 2D | KL. 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| HOMEFRONT | KL. 5:45 - 8 - 10:15 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 10:30 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| HOMEFRONT | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 10:20 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 | 12 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 8 | 16 |
| HUNGER GAMES: CATCHING FIRE | KL. 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HOMEFRONT | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| MACHETE KILLS | KL. 8 | 16 |
| DELIVERY MAN | KL. 5:40 | 12 |
| ESCAPE PLAN | KL. 10:20 | 16 |
| ENDER'S GAME | KL. 5:30 | 10 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ










**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| FURÐUFUGLAR | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 4 – 10 | 12 |
| HUNGER GAMES LÚXUS | KL. 4 – 10 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 14 |
| COUNCELOR | KL. 10 | 16 |
| TÚRBÓ | KL. 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| HNOTUBRJÓTURINN | KL. 7.15 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 6 – 9 | 12 |
| MANDELA | KL. 6 – 9 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 9 | 12 |

**BORGARBÍÓ** NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| MANDELA | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| THE HUNGER GAMES 2 | KL. 6 - 9 | 12 |
| NORTHWEST | KL. 6 | 16 |

Miðasala á: midi.is og eMiði



LAUGARÁS BÍÓ







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES 2 | 5, 8, 10 | 12 |
| MANDELA | 7 | 12 |
| PHILOMENA | 5 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 5 | L |




HNEYKSLAR Justin fer ótroðnar slóðir.

# Kallaði aðdáanda hval

Poppprinsinn Justin Bieber vakti ekki mikla lukku á hótelinu Hyatt Regency í Perth í Ástralíu um helgina. Justin kallaði unga konu strandaðan hval en konan klæddist bikiníi með þremur vinkonum sínum við hótelsundlaugina.

„Ein stúlkan var mjög myndarleg, með sítt, dökkt hár og örugglega í stærð 14. Justin horfði á hana og sagði: „Hvaðan ertu, frá Havaí eða eitthvað?“ Hún neitaði því. Þá sagði hann: „Þú lítur út eins og strandaður hvalur. Þú ættir að taka þátt í The Biggest Loser,“ segir Helen Robinett sem varð vitni að atvikinu.

Hún bætir við að allir í kringum þau hafi heyrt þetta og að þögn hafi slegið á hópinn.

lkg



HVÍL Í FRIÐI Paul var fertugur þegar hann lést.

# Jarðarför í kyrrþey

Fjölskylda leikarans Pauls Walker skipuleggur nú jarðarför hans en hún mun fara fram í kyrrþey.

Paul var fertugur þegar hann lést 30. nóvember en hann og vinur hans Roger Rodas óku á ljósastaur og tré með þeim afleiðingum að kviknaði í bílnum.

Minningarathöfn um Paul var haldin síðasta sunnudag á slysstað og þúsundir mættu til að heiðra minningu leikarans sem er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í Fast & Furious-myndunum.

- lkg

# Ólæsi

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Fyrir rúmum hundrað árum var það kappsmál að sem flestir kynnu að lesa. Auðvitað er það enn svo, en nú spyr ég: er þörfin jafn mikil nú og hún var þá? Ég vil að við einskorðum okkur við menntakerfishugtakið „að lesa sér til gagns“, en stór hluti barna, einkum drengja, hefur samkvæmt nýlegum könnunum ekki hæfileikann til þess. Við erum sem sagt ekki að tala um að geta lesið einstök orð eins og „háspenna/lífshætta“ utan á spennustöðum eða „sápa“ utan á sápuflöskum. Ástandið er ekki svo slæmt að þegnar framtíðarinnar muni ótt og títt fá raflost og drekka sápu. Hugtakið snýr fremur að því að geta nært fróðleiksfýsn sína með lestri og að geta látið texta hverfa með sig inn í heim skáldskapar.

**Í DAG** höfum við mikið framboð af öðru sem mætir þessum þörfum. Sumt hentar jafnvel betur en lestur. Það er léttara að læra að blanda mojito af myndbandi heldur en með skrifuðum leiðbeiningum. Það er líka léttara og fljótlegra að setja sig í spor sjóræningja með því að spila tölvuleikinn Assassin's Creed IV: Black Flag heldur en að lesa Gulleyjuna eftir Robert Louis Stevenson. Við ættum öll, einkum umsjónarmenn menntakerfisins, að horfast í augu við þá staðreynd að myndbönd, tölvuleikir og skýringarteikningar munu sífellt verða stærri hluti af skilningsvökum okkar. Þeir sem eru ekki sammála því munu aldrei leysa vandamálið sem við stöndum frammi fyrir.

**JÁ.** Vandamálið. Því þrátt fyrir allt sem sagt er hér að ofan þá er það vandamál ef fólk getur ekki lesið sér til gagns því lestur er ótilviksbundin miðlun upplýsinga. Það þýðir að texti tryggir þér sjálfstæðari og óháðari sýn gagnvart viðfangsefninu en til dæmis kennslumyndbönd. Texti miðlar djúpum og alltumlykjandi tilfinningum eins og samúð betur og útskýrir hárnákvæm og flókin hugtök, þar sem misskilnings má ekki gæta, oftast einnig betur. Þess vegna verða lög og reglur líklega alltaf í textaformi. Ef þið skiljið ekki hvað ég á við, þá bendi ég ykkur á að taka PISA-könnunina og skoða útkomuna!



STOFNENDURNIR Erna Ómarsdóttir og Valdimar Jóhannsson stuttu áður en barnið kom í heiminn.

FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS ANDERSEN

# Sýna dans í Hamborg

## Danshópurinn Shalala lýkur Evrópuferðalagi með stórri sýningu í Þýskalandi. Annar stjórnandi hópsins er heima með barn en fylgist með í gegnum netið.

Sviðslista- og dansflokkurinn Shalala setur um þessar mundir upp verkið Transaquania – Into Thin Air í hinu virta leikhúsi Kampnagel í Hamborg. Með því lýkur hópurinn mánaðarlöngu sýningarferðalagi um Evrópu.

„Það heppnaðist mjög vel,“ segir Erna Ómarsdóttir, annar stjórnenda Shalala. „Við ferðuðumst meðal annars til nokkurra borga í Belgíu, Bordeaux í Frakklandi og Drezden.“ Hópurinn kom einnig við á sviðslistahátíðunum Kunstenfestival des Arts í Brussel og Der Steirischer Herbst í Graz. Þar flutti Shalala verkið H, an Incident í samstarfi við belgíska listamanninn Kris Verdonck.

Shalala er dansflokkur þeirra Ernu og Valdimars Jóhannssonar, eiginmanns hennar, og sýna þau nær algöngu erlendis. „Ég er búin að túra með mín verk síðan um 2002 og við stofnuðum Shalala til að halda utan um þessi verk,“ segir Erna. „Hópurinn helst uppi á því að ferðast.“

Erna er ekki með kollegum sínum í Hamborg um þessar mundir, en hún sneri aftur úr ferðalaginu eftir þrjár vikur til að annast fjögurra mánaða barn þeirra Valdimars. Er hún búin að vera í netsambandi við hópinn þessa vikuna og fylgist að sögn vel með öllu. „Það er miklu meira stressandi að sitja eftir heima,“ segir hún og hlær. Frumsýning á þriðjudagskvöld gekk þó mjög vel, en Erna segir átta hundruð manna áhorfendaskarann hafa fagnað gríðarlega í lok sýningar. „Þannig að maður vonar það besta fyrir næstu sýningu.“

> Það er miklu meira stressandi að sitja eftir heima.
>
> *Erna Ómarsdóttir*

Næst á döfinni hjá hópnum er uppsetning verksins To the Bone í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í janúar. Það verk flutti Shalala á Reykjavík Dance Festival í ágúst síðastliðnum og komust að sögn Ernu færri að en vildu.

- bjarkia@frettabladid.is


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# RISA JÓLA SKÓSPRENGJA

## 50-90% afsláttur

# HEFST Í DAG

Nýtt korta-tímabil

MasterCard VISA



Opið til 22.00 í Smáratorgi

alla daga til jóla

Toppskórinn Outlet

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Toppskórinn Markaður

Smáratorgi, Kópavogi
**Opið alla daga frá 11-22**
**nema sunnudaga 12 - 22**

## Toppsætið í húfi hjá Jóhanni og Aroni



**FÓTBOLTI** Lokaumferð riðlakeppni Evrópudeildar UEFA fer fram í kvöld og verða þrjú Íslendingalið í eldlínunni. Tvö þeirra, Tottenham og AZ Alkmaar, eru þegar örugg áfram í 32-liða úrslit keppninnar og þá er Zulte Waregem, lið Ólafs Inga Skúlasonar, í ágætri stöðu í D-riðli. Liðið þarf jafntefli gegn Rubin Kazan á útivelli til að gulltryggja sér sæti í næstu umferð en Rússarnir eru þegar öruggir með sigur í riðlinum.

Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenham hafa þegar klófest efsta sæti K-riðils en AZ, með Jóhann Berg Guðmundsson og Aron Jóhannsson innanborðs, eiga fyrir höndum hreinan úrslitaleik gegn gríska liðinu PAOK á útivelli um sigur í L-riðli. Bæði lið fara þó áfram í 32-liða úrslitin.

Allir leikir Íslendingaliðanna verða sýndir á Stöð 2 Sport og hliðarrásum í kvöld. - esá

## Dramatík á lokakvöldi riðlanna

**FÓTBOLTI** Chelsea, Schalke, Arsenal, Dortmund og AC Milan tryggðu sér síðustu farseðlana í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu á lokakvöldi riðlakeppninnar í gær.

Í F-riðli enduðu Arsenal, Dortmund og Napólí öll með tólf stig. Árangur í innbyrðisviðureignum liðanna þýða að Dortmund vann riðilinn en Napólí hafnaði í þriðja sæti og fer í Evrópudeildina. Arsenal tapaði 2-0 gegn Napólí á Ítalíu þar sem eitt mark ítalska liðsins til viðbótar hefði þýtt að lærisveinar Arsene Wenger hefðu farið í Evrópudeildina. Dortmund vann nauman 2-1 sigur á Marseille og tryggði sér toppsæti riðilsins.

Kolbeinn Sigþórsson kom inn á sem varamaður hjá Ajax sem spilaði manni fleiri stóran hluta leiksins gegn AC Milan á Ítalíu í H-riðli. Gestunum tókst þó ekki að skora markið sem hefði komið liðinu áfram á kostnað AC Milan.

Chelsea lagði Steaua Búkarest 1-0 og hafnaði í toppsæti E-riðils. Schalke lagði Basel 2-0 í hreinum úrslitaleik um annað sætið í riðlinum.

Galatasaray tryggði sér sæti í 16 liða úrslitunum fyrr í gær með sigri á Juventus. Dregið verður á morgun. -ktd



**MESSI HVAÐ?** Neymar skoraði þrennu fyrir Barcelona í 6-1 sigri á Celtic. Börsungar náðu efsta sæti H-riðils.
NORDICPHOTOS/GETTY

## Aron Einar Gunnarsson – Cardiff City

**-3** Gengi Cardiff í ensku úrvalsdeildinni þegar Aron er inni á vellinum
Markatala: 9-12 Mínútur: 946

**-8** Gengi Cardiff í ensku úrvalsdeildinni þegar Aron er á bekknum
Markatala: 2-10 Mínútur: 404





**GYLFI ÞÓR OG SÍÐUSTU 4 LEIKIR**

**0-6 TAP FYRIR MANCHESTER CITY**
*Varamaður - spilaði í 30 mínútur*

**2-2 JAFNTEFLI VIÐ MAN.UNITED**
*Varamaður - spilaði í 6 mínútur*

**2-1 SIGUR Á FULHAM**
*Á bekknum allan tímann*

**2-1 SIGUR Á SUNDERLAND**
*Varamaður - spilaði í 7 mínútur*



**ARON OG SÍÐUSTU 4 LEIKIR**

**2-2 JAFNTEFLI VIÐ MAN. UNITED**
*Á bekknum allan tímann*

**0-3 TAP FYRIR ARSENAL**
*Á bekknum allan tímann*

**0-0 JAFNTEFLI VIÐ STOKE**
*Byrjaði - spilaði í 90 mínútur*

**0-2 TAP FYRIR CRYSTAL PALACE**
*Á bekknum allan tímann*

## Gylfi Þór Sigurðsson – Tottenham

**+2** Gengi Tottenham í ensku úrvalsdeildinni þegar Gylfi er inni á vellinum
Markatala: 5-3 Mínútur: 615

**-3** Gengi Tottenham í ensku úrvalsdeildinni þegar Gylfi er á bekknum
Markatala: 10-13 Mínútur: 735



# Úti í kuldanum eftir umspilið

**Landsliðsmennirnir Aron Einar Gunnarsson og Gylfi Þór Sigurðsson hafa aðeins spilað samanlagt átján prósent mínútna sem í boði hafa verið hjá liðum þeirra, Cardiff og Tottenham, í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta eftir þeir komu til baka eftir umspilsleikina við Króata.**

**FÓTBOLTI** Íslensku leikmennirnir í ensku úrvalsdeildinni hafa ekki fengið mörg tækifæri með liðum sínum eftir að þeir sneru heim frá Króatíu þar sem íslenska landsliðið var 90 mínútum frá því að komast á HM í Brasilíu.

Tapið á móti Króatíu var gríðarleg vonbrigði fyrir Gylfa og Aron Einar en það hefur ekki heldur verið yfir miklu að gleðjast hjá þeim félögum í vinnunni síðan þá. Knattspyrnustjórar Tottenham og Cardiff hafa nefnilega veðjað á aðra leikmenn í undanförnum fjórum leikjum.

### Gylfi hefur ekki byrjað

Aron Einar hefur verið í byrjunarliðinu í einum leik ólíkt Gylfa Þór sem hefur ekki byrjað neinn þessara leikja. Leikurinn er líka sá eini sem Aron Einar hefur fengið að spila frá því í förinni til Zagreb.

Gylfi hefur verið inn og út úr liði Tottenham í vetur og þó svo hann spili mun minna núna en fyrr á tímabilinu þá er breytingin enn meiri fyrir Aron Einar. Hann hefur sjálfur talað um að hafa verið andlega og líkamlega laskaður eftir umspilsleikina en það er mikill munur að spila í 90 mínútur í nær öllum leikjum og að koma ekki við sögu í þremur af síðustu fjórum leikjum.

Gylfi Þór nær ekki að fylla einn hálfleik í síðustu fjórum leikjum Tottenham í deildinni. Hann er í tíunda sæti yfir spilaðar mínútur miðjumanna Tottenham í undanförnum fjórum leikjum. Þar hafa menn eins og Nacer Chadli, Lewis Holtby og Érik Lamela fengið stór tækifæri.

Aron Einar spilaði 710 mínútur af 720 mögulegum í fyrstu átta deildarleikjum tímabilsins en var inn og út úr liðinu í síðustu leikjum fyrir umspilið þar sem hann meiddist meðal annars á öxl í einum þeirra. Jordon Mutch hefur spilað meira upp á síðkastið og Don Cowie er annar leikmaður sem hefur fengið meiri spilatíma eftir að Aron Einar datt út.

### Betri með þá inni á vellinum

Ef knattspyrnustjórarnir hafa augun á gengi liðsins með íslensku strákana inni á vellinum þá ættu þeir nú að spila meira. Ekki fer á milli mála að Tottenham og Cardiff gengur betur með Gylfa og Aron inn á grasinu. Fimm mörkum munar á báðum stöðum.

Tottenham hefur unnið þær 615 mínútur sem Gylfi hefur spilað 5-3 (Gylfi með þrjú markanna) en markatala liðsins þær 735 mínútur sem hann hefur verið á bekknum er aftur á móti 10-13.

Aron Einar er búinn að spila 946 mínútur og markatalan á þeim er 9-12 fyrir mótherja Cardiff. Það er ekki gott en miklu betra en markatalan þær 404 mínútur sem Cardiff hefur verið án Arons. Þá er markatala liðsins skelfileg eða 2-10.

Tottenham hefur unnið tvo síðustu deildarleiki sína og því ekki miklar líkur á því að André Villas-Boas geri breytingar á liðinu fyrir leikinn á móti Liverpool um helgina. Gylfi ætti hins vegar að fá tækifæri á móti Anzhi í Evrópudeildinni í kvöld og hver veit nema góð frammistaða þar setji pressu á Villas-Boas að gefa honum alvöruhlutverk á móti fyrrverandi knattspyrnustjóra Gylfa, Brendan Rodgers.

Aron og félagar mæta West Bromwich Albion í mikilvægum leik á heimavelli. Tap á móti Crystal Palace og Arsenal í síðustu leikjum án Arons Einars ættu að opna dyrnar fyrir landsliðsfyrirliðann í byrjunarliðið en það er þó ómögulegt að spá fyrir um hvað knattspyrnustjórinn Malky Mackay gerir á laugardaginn.

Mikið leikjaálag í jólatörninni ætti að auka líkurnar á því að Gylfi og Aron fái að spila og þá er það bara fyrir okkar menn að nýta tækifærið þegar það gefst. ooj@frettabladid.is

**MÍNÚTUR MIÐJUMANNA TOTTENHAM FRÁ UMSPILI**

*- 4 leikir, 360 mínútur í boði*

| | |
|---|---|
| 1. Aaron Lennon | 334 mínútur |
| 2. Paulinho | 330 |
| 3. Sandro | 266 |
| 4. Moussa Dembélé | 192 |
| 5. Nacer Chadli | 189 |
| 6. Lewis Holtby | 168 |
| 7. Érik Lamela | 167 |
| 8. Etienne Capoue | 135 |
| 9. Andros Townsend | 51 |
| 10. Gylfi Þór Sigurðsson | 43 |

**MÍNÚTUR MIÐJUMANNA CARDIFF CITY FRÁ UMSPILI**

*- 4 leikir, 360 mínútur í boði*

| | |
|---|---|
| 1. Peter Whittingham | 360 mínútur |
| 1. Gary Medel | 360 |
| 3. Jordon Mutch | 346 |
| 4. Don Cowie | 315 |
| 5. Bo-Kyung Kim | 147 |
| 6. Aron Einar Gunnarsson | 90 |
| 7. Craig Noone | 87 |

netto
í jólaskapi

# Úrval af jólavöru
# 40% afsláttur
























www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

## ➜ Aron verður burðarás næstu tíu árin

Aron Pálmarsson er búinn að vera undir handleiðslu Alfreðs nú í fimm ár. Hlutverk hans hefur farið stækkandi með hverju árinu og nú er kominn tími á að hann verði einn af burðarásum liðsins.

„Aron er bara 23 ára en er samt kominn með gríðarlega reynslu. Hann á að vera einn af burðarásum þessa liðs næstu tíu árin ef allt gengur upp,“ segir Alfreð en hann er afar ánægður með hinn unga landa sinn.

„Hann hefur staðið sig frábærlega og stendur vel undir þeirri ábyrgð sem hann fær. Leikur hans er orðinn mun stöðugri. Hann hefur samt fengið ábyrgð á síðustu árum og komið inn í fjölmörgum lykilleikjum. Hann hefur leyst síðasta korterið í stórum leikjum frá árinu 2010. Hann hefur sýnt að hann er maður sem missir ekki hausinn þó svo hann sé undir pressu.“



## ➜ Verður erfitt hjá Íslandi á EM

Íslenska landsliðið verður í eldlínunni á Evrópumeistaramótinu í janúar. Menn hafa mismikla trú á liðinu enda hafa lykilmenn verið að glíma við meiðsli og svo að spila lítið.

„Ég held að þetta verði erfitt mót fyrir Ísland. Það lítur ekki alveg nógu vel út með útispilarana okkar. Aron er ekki alveg orðinn nógu góður af sínum meiðslum þó svo hann sé að verða betri. Það gæti aftur á móti orðið mjög erfitt fyrir hann að spila átta leiki á tveim vikum. Það verður að hugsa um heilsu leikmanna,“ segir Alfreð.

„Sama er að gerast með Alexander. Öxlin er kannski ekki alveg orðin nógu góð hjá honum. Óli Gústafs spilar nánast ekki neitt hjá Flensburg. Svo eru Robbi og Ásgeir að spila lítið hjá Paris. Arnór er líka að komast í gang. Við erum því mjög brothættir í skyttustöðunum.“

Alfreð bendir þó á mjög ljósan punkt fyrir landsliðið.

„Björgvin er að spila mjög vel fyrir Bergischer og allt annað að sjá hann en hjá Magdeburg í fyrra. Ef við náum upp vörninni og Bjöggi verður í sama stuði og í vetur þá gætum við náð ágætis árangri.“

# Verð stundum alveg bilaður á þessu

**Handboltaþjálfarinn Alfreð Gíslason stendur á tímamótum með lið sitt, Kiel. Hann er að byggja upp nýtt lið eftir ótrúlega sigurgöngu síðustu ár. Hann ætlar sér að halda Kiel á toppnum og hefur gengið betur að búa til nýtt lið í vetur en hann átti von á. Alfreð segir starfið vera gríðarlega erfitt og hann skilur félaga sinn Guðmund Guðmundsson vel að hafa farið í landsliðsþjálfarastarf.**



Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**HANDBOLTI** „Það er brjálað að gera alla daga. Ég á eftir að enda í spennitreyju talandi einhverja vitleysu,“ sagði Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, léttur er blaðamaður náði loks á hann en hann var þá að undirbúa næsta leik. Það er ekki heiglum hent að ná tali af Alfreð enda er hann annálaður vinnuþjarkur sem gerir þess utan allt sjálfur í stað þess að setja klippivinnu og annað í hendur aðstoðarmanna.

Menn eins og Alfreð eru oft kallaðir vinnualkar en Alfreð veit sem er að það er þrotlaus vinna að halda Kiel á toppnum. En verður hann ekki stundum þreyttur á þessari stanslausu vinnu?

„Jú, það kemur fyrir. Ég verð stundum alveg bilaður á þessu en svona er starfið og þetta er líka mitt áhugamál. Það eru til miklu verri störf. Það var ekkert sérstaklega gaman að naglhreinsa í gamla daga og mun verr borgað þess utan,“ segir Alfreð og hlær.

### Safnar titlum

Akureyringurinn hefur náð hreint ótrúlegum árangri með Kiel síðan hann tók við stjórnartaumunum árið 2008. Hann er búinn að vinna þýsku deildina fjórum sinnum á fimm árum, bikarmeistaratitlarnir eru tveir sem og titlarnir í Meistaradeildinni. Kiel tapaði þess utan einum úrslitaleik í Meistaradeildinni. Í heildina er hann búinn að vinna ellefu stóra titla á þessum fimm árum.

Það eru ákveðin tímamót hjá Kiel í ár og Alfreð er að byggja upp nýtt lið. Heimsklassamennirnir Thierry Omeyer, Marcus Ahlm, Momir Ilic og Daniel Narcisse eru allir horfnir á braut. Það er enginn smámissir.

Í þeirra stað eru komnir Johan Sjöstrand markvörður og svo skytturnar ungu Rasmus Lauge frá Danmörku og Wael Jallouz frá Túnis. Þessir leikmenn fylla ekki alveg það skarð sem hinir leikmennirnir skildu eftir sig en engu að síður er Kiel að gera frábæra hluti.

Liðið er í öðru sæti deildarinnar, á einn leiki inni og getur komist aftur á toppinn. Það er einnig á toppi síns riðils í Meistaradeildinni.

„Ég er mjög sáttur við gengið. Ég bjóst ekki við þessari stöðu hjá okkur á þessum tíma. Byrjun tímabilsins var erfið því það voru líka meiðsli hjá okkur. Það má samt ekkert gerast hjá okkur með meiðsli. Ef ég missi lykilmann út í meiðsli þá verður spilið allt annað. Það vantar breidd hjá okkur,“ segir Alfreð, en hvað með nýju skytturnar ungu?

„Ég græði á því að ég rúllaði liðinu mikið síðustu ár og allir sem hafa verið með hópnum undanfarin ár hafa talsverða reynslu. Lauge er mjög seigur leikmaður. Hann var heppinn að Aron var meiddur í upphafi tímabils og því þurfti að hann spila mikið og stóð sig ágætlega. Hann kemur úr danska boltanum og var því fljótur að komast inn í hlutina hérna,“ segir Alfreð en það var ekki eins auðvelt fyrir Jallouz.

„Hann kemur beint úr boltanum í Túnis þar sem hraðinn er allt annar sem og spilið. Þetta er því erfitt fyrir hann og mikið að læra. Þessi drengur hefur samt gríðarlega líkamsburði og hefur svakalegan möguleika á því að verða frábær leikmaður. Það þarf að vinna með hann og það mun taka tíma. Hann er ungur og það þarf að slípa hann til.“

Lið Kiel mun styrkjast enn frekar næsta sumar þegar Króatinn magnaði, Domagoj Duvnjak, gengur í raðir Kiel frá Hamburg. Alfreð segir að það verði ekkert mál að spila honum og Aroni saman.

„Bæði hann og Aron geta spilað skyttustöðuna og miðjuna. Það eru margir að spyrja hvað ég sé að gera með tvo miðjumenn saman en ég er sannfærður um að þeir munu spila megnið af tímanum saman inni á vellinum. Þeir munu skiptast á að spila skyttu og miðju.“

Það var mikið áfall fyrir Kiel að missa franska markvörðinn Thierry Omeyer sem verið hefur besti markvörður heims undanfarin ár. Maður sem vann leiki. Í hans stað kom Svíinn Sjöstrand og hann ver mark Kiel ásamt landa sínum, Andreas Palicka.

„Þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að verja ekki nóg. Þeir hafa vissulega átt leiki þar sem þeir hafa ekki varið nóg en Sjöstrand er með þeim bestu í deildinni samkvæmt tölfræðinni og Palicka er ekki langt undan. Þeir eru auðvitað ekki jafn miklir yfirburðamenn og Omeyer var. Við vissum að þeir þyrftu tíma og ég læt þá báða spila mikið. Ég hef trú á þeim og sé framtíð í þeim. Þeir eiga eftir að bæta sig mikið þegar þeir komast inn í vinnsluna hjá vörninni okkar.“

Sjöstrand hefur verið mikið í fréttum upp á síðkastið eftir að hann vann yfir 100 milljónir króna á þrem vikum á veðreiðavellinum. Hvernig höndlar Alfreð það mál?

„Það kemur mér ekkert við hvað hann gerir utan vallar. Það er miklu betra samt að hann græði haug af peningum í hverri viku en að hann tapi haug af peningum. Eina sem ég vil fá frá honum er að hann verji 50 prósent af skotunum sem hann fær á sig. Það er það eina sem skiptir mig máli.“

### Vill endilega vinna deildina í ár

Þó að lið Kiel sé mikið breytt eru markmiðin alltaf þau sömu. Það er að vinna titla.

„Ég veit sem er að það verður erfiðara að komast í úrslitahelgina í Meistaradeildinni með þetta lið. Megináherslan hjá mér er á deildina. Það segja allir að þetta sé millibilsár hjá okkur og nú eigi allir möguleika á því að vinna þýsku deildina. Þá vil ég alveg endilega vinna deildina,“ segir Alfreð ákveðinn.

Fyrrverandi herbergisfélagi Alfreðs í íslenska landsliðinu, Guðmundur Guðmundsson, segir skilið við þýska boltann næsta sumar til þess að þjálfa danska landsliðið.

„Ég skil hann mjög vel. Þetta er mjög gott fyrir hann og Danina. Þessi vinna getur verið mjög þreytandi til lengdar. Að spila á þriggja daga fresti getur tekið á,“ segir Alfreð en hvenær fer hann aftur að þjálfa landslið?

„Ég skoða það eftir tímabilið 2019. Segjum það bara,“ sagði Akureyringurinn sigursæli og hló dátt.



**KÓNGURINN Í KIEL** Alfreð hefur náð ótrúlegum árangri síðustu fimm ár hjá Kiel og byggir nú upp nýtt meistaralið hjá þessu stórveldi í evrópskum handbolta. NORDICPHOTOS/BONGARTS

## Árin hans Alfreðs í Kiel

### ➜ Vinningshlutfall




### ➜ Vinningshlutfall
2008-2013



# VATNIÐ

## ÚTGÁFUTÍÐINDI ÁRSINS

*Síðasta bókin í stórfenglegri ritröð*
*Guðmundar Páls Ólafssonar*
*um náttúru Íslands*





KEMUR Í VERSLANIR Í DAG!






MÁL OG MENNING
*www.forlagid.is*

## KEPPNISLIÐ ÍSLANDS Á EVRÓPUMEISTARAMÓTINU Í 25 M LAUG Í HERNING

**Inga Elín Cryer**
**20 ára *Sundfélaginu Ægi***
200 m skriðsund
400 m skriðsund
800 m skriðsund
200 m flugsund



**Eygló Ósk Gústafsdóttir 18 ára, *Sundfélaginu Ægi***
50 m baksund
100 m baksund
200 m baksund
100 m fjórsund
200 m fjórsund

**Kolbeinn Hrafnkelsson**
**19 ára *Sundfélagi Hafnarfjarðar***
50 m baksund
100 m baksund



**Alexander Jóhannesson**
**21 árs, *KR***
50 m skriðsund
100 m skriðsund

**Daníel Hannes Pálsson 18 ára, *Fjölni***
200 m skriðsund
400 m skriðsund
200 m flugsund

**Kristinn Þórarinsson**
**17 ára, *Fjölni***
50 m baksund
100 m baksund
200 m baksund
200 m bringusund
100 m fjórsund



**Boðsundsveitir**
**Karlaflokkur**
4x50 m skriðsund
4x50 m fjórsund
**Blandaður flokkur**
4x50 m skriðsund
4x50 m fjórsund

# Ungt sundlandslið í mikilli framför

Ísland sendir sex manna sundsveit á Evrópumeistaramótið í 25 metra laug sem hefst á Jótlandi í Danmörku í dag. Mestar vonir eru bundnar við Eygló Ósk Gústafsdóttur úr Ægi en allir fulltrúar Íslands stefna að því að bæta sinn besta árangur á mótinu.

**SUND** Talsverð endurnýjun hefur átt sér stað í sundlandsliði Íslands eftir Ólympíuleikana í Lundúnum árið 2012. Ný kynslóð er að ryðja sér til rúms og verður í aðalhlutverki á Evrópumeistaramótinu í 25 metra laug sem hefst í Herning í Danmörku í dag. Elsti keppandi Íslands er Alexander Jóhannesson, 21 árs, sem er þó að keppa á sínu fyrsta stórmóti með landsliðinu.

„Alex hefur æft íþróttina í fimmtán ár og er enginn nýgræðingur,“ bendir sundþjálfarinn og fararstjórinn Magnús Tryggvason á í samtali við Fréttablaðið, en landsliðið er sem fyrr þjálfað af Frakkanum Jacky Pellerin. „Alexander er eins og aðrir í hópnum í mikilli framför og hafa allir það markmið um helgina að bæta sína bestu tíma.“

Alls keppa Íslendingarnir sex í samtals í 21 grein auk þess sem Ísland á fjórar sveitir í boðsundum, þar af tvær sem eru kynjablandaðar. Magnús segir að Evrópumeistaramótið hafi aldrei verið sterkara en alls taka 570 keppendur þátt frá 42 þjóðum.

> **Eygló á góðan möguleika á að ná inn í úrslit í 200 m baksundi og bæta Íslandsmetið.**
>
> *Magnús Tryggvason*

Mestar vonir eru bundnar við Eygló Ósk Gústafsdóttur sem átti frábært Íslandsmót í 25 metra laug í lok síðasta mánaðar. Þar bætti hún alls fimm Íslandsmet og sinn besta tíma í öllum sínum keppnisgreinum nema einni.

„Eygló á góðan möguleika á að ná inn í úrslit í 200 m baksundi og bæta Íslandsmetið. Hún var ekki fullhvíld á Íslandsmeistaramótinu um daginn en er nú 100 prósent klár eins og allir keppendur í hópnum,“ segir Magnús.

Eygló keppir bæði í baksundi og fjórsundi í Herning en hún hefur sýnt að undanförnu hversu sterkur alhliða sundmaður hún er orðin. „Hún hefur mesta áherslu lagt á baksundið á æfingum en það kæmi mér ekki á óvart ef hún myndi einnig bæta sig í fjórsundinu, líkt og um daginn. Hún er orðin það sterk í öllum greinum,“ segir Magnús.



**STINGUR SÉR TIL SUNDS** Eygló á Íslandsmótinu í 25 metra laug í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Anton Sveinn McKee og Hrafnhildur Lúthersdóttir eru ekki meðal keppenda í Herning þar sem þau eru á miðju keppnistímabil með háskólaliðum sínum í Bandaríkjunum.

„Að öðru leyti erum við með okkar sterkasta keppnislið, þó svo að það sé ungt,“ segir Magnús, en Ísland verður með eitt allra yngsta keppnislið á mótinu. „Það hefur verið okkar helsta vandamál í sundinu að halda okkar besta fólki. Við erum nú með góðan hóp ungra sundmanna sem eru í framför og það er vonandi að okkur takist að halda þeim saman um ókomin ár.“

eirikur@frettabladid.is





Já, já, já!
Ný boxmáltíð á KFC
BLAZIN'
Tower Zinger-borgari
Blazin' Tower Zinger-borgari með kartöfluskífu, osti, iceberg og sjóðheitri sósu, þrír Hot Wings, franskar, gos og maís eða kokteilsósa!
Sjóðheit boxmáltíð á aðeins
1.590 kr.
VARÚÐ! LOGANDI STERKT!
complete
crispy
Secret Blend of Spices
100% WHOLE CHICKEN
KFC
PIPAR\TBWA • SÍA • 133370
svoooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# Liðsfélagar lögðu upp flest mörk

**FH-ingarnir Ólafur Páll Snorrason og Sam Tillen gáfu flestar stoðsendingar í Pepsi-deild karla í sumar en verðlaunin fyrir stoðsendingar voru afhent í gær í útgáfuteiti bókarinnar Íslensk knattspyrna 2013. Ólafur Páll var efstur í stoðsendingum í þriðja sinn á ferlinum.**

**FÓTBOLTI** FH-ingurinn Ólafur Páll Snorrason gaf flestar stoðsendingar í Pepsi-deild karla í fótbolta sumarið 2013 eða einni fleiri en liðsfélagi hans Sam Tillen. Saman gáfu þeir félagar 21 stoðsendingu á félaga sína í FH-liðinu.

Stjörnustúlkan Rúna Sif Stefánsdóttir gaf flestar stoðsendingar hjá konunum, sextán, eða tveimur fleiri en liðsfélagi hennar og markadrottning deildarinnar, Harpa Þorsteinsdóttir.

Víðir Sigurðsson og bókaútgáfan Tindur afhentu í gær verðlaun fyrir flestar stoðsendingar í deildunum í tilefni af útgáfu bókarinnar Íslensk knattspyrna 2013.

Það er ekki á hverju sumri sem tveir liðsfélagar leggja upp flest mörk í úrvalsdeild karla í fótbolta og Fréttablaðið skoðaði aðeins nánar stoðsendingar FH-inganna.

Hér til hliðar má sjá samanburð á stoðsendingunum Ólafs og Sam í Pepsi-deild karla sumarið 2013. Stoðsendingar Ólafs Páls eru vinstra megin á vellinum (4 úr horni, 4 eftir fyrirgjafir, 1 eftir aukaspyrnu og 2 með öðrum hætti) en stoðsendingar Sam Tillen eru sundurliðaðar hægra megin (7 úr horni, 2 eftir fyrirgjafir og 1 eftir aukaspyrnu).

Þetta er í annað skiptið sem tveir liðsfélagar ná því að brjóta tíu stoðsendinga múrinn á sama sumri. KR-ingarnir Guðmundur Benediktsson og Gunnar Örn Jónsson náðu því 2009. Þetta er í þriðja sinn sem Ólafur Páll gefur flestar stoðsendingar á tímabili en hann var einnig með flestar stoðsendingar 2005 og 2011. Það eru bara Haraldur Ingólfsson (5 sinnum) og Guðmundur Benediktsson (3 sinnum) sem hafa náð því síðan byrjað var að taka stoðsendingar saman sumarið 1992.

## Stoðsendingar Ólafs Páls Snorrasonar (11) og Sam Tillen (10) í Pepsi-deild karla 2013




Sam Tillen spilaði sitt fyrsta tímabil með FH og fór að raða inn stoðsendingunum seinni hluta móts. Ólafur Páll var því nánast búinn að missa titilinn til félaga síns á lokasprettinum því Sam gaf alls átta stoðsendingar í seinni umferðinni. Ólafur Páll gaf aftur á móti meira en helming stoðsendinga sinna í júnímánuði.

Ólafur Páll jafnaði met Guðmundar Benediktssonar með því að gefa tíu stoðsendingar eða fleiri á sínu þriðja tímabili en því náði FH-ingurinn einnig þegar hann vann stoðsendingatitilinn í hin tvö skiptin. Guðmundur Benediktsson afrekaði þetta tvisvar með KR (1999 og 2009) og einu sinni með Val (2005).

Ólafur Páll og Sam Tillen voru einnig þeir leikmenn sem áttu þátt í undirbúningi flestra marka. Þar eru taldar með sendingar sem eiga beinan þátt í marki án þess að vera síðasta sending á þann sem skorar. Ólafur Páll kom að fimmtán mörkum en Tillen fjórtán.

ooj@frettabladid.is

Veldu **notaðan Kia** með **lengri ábyrgð**

KIA
The Power to Surprise




**Kia Rio LX 1,4**
Árg. 2013, ekinn 24 þús. km, dísil, 90 hö., beinskiptur, eyðsla 4,1 l/100.* Grænn bíll.
▸ **Verð: 2.450.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**19.900 kr.**
M.v. 53% innborgun og 84 mán. óverðtryggt lán á 9,7% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 12.53%.




**Kia Sportage EX 4wd**
Árg. 2013, ekinn 31 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,9 l/100.*
▸ **Verð: 5.790.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**39.900 kr.**
M.v. 60% innborgun og 84 mán. óverðtryggt lán á 9,7% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11.94%.




**Kia Sorento EX Luxury**
Árg. 2006, ekinn 111 þús. km, dísil, 140 hö., sjálfskiptur, eyðsla 8,4 l/100.*
▸ **Verð: 2.750.000 kr.**




**Kia Sportage EX 4wd**
Árg. 2012, ekinn 33 þús. km, dísil, 136 hö., beinskiptur, eyðsla 5,7 l/100.*
▸ **Verð: 4.950.000 kr.**




**Kia Sorento EX Classic 4wd**
Árg. 2012, ekinn 40 þús. km, dísil, 197 hö., sjálfskiptur, eyðsla 7,4 l/100.*
▸ **Verð: 5.950.000 kr.**




**Kia cee'd Sportswagon LX 1,4**
Árg. 2013, ekinn 22 þús. km, dísil, 90 hö., beinskiptur, eyðsla 4,4 l/100.*
▸ **Verð: 3.290.000 kr.**

* Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

ASKJA
**NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is
**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**

NÝTT
KORTATÍMABIL

# SKEMMTILEGAR JÓLAGJAFIR

JÓLAGJAFIR 24 ALLAN SÓLARHRINGINN
í Garðabæ og Skeifunni




DVD 2.499KR

Aulinn ég 2




VERSLAÐU Á NETINU
HAGKAUP.IS

2.499KR
Fólkið í blokkinni
Allir 6 þættirnir




4.999KR
Andri á flandri
Allar 4 þáttaraðirnar




4.999KR
Stiklur Ómars
Seinni hluti 1977-2005

5 DVD




3.999KR
The Hobbit
An Unexpected Journey




2.699KR
Malavita




2.699KR
Kick-Ass 2




2.499KR
Barbie á bleiku skónum




2.399KR




2.299KR
Latibær - Vélálfurinn og Jólaandinn




NÝTT

2.499KR
Monster High - 13 Óskir




NÝTT

2.399KR
Ben 10



EINFALT AÐ
SKILA EÐA SKIPTA

Skilamiði

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.15 Hátíðarstund með Rikku

Notaleg jólastemning með Rikku á aðventunni. Rikka fjallar um allt það helsta sem við kemur gleðilegri jólahátíð.

## Í KVÖLD



### Stúdíó A

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.20** Í þessum þætti koma fram Grísalappalísa, Eyþór Ingi og Atómskáldin, Sóley og Bloodgroup. Umsjónarmaður er Ólafur Páll Gunnarsson og upptöku stjórnar Helgi Jóhannesson.



### The X-Factor US

**STÖÐ 3 KL. 19.45** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni.



### The Pursuit of Happyness

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.00** Sannsöguleg og sérstaklega átakanleg kvikmynd um einstæðan föður sem þráir heitast af öllu að tryggja syni sínum öruggt líf.

## Bylgjan kl. 16.00 Reykjavík síðdegis

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar og enn betur með því sem þú hefur að segja eða vilt koma á framfæri.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.01 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**07.06 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Malcolm In The Middle**
**08.40 Ellen**
**09.20 Bold and the Beautiful**
**09.40 Doctors**
**10.25 60 mínútur**
**11.10 Hell's Kitchen**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 African Cats**
**14.40 The O.C**
**15.25 Hundagengið**
**15.50 Tasmanía**
**16.15 Ellen**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.43 Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum**
**17.56 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Stelpurnar**
**19.50 The Michael J. Fox Show** *(6:22)*
**20.15 Hátíðarstund með Rikku** *(2:4)*
**21.35 Person of Interest** *(18:22)*
**22.25 NCIS. Los Angeles** *(17:24)*
**23.10 Five Minutes of Heaven** Stórgóð mynd með Liam Neeson og James Nesbitt í aðalhlutverkum.
**00.40 Óupplýst lögreglumál**
**01.10 Spaugstofan**
**01.40 The Tunnel**
**02.30 Homeland**
**03.20 The Matrix Revolutions**
**05.25 Splitting Heirs**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin** - meistaramörk
**11.20 Meistaradeild Evrópu.** Napolí - Arsenal
**13.05 Meistaradeild Evrópu.** AC Milan - Ajax
**14.50 Meistaradeild Evrópu.** Marseille - Dortmund
**16.55 Meistaradeildin** - meistaramörk
**17.55 Zulte-Waregem - FK Rubin Kazan** Bein útsending
**20.00 Tottenham - Anzhi Makh'kala** Bein útsending
**22.05 Angóla - Noregur**
**23.25 Zulte-Waregem - FK Rubin Kazan**
**01.10 Paok Salonika - AZ Alkmaar**
**02.55 Tottenham - Anzhi Makh'kala**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.05 Sunderland - Tottenham**
**13.45 Arsenal - Everton**
**15.25 Messan**
**16.40 Fulham - Aston Villa**
**18.20 Crystal Palace - Cardiff**
**20.00 Premier League World**
**20.30 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.25 Football League Show**
**21.55 Liverpool - West Ham**
**23.35 WBA - Norwich**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

## STÖÐ 3

**16.45 Top 20 Funniest**
**17.25 Smash**
**18.10 Super Fun Night**
**18.30 Ben and Kate**
**19.00 Bunheads** *(14:18)*
**19.45 The X-Factor US** *(23:26)*
**21.05 Shameless** *(2:12)*
**22.00 The Tudors** *(4:10)*
**22.50 Grimm** *(4:22)*
**23.35 Strike Back** *(3:10)*
**00.25 Bunheads**
**01.05 The X-Factor US**
**02.30 Shameless**
**03.20 The Tudors**
**04.10 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **07.05** Lukku-Láki **07.29** Ofurhundurinn Krypto **07.50** Hvellur keppnisbíll **08.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **08.07** Dóra könnuður **08.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.52** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Diego **09.24** Svampur Sveinsson **09.48** Latibær **10.00** Ævintýri Tinna **10.22** Brunabílarnir **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **11.05** Lukku-Láki **11.29** Ofurhundurinn Krypto **11.50** Hvellur keppnisbíll **12.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **12.07** Dóra könnuður **12.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.52** Doddi litli og Eyrnastór **13.02** Áfram Diego, áfram! **13.26** Svampur Sveinsson **13.50** Latibær **14.02** Ævintýri Tinna **14.24** Brunabílarnir **14.49** Ævintýraferðin **15.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **15.05** Lukku-Láki **15.29** Ofurhundurinn Krypto **15.50** Hvellur keppnisbíll **16.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum **16.07** Dóra könnuður **16.30** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.52** Doddi litli og Eyrnastór **17.02** Áfram Diego, áfram! **17.26** Svampur Sveinsson **17.48** Latibær **18.00** Ævintýri Tinna **18.22** Brunabílarnir **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Skógardýrið Húgó **20.15** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**16.50 Strákarnir**
**17.20 Friends**
**17.40 Seinfeld**
**18.05 Modern Family**
**18.30 Two and a Half Men**
**19.00 Hæðin**
**19.55 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**20.30 Heimsókn**
**20.50 Hið blómlega bú** Glæsileg íslensk þáttaröð sem fjallar um kokkinn Árna Ólaf Jónsson sem lét draum sinn rætast um líf í íslenskri sveitasælu.
**21.25 Veggfóður** *(7:20)*
**22.10 Týnda kynslóðin** *(2:34)*
**22.35 Mér er gamanmál**
**23.05 Evrópski draumurinn** *(1:6)*
**23.40 Matarást með Rikku**
**00.10 Spaugstofan**
**00.40 Veistu hver ég var?**
**01.35 Fóstbræður**
**02.05 Mið-Ísland**
**02.35 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**09.40 Submarine**
**11.15 Scent of a Woman**
**13.50 The Pursuit of Happyness**
**15.45 Submarine**
**17.25 Scent of a Woman**
**20.00 The Pursuit of Happyness**
**22.00 Bad Teacher**
**23.35 Mulberry Street**
**01.00 Season Of The Witch**
**02.35 Bad Teacher**

## RÚV

**16.15 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.05 Stundin okkar**
**17.30 Jóladagatalið – Jólakóngurinn** *(12:24) (Julekongen)* Karvel er níu ára og býr í Silfurskógi með fjölskyldu sinni. Hann hefur ákveðið að jólin í ár verði betri en nokkru sinni fyrr.
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.03 Kiljan**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Geðveik jól** *(1:2)* Í þættinum fylgjumst við með starfsfólki 12 fyrirtækja sem fá það verkefni að gera jólalegt tónlistarmyndband og keppa um titilinn „geðveikasta" jólalagið. Með þessu næra þau geðheilsu á vinnustað sínum og safna fjármunum til styrktar málefnum geðsjúkra. Margir af bestu listamönnum þjóðarinnar koma við sögu í þáttunum.
**20.45 Villt og grænt** *(7:8) (Hreindýr)* Úlfar Finnbjörnsson er einn þekktasti villibráðarkokkur landsins og í nýrri þáttaröð sýnir hann áhorfendum hvernig best er að elda og nýta villibráð á sem fjölbreyttastan og bestan máta. Í þessum þætti fer hann á hreindýraveiðar og sýnir hversu fjölbreytta rétti má elda úr þessari einstöku bráð.
**21.20 Stúdíó A** *(6:7)* Í þessum þætti koma fram Grísalappalísa, Eyþór Ingi og Atómskáldin, Sóley og Bloodgroup.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Glæpahneigð** *(1:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.10 Downton Abbey** *(7:9) (Downton Abbey)*
**00.00 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**14.35 The Voice**
**17.05 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Gordon's Ultimate Christmas**
**19.05 America's Funniest Home Videos**
**19.30 Cheers** *(2:25)*
**19.55 Solsidan** *(8:10)*
**20.20 Happy Endings** *(16:22)*
**20.45 Parks & Recreation** *(16:22)*
**21.10 Scandal** *(4:7)*
**22.00 Dreamgirls** Stjörnum prýdd kvikmynd sem fjallar um tríóið Dreamgirls sem sló öll met í vinsældum á sjöunda áratug síðustu aldar.
**00.00 Under the Dome**
**00.50 Excused**
**01.15 In Plain Sight**
**02.05 The Client List**
**02.50 Blue Bloods**
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **09.00** World Challenge 2013 **12.00** World Challenge 2013 **15.00** World Challenge 2013 **18.00** World Challenge 2013 **20.05** PGA Tour - Highlights **21.00** World Challenge 2013 **00.00** World Challenge 2013 **03.00** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


heimkaup.is
Þú finnur
úrval
leikfanga
á heimkaup.is
GJAFA
HJÁLPARINN
Veldu handa hverjum gjöfin er, aldur og áhugamál og við hjálpum þér að finna réttu gjöfina.
1
Við getum pakkað henni inn í fallegan gjafapappír og skrifað á gjafakortið fyrir þig.
2
Við sendum gjöfina til þín frítt – eða beint til viðtakanda hvar sem er á landinu.
3
KLÁRAÐU
JÓLAGJAFIRNAR
Á EINU BRETTI
Pökkum inn
og sendum
svo frítt heim!
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700
heimkaup.is
Örugg vefverslun
Hagstætt verð
Hraðsending
Sendum um allt land
HEIMKAUP

DRYKKURINN



**„Tvöfaldur vodki í Campari. Hann gjörsamlega fokkar mér upp.“**

Loji Höskuldsson í Sudden Weather Change.

# Til hamingju með daginn, Pepsi Max-fíklar!

Greta Salóme fagnar niðurstöðu Matvælastofnunar Evrópusambandsins um að aspartam sé skaðlaust.

„Heima hjá mér er Pepsi Max kallað Pax og ég er Paxari því ég er forfallinn fíkill í Pepsi Max. Þetta eru bestu tíðindi dagsins,“ segir tónlistarkonan Greta Salóme Stefánsdóttir þegar blaðamaður tilkynnir henni að Matvælastofnun Evrópusambandsins hafi komist að þeirri niðurstöðu að aspartam sé ekki skaðlegt. Aspartam er sætuefni sem er til dæmis notað í ósykraða drykki á borð við Pepsi Max og Diet Coke. Liggur við að tíðindin breyti lífi Gretu til frambúðar.

„Þetta hefur virkilega mikla þýðingu fyrir mig. Ég skríð út á bensínstöð á náttfötunum ef Pax er ekki til heima – það skapast stríðsástand. Ég hef alltaf verið með smásamviskubit því þetta er ekki það hollasta. En ég drekk ekki kaffi og ég drekk ekki áfengi þannig að Pax er ekki það versta sem ég gæti látið ofan í mig,“ segir Greta. Hún segist aldrei fara í gegnum daginn án þess að drekka hálfan lítra af Pepsi Max.

„Ég tek tímabil þar sem ég hætti en ég veit alltaf að ég byrja aftur,“ bætir Greta við og vill koma skilaboðum til allra Paxara landsins:

„Innilega til hamingju allir Pepsi Max-fíklar!“

- lkg



**TVÆR ÍSKALDAR** Greta drekkur Pepsi Max á hverjum degi.











# Erlendur maður áreitir íslenskar stúlkur

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir laganemi var áreitt af bandarískum manni oft á dag í margar vikur á netinu. Hún segir fleiri íslenskar stúlkur hafa lent í honum.

„Að einhver geti komist svona nálægt manni á netinu er mjög sérstakt. Maður var orðinn svolítið var um sig og farinn að hugsa um hvað hann myndi gera næst,“ segir Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir laganemi, sem lenti í því að bandarískur maður fékk hana á heilann og áreitti hana upp að því marki að hún þurfti að eyða ákveðnum forritum úr símanum sínum.

„Ég byrjaði að ræða þetta við vinkonur mínar og þá komst ég að því að hann var búinn að sigta út fleiri stelpur sem lentu í þessu sama,“ útskýrir Áslaug. Hún segir að í fyrstu hafi hann verið ákaflega kurteis og forvitinn um land og þjóð.

„Hann byrjaði að fylgja mér í gegnum Instagram-forritið og hafði svo samband við mig á Facebook. Þá var hann að spyrja svona týpískra túristaspurninga. Ég svaraði honum ekki í fyrstu, en hann ítrekaði spurningar sínar og þá ákvað ég að svara þremur eða fjórum slíkum,“ segir Áslaug.

Við það virðist maðurinn hafa komist á bragðið. „Hann fór að senda mér skilaboð oft á dag og ég stillti Facebook þannig að ég fengi ekki tilkynningu í hvert sinn sem hann sendi. Við það reiddist hann mjög og fór að kalla mig öllum illum nöfnum.“ Áslaug segist hafa áttað sig á hversu alvarlegt málið var þegar maðurinn bjó til Youtube-myndband þar sem hann spurði hana persónulegra spurninga.

„Hann var greinilega búinn að vinna heimavinnuna sína og spurði mig mjög persónulegra spurninga. Þá sá ég manninn og gerði mér betur grein fyrir því að hann á bágt,“ útskýrir Áslaug. Hún segir manninn hafa sent sér fjölda mynda af daglegu lífi. Hann komst svo yfir símanúmerið hennar og hóf að hringja í hana í gegnum forritið Viber, sem er gjarnan notað í millilandasímtöl.

„Hann hringdi og sendi mér skilaboð mörgum sinnum á dag. Hann sendi mér talskilaboð sem voru þrjátíu sekúndur hvert og þau komu í massavís. Ég stillti Viber líka þannig að ég fengi ekki tilkynningar þegar hann hefði samband, en á endanum var þetta orðið svo mikið að ég þurfti að eyða forritinu,“ sem Áslaugu þykir slæmt því hún noti forritið mikið til þess að hafa samband við vinkonur sínar sem eru búsettar erlendis. „Hann hefur áreitt fleiri stelpur. Hann kallar sig Scandinavian12 á Instagram og fylgist næstum því bara með íslenskum stelpum. Ég hef heyrt af stelpum sem hafa lent á spjalli við hann og talað við hann lengi. Ég ráðlegg stelpum að svara honum ekki. Ég held að það hafi verið mistökin sem ég gerði. Ég svaraði honum einu sinni og hann var með mig á heilanum í margar vikur.“

kjartanatli@frettabladid.is



**Við það reiddist hann mjög og fór að kalla mig öllum illum nöfnum.**

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir*




➜ Þessi skilaboð komu öll sama daginn með fjögurra mínútna millibili. Þess bera að geta að Áslaug hafði ekki svarað manninum vikum saman þegar þarna var komið sögu. Maðurinn sendi Áslaugu mikinn fjölda annarra skilaboða.

# Russell Brand keypti sér kvenskó

Stórleikarinn Russell Brand keypti sér kvenmannsskó í Cintamani-búðinni á Laugaveginum á þriðjudaginn. Hann þótti mjög almennilegur.

„Hann var mjög almennilegur og sagði þessi fleygu orð: „Ay, you got those bloody bootsies?““ segir Þorsteinn Andri Haraldsson, sem afgreiddi grínistann Russell Brand á Laugaveginum. Á íslensku þýðir þessi spurning, hlaðin ensku slangri: „Áttu þessi bévítans stígvél?“ Þorsteinn segir Brand hafa hrifist mjög af kvenskóm sem hann sá í glugga búðarinnar. „Skórnir litu mjög vel út á honum. Þeir voru ástæðan fyrir því að hann kom inn í búðina. Mamma hans var þarna með honum og hún var eitthvað að skoða bara,“ útskýrir Þorsteinn.

Hann segir Brand hafa verið einstaklega kurteisan. „Hann var ótrúlega almennilegur. Hann keypti sér þessa skó og einhver föt á frændur sína. Hann var hérna inni í dágóða stund og notaði klósett búðarinnar.“ Þorsteinn segir starfsmenn Cintamani-verslunarinnar vera vana því að sjá erlendar stórstjörnur í búðinni. „Sean Penn og fleiri hafa komið hingað. En Brand er örugglega sá fyrsti sem staldrar svona lengi við,“ segir Þorsteinn Andri.

- kak

➜ Russell Brand keypti Sorel Tofino Herringbone kvenskó á sjálfan sig.

➜ Hann keypti Cintamani húfur, vettlinga og úlpur á litlu frændur sína.





**ÁNÆGÐUR** Þorsteinn segir Russell Brand hafa verið afar kurteisan.



ASTA PEYSA 13900



DULIMAK SKIRTA 11.900





DARLING KJÓLL 23.900



ANNIE GLITTAR BUXUR 12.900





SORAYA KJÓLL 10.900



PATCY KÁPA 34.900

# OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD



GUERNSEY PEYSA 7.990



KALLE SKIRTA 9.500





DOT SKIRTA 8.990



CANYON SKIRTA 9.900





THREE BUXUR 10.900



CLIVE ÚLPA 24.900

## SELECTED

FEMME / HOMME

FYLGSTU MEÐ OKKUR
facebook.com/selected.island

KRINGLUNNI OG SMÁRALIND

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Átta ára rithöfundur

Steinunn Jenný Karlsdóttir, höfundur skáldsögunnar Kátur – Ævintýri ofurhvolps, er sennilega yngsti íslenski rithöfundurinn sem gefinn er út um þessi jól. Steinunn er átta ára gömul og skrifaði bókina í samstarfi við föður sinn. Sá er **Karl Th. Birgisson**, ritstjóri Herðubreiðar.

Karl segir hugmyndina að bókinni hafa kviknað fyrir ári þegar nýr hvolpur var fenginn á heimilið. Þau Steinunn hafi skrifað saman sögu frá sjónarhorni hvolpsins, til að reyna að skilja hann betur.



Útgáfuhóf var haldið í gær og segir Karl Steinunni taka athyglinni fagnandi. „Henni finnst það mjög spennandi.“ **- bá**

### Nýr starfsmaður

Handritshöfundurinn ***Jóhann Ævar Grímsson*** hefur gengið til liðs við framleiðslufyrirtækið Sagafilm og mun stýra þróun leikins sjónvarpsefnis og kvikmynda. Hann hefur störf í janúar á næsta ári en Jóhann er langt frá því að vera nýgræðingur í bransanum. Hann hefur getið sér gott orð sem handritshöfundur, meðal annars fyrir verk eins og Vaktaseríurnar, Bjarnfreðarson, Heimsenda og Pressu II og III. **- lkg**



## Mest lesið vísir

1. Foreldrar á barnajólaballi: Ósáttir við klúrt jólalag Ingós Veðurguðs
2. Stokkseyrarmálið: Vitnisburður látins manns spilaður af myndbandi
3. Eldingar sáust víða - magnað myndskeið
4. Ert þú aldrei í vinnunni?
5. Blóðbað í Brisbane | UFC gagnrýnt í Ástralíu





